

**Mál nr. 11/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.(B)**

**Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna galla í nýbyggðri húseign.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 15.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 5.2.2010.

**Málsatvik.**

M keyptu í apríl 2005 húseignina Hraunbæ 22 í Hveragerði af verktakafyrirtækinu X. Þann 1.8.2005 skyldi eignin afhent fullfrágengin að en fullnaðarfrágangi á lóð skildi lokið fyrir 1. September 2005 eins og nánar greinir í sérstakri skilalýsingu sem ásamt teikningum töldust hluti kaupsamnings. Byggingarstjóri við framkvæmdirna B hafði keypt lögmælt starfsábyrgðartryggingu hjá V

Af gögnum málsins má ráða að X hafi fengið undirverktakann U til að annast lóðarframkvæmdir við húsið. M voru ekki sátt við kröfu U vegna aukaverka við framkvæmdirnar og töldu jafnframt að frágangi lóðarinnar væri ábótavant. Með matsbeiðni, dags. 26.2.2007, var af hálfu M beiðst dómkvaðningar matsmanns til að meta í 10 nánar tilgreindum liðum þau atriði sem M töldu að ekki hafi verið skilað í fullnægjandi ástandi, hverra úrbóta væri þörf, kostnað við úrbætur o.fl. Dómkvaddur matsmaður D, framkvæmdi hið umbeðna mat og er matsgerð hans dags. 11.10.2007.

Er M tóku við húsinu úr hendi V mun það hafa verið óklárað og þau héldu eftir hluta af kaupverði eignarinnar samkvæmt samkomulagi við M. Þá töldu M að ýmsir alvarlegir gallar hefðu komið fram á eigninni sem ekki samræmdu því að um nýja eign var að ræða. Þannig hafi frágangi á eigninni í fjölmörgum atriðum verið ábótavant. Með matsbeiðni, dags. 27.2.2007, var í alls 23 liðum óskað mats á fjölmörgum atriðum þar sem M töldu að frágangi hafi verið ábótavant af hálfu X. Með sérstakri beiðni, dags. 25.4.2008, var óskað til viðbótar mats í 6 liðum um atriði þar sem M töldu að frágangi hafi enn fremur verið ábótavant. D var einnig fenginn til að framkvæma mat samkvæmt beiðnum þessum. Matsgerð hans er dags. 29.8.2008.

X mun hafa verið úrskurðaður gjaldþrota og M fengu engar bætur greiddar úr þrotabúinu. Með bréfi, dags. 23.1.2009, var af hálfu M krafist bóta, samtals að fjárhæð 9.876.171 krónur auk vaxta og kostnaðar úr hendi B og eftir atvikum úr ábyrgðartryggingu hans hjá V. Af hálfu V var kröfum M hafnað að öðru leyti en því að fallist var á að galli við frágang millilofta í þaki skyldi bætast úr starfsábyrgðartryggingunni. Greiddi félagið í þessu skyni bætur að fjárhæð 2.341.709krónur að meðtöldum vöxtum og kostnaði.

Í málskoti er þess krafist af hálfu M að V greiði þeim úr starfsábyrgðartryggingu B alls 8.892.378 krónur að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts, verðbóta, vaxta og innheimtukostnaðar. Telja M að B beri ábyrgð á því almenna fjártjóni sem þau hafa orðið fyrir vegna þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 32. og 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Varðandi ábyrgð B er einnig vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 267/2005 og nr. 318/2007, svo og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3893/2007. Telja M að vanræksla B hafi augljóslega verið mikil á verkstað eins og fyrrgreindar matsgerðir D beri með sér. Í málskoti er talið að B beri ábyrgð á óforsvaranlegum frágangi vegna óvandaðra vinnubragða samkvæmt matsliðum sem nánar eru tilgreindir í kvörtun lögmanns M.

**Álit.**

M gera í máli þessu kröfu um að þeim verði viðurkenndur réttur til bóta að tiltekinni fjárhæð úr hendi V. Í 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Bréf V til nefndarinnar frá 5.2.2010, þar sem reifaðar eru athugasemdir þess við málskotið, verður að skilja svo að það samþykki fyrir sitt leyti að nefndin úrskurði um kröfu M eins og hún er sett fram í málskotinu.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að auk skyldu til að sjá svo um að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdretti, lög og reglugerðir, sbr. 2. mgr. 52. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hvíli á byggingarstjóra sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð.

Samkvæmt 5. másl. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda er hann stýrði. Í gr. 33.1. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 er mælt svo fyrir að byggingarstjóri skuli hafa í gildi váttryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi hans í starfi. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar þeirrar sem B hafði í gildi hjá V verður að túlka svo að hún taki eftir atvikum til tjóns sambærilegu því sem M urðu fyrir. Kröfum M verður því ekki hafnað á þeim grundvelli að tjón M falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar.

Í málskoti er ekki að finna neina sundurliðun á þeirri kröfu sem M gera í málinu. Fyrirliggjandi matsgerðir lúta að ágöllum og eftir atvikum vanefndum verktaka, X og U, varðandi frágang umrædds húss og lóðar. Í matsgerðunum er ekki vikið sérstaklega að meintri vanrækslu B eða að öðru leyti mistökum hans við að rækja starfsskyldur sínar við byggingarframkvæmdirnar. Ekki er heldur að finna annars staðar í gögnum málsins sönnun eða viðhlítandi rökstuðning fyrir því á hvern hátt B hefur vanrækt starfa sinn í einstökum liðum þannig að leiði til ábyrgðar hans sem byggingarstjóra á því tjóni sem M telja sig hafa orðið fyrir og krafa þeirra byggir á. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur því ekki verið sýnt fram á ábyrgð B á tjóni M. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V miðað við gögn, sundurliðun og forsendur sem lögð eru fram af hálfu M.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 23. febrúar 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.**

**Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna galla í nýbyggðri húseign.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 15.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.2.2010.

**Málsatvik.**

M keyptu í apríl 2005 húseignina H af verktakafyrirtækinu V. Byggingarstig eignarinnar var þá að botnplata var steypt með hitalögnum. Þann 1.8.2005 skyldi eignin afhent fullfrágengin að lóð meðtalinni eins og nánar greinir í sérstakri skilalýsingu sem ásamt teikningum töldust hluti kaupsamnings. Byggingarstjóri við framkvæmdirnar var B. B hafði keypt lögmælt starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélaginu X.

Af gögnum málsins má ráða að V hafi fengið undirverktakann U til að annast lóðarframkvæmdir við húsið. M voru ekki sátt við kröfu U vegna aukaverka við framkvæmdirnar og töldu jafnframt að frágangi lóðarinnar væri ábótavant. Með matsbeiðni, dags. 12.3.2007, var af hálfu M beiðst dómkvaðningar matsmanns til að meta í 5 nánar tilgreindum liðum þau atriði sem M töldu að ekki hafi verið skilað í fullnægjandi ástandi, hverra úrbóta væri þörf, kostnað við úrbætur o.fl. Dómkvaddur matsmaður, D, byggingatæknifræðingur og húsasmíðameistari, framkvæmdi hið umbeðna mat og er matsgerð hans dags. 29.10.2007.

Er M tóku við húsinu úr hendi V mun það hafa verið óklárað og þau héldu eftir hluta af kaupverði eignarinnar samkvæmt samkomulagi við M. Þá töldu M að ýmsir alvarlegir gallar hefðu komið fram á eigninni sem ekki samræmdu því að um nýja eign var að ræða. Þannig hafi húsið ekki verið fúavarið og allt ytra byrði þess verið þakið myglusveppi. Þá hafi frágangi á eigninni í fjölmörgum atriðum verið ábótavant. Með matsbeiðni, dags. 7.5.2007, var í alls 50 liðum óskað mats á fjölmörgum atriðum þar sem M töldu að frágangi hafi verið ábótavant af hálfu V. Með sérstakri beiðni, dags. 25.4.2008, var óskað til viðbótar mats í 12 liðum um atriði þar sem M töldu að frágangi hafi enn fremur verið ábótavant. D var einnig fenginn til að framkvæma mat samkvæmt beiðnum þessum. Matsgerð hans er dags. 29.8.2008.

V mun hafa verið úrskurðaður gjaldþrota og M fengu engar bætur greiddar úr þrotabúinu. Með bréfi, dags. 23.1.2009, var af hálfu M krafist bóta, samtals að fjárhæð 12.034.583 krónur auk vaxta og kostnaðar úr hendi B og eftir atvikum úr ábyrgðartryggingu hans hjá X. Af hálfu X var kröfum M hafnað að öðru leyti en því að fallist var á að galli við frágang millilofta í þaki skyldi bætast úr starfsábyrgðartryggingunni. Greiddi félagið í þessu skyni bætur að fjárhæð 1.996.297 krónur að meðtöldum vöxtum og kostnaði.

Í málskoti er þess krafist af hálfu M að X greiði þeim úr starfsábyrgðartryggingu B alls 11.689.460 krónur að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts, verðbóta, vaxta og innheimtukostnaðar. Telja M að B beri ábyrgð á því almenna fjártjóni sem þau hafa orðið fyrir vegna þess að ekki hafi verið byggt í samræmi við samþykktu uppdraetti, lög og reglugerðir, sbr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 32. og 33. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Varðandi ábyrgð B er einnig vísað til dóma Hæstaréttar í málum nr. 267/2005 og nr. 318/2007, svo og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3893/2007. Telja M að vanræksla B hafi augljóslega verið mikil á verkstað eins og fyrrgreindar matsgerðir D beri með sér. Í málskoti er talið að B beri ábyrgð á óforsvaranlegum frágangi vegna óvandaðra vinnubragða sem

getið er í matsliðum 1-40 í síðari matsgerð D. Einnig beri hann ábyrgð á þeim göllum sem tilgreindir eru í matsliðum 42, 46 og 47, svo og viðbótarmatsliðum 5, 6 og 7 auk viðbótamatsliðar 1 sem X féllst á að bæta eins og áður greinir.

#### Álit.

M gera í máli þessu kröfu um að þeim verði viðurkenndur réttur til bóta að tiltekinni fjárhæð úr hendi X. Í 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Bréf X til nefndarinnar frá 5.2.2010, þar sem reifaðar eru athugasemdir þess við málskotið, verður að skilja svo að það samþykki fyrir sitt leyti að nefndin úrskurði um kröfu M eins og hún er sett fram í málskötinu.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að auk skyldu til að sjá svo um að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, sbr. 2. mgr. 52. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hvíli á byggingarstjóra sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð.

Samkvæmt 5. másl. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarstjóri hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda er hann stýrði. Í gr. 33.1. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 er mælt svo fyrir að byggingarstjóri skuli hafa í gildi váttryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi hans í starfi. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar þeirrar sem B hafði í gildi hjá X verður að túlka svo að hún taki eftir atvikum til tjóns sambærilegu því sem M urðu fyrir. Kröfum M verður því ekki hafnað á þeim grundvelli að tjón M falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar.

Í málskoti er ekki að finna neina sundurliðun á þeirri kröfu sem M gera í málinu. Fyrirliggjandi matsgerðir lúta að ágöllum og eftir atvikum vanefndum verktaka, V og U, varðandi frágang umrædds húss og lóðar. Í matsgerðunum er ekki vikið sérstaklega að meintri vanrækslu B eða að öðru leyti mistökum hans við að rækja starfsskyldur sínar við byggingarframkvæmdirnar. Ekki er heldur að finna annars staðar í gögnum málsins sönnun eða viðhlítandi rökstuðning fyrir því á hvern hátt B hefur vanrækt starfa sinn í einstökum liðum þannig að hann beri ábyrgð á því tjóni sem M telja sig hafa orðið fyrir og krafa þeirra byggir á. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur því ekki verið sýnt fram á að B beri að lögum ábyrgð á tjóni þeirra. Af því leiðir að tjónið fæst ekki heldur bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

#### Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 23. febrúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 13/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra,**

**Ágreiningur vegna galla á fasteign, haustið 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort byggingarstjóri hafi sinnt eftirlitshlutverki sínu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að því sé fjarri að það hafi verið á ábyrgð byggingarstjóra að grípa inn í mál þetta á byggingarstigi og t.d. ráða nýja iðnmeistara. Í skilmálum starfsábyrgðartryggingar komi fram hvert bótasviðið er. Vátryggingin bæti almennt fjártjón viðskiptamanns vátryggðs sem rakið verður til þess að ekki hefur verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, enda hafi vátryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir byggingarfulltrúa og tjónið falli undir þá ábyrgð að lögum. Efnislega kemur fram að félagið telur að tjón falli ekki undir vátrygginguna, þó að það megi rekja til galla á byggingu, nema að jafnframt sé um að ræða brot á lögum eða reglugerð eða frávik frá því sem mælt er fyrir um á samþykktum uppdráttum. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á greiðsluskyldu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskyldu fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Nægjanlega hefur verið sýnt fram á annmarkar voru gerðir við byggingu fasteignarinnar og að byggingarstjóri hafi vanrækt eftirlitshlutverk sitt og umsjón með framkvæmdum. Hann ber ábyrgð á því að viðhöfð séu vönduð vinnubrögð og réttar verkaðferðir við framkvæmdir líkt og M heldur fram í umfjöllun sinni. Á því varð misbrestur.

Úrskurðarnefndin tekur enga afstöðu til umfangs þess tjóns sem M varð fyrir. M hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 23. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 14/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v A og**  
**Vátryggingafélagið (V-2) v B**

**Árekstur bifreiða á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði þ.6.12.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 15.1.2010 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Tjónaskýrsla dags. 6.12.2009
3. Niðurstaða tjónanefndar 513/09
4. Bréf V 1 dags. 8.2.2010
5. Bréf V-2 dags 1.2.2010

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa tekið af stað á grænu ljósi af Hraunbrún inn á Reykjavíkurveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram norður Flatahraun. Ökumaður B ók eftir Reykjavíkurvegi til suðurs og segist hann að skipt hafi yfir á gult ljós þegar hann kom að umferðarljósum og hafi hann ákveðið að halda áfram fyrir gatnamótin en þegar hann hafi verið á miðjum gatnamótunum hafi A farið á stað og árekstur orðið

**Álit.**

Ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar í málinu um stöðu umferðarljósa í umrætt sinn þannig að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 23.2. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 15/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (T)**

**Vinnuslys 17.11. 2008, fall við byggingarvinnu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.01. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína í nýbyggingu. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins var M uppi á veggsvölum 1. hæðar að bera inn byggingarefni. Vegna aðflutnings höfðu handrið á veggsvölum verið tekin niður.

Nokkur ágreiningur er meðal aðila um nákvæm tildrög slyssins.

Afrit ljósmynda af vettvangi upplýsa um aðstæður.

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við aðstæður á vettvangi. Segir í skýrslu eftirlitsins að “engar fallvarnir voru til staðar.” Gerðar voru kröfur um úrbætur.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegr tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. athugasemdum Vinnueftirlitsins og afriti ljósmynda verður að telja að T hafi ekki gætt nægjanlega að öryggisráðstöfunum við framkvæmd þess verks sem hér um ræðir. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til vöntunar á fallvörnum. Telja verður að orsakasamband sé á milli skorts á fallvörnum og slyss M

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 2. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 17/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (B)**

**Vinnuslys 23.07. 2008, fall á milli hæða í byggingarvinnu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína í nýbyggingu. Verið var að byggja hús og raða saman forsteyptum byggingareiningum. Verið var að hífa lofplötueiningar, hver um eitt tonn. M stóð uppi á millivegg/þverbita og var ásamt tveimur öðrum að stýra loftaplötu í sæti. Við verkið missti hann jafnvægið og féll niður um 2,9 m.

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við aðstæður á vettvangi. Segir í skýrslu eftirlitsins að “enginn öryggisbúnaður né annað var til staðar sem gat varnað því að M féll niður. Einnig getur það hafa haft áhrif að vindur var töluverður”. Fyrirmæli voru gefin um tilteknar úrbætur þ.á m. að “tryggja skal öruggar fallvarnir og/eða nota öryggisbúnað þar sem fallhætta er”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegr tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. athugasemda Vinnueftirlitsins verður að telja að B hafi ekki gætt nægjanlega að öryggisráðstöfunum við framkvæmd þess verks sem hér um ræðir. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til vöntunar á fallvörnum.

Að teknu tilliti til aldurs M (42 ára) og starfsreynslu skal hann bera hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskyldu fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

Reykjavík 23. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 18/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar A**

**Starfsmaður féll um loftslöngu og slasaðist þ. 16.1.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.1.2010 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 4.2.2010 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

M var við vinnu sína hjá A og dró á eftir sér forsmíðaðan glugga til málunar og datt um loftslöngu sem lá í gangveginum. M gekk aftur á bak í umrætt sinn þegar hann dró gluggann á eftir sér. M hlaut tímabundið og varanlegt tjón samkvæmt framlögðu mati læknis af slysinu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur að frágangur loftslöngu hafi verið óforsvaranlegur og vísar í því sambandi til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur nr. 499/1994 sérstaklega 6 grein. V hafnar bótaskyldu og bendir á að engin vitni hafi orðið að slysinu og hafi M haldið áfram að vinna þann dag sem slysið hafi átt sér stað og hafi vinnuveitanda því ekki borist upplýsingar um slysið fyrr en nokkru síðar. V vísar til þess að M hafi verið starfsmaður A í mörg ár og í umrætt sinn hafi hann ekki verið að sinna starfi sem hafi verið flókið eða hættulegt. Þá vísar V til þess að loftslöngur eins og sú sem hér ræðir um séu ekki skildar eftir á gólfi vinnustaðar heldur liggja þær þar eðli máls samkvæmt.

**Álit.**

Í umrætt sinn gekk M aftur á bak og dró hlut á eftir sér. Engin vitni urðu að slysinu og M tilkynnti ekki um það fyrr en nokkru síðar. Af því sem fyrir liggur í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að aðbúnaði hafi verið áfátt eða aðstæður að öðru leyti með þeim hætti á vinnustaðnum að leitt gæti til sakar A. M gætti hins vegar ekki nægjanlega að sér við vinnu sína. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.2. 2010.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 19/2010

M

og

vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

### Krafa foreldris um miskabætur vegna andláts sonar í umferðarslysi 30. nóvember 2007.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22. janúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf V vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 8. febrúar 2010
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélagsins B til nefndarinnar dags. 25. febrúar 2010 með viðbótarlögregluskýrslum vegna málsins.

#### Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslum var ekið á son M á gatnamótum Birkiteigs og Vesturgötu í Reykjanesbæ, þann 30. nóvember 2007. Ökumaður bifreiðarinnar stakk af frá slysavettvangi en þegar lögreglan kom á slysstað voru þar tvö vitni. Í lögregluskýrslum bera þau um atburðinn. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að vitnið B kvaðst hafa ekið vestur Vesturgötu á eftir dökkleitri skutbifreið og allt í einu séð hvar sú bifreið ók á eitthvað sem kastaðist upp í loft, en bifreiðinni hafi síðan verið ekið áfram án þess að stoppa. B sá hvar barn lá á götunni og fór strax út úr sinni bifreið til að huga að barninu. Vitnið S var einnig að aka vestur Vesturgötu þegar hann sá eitthvað fljúga upp í loftið og lenda á götunni. S sá þá að barn lá á götunni en kvaðst ekki hafa séð bifreiðina sem ekið var á barnið. Frekari skýrslutökur fóru fram af vitnunum B og S vegna málsins og liggja þær skýrslur fyrir í gögnum málsins. Í skýrslum þeirra komu ekki fram skýrari upplýsingar um ökumann þeirrar bifreiðar sem ók á barnið eða frekari upplýsingar um bifreiðina nema að barnið hefði lent á vinstra framhorni bifreiðarinnar sem ekið var á það.

Lögreglurannsókn málsins beindist fljótlega að bifreiðinni A sem tryggt var hjá V á tjónsdegi. Við tæknirannsókn lögreglu kom m.a. fram ákoma á vinstra framhorni bifreiðarinnar, þ.á.m. á ljóskeri hennar. Böndin bárust að G sem talinn var hafa haft fullan afnotarétt bifreiðarinnar A þann 30. nóvember 2007 en hann hafði verið skráður eigandi hennar þar til 27. nóvember s.á. Var G yfirheyrður og grunaður um að hafa ekið bifreiðinni á barnið. Hann neitaði að hafa ekið bifreiðinni og gefur fyrst þær skýringar á ákomu á vinstra framhorni bifreiðarinnar A að hann hafi rekið í byggingajárn í framljós hennar nokkrum dögum áður en við handtöku lögreglu fyrr sama dag hafði hann sagt að hann hafi lent í umferðaróhappi daginn áður. Síðar gefur hann svo þær skýringar á tjóninu að hann hafi ekið á aðra bifreið tveimur vikum áður og ekið af vettvangi án þess að láta eiganda hennar vita. Einnig gefur G misvísandi upplýsingar í lögregluskýrslum um ferðir sínar þann dag sem slysið varð. Vitnisburðir af þeim sem voru með G þann dag sem slysið varð liggja ekki fyrir nefndinni en bréf Lögreglustjórans á Suðurnesjum frá 6. apríl 2009 segir að rannsókn sé hætt að svo stöddu þar sem það sem komið hafi fram við rannsóknina sé ekki talið nægilegt eða líklegt til sakfellis í refsiréttarlegum skilningi.

Lögmaður M telur að ökumaður bifreiðarinnar A hafi ekki sýnt þá varúð sem honum bar skv. 1.mgr. 4.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða þá sérstöku tillitsemi sem honum bar að sýna barni skv. 2.mgr. 4.gr. sömu laga. Þá telur lögmaður M að ökumaður hafi heldur ekki fullnægt skyldum sínum í j-lið 2.mgr. 36.gr laganna um að aka hægt nálægt barni eða b-lið sömu greinar þar sem gert er ráð fyrir sérstakri varkárni ökumanna þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs og vísar til framburðar vitnisins B um veðurastæður þegar slysið varð. Einnig vísar lögmaður M til þess að líkur séu á að bifreiðinni A hafi verið ekið á son M þar sem hann var staddur á miðri götunni, auk þess sem ökumaður hafi sýnt gífurlegt skeytingarleysi við að aka af vettvangi án þess að stöðva eða hægja á sér eftir slysið, það í andstöðu við skyldur hans sem kveðið er á um í 1.mgr.

10.gr. umferðarlaga. Allt þetta telur lögmaður M að hægt sé að meta ökumanni til stórkostlegs gáleysis í skilningi 2.mgr. 26.gr. skaðabótalaga með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 522/2007 og 50/2004 þar sem hann telur að Hæstiréttur leggi hlutlægt mat á aðstæður á vettvangi og það eigi einnig að gera í máli M. Lögmaður M vísar að lokum til þess að eftirtektarleysi í stutta stund geti falið í sér stórfellt gáleysi að hálfu ökumanns með vísan til fyrrnefnda dómsins og það eigi við í máli M.

V telur ekkert í gögnum málsins beri þess merki að sjálft slysið verði rakið til óvarkárs askturslags, ofsaaksturs eða annarra atriða sem telja má til stórkostlegs gáleysis. Það vísar til þess að vitnið B hafi borið í framburði sínum hjá lögreglu að bifreiðinni á undan því (A) hafi verið ekið eðlilega og að ekkert hafi verið athugavert við staðsetningu A á akbrautinni. Ekkert liggi heldur fyrir um hvernig barnið kom út á götuna. V telur að aðstæður séu ekki sambærilegar við dóm Hæstaréttar í máli nr. 522/2007 þar sem sannað hafi verið brot ökumanns á umferðarlögum. Ekki séu aðstæður heldur sambærilegar við dóm í máli nr. 50/2004 þar sem ökumaður ók á öfugum vegarhelmingi á móti umferð, talinn hafa sofnað undir stýri.

### Álit.

Í málgögnum kemur fram að V hefur lagt til grundvallar að sannað sé að bifreiðinni SE 485 hafi verið ekið á barnið og það hafi valdið dauða þess. Fallist hefur verið að greiðslu bóta skv. 12.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ágreiningur í málinu snýr því eingöngu að rétti M til greiðslu miskabóta skv. 2.mgr. 26.gr. sömu skaðabótalaga. Í þeirri grein kemur fram að þeim sem af ásetningu eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur. Í 2.mgr. 26.gr. er því gerð krafa um að sýnt sé fram á að orsök dauða sé ásetningur eða stórfellt gáleysi einhvers, þá ökumanns bifreiðarinnar A ef litið er til málsatvika í þessu máli. Þegar mat er lagt á það hvort ökumaður bifreiðarinnar A hafi sýnt ásetning eða stórfellt gáleysi þegar hann ók bifreiðinni eftir Vesturgötu í Reykjanesbæ er ekki með sanni hægt að leggja til grundvallar lýsingu ökumannsins sjálfs af aðstæðum fyrir slysið þar sem enginn hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni í greint sinn. Ekki verður hér lagt sérstakt mat á trúverðugleika framburðar G hjá lögreglu eða hvort líta megi svo á að skv. einkaréttarlegu sönnunarmati að sannað sé að hann hafi ekið bifreiðinni þegar henni var ekið á barn M. Hann gefur ekki lýsingu á atvikum fyrir slysið og því ekki hægt að leggja slíka lýsingu til grundvallar. Það sem verður því að líta til er vitnisburður G og S af atvikum áður en bifreiðinni A er ekið á son M. Í framburði B kemur fram að bifreiðinni sem ók fyrir framan hana (A) hafi verið ekið á um 50-60 km/klst hraða. B segir ennfremur að ekkert athugavert hafi verið við staðsetningu bifreiðarinnar á akbrautinni og að henna hafi verið ekið eðlilega. Vitnið B kveðst ekki hafa séð barnið þegar það kom inn á götuna en telur það hafa komið vinstra megin frá sér séð. Vitnið S sem ók á eftir B kvaðst hafa séð illa bifreiðina sem ók á barnið en telur þó að hún hafi verið nokkuð vel staðsett á veginum. Vitnið J sem var farþegi í bifreið vitnisins S kvaðst ekki hafa séð neitt af bifreiðinni (A) fyrir slysið. Miðað við framburð vitna er ekki hægt með vissu að leggja til grundvallar að bifreiðinni A hafi verið ekið þannig að ökumaður hennar hafi sýnt stórfellt gáleysi við aksturinn. Ekki er sannað að ökumaður hafi getað séð son M áður en bifreiðinni var ekið á hann og ekki er hægt að leiða að því líkur m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu að hann hafi ekið af ásetningu eða stórfelldu gáleysi á drenginn og valdið þannig dauða hans.

Þær aðstæður sem upp komu í málinu að ökumaður bifreiðarinnar A hafi ekið óhikað af vettvangi eftir að hafa ekið á son A eru vægast sagt hörmulegar og óafsakanlegar með öllu. Þegar litið er til gagna málsins verður lagt til grundvallar að höggið sem sonur M fékk af því að lenda á bifreiðinni (A) leiddi hann til dauða, vitnið B og vitnin S og J koma strax á vettvang til að veita honum fyrstu hjálp en það dugar ekki til. Verður því að telja að þau viðbrögð ökumanns A, eins óafsakanleg sem þau eru, hafi ekki valdið dauða sonar M heldur sú atburðarás sem enn er hulin óvissu um hvernig sonur M kom út á götuna og hvort ökumaður A hafi séð hann eður ei. Eins og fram kemur hér að ofan er ekki talið sannað af gögnum málsins að aksturslag ökumanns A áður en hann ók á drenginn hafi verið þannig að hann hafi sýnt ásetning eða stórfellt gáleysi við aksturinn. Skilyrði 2.mgr. 26.gr. skaðabótalaga teljast ekki uppfyllt og greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A því ekki fyrir hendi vegna miskabóta skv. þeirri grein.

**Niðurstaða.**

Ekki er fyrir hendi greiðsluskylda miskabóta skv. 2.mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu V vegna bifreiðarinnar A.

Reykjavík 9. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 20/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.**

**Bilun í sjónvarpi er rafmagnstruflanir urðu á Akranesi þann 6.11.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.2.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Síðdegis þann 6.11.2009 urðu tvær háspennubílanir í rafveitukerfi O á Akranesi. Munu bílanirnar hafa valdið spennuflökti í veitukerfinu. Á sama varð bilun í flatskjá í eigu M og er jafnvel talið að hann sé ónýtur.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu O hjá váttryggingafélaginu X. Í ofangreindu bréfi X kemur fram að fyrri bilunin hafi orðið kl. 16:15 umræddan dag og rofi í aðveitustöð hafi þá leyst út og 9 dreifistöðvar orðið straumlausar. Orsök bilunarinnar var talin vera á loftlínu að tiltekinni dreifistöð, en þar hafi verið nokkrir brotnir einangrarar. Viðgerð lauk kl. 19:57, en við spennusetningu leysti út aftur vegna bilunar í streng sem liggur upp á umrædda loftlínu og varð rafmangslaust í um 20 sekúndur í þremur stöðvun. Síðari bilunin varð kl. 18:06 vegna bilunar í háspennustreng milli tveggja dreifistöðva. Við það urðu 20 dreifistöðvar straumlausar, þar af 5 stöðvar sem einnig höfðu orðið straumlausar við fyrri bilunina. Rafmagn var komið á allar stöðvar innan klukkustundar. X kveður O ekki bera ábyrgð á tjóni M, sbr. m.a. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um O, og hefur því hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engin gögn liggja fyrir um bilunina í flatskjá M, hvers eðlis hún er og hvað mun hafa valdið henni. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. téðrar reglugerðar nr. 297/2006 undanþiggur O sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem m.a. má rekja til bilana eða takmarkana á orkuvinnslunni eða spennubreytinga rafmagns. Ábyrgðartakmörkun þessi er þó bundin því að beint tjón orkukaupanda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna O, sbr. 4. mgr. 13. gr. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að meint tjón M verði rakið til mistaka starfsmanna O. Þá verður bótabyrgð O ekki reist á reglum laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð í máli þessu. Að þessu virtu ber O ekki ábyrgð á því tjóni sem M telur sig hafa orðið fyrir og þar af leiðir að það fæst heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 2. mars 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 25/2010

M

og

vátryggingafélagið A og vátryggingafélagið B vegna málskostnaðartrygginga.

### Hvenær ágreiningur kemur upp vegna málskostnaðartryggingar í deilumáli um landamerki jarðar.

#### Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 1. febrúar 2010, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17. febrúar 2010
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 22. febrúar 2010

#### Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M var með málskostnaðartryggingu vegna fasteignarinnar Khjá vátryggingafélaginu A til 31. desember 2006, eftir það hjá vátryggingafélaginu B frá 1. janúar 2007 - 1. janúar 2009 og hjá þriðja vátryggingafélaginu frá 1. janúar 2009 og að því er virðist til dagsins í dag. Í endanlegri afstöðu vátryggingafélaganna til málsins verður ekki annað séð en að þau viðurkenni rétt M til greiðslu málskostnaðar vegna ágreinings sem varðar hana sem eiganda fasteignar sem nemur hluta jarðarinnar K.

Ágreiningurinn byggist á gildi stofnskjals, sbr. 14.gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna og 2.mgr. 20.gr. laga um þinglýsingar nr. 39/1978 með síðari breytingum, dags. 6. mars 2006 sem M undirritaði ásamt landeiganda og þinglýst var sama dag. Telur stefnandi málsins að loftmynd sem fylgdi umræddu stofnskjali og sýndi skiptingu jarðarinnar Kr, hafi sýnt ranga mynd af skiptingu jarðarinnar og er málshöfðunin til þess að fá landamerki staðfest á öðrum forsendum en umrædd loftmynd og stofnskjál sýna. Ekki liggja fyrir skrifleg gögn um samskipti aðila dómsmálsins, þ.e. M og hins jarðareigandans eftir gerð stofnskjalsins þann 4. mars 2006. Hinn jarðareigandinn stefndi M fyrir Héraðsdóm Suðurlands með stefnu sem þingfest var í september 2009. Þess verður þó að geta að áður en M var stefnt vegna málsins liggja fyrir skrifleg gögn um að þann 10. október 2007 hafi lögmaður hennar sent byggingar- og skipulagsfulltrúa bréf sem tengist ágreiningnum um landamerki. Þar gerir lögmaðurinn grein fyrir sjónarmiðum M og vísar til bréfs hins jarðareigandans (nú stefnanda í dómsmálinu) til byggingarfulltrúans dags. 21. ágúst s.á. þar sem hann virðist fara fram á að landamerki séu staðfest á jörðinni öðruvísi en kemur fram í títtnefndu stofnskjali. Kemur einnig fram vísun til þess í bréfinu að lögmaðurinn telji ástæðu fyrir M að nýta sér andmælarétt sinn enda telji M að málið varði hana og efni bréfs hins jarðareigandans til byggingarfulltrúa beinlínis rangt. Byggingarfulltrúi svarar bréfi lögmanns M með bréfi dags. 27. nóvember 2007 og tekur ekki afstöðu til erindis hennar. Engin skrifleg gögn hafa verið lögð fram í málinu umfram þetta önnur en stefna sem þingfest var eins og áður segir þann 2. september 2009.

Ágreiningur í málinu lýtur fyrst og fremst að því hvenær ágreiningur sá sem M á í við hinn jarðareiganda Khafi komið upp en málskostnaðartryggingar beggja vátryggingafélaganna sem eiga í hlut taka mið af því að greiða bætur vegna ágreinings sem kemur upp á gildistíma vátryggingarinnar. Vátryggingaáttburðurinn verður þegar staðreynt er að réttarlegur ágreiningur er milli vátryggingartaka og einhvers gagnaðila hans. Þar sem M skipti um vátryggingafélag þann 1. janúar 2007 skiptir máli þar sem ágreiningurinn snýr að því hvort ágreiningur hafi komið upp á árinu 2006 eða á árinu 2007.

Vátryggingafélag A telur að formlegur og efnislegur ágreiningur um lagalegt atriði milli M og hins jarðareigandans hafi komið upp á árinu 2007 eða seinna og leggja verði við mat á því til grundvallar t.d. hvenær stefna hafi verið gefin út, eða að tiltekinni kröfu sem varðar lagalegan ágreining hafi verið hafnað með formlegum hætti. Þar sem liggi ekki fyrir gögn um slíkt fyrir en á árinu 2007 eða seinna og M beri að hún sjálf hafi ekki fengið upplýsingar um málið fyrir en á árinu 2007, taki málskostnaðartrygging hjá A ekki til þess.

Vátryggingafélag B telur að ummæli í stefnu um að stefnandi hafi strax gert athugasemdir um afmörkun landsins eftir gerð stofnskjalsins 4. mars 2006 hafi þar með komið upp ágreiningur mjög fljótlega. Atvik og ágreiningur hafi því ekki komið upp á gildistíma málskostnaðartryggingar B sem hófst ekki fyrir en 1. janúar 2007.

#### **Álit.**

Þegar litið er til skjallegra gagna málsins verður ekki fullyrt að ágreiningur milli M og hins jarðareiganda jarðar í landi Khafi komið upp fyrir en með bréfi lögmanns M til byggingarfulltrúa í október 2007. Ekki liggur fyrir sönnun um samskipti milli M og hins jarðareigandans á árinu 2006 og er því ekki sannað með vísan til áðurnefndra gagna að ágreiningur hafi komið upp fljótlega eftir undirritun og þinglýsingu stofnskjalsins þann 4. mars 2006. Ágreiningur telst því hafa komið upp þegar M var með málskostnaðartryggingu hjá vátryggingafélagi B.

#### **Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M hjá vátryggingafélaginu B en ekki úr málskostnaðartryggingu M hjá vátryggingafélaginu A.

Reykjavík 9. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 26/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar**

**Umferðaróhapp 11.01. 2010, ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á Suðurlandsvegi,  
ágreiningur um skerðingu bótaréttar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 01.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni var ekið um Suðurlandsveg í hálfu og ísingu þegar ökumaður missti stjórn á bifreiðinni í vinstri beygju.

Vátryggingafélagið telur að fella skuli niður bótarétt sem nemur 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M við akstur bifreiðarinnar sbr. ákvæði skilmála og 2. mgr. 27. gr. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið telur orsakasamband vera milli óhappsins og ófullnægjandi dekkjabúnaðar sbr. fyrirliggjandi gögn. Það telur að M hafi brotið gegn varúðarreglu skilmála. Annars vegar hafi M brotið gegn þeirri skyldu að viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda og hins vegar gegn þeirri skyldu að fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækis og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma. Að öllu virtu telur félagið rétt að skerða bótarétt að 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M og varúðarreglna félagsins þar sem bifreiðin hafi verið vanbúin.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til stórkostlegs gáleysis hans. Að teknu tilliti til 26. gr. laga um vátryggingarsamninga er ekki tilefni til að skerða bótarétt M þrátt fyrir að hann hafi ekki sinnt nægjanlega að varúðarreglum félagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til brots hans á varúðarreglum félagsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu.

Reykjavík 9. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 28/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélag Íslands hf. v/ábyrgðartrygging atvinnureksturs**

**Vinnuslys, fall um loftslöngu þann 08.09. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 03.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist þegar hann og annar starfsmaður voru að bera ljósakassa á milli sín á vinnustað þegar M flækti sig í loftslöngu sem lá á gólfinu, með þeim afleiðingum að hann hrasaði og fékk högg á vinstri öxlina.

Vátryggingfélagið telur að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur vegna gáleysis hans. Hann er reyndur starfsmaður og hann hafði unnið hjá vátryggingartaka í heilt ár áður en slysið varð auk þess sem hann hafði unnið við skiltagerð sem þessa annars staðar í mörg ár. Hann hafi gjörþekkt aðstæður. Hann hafi ekki mátt treysta því að ganga aftur á bak líkt og hann gerði sbr. nánar umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Félagið viðurkennir bótaskyldu að hálfu vegna þess að “eitthvað var í ganginum sem hefði ekki átt að vera þar.”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umföllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi sem nemur helming líkt og vátryggingafélagið hefur samþykkt. Það var óvarlegt af M að huga ekki betur að því sem framundan var í umrætt sinn. Hann ber því nokkra ábyrgð á óhappinu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

Reykjavík 16. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 2/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Miðhúsabraut á Akureyri þann 30.9.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.1.2010.
3. Bréf Y, dags. 25.1.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið suður Miðhúsabraut á Akureyri og var A ekið á undan B. Skammt norðan verslunarinnar Bónuss í Kjarnagötu var B ekið aftan á A. Rökkur var, góð lýsing og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst. Hann hafi veitt B athygli fyrir aftan sig, en henni hafi verið ekið mjög nærri A, óþægilega nærri að honum fannst, þar sem hann hafi verið með tvö börn í aftursæti. Hann hafi þurft að teygja sig aftur í bifreiðina til að sinna börnunum. Á sama tíma hafi hann stigið á hemla og vikið til hægri. Þá hafi B rekist á vinstra afturhorn A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. á eftir A, en þó ekki verið óeðlilega nálægt henni. Skyndilega hafi ökumaður A hemlað. Hann hafi ekki náð að hemla í tæka tíð og árekstur orðið.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni, ef hann ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður A vissi af ferðum B fyrir aftan sig óþægilega nærri að honum fannst. Er hann hugðist draga úr ferð bar honum að gæta þess sérstaklega að það mætti gerast án þess að skapa hættu gagnvart B. Þá sýndi ökumaðurinn aðgæsluleysi með því að teygja sig aftur í bifreiðina um leið og hann hemlaði meðvitaður um B fast fyrir aftan sig. Á ökumaður A sök á árekstrinum. Ökumanni B tókst ekki að stöðva í tæka tíð er hann varð þess var að ökumaður A hemlaði. Hann hefur ekki gætt þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiðanna svo ekki væri hættu á árekstri þótt ökutækið sem á undan fór stöðvaðist eða dregið væri úr hraða þess, eins og áskilið er í 3. mgr. 14. gr. ufl. Á ökumaður B því einnig sök á árekstrinum. Eins og aðstæðum var háttað í tilviki því sem hér um ræðir verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður sök skipt að jöfnu á milli þeirra.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 16. febrúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 30/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar**

**Ágreiningur um skerðingu bóta úr kaskótryggingu vegna ástands hjólbarða.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.2.2010.
2. Bréf X, dags. 22.2.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 2.12.2009 var jeppabifreiðinni A í M ekið norður Rauðhelli – í Hafnarfirði að ætla verður. Hálka var á akbraut. Í beygju á götunni rann A áfram í átt að vegkantinum þar sem stórir steinar marka vegginn. Lenti A á einum steininum og við það sporðreistist steinninn með þeim afleiðingum að A valt á hliðina.

A var skoðuð af hálfu skoðunarfyrtækisins Frumherja hf. með sérstakri áherslu á ástand hjólbarða. Í skoðunarskýrslu fyrtækisins kemur fram að allir fjórir hjólbarðar A hafi verið ónegldir með vetrarmynstri. Á framhjólum hafi barðarnir verið misslitnir og mynsturdýpt verið 1,5-5 mm á öðrum barðanum en 1,6-4 mm á hinum og er í þessu sambandi talað um “Ólag” á þeim báðum. Á afturhjólum hafi barðarnir hins vegar verið hálfslitnir og mynsturdýpt verið 4,5-5 mm á þeim báðum og þeir töldust í lagi. Í athugasemdasherfi í skýrslunni segir: “Hjólbarðar framan mjög misslitnir ástand hjólbarða aftan í lagi.”

A var kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A. X hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bætur um 1/3 þar sem M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að aka A að vetrarlagi í hálku og snjó með hjólbarða í slæmu ástandi eins og lýst er í skýrslu Frumherja. Þá hafi M brotið varúðarreglur skv. gr. 6.6 í skilmálum vátryggingarinnar um að viðhalda ökutækis í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda, svo og skv. gr. 6.7. um að fara skuli eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækis og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 16.11 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja skal mynsturdýpt hjólbarða á A vera a.m.k. 1,6 mm. Af fyrirliggjandi skýrslu um ástand hjólbarða verður ekki annað ráðið en hjólbarðarnir hafi að mestu haft þá mynsturdýpt eða meiri. Af skýrslunni þykir því ekki mega fullyrða að A hafi verið vanbúin til aksturs í vetrarfæri þannig að tjónið verði virt fyrirvarsmönnum M til stórkostlegs gáleysis og bótaréttur verði skertur af þeim sökum. Þá verður heldur ekki séð að varúðarreglur hafi verið brotnar af hálfu M þannig að leiði til skerðingar á bótaábyrgð X. Er því ekki næg efni til að skerða bætur til M úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum vegna tjóns á A,.

Reykjavík, 9. mars 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 31/2010

M

og

Líftryggingafélagið X v/líf- og sjúkdómatryggingar

### Áhrif upplýsingaskyldu vegna töku vátryggingar á árinu 2003, ágreiningur um heimild til skerðingar bótafjárhæðar vegna rangra upplýsinga.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2010.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um hvort vátryggingafélagið hafi haft heimild til að skerða bótafjárhæð sjúkdómatryggingar á grundvelli þess að rangar upplýsingar hafi verið gefnar við töku vátryggingarinnar þar sem vátryggður svaraði m.a. neitandi spurningu um hvort hún hafi verið á lyfjum sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hennar í málskotinu. Hún hafi verið sett á þunglyndislyf vegna einkenna sem lýstu sér eins og þunglyndi en var í raun ekki þunglyndi. Um hafi verið að ræða skjaldkirtilssjúkdóm. Í annan stað telur M sig hafa náð fullum bata af magasjúkdómi sem hún hafi fengið lyf við í 14 daga. M vísar til þess að tryggingasali hafi tjáð henni að þar sem hún hafi verið orðin góð eða heilbrigð í maga þá skipti ekki máli það sem á undan hefði gengið.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið vísar til fyrirliggjandi upplýsinga úr sjúkraskrá sbr. nánar gögn málsins. Við undirritun umsóknar hafi M ritað undir yfirlýsingu þess efnis að hún hafi svarað öllum spurningum sjálf og að svörin séu samkvæmt bestu vitund rétt og sannleikanum samkvæm. Hafi félagið haft upplýsingar um lyfjatöku M vegna þunglyndis og vegna magasjúkdóms hefði ekki verið unnt að samþykkja vátrygginguna án aukaiðgjalds a.m.k. 50% skv. vinnureglum félagsins. Á þeim grundvelli voru bætur skertar til M þann 28.04. 2009. Félagið hafi lækkað greiðslu vegna sjúkdómatryggingar um 25% af vátryggingarfjárhæðinni vegna rangar upplýsingagjafar við töku vátryggingarinnar.

M telur 25% lækkun bótafjárhæðar ósanngjarna.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M upplýsingaskyldu sína við töku vátryggingarinnar. Með hliðsjón af ofanrituðu hefur ekki verið sýnt fram á að lækkun bótafjárhæðar um 25% hafi verið ósanngjörn í garð M.

Ósannað er að tryggingasali hafi staðhæft efnislega við sölu vátryggingarinnar að veikindasaga M skipti ekki máli við töku vátryggingar þessarar þar sem hún hafi náð bata. Staðhæfing M þessa efnis er ekki studd gögnum. Hún er því ómarktæk miðað við fyrirliggjandi gögn.

#### Niðurstaða.

Vátryggingafélagið hefur rétt til að lækka bótafjárhæð umræddrar vátryggingar, sem nemur 25% líkt og gert var, sökum vanrækrar upplýsingaskyldu við töku vátryggingarinnar.

Reykjavík 2. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 33/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartrygging atvinnureksturs (J)**

**Ágreiningur um hvort skemmdir á baðhergi megi rekja til framkvæmda við nýbyggingu vorið 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 05.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um hvort rekja megi skemmdir á íbúð til byggingarframkvæmda í næsta nágrenni. M heldur því fram að flísar í íbúð hans hafi losnað og einhverjar brotnað vegna tiltekinna framkvæmda sem í gangi voru.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur orsakatengsl milli tjónsins og starfsemi J með “öllu ósönnuð auk þess sem félagið hefur ekki upplýsingar um hvenær tjónið á að hafa átt sér stað né hver sé sök vátryggingartaka.” J hafi ekki verið með frjálsa ábyrgðartryggingu á allri starfsemi sinni og að ósannað sé að rekja megi tjón M til vinnu þeirra hjóla- og traktorsgrafa sem vátryggðar eru hjá félaginu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að byggingaraðilar hafi verið að “fleyga klöpp með stórvirkum vinnuvélum til að koma fyrir kjallara í” byggingu. Allt hafi “leikið á reiðiskjálfi vikum saman meðan þessi gjörningur átti sér stað og smám saman fóru að koma í ljós skemmdir”. M telur að J hafi séð um að fleyga klöppina í viðkomandi húsgrunni. J er ekki byggingaraðili umrædds húss heldur framkvæmdaraðili við klöppina. M reiknar með að ábyrgðartrygging J taki til tjónsins sem varð.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Athygli vekur hve gögn málsins eru takmörkuð. M heldur því fram að framkvæmdir við klöppina hafi staðið yfir vikum saman. Vegna þessa hefði mátt ætla að fyllri upplýsingar væru fyrirliggjandi t.d. um hvernig staðið hafi verið að framkvæmdum, hvaða tæki hafi verið notuð, hver hafi verið samskipti M við starfsmenn J o.s.frv. Sá sem krefur annan um greiðslu bóta líkt og í þessu tilviki hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns og greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu sem fyrr segir.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 33/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartrygging atvinnureksturs (J)**

**Ágreiningur um hvort skemmdir á baðhergi megi rekja til framkvæmda við nýbyggingu vorið 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 05.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um hvort rekja megi skemmdir á íbúð til byggingarframkvæmda í næsta nágrenni. M heldur því fram að flísar í íbúð hans hafi losnað og einhverjar brotnað vegna tiltekinna framkvæmda sem í gangi voru.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur orsakatengsl milli tjónsins og starfsemi J með “öllu ósönnuð auk þess sem félagið hefur ekki upplýsingar um hvenær tjónið á að hafa átt sér stað né hver sé sök vátryggingartaka.” J hafi ekki verið með frjálsa ábyrgðartryggingu á allri starfsemi sinni og að ósannað sé að rekja megi tjón M til vinnu þeirra hjóla- og traktorsgrafa sem vátryggðar eru hjá félaginu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að byggingaraðilar hafi verið að “fleyga klöpp með stórvirkum vinnuvélum til að koma fyrir kjallara í” byggingu. Allt hafi “leikið á reiðiskjálfi vikum saman meðan þessi gjörningur átti sér stað og smám saman fóru að koma í ljós skemmdir”. M telur að J hafi séð um að fleyga klöppina í viðkomandi húsgrunni. J er ekki byggingaraðili umrædds húss heldur framkvæmdaraðili við klöppina. M reiknar með að ábyrgðartrygging J taki til tjónsins sem varð.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Athygli vekur hve gögn málsins eru takmörkuð. M heldur því fram að framkvæmdir við klöppina hafi staðið yfir vikum saman. Vegna þessa hefði mátt ætla að fyllri upplýsingar væru fyrirliggjandi t.d. um hvernig staðið hafi verið að framkvæmdum, hvaða tæki hafi verið notuð, hver hafi verið samskipti M við starfsmenn J o.s.frv. Sá sem krefur annan um greiðslu bóta líkt og í þessu tilviki hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns og greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu sem fyrr segir.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 37/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutæksins A

### Umferðarslys 31. júlí 2002. Uppgjör líkamstjóns.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 8. janúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 22. febrúar 2010

#### Málsatvik.

Ágreiningslaust er að M lenti í umferðarslysi þann 31. júlí 2002 og á rétt til bóta skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 fyrir líkamstjón sitt. Ráða má af gögnum málsins að umferðarslysið hafi orðið þannig að M hafi verið í bæjarvinnu hjá hreppnum Á og verið að taka saman hey á vagn sem dreginn var af dráttarvélinni A. Þegar hann ætlaði að fara upp á vagninn hafi dráttarvélinni skyndilega verið ekið af stað þannig að M féll fram fyrir sig, hlaut högg á andlitið og við það brotnaði önnur framtönn úr munni hans. Í málinu liggja fyrir vottorð frá tannlæknum og álitsgerð örorkunefndar dags. 17. desember 2009 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um 5% varanlegan miska væri að ræða vegna slyssins. Lögmaður M sendi bótakröfu til V í janúar 2010 og í byrjun febrúar s.á. greiddi félagið bætur vegna varanlegs miska og vexti skv. skaðabótalögum í fjögur ár.

Ágreiningur í málinu lýtur að þrennu. Í fyrsta lagi er deilt um rétt M til þjáningarbóta, í öðru lagi rétt til greiðslu læknskostnaðar til framtíðar og í þriðja lagi hvort vextir sem af bótum sem M hefur nú þegar fengið greiddar séu fyrndir.

M telur að þó læknar hafi ekki sagt til um þjáningarbótatímabil í læknisvottorðum eða álitsgerð örorkunefndar sé ástæða til að gera kröfu um að þjáningarbætur séu greiddar í 120 daga vegna slyssins þar sem M hafi farið í fjölda aðgerða vegna þess og hafi því verið veikur í skilningi 3.gr. skaðabótalaga. Einnig vísar hann til vottorðs tannlæknis um að það þurfi að skipta um tannplanta og gervitönn tvisvar á lífsleiðinni og eigi M því rétt á að fá greiddan kostnað vegna þess til framtíðar. Að lokum telur lögmaður M með vísan til laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 að vextir skaðabótalaga sem eru eldri en fjögurra ára séu ekki fyrndir eins og afgreiðsla V hafi tekið mið af.

V telur að krafa M sé svo óljós, illa upplýst og óskýr að það eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefnd, sbr. e-lið 4.gr. auglýsingar nr. 1090/2005 um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og vísar einnig til 3.gr. sömu samþykkta um að verið sé að óska eftir afstöðu til fjárhæða bóta og það verði ekki gert nema V samþykki að úrskurðarnefndin fjalli um það. Að lokum telur V að lög nr. 150/2007 gildi ekki um kröfur M þar sem þau taki eingöngu til krafna sem stofnast eftir gildistöku þeirra þann 1. janúar 2008. Krafa M hafi stofnast í tíð eldri laga nr. 14/1905 og skv. 2.tl. 3.gr. þeirra segir að kröfur um gjaldkræfa vexti fyrnist á fjórum árum og séu því krafa um vexti eldri en fjögurra ára fyrndir.

#### Álit.

Þó krafa M sé um margt óskýr þykja ekki efni til að vísa málinu frá úrskurðarnefnd. Ekki er heldur hægt að líta svo á að ágreiningur sé um fjárhæð bóta í skilningi 3.gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefndina heldur lítur nefndin svo á að M óski eftir álit nefndarinnar á því hvort yfirhöfuð hafi stofnast réttur til bóta fyrir þjáningar, framtíðarlæknskostnað og hvort vaxtafyrning eigi rétt á



sér. Þegar litið er til þess hvort réttur til bóta af þessu tagi sé staðreyndur verður að líta til þeirra sönnunargagna sem fyrir nefndinni liggja en M ber sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði ákvæða skaðabótalaga eða eftir atvikum fyrningalaga séu uppfyllt í máli hans.

Hvað varðar þjáningarbætur þá segir í 3.gr. skaðabótalaga að greiða skuli þjáningarbætur frá þeim degi sem tjón varð og þar til heilsufar er orðið stöðugt. Ekki koma fram nægilega skýrar upplýsingar í álitserð örorkunefndar eða í læknisvottorðum um hvort M hafi verið veikur í skilningi skaðabótalaga eða þá hversu lengi. Á meðan M hefur ekki sýnt fram á það með skýrari gögnum en nú liggja fyrir verður ekki fallist á greiðsluskyldu V. Sama gildir um kröfu M um framtíðarkostnað vegna tannplantaðgerð. Þó komi fram í vottorði tannlæknis að ekki sé óeðlilegt, sé tekið mið af aldri M, að það þurfi að endurtaka tannskipti tvisvar á ævi hans, þá liggur það ekki fyrir með óyggjandi hætti að þannig muni háttá til hjáM. Á meðan M hefur ekki lagt fram skýrari gögn um þessa nauðsyn verður ekki fallist á greiðsluskyldu V vegna þessa kostnaðar. Hvað varðar ágreining um hvort krafa um vexti skv. skaðabótalögum sé að hluta fyrnd verður litið til þess um kröfu M, sem stofnaðist 31. júlí 2002, giltu lög nr. 14/1905 um fyrningu kröfuréttinda. Í 2.tl. 3.gr. þeirra laga kemur skýrt fram að krafa um vexti fyrnist á fjórum árum. Fyrningafrestur hefur ekki verið rofinn með málshöfðun eða viðurkenningu vaxtakröfunnar. Verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V á vöxtum sem eru eldri en fjögurra ára.

### **Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 38/2010

M

og

Vátryggingafélagið V v. stjórnendaábyrgðartryggingar

### Ágreiningur um skilmála stjórnendaábyrgðartryggingar v. tjónsatburðar þ. 12.11.2009

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.2.2010 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 15.3.2010.

#### Málsatvik.

M segir að ágreiningur sé við V um túlkun skilmála, Crime and Professional Indemnity & Directors and Officers Liability, skilmálar FJ-19088, og synjun V á að viðurkenna rétt M til bóta úr stjórnendaábyrgðartryggingu. M gegndi stjórnunarstöðu í fjármálafyrirtæki til 21. mars 2009 þegar Fjármálaeftirlitið skipaði fjármálafyrirtækinu skilanevnd. Af hálfu fjármálafyrirtækisins hafði verið keypt samsett bankavátrygging hjá V en innifalið í þeirri ábyrgðartryggingu var stjórnendaábyrgðartrygging sem M heldur fram að hafi tekið til allra stjórnarmanna þess fjármálafyrirtækis sem hér um ræðir. Umrædd vátrygging gildi til 21. janúar 2009 en fyrir þann tíma hafði viðkomandi fjármálafyrirtæki óskað eftir endurnýjun vátryggingarinnar. V framlengdi síðan vátryggingunni til 15.4.2009, en þá óskaði skilanevnd fjármálafyrirtækisins ekki eftir frekari framlengingu eða endurnýjun vátryggingarinnar. M segist hafa fengið um það vitneskju í nóvember 2009 að fram væri komin kæra á hendur honum í tengslum við setu hans í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Í framhaldi af því leitaði M aðstoðar lögmanns vegna kærunnar á hendur honum. Af hálfu M er því haldið fram að kærur og rannsóknir vegna meintra refsilagabrota falli ótvírætt undir vátryggingavernd þá sem hann hafði á grundvelli ofangreindra skilmála FJ-19088 sem og kostnaður af því að taka til varna í tilefni af slíkum kærum. Af þeim sökum sendi M erindi til V þ. 12.11.2009 þar sem M tilkynnti V um fram komna kæru jafnframt því sem farið var fram á að V staðfesti rétt M til bóta úr vátryggingu þeirri sem hér ræðir um. V hafnaði bótaskyldu.

Af hálfu M er því haldið fram að hann eigi rétt til bóta úr ofangreindri vátryggingu hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að vátrygging sú sem hér ræðir um sé í eðli sínu hópvátrygging sbr. d-lið 2.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga og því gildi um hana reglur 9. kafla þeirra laga. Í samræmi við það hafi V borið að senda M sérstaka skriflega tilkynningu eða með öðrum fullnægjandi hætti um að vátryggingin væri fallin niður og falli vátryggingin fyrst niður mánuði eftir að slík tilkynning er send. M segir óumdeilt í málinu að honum hafi aldrei verið send slík tilkynning af hálfu V þess efnis að vátrygging væri fallin niður og hafi M fyrst fengið vitneskju um þá skoðun V með bréfi félagsins þ. 17.11.2009. Þá bendir M á að þrátt fyrir að ákvæði 3.mgr 58.gr vátryggingasamningalaga undanskilji frá framangreindri reglu vátryggingar sem samkvæmt efni sínu séu einungis tímabundnar þá eigi það ákvæði ekki við í þessu tilviki. Þá bendir M á að V hafi ekki undanþegið sig ábyrgð samkvæmt vátryggingasamningalögnum um tilkynningar en tilkynningaskylda V leiði jafnframt af skilmálum vátryggingarinnar sjálfrar og vísar M í því sambandi til ákveðina ákvæða í vátryggingaskilmálunum. Þá heldur M því fram að jafnvel þó að lítið verði þannig á að vátryggingin hafi runnið sitt skeið á enda þá eigi hann engu að síður bótarétt vegna ákvæða vátryggingarinnar um framlengingu vátryggingaverndar til handa fyrrverandi

stjórnarmönnum. Í því sambandi bendir M á að sé váttryggingin ekki endurnýjuð taki við 72 mánaða viðbótartímabil váttryggingaverndar, en M hafi þegar látið af störfum þegar váttrygging fell niður þ.15.4.2009. Af hálfu M er því haldið fram að eðlileg skýring á enska orðinu “retired” í hinu enska orðalagi váttryggingaskilmálanna taki til sín og hann mótmælir sérstaklega þröngri skýringu V á því orðalagi váttryggingaskilmálanna. Þá hafi það fjármálafyrirtæki sem hér ræðir um verið í rekstri í eðlilegum skilningi þess orðs þegar váttrygging rann út þrátt fyrir að skilanevnd hafi tekið yfir starfsemi þess. Auk framangreinds vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 343/2000, nr. 225/2007 og nr. 266/2008.

Af hálfu V er því haldið fram að lög um váttryggingasamninga gildi ekki um samning þann sem hér um ræðir um ábyrgðartryggingu stjórnarmanna og stjórnenda þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Starfsemi fjármálafyrirtækisins hafi verið víðtækt og starfsemi þess hafi falið í sér meira en 5 ársverk og hafi fyrirtækið haft nokkur umsvif þegar það samdi við V um váttryggingavernd og haft fjölda sérfræðinga á sínum snærum og þá hafi stjórnarmenn þurft að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um hæfi og þekkingu. V bendir á að váttryggingaskilmálar séu á ensku og váttryggingaverndin sé mjög sértæk og óþarfi sé að fram komi í þessum ensku skilmálum að váttryggingasamningurinn fari ekki eftir lögum um váttryggingasamninga. V segir að þegar litið sé til eðli tryggingarinnar og umsvif váttryggingatakans sé frekar hægt að líta til þess að fjármálafyrirtækið hefði átt að tilgreina það sérstaklega ef lög um váttryggingasamninga hefði átt að gilda um samninginn. V heldur því fram að ákvæði váttryggingasamningalaganna um hópváttryggingu eða önnur ákvæði laganna um váttryggingasamninga gildi ekki um váttryggingasamninginn og sérstaklega að því vikið af V að engin tilvísun sé til váttryggingasamningalaganna í váttryggingasamningnum. Þá vísar V til ákvæða í váttryggingaskilmálum þar sem fram kemur að váttryggingin endurnýjast ekki sjálfkrafa öfugt við það sem kemur fram í 1.mgr. 18.gr. eða 58.gr. laga um váttryggingasamninga. V segir að M hafi tilkynnt um hugsanlegan tjónsatburð þ. 12.11.2009 og sé ágreiningur um þýðingu skilmálaákvæðis sem lýtur að svokallaðri “Discovery Period og vísar V í því sambandi til ákvæða í váttryggingaskilmálunum “Section III. Extension to Cover.” en samkvæmt þessum ákvæðum hafi stjórnendur umrædds fjármálafyrirtækis haft rétt á því að kaupa sér 12 mánaða sólarlagsvernd eftir að váttryggingin falli úr gildi. Þá sé ágreiningur hvað varði ákvæði um fyrrverandi stjórnendur “Previous Directors” og heldur V því fram að enska orðið “retired” sé eingöngu ætlað til að ná til þeirra sem hætt hafa störfum og enda starfsferil sinn en ekki sé hægt að túlka ákvæðið svo víðtækt að það taki til stjórnenda sem sé vikið frá störfum eins og um ræðir í þessu tilviki. V heldur því fram að þegar umrædd váttrygging sé ekki endurnýjuð þá sé í grundvallaratriðum ekki lengur fyrir hendi áframhaldandi vernd fyrir stjórn og stjórnarmenn enda engin iðgjöld greidd og hvorki fjármálafyrirtækið sem um ræðir né nokkur annarra nýtti þá möguleika sem váttryggingaskilmálarnir buðu upp á varðandi framlengingu og því hafi sú váttryggingavernd sem þeir annars hefðu notið fallið niður frá og með 15. apríl 2009. V hafnar því að um váttryggingavernd hafi verið að ræða fyrir M í umræddu tilviki þar sem váttryggingin var útrunnin.

### Álit.

Í 3.gr. laga um váttryggingasamninga er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum I. hluta laganna í öðrum tegundum váttryggingar en ábyrgðartryggingum m.a. ef váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðilans við gerð váttryggingasamnings eða við endurnýjun hans svarar fleiri en fimm ársverkum. Ekki er ágreiningur um að það fjármálafyrirtæki sem í hlut á, í máli þessu rak víðtæka starfsemi og heimildin til að víkja frá ákvæðum I. hluta váttryggingasamningalaganna því ótvírætt fyrir hendi. Fallast verður á það með V að með váttryggingaskilmálum þeirrar ábyrgðartryggingar sem stjórn og stjórnendur fjármálafyrirtækisins höfðu hjá V þá hafði fjármálafyrirtækið samið sig frá I. hluta laga um váttryggingasamninga. Athugasemdir M sem reistar eru á grundvelli tilvísana til I hluta váttryggingasamningalaganna eiga því ekki við.

Samkvæmt 2. kafla váttryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um “Director’s & officers liability cover” segir í þriðja hluta “section III. Extensions to cover” sbr. H, að 72 mánaða “discovery

period” sé sjálfkrafa í gildi verði váttryggingin ekki endurnýjuð eða viðbótarvernd ekki keypt. Grein þessi gildir um ”retired directors or officers” og er forsenda að þeir hafi látið af störfum fyrir svokallaðan ”date of non-renewal” þ.e. áður en váttryggingin var ekki endurnýjuð. Úrskurðarnefndin telur að með hugtakinu ”retired” sé átt við þá sem látið hafa af störfum fyrir dagsetningu ”date of non-renewal” óháð því hvort þeir hafi hætt störfum eða horfið til annarra starfa. Nefndin telur jafnframt að með ”date of non-renewal” sé átt við lokadagsetningu tryggingarinnar en hún gilti til 15.4.2009.

Þann 21.3. 2009 skipaði Fjármálaeftirlitið fyrirtækinu sem hér ræðir um skilanevnd og lét kærandi þá af störfum sem stjórnarformaður viðkomandi fyrirtækis. Skilyrði um að hann hafi látið af störfum fyrir ”date of non-renewal” er því uppfyllt. Jafnframt er uppfyllt það skilyrði að hvorki hafi verið keypt viðbótartrygging né tryggingin í heild sinni endurnýjuð og gildir ákvæði um 72 mánaða ”discovery period” því um M. Tilkynning um tjón barst innan þess tíma og á M því rétt á bótum úr tryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr stjórnendaábyrgðartryggingunni hjá V

Reykjavík 7.4. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 39/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar**

**Tjónsdagur mars 2001.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 09.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið hrint niður stiga á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur. Við fallið brotnuðu tennur 21 og 22. Félagið endurgreiddi M útlagðan tannlæknakostnað samtals 63.780 í janúar 2004. Félaginu bárust ekki að sögn frekari kröfur frá M á útlögðum kostnaði vegna málsins. Félagið vekur athygli á því að ekki liggur fyrir formlegt höfunarbréf frá félaginu vegna frekari endurgreiðslna. Það vísar og til þess að “með öllu sé ljóst að greiðsla félagsins úr fjölskyldutryggingu þeirri sem gildi fyrir M á slysdegi vegna tannbrots takmarkast við 7,5% af grunnvátryggingarfjárhæð vegna hvers slyss. Grunnvátryggingarfjárhæð á slysdegi nam 1.000.000 kr. og þannig eru hámarksgreiðslur vegna tannbrots 75.000 kr.” Eftir standa því mögulega 11.220 kr. miðað við mars 2001. “Sú fjárhæð fyrnist þegar liðin eru 10 ár frá slysdegi” í samræmi við 125. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu hafi ekki borist reikningur frá árinu 2004. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umföllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Umfjöllun vátryggingafélagsins, sem getið hefur verið, er upplýsandi um takmörkuð samskipti aðila máls þessa. Athygli vekur og hve umfjöllun M er takmörkuð.

Þegar tekið er mið af framanrituðu hefur M ekki sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 16. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 3/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið V v/ ökutækisins A og vátryggingafélagið T. v/ ökutækisins B**

**Árekstur á Suðurlandsvegi við Hveradalsbrekku 12. desember 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 7. janúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf ökumanns B til nefndarinnar dags. 17. janúar 2010.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18. janúar 2010
- 4) Tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 25. janúar 2010

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreiðunum A og B var ekið í austurátt um Suðurlandsveg að kvöldi 12. desember sl. í slæmu veðri og litlu skyggni vegna rigningar og roks. Þar kemur einnig fram að M sem ökumaður A kvaðst hafa ekið á hægri akrein, skipt um akrein yfir á þá vinstri til þess að taka vinstri beygju inn á svæði Skíðaskálans í Hveradölum þegar árekstur varð. Ökumaður B kveðst í lögregluskýrslu hafa ekið á vinstri akrein á leið fram úr bílalest sem ók á hægri akrein. Hann kveðst ekki hafa séð hvenær bifreiðinni A var ekið yfir á vinstri akrein en mögulegt að henni hafi verið ekið frá hægri yfir á vinstri akrein í þann mund sem árekstur varð. Í lögregluskýrslu kemur fram að ákoma hafi verið á vinstra afturhorni A og hægri framhorni B. Lögreglu tókst ekki að fá framburð vitnis sem hringdi á Neyðarlínuna vegna árekstursins. M telur í málskoti sínu að lögregluskýrsla sé ekki fullnægjandi heimild um hvað gerðist eða aðstæður á vettvangi og að hann hafi verið á vinstri helming hægri akreinar þegar hann beygði. Ökumaður B lýsir aðstæðum þannig að ökumaður B hafi beygt í veg fyrir hann.

**Álit.**

Skv. gögnum málsins þykir það hafið yfir vafa að M sem ökumaður A hafi ekið á hægri akrein Suðurlandsvegur til austurs og ætlað að beygja til vinstri inn að Skíðaskálanum í Hveradölum þegar árekstur varð. Einnig telst sannað að ökumaður B hafi ekið á vinstri akrein í sömu akstursátt. Með hliðsjón af framburði ökumanna í lögregluskýrslu og að teknu tilliti til viðbótarskýrslna verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið til hliðar og skipt um akrein til þess að taka vinstri beygju. Í 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er að finna vísireglur um akstur í beygjum og við akreinaskipti. Þar kemur fram að ökumenn sem ætla að beygja til vinstri verða að skipta um akrein í tæka tíð og gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig. Við akstur á fjölförnum vegi sem Suðurlandsvegur er og í þeim veðuráðstæðum sem voru þann 12. desember sl. var sérstök ástæða fyrir M að gæta að þessu og telst hann ekki hafa gert það með fullnægjandi hætti og ber alla sök á árekstrinum. Ökumaður B er ekki talinn hafa brotið gegn umferðarreglum með akstri sínum.

**Niðurstaða.**

Öll sök á A.

Reykjavík 9. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 41/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðarliðar húseigendatryggingar E.**

**Skaðabótaábyrgð húseiganda þegar ekið var á hlið í bílastæðahúsi 19. janúar 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 10. febrúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 28. febrúar 2010

**Málsatvik.**

M lagði bifreiðinni sinni í bílastæðahús H þann 19. janúar sl. á meðan hún var við vinnu í húsinu. Um kl. 19:20 ók hún áleiðis út úr bílastæðahúsinu og vildi ekki betur til en að hún ók á hlið sem lokar húsinu kl. 19 daglega. Af gögnum málsins má ráða að E byggði og á húsið og hefur húseigendatryggingu hjá V.

M telur að E beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreiðar sinnar þar sem hliðið sem hún ók á er ekki sérstaklega merkt eða varað við því við akstur ökumanna um bílastæðahúsið. M vísar til þess að ekki séu þrengingar eða skilti til að vara við hliðinu, græn og rauð ljós séu vinstra megin við það en séu ekki í sjónlínu ökumanna og virðast hafa verið óvirk þetta kvöld. Einnig telur M að þar sem hliðið sé úr gráu neti falli það þannig inn í umhverfi bílageymslunnar að það sé vart sýnilegt. M telur auk þess að skynjari sem opnar hliðið taki seint við sér og hliðið fari mjög hægt upp.

V telur að lýsing M á tjónsatburði bendi til þess að tjónið sé rakið eingöngu til hennar eigin gáleysis. Bílastæðahúsið sé byggt í samræmi við gildandi byggingarlög og reglur, ekki hafi verið gerðar athugasemdir við frágang þess og hafi húsnæðið fengið öll tilskilin opinber leyfi. Auk þess sé lýsing góð og hliðið sem M ók á vel sýnilegt.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir lýsing M sjálftrar af atvikum sem leiddu til þess að hún ók á hlið í bílastæðahúsi H að kvöldi 19. janúar sl. M lýsir því svo að hún hafa ekki verið að hugsa út í það þegar hún ók út að bílageymslan væri lokuð og keyrði eins og vanalega út, kveikti á útvarpinu og vissi ekki fyrr en hún skall á hliðinu. Ljóst er af þessari lýsingu að M sýndi ekki nægilega aðgæslu við aksturinn en hún var gjörkunnug aðstæðum á vettvangi. Ekki er í málskoti nægilega sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt gagnvart E. Ekki liggur fyrir að frágangur bílastæðahússins sé í bága við byggingarlög eða reglur og af myndum af vettvangi að dæma er hlið bílastæðahússins vel sýnilegt þeim sem um það aka og lýsing góð. M þekkti aðstæður og bar að sýna þá aðgát við aksturinn sem sú þekking krafðist. Með vísan til ofangreins verður M ekki talin hafa sýnt fram á skaðabótaábyrgð E í málinu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar E hjá V.

Reykjavík 16. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 43/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartrygging atvinnureksturs**

**Vinnuslys 23.10. 2007, fingurmeiðsl,  
ágreiningur um skerðingu bótaréttar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 10.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína, hann klippti framan af tveimur fingrum vinstri handar þegar hann var að þrifa hausaklippur í sláturhúsi sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi, hann er ósáttur við að vátryggingafélagið skuli skerða bótarétt sem nemur helmning sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi unnið við að þrifa hausaklippurnar í tvö haust og þekkti vel til virkni þeirra og aðstæðna. Honum hafi borið að ganga úr skugga um að búið hafi verið að slökkva á klippunum áður en hann hóf að þrifa þær. Hann hefði aðeins þurft að styðja á báða takka klippnanna til að kanna hvort þær væru ennþá í gangi.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess m.a. getið að við athugun á klippunum hafi ekkert athugavert komið í ljós, þær virkuðu eins og til var ætlast, halda þurfti báðum tökkum niðri til að klippurnar virkuðu. Að sögn starfsmanna hafi komið fyrir “að takkarnir í klippunum hafi staðið á sér, vegna storknaðs blóðs og korna sem hafa farið á milli þeirra.” Þá kemur og fram að “ekki er hægt að útiloka það að annar hvor takkinn hafi verið fastur niðri þannig að ekki hafi þurft nema að reka sig í hann til að klippurnar lokuðust.”

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu, rétt þykir að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

Reykjavík 16. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 44/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (frítúmaslysatrygging)**

**Meiðsl við fall í baðherbergi 15.03. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 11.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist á heimili sínu. Hún lét þess getið í upphaflegri tjónstilkynningu að hún hafi verið “að standa upp af klósetti, datt á andlitið braut í mér tennur.”

Fyrirliggjandi gögn geta síðan samskipta aðila og nokkuð breyttrar frásagnar M um aðdraganda.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi, hér hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Skilyrði skilmála séu ekki uppfyllt. Ekki hafi verið lýst utanaðkomandi atburði líkt og krafist er. Breytt lýsing M hafi borist eftir höfnum félagsins og eftir að leitað var lögmannsaðstoðar. Það breyti ekki fyrri afstöðu félagsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins verður upphafleg tjónstilkynning M lögð til grundvallar við afgreiðslu málsins. Ósannað er að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M líkt og gerð er krafa um í vátryggingaskilmálum.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 23. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 47/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar og slysalíð fjölskylduþryggingar.

### Slys 15. mars 2005 – tímasetning örorkumats.

#### Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 12. febrúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 15. mars 2010

#### Málsatvik.

Í málinu er deilt um greiðsluskyldu V vegna slyss vegna skilmálaákvæðis í slysátryggingunum sem kveður á um að örorka skuli metin í síðasta lagi þremur árum frá slysdegi. M slasaðist þegar hestur stökk yfir hann þann 15. mars 2005. Þann 15. september 2006 fór fram uppgjör úr slysátryggingum M hjá V á grundvelli matsgerðar sem lá fyrir nokkrum dögum áður. M tók við bótagreiðslum með fyrirvara um frekari rétt til bóta. M virðist ekki hafa haft samband við V fyrr en tæpum þremur árum seinna eða í febrúar 2009. Þá voru tæp fjögur ár liðin frá slysinu.

M heldur því fram að með vátryggingaskilmálum V hafi verið vísað til þágildandi laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og við túlkun á skilmálanum verði því að líta til fyrningareglu sömu laga við túlkun á umræddum skilmálaákvæði. Þessi regla sé ekki samþýðanleg við reglu sem gerir ráð fyrir að örorkumat skuli undantekningarlaust framkvæma áður en þrjú ár eru liðin og því gildi hún ekki.

V telur að ákvæði í skilmálum um að örorka skuli metin í síðasta lagi þremur árum fyrir slys gildi skv. orðanna hljóðan og vísar þar fyrst og fremst til dóms Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 þar sem tekist var á um samskonar ákvæði í skilmálum. Einnig vísar V til þess að lög nr. 20/1954 hafi verið frávíkjanleg og fyrningareglur þeirra komi ekki í veg fyrir að samið sé um tilkynningafresti eða önnur svipuð ákvæði og það sem hér reynir á. Ljóst sé að þegar M hafi haft samband við V í febrúar 2009 hafi þriggja ára frestur verið liðinn og M hafi átt þess kost að kynna sér ákvæði skilmála sem giltu um tryggingarnar, enda hafi hann gengið til uppgjors vegna slyssins með fyrirvara haustið 2006.

#### Álit.

Ágreiningur er um túlkun á ákvæði í vátryggingaskilmálum sem kveður á um að örorku vegna slysa skuli meta í síðasta lagi þremur árum eftir slys. Á sama álitafni reyndi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2004. Verður það fordæmi lagt til grundvallar og þar sem tæplega fjögur ár voru liðin frá slysi þegar M hafði samband við V og vildi annað örorkumat telst hann hafa misst rétt til bóta.

#### Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi greiðsluskylda úr slysátryggingum M hjá V.

Reykjavík 30. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 49/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bátatryggingar**

**Skemmdir á bát 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M fór til veiða, á heimleiðinni kom mikill skellur, brothljóð og hávaði og sló hann strax af og drap á vél bátsins. Ágreiningur er um umfang tjónsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að svonefnt tengibox hafi skemmt. Ágreiningur er um réttarstöðu vegna kaupa M á svonefndu kasthjólshúsi ("flywheel housing) sem hann telur að falli undir greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Vátryggingafélagið telur frekari greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að hámarksvátryggingarfjárhæð hafi þegar verið greidd. Umrætt kasthjólshús sé ekki hluti af vél bátsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 4/2010

M

og

## Vátryggingfélagið X v/húseigendatryggingar

### Skemmdarverk í desember 2008, ágreiningur um fjölda tjónsatburða

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.01. 2010.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Alls munu 5 rúður hafa verið brotnar í húsnæði M sem geymir útibú banka.

M telur að um einn verknað (vátryggingaatburð) hafi verið að ræða og að rangt sé að gera ráð fyrir eigin áhættu líkt og um 5 tilvik sé að ræða sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að tjónið hafi orðið þann 17.12. 2008 þegar 5 rúður voru brotnar í fasteign M. Rúðurnar hafi allar verið heilar við lokun húsnæðisins 17.12. 2008 og þegar tilkynning berst um tjón þá voru 5 rúður brotnar.

Vátryggingafélagið telur að ummerki á vettvangi gefi tilefni til þess að ætla að aðskotahlutum hafi verið kastað eða skotið með einum eða öðrum hætti í glerið á byggingu M. Félagið telur að um 5 aðskylda tjónsatburði hafi verið að ræða. Félagið vísar til skilmála þar sem fram kemur eigin áhætta í sérhverju tjóni. Vátryggingafélagið vísar til þess að ekki sé upplýst nákvæmlega hvað gerðist eða hvernig atvikum var háttað nákvæmlega.

#### Álit.

Greiðsluskylda er fyrir hendi að teknu tilliti til þess að um einn tjónsatburð sé að ræða, þrátt fyrir að tjóni hafi verið valdið á fleiri en einni rúðu. Það breytir ekki ofanrituðu þó að ekki hafi verið sýnt sé fram á nákvæma tímasetningu þess atburðar sem hér um ræðir.

Hér virðist hafa verið um skemmdarverk að ræða sem líklegt er að unnið hafi verið samtímis. Í slíku tilviki verður að skoða fasteign sem eina heild en ekki líta á gler (glugga) sem afmarkaða hluta hennar nema sýnt sé fram á annað.

Með hliðsjón af framanrituðu er því einungis um eina eigin áhættu að ræða.

#### Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi miðað við eina eigin áhættu.

Reykjavík 9. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 53/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B**

**Árekstur á gatnamótum Suðrhóla og Eyrarvegur Árborg 22.01. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 17.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Stöðvunarskylda er á gatnamótunum af Suðrhólum inná Eyrarveg. B var ekið suður Eyrarveg og beygt til vinstri austur Suðrhóla, bifreiðinni A var ekið Suðrhóla til vesturs og beygt til vinstri suður Eyrarveg. Ökumaður A kveðst hafa verið kyrrstæður við áreksturinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að taka þrönga vinstri beygju og lent framan á A.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist hvorugur ökumanna hafa sýnt nægjanlega aðgæslu. Rétt þykir að skipta sök til helminga. Ökumaður B tók of þrönga vinstri beygju og ökumaður A staðsetti bifreið sína of framarlega á gatnamótunum. Ósannað er að A hafi verið kyrrstæður það lengi að unnt sé að láta halla á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 23. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigurður Ó. Kolbeinsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 55/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (G)**

**Vinnuslys 09.12. 2006, við losun iðnaðarhurðar sem hafði skemmst.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var sendur ásamt vinnufélaga sínum í verksmiðjuhús til að taka niður stóra iðnaðarhurð sem skemmst hafði. Hurðin var samsett úr flekum og fest á hjólum við braut. Hurðin sat föst hálfopin en líklega hafði verið ekið á hana. M og vinnufélaga hans var falið að vinna við hurðina “í snatri þar sem spád var miklu hvassvirði”. Gögnin lýsa starfsaðferðum þeirra vinnufélaga. Flekar losnuðu frá og féllu á M.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna M, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar eða annarra atvika sem G ber skaðabótaábyrgð á. M hafi haft 4 ára starfsreynslu af störfum í vélsmiðju þar af 3 ár hjá G. M geti því ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki haft reynslu eða þekkingu til þess að vinna verkið á öruggan hátt. Hann hafi ekki þurft sérstakrar leiðsagnar. Félagið andmælir umfjöllun M um að G hafi brotið gegn fjölda ákvæða laga 46/1080 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Félagið hafnar því að G skuli bera sönnunarhalla í málinu þar sem hann hafi ekki hlutast til um rannsókn slyssins. Ekki sé deilt um tildrög slyssins, heldur um það hvort G skuli bera skaðabótaábyrgð. Félagið getur þess að M “ varð ekki óvinnufær að ráði vegna slyssins fyrr en þremur og hálfum mánuði síðar, en þá voru aðstæður breyttar og of seint að óska rannsóknar...” Félagið lítur einnig til frásagnar samstarfsmanns M sem fengin var símleiðis og ekki er skjalfest þess efnis “að þeir hafi áður tekið niður hurðir með sama hætti vegna útskiptinga þeirra...”

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi starfsmanna G, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar eða annarra atvika sem G ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 57/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið A v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið B v/bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Miklubraut 03.02. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.03. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið frá afrein inn á Miklubraut og kveðst ökumaður hennar hafa hægt á bifreiðinni þar sem umferð var hæg framan við bifreiðina vegna bifreiðaraðar af afrein inn á Reykjanesbraut. Í þann mund var B ekið aftan á A.

Vátryggingafélögin telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstri þessum. Efnislega er talið að ökumaður A hafi ekið inn á Miklubraut án þess að átta sig nægjanlega á umferð fyrir framan hafi verið hæg og því hafi hún þurft að snögghemla. Þannig hafi M upptekið hemlunarvegalegd B og beri því ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B og í raun upphefja hemlunarvegalegd B. Ökumaður A átti að víkja fyrir umferð um Miklubraut og hann átti að fullvissa sig um að hann myndi ekki skapa hættu fyrir umferðina sem framundan var. Þessa gætti hann ekki og ber því ábyrgð á árekstrinum sbr. 2. – 3. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 23. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 58/2010**

**M og**

**Vátryggingafélagið V v starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra(B)**

**Röng staðsetning á húsi þ. 1.10.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2010 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 20.2.2009 og 15.3.2010 og fylgiskjöl 1-3

**Málsatvik.**

M og B gerðu með sér verksamning þar sem B tók að sér byggngarstjórn við byggingu húss fyrir M. Mistök voru gerð við útsetningu á sökklum hússins og var það ranglega staðsett vegna þess og byggingarframkvæmdir stöðvaðar. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V vegna þessara mistaka en V hafnar bótaskyldu og bendir á að B hafi fengið fyrirtæki til að sjá um jarðvinnu og mælingavinnu og við vinnu þess fyrirtækis hafi orðið þau mistök að húsið var ranglega staðsett og beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á óvönduðum vinnubrögðum þessa fyrirtækis. V heldur því fram að B hafi tvívegis afhent starfsmönnum fyrirtækisins sem mældu fyrir staðsetninu hússins mæliblað en þeir ekki notað umrædd gögn til staðfestingar á staðsetningu hússins.

**Álit.**

Ekki er um það deilt að við útsetningu á sökklum hússins þá var fyrirhuguð bygging ranglega staðsett á byggingarlóðinni. Byggingarstjóri hefur borið að hann hafi sent starfsmönnum nafngreinds fyrirtækis mælingar vegna fyrirhugaðrar staðsetningar. Ekki liggur fyrir hvort þær mælingar byggingarstjóra hafi verið fullnægjandi eða ekki. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að hús sé rétt staðsett á byggingarlóð og mælingar fyrir útsetningu fullnægjandi, og bar honum að ganga úr skugga um að svo væri áður en byggingarframkvæmdir við húsið hófust. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V en ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V en ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Reykjavík 30.3. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 60/2010**

**M v/bifreiðarinnar S**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar**

**Umferðaróhapp 04.03. 2009, ágreiningur vegna skemmda  
á vél bifreiðar sem ekið var eftir útafakstur.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa misst stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hann hafnaði utan vegar. Hann skyldi bifreiðina eftir og náði í hana síðar. Ók henni en varð fljótlega var við gagntruflanir sem sem lýstu sér þannig að bifreiðin missti afl. Skömmu síðar mun hafa kviknað á hitaljósi sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Ágreiningur máls þessa snýst um það hvort orsakatengsl séu milli óhappsins og bilunar í vél bifreiðarinnar. Vátryggingafélagið telur ósannað að rekja megi tjón á vél bifreiðarinnar til útafakstursins sbr. nánar umfjöllun félagsins. Félagið vísar og til þess að verði ekki fallist á nefnda umfjöllun þess telur það að M hafi valdið tjónsatburði máls þessa af stórkostlegu gáleysi þegar hann ók bifreiðinni eftir útafaksturinn án þess að huga nægjanlega að ástandi hennar. Félagið vísar til skilmála og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga í því sambandi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi tjón á vél bifreiðarinnar til útafaksturs hennar. Virðist sem bifreiðin hafi verið gagnsett og ekið með snjó inn á vél bifreiðarinnar sem varð til þess að vélin “fór yfir á tíma og hún eyðilagðist” líkt og segir í umfjöllun vátryggingafélagsins. Með hliðsjón af ofanrituðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar þ.e. að gagnsetja og aka bifreiðinni líkt og gert var.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 61/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v A**  
**Vátryggingafélagið V-2 v B**

**Árekstur bifreiða á Miklubraut í Reykjavík þ. 12.1.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2010 ásamt tjónaskýrslu
2. Bréf V-2 dags. 10.3.2009 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-1 dags. 15.3.2010.

**Málsatvik.**

Árekstur varð á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Ökumaður B skipti um akreinar í veg fyrir A. Ökumaður A segist hafa hægt á sér vegna bifreiðar sem var fyrir framan A og síðan lagt aftur á stað og þá hafi B ekið þvert inn á akrein A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið á miðjuakrein og ætlað að beygja inn á beygjuakrein og fara þannig yfir tvær akreinar og A hafi verið í blindablettinum og í kjölfarið hafi árekstur orðið.

**Álit.**

Af atvikalýsingu er ljóst að ökumaður B tók þá ákvörðun að beygja bifreið sinni og fara yfir tvær akreinar og sá ekki A fyrir en árekstur varð. Ökumaður B ber sök á árekstrinum, en af framlögðum gögnum verður ekki séð að eðlilegt sé að leggja hluta sakar á ökumann A.

**Niðurstaða.**

B ber alla sök.

Reykjavík 30.3. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 63/2010

M

og

**vátryggingafélagið V vegna flutningstryggingar.**

### **Sönnun tjóns úr flutningstryggingu 11. og 12. ágúst 2009.**

#### **Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 2. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 19. mars 2010 ásamt tjónstilkynningu og myndum.

#### **Málsatvik.**

Skv. málskoti M var 1569 tonnum af salti í eigu M landað í Færeyjum 11. og 12. ágúst 2009. Að sögn starfsmanna M kom í ljós við löndunina að hluti saltsins virtist vera gullitaður og ryðgaður, nánar tiltekið um 340 tonn. Að því er virðist þá lét M farga umræddum hluta saltsins í Færeyjum stuttu seinna. Þann 16. desember var tilkynning M um ofangreint móttekin hjá V og krafðist bóta úr farmtryggingu sinni en í málskoti telur M að fullnægjandi tilkynning um tjónið hafi komið fram 8. desember sl. Lagðar hafa verið fram samskipti aðila vegna málsins og myndir. Eftir að V fékk tilkynningu um tjónið sendi það bréf þann 17. febrúar 2010 til M þar sem hafnað er að greiða bætur vegna tjónsins og vísað fyrir mistök til 92.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 en sambærileg grein um skaðatryggingar er 28.gr. sömu laga sem fjallar um skyldu vátryggingartaka til að tilkynna tjón og gera ráðstafanir þeim tengdum. M rekur í málskoti sínu ástæður þess að M hafi fullnægt skyldum 28.gr. laga um vátryggingasamninga með því að taka myndir af vettvangi en starfsmenn M hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um tjónið frá dótturfélagi sínu í Færeyjum fyrr en í desember og hafi strax tilkynnt tjónið. Einnig vísar M til 4. mgr. 28.gr. laganna og telur að ekki sé hægt að fella niður ábyrgð nema vátryggingartaki hafi sýnt stórkostlegt gáleysi eða ásetning við vanrækslu á tilkynningaskyldu og M vísar á bug að svo hafi verið. V tekur ítarlega afstöðu til máls M í athugasemdum sínum til nefndarinnar dags. 29. mars sl. Bæði er um að ræða skýrari og vandaðri rökstuðning en kemur fram í bréfi V til M þann 17. febrúar 2010 þar sem bótaskyldu er hafnað. Þar kemur fram að V telur í fyrsta lagi ekki nægilega sannað að tjón hafi orðið á salti vegna skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi eins og áskilið sé í vátryggingarskilmálum. Í öðru lagi telur V að um vanrækslu upplýsingaskyldu skv. 28.gr. laga um vátryggingasamninga hafi verið að ræða og rekur að sú vanræksla hafi áhrif á mögulegan rétt til kröfu á hendur flutningsaðila, sbr. 2.mgr. 28.gr. Í þriðja lagi telur V að tjón M sé með öllu ósannað og fullyrðingar starfsmanns dótturfélags M um að það hafi orðið tjón og hversu mikið það var sé ekki fullnægjandi sönnunargögn. V telur að M hafi verið í lófa lagið að kalla til hlutlausan matsmann eða gera V kleift að senda slíkan matsmann á staðinn þegar meint tjón varð. Einnig er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 456/1998 þar sem eingöngu vottorð frá löggiltum vigtarmönnum eða óháðum skoðunaraðilum voru lögð til grundvallar til sönnunar tjóns. Einnig er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 478/1999 auk nokkurra héraðsdóma máli V til stuðnings.

#### **Álit.**

Ágreiningur M og V snýst um sönnun tjóns og mögulega vanrækslu M á skyldum sínum um tilkynningu og viðbrögð við tjóninu. Tilkynning um tjónið kom fram í desember 2009 eða um fjórum mánuðum eftir að M kveður það hafa átt sér stað. V tók afstöðu til málsins með bréfi 17. febrúar sl. þar sem vísað er ranglega til 92.gr. laga um vátryggingasamninga en umrædd grein fjallar um persónutryggingar. Í 2.mgr. 9.gr. laga um vátryggingasamninga kemur fram að vátryggingafélög skulu sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Bréf

V var villandi og uppfyllti ekki nægilega umrædda grein. Bréf V til nefndarinnar frá 29.mars sl. er hins vegar greinargott og skýrt um afstöðu félagsins. Hefði verið rétt að svara M strax með svo skýrum og greinargóðum hætti. Þegar litið er til allra gagna málsins og þeirra sjónarmiða M og V sem koma fram í skrifum þeirra verður hins vegar ekki litið framhjá því að gögn um tjónið eru af afar skornum skammti. M var í lófa lagið að tryggja sér sönnun um það tjón sem hann telur að orðið hafi í ágúst 2009 þó það hafi uppgötvast í Færeyjum. Einhliða frásögn starfsmanna M eða dótturfélags þess verður ekki lögð til grundvallar sem fullnægjandi sönnun á atvikum. Mat á tjóninu fór ekki fram að hálfu nokkurra matsaðila og verður einhliða frásögn M ekki lögð til grundvallar með vísan til dóma Hæstaréttar í málum 456/1998 og 478/1999 sem V vísar til í athugasemdum sínum vegna málsins. Að þessu virtu telst M ekki hafa fært sönnur á að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, sbr. gr. 5.1. í skilmálum flutningstryggingar (A) nr. MC10 hjá V.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr flutningstryggingu M hjá V.

Reykjavík 13. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 65/2010**

**M v/bifreiðar**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (V)**

**Umerðaróhapp 25.09. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni á malarvegi við litla Fjarðarhorn. Þegar malarvegurinn endaði tók malbik við, sem að sögn M olli því að það hvellsprakk og dekk fór af felgu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á ábyrgð V. Ætla verði að tjónið megi rekja til aksturslags M og aðgæsluleysis við akstur bifreiðarinnar þegar hann kom að samskeytum malavegarins og malbiksins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 66/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v bifreiðanna A og B**

**Árekstur bifreiða á Bræðraborgarstig við Hringbraut í Reykjavík þ. 13.12.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.2.2010 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 15.3.2010 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á ljósastýrðum gatnamótum Hringbrautar og Bræðraborgarstígs. A ók Hringbraut til vesturs en B ók Hringbraut til austurs og var beygt inn á Bræðraborgarstig í veg fyrir A. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita að þegar árekstruinn varð hafi logað gult ljós fyrir akstursstefnu beggja að fara yfir á rautt.

**Álit.**

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður öll sök felld á B sem ók í veg fyrir A í umrætt sinn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 30.3.2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 68/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (S)

Vinnuslys 26.09. 2006, við notkun á slípirokk.

### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.03. 2010.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að skera gifshorn með slípirokk þegar skífan í rokknum brotnaði með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á rokknum og brotið skaust í löngutöng hægri handar og skar djúpt sár sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að slysið verði hvorki rakið til saknæmrar háttsemi eða annarra starfsmanna þess, ófullnægjandi verkstjórnar eða varúðarráðstafana, vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar m.a. til þess að M láti þess getið í tjonstilkynningu í febrúar 2008 að hann telji þriðja aðila ekki bera ábyrgð á þessu slysi. Nú byggir hann hins vegar á því að slípirokkurinn hafi ekki verið búinn blaðhlíf og heldur því fram að það hafi verið orsök slyssins. Félagið vísar til þess að verkstjóri muni hins vegar vel eftir atvikum og kveðst nærri fullviss að rokkurinn hafi verið búinn blaðhlíf á hefðbundinni gerð. Slíkt blaðhlíf myndi hins vegar ekki hafa komið í veg fyrir óhapp sem þetta þ.e. þegar blaðið brotnar. Félagið telur að rekja megi slyss þetta til vinnubragða M sjálfs sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Hann hafi haldið gifshornum fríhendis í annarrri hendi en skorið með rokknum í hinni hendinni. M sé faglærður og með 20 ára starfsreynslu. Vinnuveitandinn óskaði ekki eftir rannsókn á tildrögum slyssins eins og skylt var. Þetta valdi því ekki sjálfkrafa að sönnunarbyrði fari alfarið yfir á vátryggingartaka. “Verði ekki séð að ágreiningur sé um annað en það hvort slípirokkurinn hafi verið búinn blaðhlíf en eins og að framan greinir telur félagið ekki sýnt fram á orsakatengsl hvað það varðar.” Félagið telur ósannað að slysið verði rakið til atvika sem vátryggingartaki ber ábyrgð á. Telji nefndin að um vanbúnað hafi verið að ræða sem hafi í för með sér skaðabótaábyrgð telur félagið að skerða beri bótarétt M verulega með vísan til óvarlegrar aðferðar hans við verkið. Hann hafi ekki gert athugasemd við “hinn meinta ágalla” á rokknum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu.

### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. menntun og starfsreynslu M hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi slyss M til saknæmrar háttsemi starfsmanna S, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem S ber skaðabótaábyrgð á.

Hér virðist fyrst og fremst hafa verið um aðgæsluleysi M sjálfs að ræða við framkvæmd verksins. Tvær ódagsettar frásagnir samstarfsmanna M um að hlíf hafi vantað á slípirokkinn breyta ekki ofanrituðu.

Ofanritað er þrátt fyrir að vinnuveitandi M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Vöntun á tilkynningu veldur því ekki sjálfkrafa að sönnunarbyrði færist yfir á váttryggingartaka. Það er metið hverju sinni með hliðsjón af atvikum öllum hvaða áhrif slík vanræksla hefur.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 6/2010

### M og Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar A

#### Krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðar vegna farþega sem dó við árekstur þ. 16.8.2006.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2010 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 5.2.2010 ásamt fylgiskjali.

#### Málsatvik.

A sem dró kerru sem ekki var í fullnægjandi ástandi ók frá Reykjavík áleiðis til Borgarnes. Á leið vestur Vesturlandsveg lenti A í árekstri við aðra bifreið sem ekið var í gagnstæða átt með þeim afleiðingum að dóttir M sem var farþegi í bifreiðinni sem kom á móti A lest við áreksturinn. M krefst miskabóta skv 2 mgr 26 gr skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A vegna missis dóttur sinnar. V hafnar bótagreiðslu. Lögmaður M telur ökumann A hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn með því að hafa ekið bifreiðinni með vanbúna kerru á óásættanlegum hraða miðað við aðstæður og bendir hann í því sambandi á 4.mgr. 38.gr umferðarlaga nr. 50/1987 og dómkvaddir matsmenn telji að ökumaður A hafi ekið á um 70-80 km hraða þegar áreksturinn varð en það sé umfram leyfðan hámarkshraða miðað við heildarþyngd sem hafi að álitu lögmannsins verið 60 km hraði á klukkustund. Þá leggur lögmaður M áherslu á hversu vanbúin kerran var og það hafi alfarið verið á ábyrgð ökumanns A. Lögmaður M telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi skaðabótaréttar þegar hann ók bifreið sinni með vanbúinni kerru með illa frágengnum þungum farni á hættulegum hraða og töluvert yfir löglegum hámarkshraða með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór yfir á öfugan vegarhelming.

V hafnar því að umrætt umferðarslys verði rakið til stórkostlegs gáleysis ökumanns A og því telur V að hafna beri kröfu um bætur á grundvelli 2 mgr 26 gr skaðabótalaga. Af hálfu V er bent á að niðurstaða Hæstaréttar í máli Ákærvaldsins gegn ökumanni V hafi niðurstaðan verið sú að ástand kerrunnar sem A dró hafi ekki átt þátt í árekstrinum og þar með slysinu. V heldur því fram að ekki hafi verið sannað að ástand kerrunnar hafi verið örsök slyssins hvorki að hluta né að öllu leyti. Þá telur V að A hafi verið ekið vel innan við lögbundin hámarkshraða í umrætt sinn. Þá bendir V á að snögg stefnubreyting hafi orðið á A sem hafi leitt til að A ók yfir miðlínu vegarins og að álitu matsmanna hafi þetta gerst svo snögg að ökumenn hafi ekki náð að gera sér grein fyrir því sem var að gerast og bregðast við áður en áreksturinn varð og að mati V. Telur V að á engan hátt sé hægt að meta viðbrögð ökumanns A sem stórkostlegt gáleysi. Þá bendir V á að mikið þurfi til að koma svo fallist sé á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða.

**Álit.**

Í dómi Hæstaréttar í máli Ákærvaldsins gegn ökumanni A er gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðum dómkvaddra matsmanna sem voru dómkvaddir eftir að héraðsdómur gekk í málinu og vísar til þess að matsgerð þeirra hafi ekki verið hnekkd og staðfesti héraðsdóms um annað en ökuleyfisviptingu ökumanns A með vísan til forendna hans og ofangreindrar matsgerðar. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti samkvæmt framansögðu segir m.a. að árekstur bifreiðanna megi rekja til þess að ökumaður A hafi sveigt sinni bifreið til vinstri og við það hafi framendar bifreiðanna skolið saman. Síðan segir í dómi héraðsdóms ”Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi með gáleysi átt sök á árekstrinum og verður hann því sakfelldur samkvæmt ákærinni.” Í dómi Hæstaréttar er m.a. vikið að eftirfarandi í matsgerð dómkvaddra matsmanna varðandi aðdraganda slyssins að hann hafi tekið ”svo stuttan tíma að viðstaddir hafi yfirleitt ekki náð að gera sér grein fyrir því sem var að gerast fyrir en áreksturinn var orðinn að veruleika”.

Miðað við ofangreindar forsendur héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti og með vísan til matsgerðar dómkvaddra matsmanna sem vísað hefur verið til, verður ekki fallist á það að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn þannig að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A á á grundvelli 2 mgr 26 gr skaðabótalaga.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 23.2. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 70/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B**

**Árekstur Austurvegi Selfossi 25.01. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.03. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.04. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu átt og var A á undan B. A var beygt til hægri í þann sama mund sem B var ekið hægra megin þannig að árekstur varð. B var ekið aftan á A. Til álita er m.a. hvort sýnt hafi verið fram á að A hafi verið ranglega staðsett á akreininni. Austurvegur er mjög breiður á umræddum stað en um eina akrein er að ræða í þá átt sem ekið var. Á vettvangi eru svonefnd T-gatnamót.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann ekur aftan á A. Vátryggingafélag B telur að A hafi ekki tekið eins krappa hægri beygju og unnt var. Á hinn bóginn hugðist B aka hægra megin framúr A en slíkt er bannað á gatnamótum sbr. 22. gr. umferðarlaga. Félagið telur að skipta skuli sök.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka aftan á A sem á undan fór. Ökumaðurinn gætti ekki nægjanlega að þeirri umferð sem framundan var. Hafa ber hugfast að Austurvegur er ein akrein á umræddum stað og skilyrði til framúraksturs voru ekki fyrir hendi. Ósannað er að ökumaður A hafi staðsett bifreið sína ranglega.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 20. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 72/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

### Líkamstjón vegna áreksturs 2. apríl 2009

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 2. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 19. mars 2010 ásamt tjonstilkynningu og myndum.

#### Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem bifreiðinni A var ekið aftan á við vegþrengingu á Nordurfelli við Iðufell í Reykjavík 2. apríl 2009. Bifreið sú sem M var farþegi í hafði stöðvað fyrir aftan strætisvagn þegar A lenti aftan á henni. Lögregla kom ekki á staðinn en í tjonstilkynningu koma fram takmarkaðar upplýsingar um áreksturinn. Þó kemur þar fram að farþegi í bifreið þeirri sem M var í hafi kennt til í baki eftir áreksturinn. Ekki koma fram skýrar upplýsingar um ökuhraða A fyrir áreksturinn. Í málinu liggja fyrir myndir af bifreið þeirri sem M var farþegi í. Þær sýna nær engar skemmdir á bifreiðinni og hefur V upplýst að bætur fyrir þær skemmdir að fjárhæð kr. 58.700.- hafi verið greiddar til eiganda bifreiðarinnar. M fór strax á slysadeild eftir atvikið og liggur fyrir læknisvottorð þaðan dags. 29. júní 2009 þar sem kemur fram að M greindist með rifbrot við komu á slysadeild auk þess sem gert er grein fyrir frekari óþægindum M við endurkomur á slysadeild í vottorðinu. Í málinu liggur einnig fyrir beiðni um sjúkrapjálfun dags. 15. maí 2009. Engar upplýsingar um fyrra heilsufar eru í gögnum málsins.

M telur með þessum gögnum fullsannað að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V hefur ekki fallist á að sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V vísaði málinu til svokallaðs PC Crash útreiknings og var niðurstaða hans að höggkrafturinn sem varð í árekstrinum samsvaraði 5,36-6,04 km/klst, þyngdarkraftur samsvari 1,7-1,8 g á ökutækið og ætla megi að hraði A hafi verið 12,21 km/klst. Einnig vísar V til norskrar dómaframkvæmdar þar sem lagt er út frá því að ef hraðabreyting sé 10-15 km/klst geti aðeins í undantekningartilvikum valdið heilsutjónið og ef höggkraftur er minni en 11 km/klst séu litlar sem engar líkur á varanlegu heilsutjóni.

#### Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur 2. apríl 2009. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjonþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir takmörkuð læknisfræðileg gögn, sérstaklega hvað varðar fyrra heilsufar M. Ekki hefur farið fram sérstakt mat á orsakatengslum eða afleiðingum slyssins. Í læknisvottorði slysaeildar kemur hins vegar fram að þegar M leitaði á slysadeild nokkrum tímum eftir áreksturinn hafi hún verið rifbrotin auk þess sem hún hafði einhver önnur óþægindi sem betur er lýst í vottorðinu. Útreikningar á höggkrafti vegna árekstursins og myndir af bifreiðunum benda til þess að umvægan árekstur hafi verið að ræða. M var tæplega 81 árs þegar áreksturinn varð og af takmörkuðum læknisfræðilegum gögnum er þó hægt að álykta að hún hafi verið um margt veikari fyrir líkamlega en aðrir. Læknir slysaeildar staðfestir að M hafi verið rifbrotin þegar hún leitaði á slysadeild og ekki er unnt að álykta með afgerandi hætti að rifbrotið sé tengt öðru en árekstrinum. Það telst því sannað að M hafi hlotið líkamstjón þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið sem hún var farþegi í. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort um varanlegar afleiðingar er að ræða í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi vegna líkamstjóns M úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 7. apríl 2010

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 73/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda**

**Meiðsl, ágreiningur um tilkynningarskyldu  
skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.03. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni 17.11. 2006 í veg fyrir aðra bifreið með þeim afleiðingum að árekstur varð við Borgartún.

Ágreiningur er um hvort M hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu. M kveðst hafa tilkynnt vátryggingafélaginu um líkamstjón sitt með tölvupósti á árinu 2009, en félagið hafi hafnað greiðsluskyldu. Félagið hafi vísað til þess að M hafi glatað rétti til bóta þar sem hann hafi ekki tilkynnt um kröfuna innan árs frá því að M fékk vitneskju um atvik sem krafan er reist á sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. M er ósammála afstöðu félagsins.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það vísar til þess m.a. að læknisfræðileg gögn hefðu ekki borist félaginu fyrr en með málskoti til úrskurðarnefndar. Félagið telur að ekki hafi verið um heildargögn að ræða heldur valin læknisfræðileg gögn. Engin gögn styðji fullyrðingar M um að einkenni hafi versnað mjög. Félagið telur að M hafi brugðist tilkynningarskyldu sinni skv. lögum um vátryggingarsamninga vegna þess að þegar á árinu 2006 hafi M átt rétt til endurgreiðslu kostnaðar frá félaginu. Félagið telur reyndar að mikill vafi sé um orsakatengsl milli einkenna M og slyssins sem um ræðir. Félagið telur rétt að hafna orsakatengslum milli margvíslegra einkenna M og slyssins sem lýst er í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessi sinnti M ekki tilkynningarskyldu sinni samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þetta veldur brottfalli mögulegs bótaréttar.

Í ofanritaðri umfjöllun er ekki tekin afstaða til þess hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli líkamlegra einkenna M og slyssins sem um ræðir

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 75/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns fjórhjólsins A.**

**Háttsemi ökumanns við akstur fjórhjóls og slys 10. ágúst 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 2. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 19. mars 2010.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að M var að aka fjórhjólinu A á leið af bryggjunni í Garði í átt að Gerðarvegi þar í bæ, þegar hann missti stjórn á því og lenti á steinsteypum vegg. M slasaðist nokkuð við þetta. M kveðst hafa verið að aka með félagi sínum þegar sá datt og lokaði akstursleið fyrir framan hann. M hafi því ekki haft önnur úrræði en að aka á umræddan vegg ella aka fram af bryggjunni þar sem var hátt fall niður. Í lögregluskýrslu kemur fram að bremsuför fjórhjólsins hafi mælst 32 metrar. V óskaði við meðferð málsins eftir útreikningi Magnúsar Þórs Jónssonar á ætluðum hraða fjórhjólsins áður en það lenti á veggnum. Skýrsla hans er dags. 4. febrúar 2009. Niðurstaða Magnúsar, m.v. þær forsendur sem gefnar eru með lögregluskýrslu og myndum af vettvangi, voru þær að ætlaður hraði fjórhjólsins hafi verið 81 km/klst. V telur með vísan til þessa að ökumaður fjórhjólsins hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur þess með því að aka allt of hratt m.v. aðstæður og með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 25/1987 og 90.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 var ákveðið að greiða honum sem nemur 50% af heildarþótum vegna slyssins. M hefur mótmælt þeim hraðaútreikningum sem V byggir á og telur að forsendur hans hafi verið rangar hvað varðar yfirborð vegarins en það hafi verið óslétt og á því bæði salt og smágrjót og sé því ekki hægt að byggja á útreikningunum.

**Álit.**

Í gögnum málsins kemur skýrt fram hverjar aðstæður voru á slysavettvangi og að bremsuför eftir fjórhjólið hafi verið 32 metrar. Hámarkshraði á vettvangi er 30 km/klst. Lýsing M af aðdraganda slyssins bendir til þess að hann hafi ekið það hratt að hann hafi ekki getað brugðist við hindrun fyrir framan sig með tryggum hætti, en ætla má að slíkt sé hægt þegar hámarkshraði er einungis 30 km/klst. Hraðaútreikningar benda einnig til þess að hraði fjórhjólsins hafi verið miklu mun meiri en hámarkshraði. Þess skal getið að þeir miða við að yfirborð vegar sé óslétt, skv. því sem fram kemur í skýrslu Magnúsar Þórs Jónssonar, en ekki er talið hafa úrslitaáhrif að þar sé ekki getið sérstaklega um salt eða smágrjót. Allt ofangreint styður það að ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur fjórhjólsins í greint sinn og þurfi því að sæta því að bætur til hans séu takmarkaðar að hluta úr vátryggingunni, sbr. 90.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

**Niðurstaða.**

Frekari greiðsluskylda úr slysátryggingu ökumanns A hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 76/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (O)**

**Vinnuslys 03.05. 2006, við fall úr tröppum.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M hóf vinnu að morgni, fólst vinna hennar í umrætt sinn í því að setja dósir í pökkunarvél úr stórum kassa á borði við hlið vélarinnar. Hún stóð við verkið á tveggja þrepa lausri tröppu sem stóð þétt við upp við vélina. Af því loknu hafi hún farið niður en fallið við og dottið þannig að meiðsl hlaut af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi O heldur eingöngu til ógætni M sjálfrar og óhappatilviks. Skortur á tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins leiði ekki sjálfkrafa til þess að fallast skuli á lýsingu tjónþola sjálfs af tjónsatviki.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi slys M til saknæmrar háttsemi starfsmanna O, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar eða annarra atvika sem O ber ábyrgð á.

Ofanritað er þrátt fyrir að vinnuveitandi M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Vöntun á tilkynningu veldur því ekki sjálfkrafa að lýsing tjónþola verði lögð til grundvallar. Það er metið hverju sinni með hliðsjón af atvikum öllum hvaða áhrif slík vanræksla hefur.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 79/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar R.

### Krafa um bætur vegna meintrar tjörublæðingar 16. október 2009.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 8. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 23. mars 2010 ásamt fylgigögnum.

#### Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi föstudaginn 16. október ekið um Siglufjarðarveg á leið suður og hafi þá orðið var við að mikil tjara og mól hafi safnast utan á hjólbarða, felgur og inn á bretti bifreiðarinnar. Þegar M var kominn til Reykjavíkur hringdi hann til lögreglunnar á Siglufirði og kvaðst hafa verið kominn í Staðarskála þegar bifreið hans hafi verið farin að titra sökum þessa og að tjöruflyksur hafi skotist undan bifreiðinni. Með málskoti fylgja myndir og afrit reiknings upp á kr. 19.770.- vegna tjöruhreinsunar. M var í samskiptum við Félag íslenskra bifreiðaeigenda vegna málsins og tilkynnti það til V 10. nóvember 2009.

M telur með vísan til 56.gr. vegalaga nr. 80/2007 að R beri ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir og fólst í hreinsun tjöru af bifreið hans. M telur að starfsmenn R hafi sýnt gáleysi við störf sín og gengið þannig frá Siglufjarðarvegi, eftir lagningu bundins slitlags haustið 2009, að hætta hafi verið á tjörublæðingu og því verið R að bera ábyrgð á.

V telur að ekki sé sýnt fram á gáleysi starfsmanna R við lagningu bundins slitlags eða frágang á Siglufjarðarvegi eftir það. Ekki nokkur annar haft samband vegna svipaðra kvartana og M og starfsmenn R hafi við reglubundið eftirlit sitt með veginum ekki orðið varir við neitt óeðlilegt á vegkaflanum né aðrir sem færu þarna reglulega um og R hafði samband við vegna málsins. Tjara hafi getað komið á dekkjabúnað bifreiðar M hvenær sem er við akstur hennar í því tíðarfari sem var í haust en upplýst sé að henni hafi verið ekið á góðum nagladekkjum.

#### Álit.

Gildissvið 56.gr. vegalaga nr. 80/2007 lýtur að bótaábyrgð veghaldara vegna gáleysis hans við veghaldið og sannað sé að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Um er að ræða lögfesta skaðabóta-reglu sem tekur þó mið af almennu reglum skaðabótaréttarins um að til þurfi saknæma háttsemi að hálfu tjónvalds til að hægt sé að fallast á skaðabótaábyrgð. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi hvílir á þeim sem verður fyrir tjóni. Hann þarf að sýna fram á gáleysi veghaldara skv. 56.gr. vegalaga. Þau sönnunargögn sem lögð hafa verið fram í málinu sýna tjöru á bifreið M þann 10. nóvember 2009 ef marka má merkingu á myndunum. Þá var M búin að aka til Reykjavíkur og tilbaka og nær mánuður liðinn frá því að hann ók Siglufjarðarveg í það skipti sem hann telur tjónið hafa orðið. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um kvartanir annarra sem óku um Siglufjarðarveg sama dag og M eða á svipuðum tíma. Ef tjörublæðing hefði verið á þessum stað með jafnáberandi hætti og M lýsir hefði honum verið í lófa lagið að tryggja sér sönnun þar um. Í ljósi almennra sönnunarreglna verður við þessar aðstæður því ekki talið fullsannað m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu að tjón á bifreið V hafi orðið vegna gáleysis starfsmanna R.

#### Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 13. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 7/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ slysáttryggingar ökumanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 13.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.2.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 13.2.2005 ók málskotsaðili M bifreið suður Drottningarbraut á Akureyri við Leirutjörn. Við ræsi yfir veginn valt bifreiðin ofan í tjörnina. Á vettvangi er haft eftir M í lögregluskýrslu að hann hefði snöggreiðst og því ákveðið að aka út af veginum til að ná stjórn á skapi sínu. Hafi hann ekið svolítinn spöl utan vegar áður en hann kom skyndilega að ræsinu. Hann hafi hemlað og reynt að sveigja frá, en það hafi ekki tekist og hann ekið út í tjörnina. Hann hafi kastast til inni í bifreiðinni, enda ekki með öryggisbelti spennt. M kenndi sér meins í hálsi, hendi og fæti og var hann fluttur á slysadeild FSA til aðhlyningar.

Í læknisvottorði kemur fram að við komu á slysadeildina hafi verið tekin þvagprufa hjá M sem hafi verið jákvæð fyrir bensodiazepam lyfjum. Einnig kemur fram í læknisvottorðinu að M hafi útskrifað sig af geðdeild FSA þann 10.2.2005 gegn ráðleggingum geðlækna, en hann hafi sætt nauðungarvistun á deildinni frá 19.1.2005. Frá miðju ári 2004 hafi M átt við alvarlegrar geðraskanir að stríða. Í sérstöku vottorði sama læknis segir að bensodiazepam lyf skiptist fyrst og fremst í róandi og kvíðastillandi lyf og svefn og róandi lyf auk flogaveikilyfja. Kvaðst læknerinn engar upplýsingar hafa um næmi eða sértæki umrædds þvagprófs, en væntir þess að “mælilyf í framangreindum flokkum og jafnframt að prófið sé ekki ætlað til að leggja mat á magn eða styrk efnanna í þvagi, einungis að prófið meti hvort efnin séu greinanleg.”

Bifreiðin var váttrygð hjá váttryggingafélaginu X, þ. á m. lögmæltri slysáttryggingu ökumanns. M hefur krafist bóta úr slysáttryggingunni vegna líkamstjóns síns. X hefur fallist á bótaskyldu sína að 2/3 hlutum, en hafnað bótum að 1/3. Telur X að akstur M í umrætt sinn hafi farið í bága við 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem mælt er fyrir um að ökumaður skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Ennfremur telur X að M hafi brotið gegn 2. mgr. sömu gr. þar sem kveðið er á um það að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Með háttsemi sinni hafi X valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi og því beri að skerða bætur um 1/3 með vísan til gr. 6.1 í skilmálum félagsins frá 4.2.2005. M hefur ekki sætt sig við þessa skerðingu bótanna.

**Álit.**

Samkvæmt fyrrgreindri þvagprufu og þeim útskýringum læknis sem liggja fyrir um gildi niðurstöðu prufunnar þykir ekki nægilega sannað að M hafi í umrætt sinn verið undir þeim áhrifum lyfja að hann hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Þótt M hafi um alllanga hríð átt við geðræn vandamál að stríða liggur ekki fyrir í málinu neitt mat eða sönnunargögn af öðru tagi sem sýna fram á að hann hafi sökum veikindanna verið ófær til að aka bifreiðinni. Þótt M hafi snögglega fyllst reiðikasti, eins og hann segir sjálfur frá, og af þeim

sökum ekið út fyrir veginn verður heldur ekki fullyrst að hann hafi af þeim sökum verið ófær til að stjórna bifreiðinni þannig að virt verði honum til sakar. Á það ber að líta að hann ók bifreiðinni út fyrir veginn í því skyni að ná stjórn á skapi sínu. Að virtu því sem hér hefur verið rakið þykja ekki alveg nægilegar sönnur að því leiddar að M hafi verið ófær til að stjórna bifreiðinni í umrætt sinn þannig að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki fyrir hendi skilyrði til að skerða bótarétt hans úr slysatryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 23. febrúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 81/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu frítímaslysáttryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.3.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 20.3.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 17.8.2009 var S, syni M, ráðinn bani með því að banamaður hans, B, sló hann minnst fimm þungum höggum með tréborði og vöflujárni í höfuðið. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 30.11.2009 var B dæmdur til 16 ára fangelsisvistar fyrir verknaðinn. B var talinn sakhæfur, en samkvæmt frásögn hans sjálfs virðist hann ekki hafa verið með sjálfum sér á verknaðarstund vegna langvarandi áfengis- og fíkniefnaneyslu.

M hefur krafist bóta vegna andláts S úr frítímaslysáttryggingu í fjölskyldutryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 4.13. í vátryggingarskilmálum um að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða beint eða óbeint vegna geðveiki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.13 í skilmálum slysáttryggingarinnar greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða “beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lómunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.” Þegar undanþáguákvæði þetta er virt í heild verður að telja alveg ljóst að því verður einungis beitt þegar slys verður sökum þess að vátryggður býr við einhvern þann heilsubrest sem lýst er í ákvæðinu. Það getur ekki átt við um heilsufar B á þeirri stund er hann réð S bana. Ekkert liggur fyrir í málinu um að slysið hafi orðið sökum þess að heilsa S hafi verið með þeim hætti sem lýst er í téðu ákvæði. M verður því talin eiga rétt til bóta úr slysáttryggingunni vegna andláts S.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu í fjölskyldutryggingu hjá X vegna andláts S.

Reykjavík, 20. apríl 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 82/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar**

**Ekið á bílskúr 24.12. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 08.03. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M ók bifreið sinni í bifreiðastæði fyrir framan fasteign sína, stöðvaði bifreiðina og steig út úr henni en bifreiðin fór þá áfram og á bílskúr M. M taldi sig hafa sett bifreiðina í P en hún var í D og þess vegna fór hún áfram.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það vísar til þess að ágreiningur máls þessa fjalli um túlkun á bótasviði 15. gr. lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja. Félagið lætur þess getið að samkvæmt því bætir vátryggingin “ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætir vátryggingin skemmdir á eigin bifreið vátryggðs af völdum áreksturs hins vátryggða ökutækis”. Félagið vísar til þess að fyrir liggur að eignarhluti M í umræddri fasteign er 100%. Þar af leiðandi á M ekki rétt á bótageiðslu vegna þessa atviks. Félagið ítrekar að staða hjóna skv. hjúskaparlögum hafi enga þýðingu, eignin er hjúskapareign M og reglur um skipti eignar við skilnað hafi engin áhrif.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu. Hann telur að hann eigi að fá 50% af tjóninu bætt, það sé eignarhlutur eiginkonu hans.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Líkt og vátryggingafélagið vísar til er hér um undanskilda áhættu að ræða. Samkvæmt vátryggingarskilmálum bætir vátryggingin ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 8/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda**

**Ágreiningur um afleiðingar umferðaróhapps 22.03. 2007  
og tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn eru takmörkuð en þau upplýsa þó um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa hlotið meiðsl í umferðaróhappi (árekstri) á árinu 2007 sbr. umfjöllun hans í málskotinu og fyrirliggjandi skýrslu lögreglu af vettvangi. Engin læknisvottorð eru fyrirliggjandi. Vátryggingafélagið vísar til þess að í skýrslu lögreglu komi ekkert fram um að M hafi slasast við áreksturinn sem um er fjallað. Félagið telur að árstilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið löngu liðinn þegar félaginu var tilkynnt um líkamstjón M þann 18.01. 2009 þ.e. 22 mánuðum eftir slysið. M hafi ekki lagt fram gögn s.s. læknisvottorð til sönnunar því að hann hafi ekki haft vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á fyrr en svo löngu eftir slysið og því geti félagið ekki annað en miðað upphaf tilkynningarfrests við slysdaginn. Sönnunarbyrðina hafi M en ekki félagið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að hann hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína. Hann eigi við stoðkerfisáverka að glíma vegna slyssins og að tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn. Hann getur þess að læknisvottorð liggi ekki fyrir.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Miðað við hin takmörkuðu gögn hefur M ekki sýnt fram á að hann hafi gætt tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Athygli vekur að engin læknisfræðileg gögn hafa verið lögð fram sem styðja sjónarmið M í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 90/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar húseiganda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er snjóhengja féll á konu af þaki verslunarmiðstöðvar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.3.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.4.2010.

**Málsatvik.**

M kom í janúar 2007 á lögreglustöð og tilkynnti að nokkrum dögum áður, eða föstudaginn 12.1.2007, hafi hún orðið fyrir því að snjóhengja féll ofan á hana af þaki verslunarmiðstöðvarinnar V er hún var á móts við verslunina F. M kvaðst hafa leitað samdægurs á heilsugæslustöð.

Samkvæmt læknisvottorði heilsugæslulæknis, dags. 11.1.2008, kom M á heilsugæslustöðina þann 11.1.2007 og sagðist hafa verið á gangi austan megin við V sennilega á götunni A fyrir framan verslunina F, er hún varð fyrir skyndilegu höggi. Varð hún vör við að eitthvað féll á hana og sat síðan eftir á götunni. Samkvæmt upplýsingum mun hafa verið að ræða klakastykki sem fallið hafi af þaki hússins, að því er segir í læknisvottorðinu.

Í málskoti segir að M hafi verið að ganga út úr verslunarmiðstöðinni milli húseignanna A14 og A16 er klakaflái hafi fallið af þaki tengibyggingar á milli húsanna og lent á höfði hennar.

M hlaut höfuðhögg, áverka í andliti og tognun í hálsi. Varanleg læknisfræðileg örorka af völdum áverkanna hefur verið metin 15%. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu eiganda húseignarinnar A14 hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið með vissu hvar M var stödd er klaka- eða snjóstykki féll á hana. Ekki hefur verið upplýst með skýrum hætti hvernig ábyrgð húseigenda er háttáð gagnvart M. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að sá er ábyrgð kann að bera á slysinu hafi brotið gegn ákvæðum lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg. Eins og málið er í pottinn búið hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 27. apríl 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



Mál nr. 96/2010

M

og

vátryggingafélagið V1 vegna bifreiðarinnar A og vátryggingafélagið V2 vegna bifreiðarinnar B.

## Árekstur á Hofsvallagötu við Sundlaug Vesturbæjar 2. mars 2010

### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur vátryggingafélags V1 til nefndarinnar, ódags.
- 3) Bréf vátryggingafélags V2 til nefndarinnar, dags. 7. apríl 2010.

### Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna bifreiðanna A og B greinir frá árekstri bifreiðanna. Þar kemur fram að báðir hafi verið að aka norður Hofsvallagötu þegar bifreiðinni B var beygt til vinstri að Sundlaug Vesturbæjar í þann mund sem bifreiðinni A var ekið fram úr B. Ökumaður B kveðst í tjónstilkynningu hafa verið að leita að stykki sem hún hafði misst af bíl sínum og hafi verið að fara að snúa við til að aka suður. Hún segist hafa ekið hægt og aðeins út í kant til að taka vinstri beygjuna inn að sundlauginni og þegar hún beygi þá verði árekstur við A. Ökumaður A kveðst hafa verið fyrir aftan B sem hafi verið á hægri ferð og hafi farið aðeins út í kant eins og til að stoppa þar og hafi hann því ekið framúr en í sömu mund hafi ökumaður B ekið til vinstri. Í skýrslu starfsmanns Aðstoðar&Öryggis sem gerði skýrslu vegna óhappsins kemur fram að ökumaður B kveðst aðspurð halda að hún hafi gefið stefnumerki til vinstri áður en hún beygði. Einnig kemur fram að óhappið hafi orðið um það bil á miðlínu.

M telur að ökumaður B hafi verið að aka frá hægri brún akbrautar í vinstri beygju á götunni í þeim tilgangi að snúa við og án þess að nota stefnumerki. M bendir á að yfirborðsmerkingar á götunni hafi verið lítt sýnilegar vegna snjóá. Ökumaður B beri því alla ábyrgð á árekstrinum. V1 tekur undir álit M og telur ökumann B bera ábyrgð á árekstrinum.

V2 bendir á að gatnamót séu á Hofsvallagötu inn að Sundlaug Vesturbæjar og ökumaður B hafi ekið til vinstri inn Hofsvallagötu til vesturs þegar árekstur varð og verði að meta sakarskiptingu út frá því. V2 bendir einnig á að ökumaður B hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga með því að taka vinstri beygju frá hægri brún akbrautar og með því að gefa ekki stefnumerki í tæka tíð. V2 telur að ökumaður A eigi að bera 2/3 hluta sakar vegna árekstursins og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

### Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar ökumanna A og B, sem báðir undirrita, kemur fram að ökumaður A ók fram úr á meðan ökumaður B ók til vinstri. Hofsvallagata liggur bæði í norður/suðurátt sem og er hægt að aka vestur götuna í átt að Sundlaug Vesturbæjar. Af myndum af vettvangi verður ekki annað ráðið en um séu að ræða vegamót í skilningi 20.-22.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í 22.gr. umferðarlaga er kveðið á um bann við framúrakstri á vegamótum eða rétt áður en komið er að þeim. Ökumaður A telst hafa brotið gegn því banni með framúrakstri sínum og ber því nokkra sök á árekstrinum. Þegar litið er til háttsemi ökumanns B verður að nefna að í 2.mgr. 15.gr. umferðarlaga kemur fram að ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Ökumaður skuli auk þess sérstaklega gefa gaum umferð sem á eftir kemur. Í 3.mgr. sömu greinar kemur fram að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðju akbrautar þegar beygjan er tekin. Í 2., sbr. 4.mgr. 31.gr. umferðarlaga kemur síðan fram að ökumaður sem hyggst beygja skuli tímanlega, áður en

stefnu ökutækis er breytt, gefa greinileg og ótvíræð merki um að hann ætli að beygja. Með hliðsjón af gögnum málsins telst ökumaður B hafa brotið gegn umræddum ákvæðum umferðarlaga. Skv. framburði ökumanns B virðist auk þess sem hún hafi verið að leita að tilteknum hlut samhliða akstri sínum um Hofsvallagötu og því ekki verið að fullu með hugann við umferð í kringum sig. Þegar virt eru ofangreind ákvæði umferðarlaga teljast báðir ökumenn hafa sýnt nokkra sök á árekstrinum. Þrátt fyrir bannákvæði 22.gr. laganna verður að telja akstur ökumanns B með þeim hætti að hún beri jafna sök á árekstrinum og ökumaður A. Sök skiptist því til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 27. apríl 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 98/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið V v/málskostnaðartryggingar fjölskylduþryggingar.**

**Ágreiningur um skýringu skilmála málskostnaðartryggingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25. mars 2010, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16. apríl 2010.

**Málsatvik.**

M lýsir í málskoti sínu nokkrum málum sem einkahlutafélagið LR er aðili að. Ýmist eru málin rekin fyrir dómstólum eða opinberum nefndum. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi þar þó hagsmunagæsla vegna hagsmuna hans sé í höndum einkahlutafélags, það eigi ekki að skerða rétt hans persónulega til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu sinni. Vátryggingfélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það vísar til þess að umrædd fjögur ágreiningsmál varði einkahlutafélag og þar með sé um undanskilda áhættu að ræða sbr. ákvæði 1.mgr. 53.gr. vátryggingarskilmála þess efnis að “vátryggingin tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrslausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.” Félagið því telur að mál þetta varði vátryggðan ekki sem einstakling skv. skilmálum. Einkahlutafélagið sé sjálfstæð lögpersóna með takmarkaðri ábyrgð og tilgangur einkahlutafélagsins sé ákveðinn rekstur með hagnarvon í huga.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Skilyrði vátryggingarskilmála eru ekki uppfyllt um að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrslausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. einkamálalaga nr. 91/1991. Ágreiningi í nokkrum málum sem lýst er í málskoti varðar einkahlutafélag en ekki einstakling og verður þeim ekki samsamað í skilningi 1.mgr. 53.gr. vátryggingarskilmála.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 9/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)**

**Vinnuslys 30.11. 2007, fall af svölum í byggingarvinnu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.02. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins voru tildrög slyssins þau að M var á gangi eftir svölum á 2. hæð nýbyggingar. Efnislega kemur fram að engar fallvarnir hafi verið og að M hafi verið á gangi milli svala, 3,4 metra frá jörðu. Fram kemur að verkstjóri hafi borið því við að engar fallvarnir hafi verið sökum þess að unnið var við að koma gönguleiðinni fyrir. Endanleg breidd gönguleiðar átti að verða jöfn svölunum og handrið átti að setja upp. Þeir sem unnu við það verk hefðu brugðið sér frá.

Vinnueftirlitið vísar til þess að aðstæður á slysstað hefur verið “erfiðar vegna mikils roks og gekk á með skúrum”. Eftirlitið telur að “aðal orsök slyssins vera að það vantaði allar fallvarnir á gönguleiðina sem hin slasaða fór. Engar merkingar né lokanir höfðu verið settar upp”. Gefin voru fyrir mæli um úrbætur sbr. skýrslu eftirlitsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins verður að telja að starfsmenn A, sem vátryggingartaki (vinnuveitand) ber ábyrgð á, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn með því að huga ekki nægjanlega að öryggisráðstöfunum. Verður að telja að slysið megi fyrst og fremst rekja til vöntunar á fallvörnum. Á því ber A ábyrgð.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 23. febrúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 103/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið V1 v/ A vátryggingafélagið V2 v/ B.**

**Árekstur á bílastæði við Hamraborg í Kópavogi 4. desember 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 7. apríl 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur vátryggingafélags V1 til nefndarinnar, dags. 23. apríl 2010
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags V2 til nefndarinnar, dags. 26. apríl 2010.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með A sem M ók og B þar sem M ók aftur á bak úr stöðureit á bifreiðastæði þannig að hún lenti á vörulyftu vörubifreiðar sem var lagt á bifreiðastæðinu í þeim tilgangi að fara með vörur úr bifreiðinni inn í verslun stutt frá. Vörulyftuna hafði ökumaður B skilið eftir í nokkurri hæð á meðan hann fór inn með vörurnar.

M telur ökumann B bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa skilið vörulyftu á bifreið sinni eftir á hættulegum stað þannig að það var ekki möguleiki að sjá hana. V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður B hafi brotið gegn 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hann hafi skilið vörulyftu eftir illsjáanlega án veifu eða glitauga og þannig skapað hættu fyrir nærliggjandi umferð. V2 telur að fordæmi séu fyrir því að skipa sök til helminga í viðlíka málum og vísar til þess.

**Álit.**

Atvik málsins eru nokkuð skýr með vísan til ofangreindra málsatvika. M ók aftur á bak úr stöðureit og bar við það að gæta sérstakrar varkárni, sbr. 2.mgr. 17.gr. umferðarlaga. Ökumaður vörubifreiðarinnar B bar að ganga frá vörulyftu á bifreiðinni vegna affermingar þannig að hann skapaði ekki hættu fyrir vegfarendur, sbr. 5.mgr. 27.gr. umferðarlaga. Hvorugur ökumanna gætti nægilega að umræddum ákvæðum áður en árekstur varð. Af framburðum þeirra í málinu þykja ekki efni til að setja meiri sök á annan en hinn og skiptist hún því til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík 11. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 106/2010

M

og

vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar A.

### Gildissvið kaskótryggingar og fjárhæð bóta vegna óhapps 26. september 2009.

#### Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 13. apríl 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 3. maí 2010.

#### Málsatvik.

Þann 26. september 2009 varð tjón á bifreiðinni A þar sem ökumaður hennar ók út frá bifreiðastæði á aðra bifreið og var metinn í algjörum órétti vegna árekstursins. Þegar eigandi A (M) hafði samband við V og óskaði eftir að fá tjón á bifreiðinni bætt úr kaskótryggingu þá fékk hann þau svör að ekki væri í gildi kaskótrygging hjá félaginu vegna A. Má rekja það til þess að eigendaskipti höfðu átt sér stað fjórum dögum áður, eða þann 22. september 2009. Þá varð M eigandi bifreiðarinnar en áður hafði hún verið í eigu móður hans og kaskótryggð hjá V á hennar nafni. Í samskiptum M og V eftir umferðaróhappið var gengið hafi verið út frá því að ekki hafi verið í gildi kaskótrygging vegna bifreiðarinnar og V sendi tölvupóst þann 28. október 2009 um að engin kaskótrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í janúar 2010 benti lögmaður M félaginu á ákvæði skilmála kaskótrygginga, sem á stoð í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og kveður á um að trygging eldri eiganda gildi í 14 daga frá eigendaskiptum hafi fyrri eigandi ekki sjálfur keypt tryggingu.

M telur að V hafi valdið honum tjóni með því að gefa rangar upplýsingar um bótarétt úr kaskótryggingu V og vísar í almennar skaðabótareglur innan samninga. Krafa M byggist á því að hann hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna afnotamissis í þrjá mánuði sem hann metur á kr. 826.788.- Í málskoti kemur fram að með samþykki V sé þess óskað að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta.

V telur málið ekki heyra undir starfssvið úrskurðarnefndar þar sem ekki sé gerð krafa í tiltekna vátryggingu og vísar til samþykka nr. 1090/2005 um nefndina. V samþykkir auk þess ekki að nefndin úrskurði um ágreining um fjárhæð bóta, sbr. 2.mgr. 3.gr. samþykka nefndarinnar og mótmælir þeim forsendum sem fjárhæðin er byggð á.

#### Álit.

Í 1.mgr. 3.gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005 kemur fram að nefndin úrskurði „...um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi“. Samþykktirnar kveða því ekki með skýrum hætti á um að um bótaskyldu úr vátryggingu þurfi að vera að ræða og er orðalagið sem snýr að bótaskyldu vátryggingafélags því túlkað með víðtækum hætti og telst málið að því leyti tækt til úrskurðar nefndarinnar. Hins vegar þegar litið er til eðli kröfu M um að úrskurðað sé um fjárhæð bóta fyrir ófjárhagslegt tjón hans hefur V mótmælt því að nefndin fjalli um slíkan ágreining um fjárhæð bóta. Í 2.mgr. 3.gr. áðurnefndra samþykka kemur fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki er ekki fyrir hendi og verður því að vísa málinu frá með vísan til 2.mgr. 3.gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 18. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 107/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar**

**Óhapp í á við Þórsmerkurveg 12.12. 2009,  
ágreiningur um hvort atvikið falli undir bótasvið vátryggingarinnar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.04. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að umrætt tjónsatvik hafi orðið við það að vatn flæddi inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins vátryggða ökutækis. Hér sé um undanskilda áhættu að ræða og að leggja skuli upphaflega frásögn aðila til grundvallar. Í skýrslu lögreglu hafi verið haft eftir viðkomandi m.a. “Sagði hann að þeir þrír sem væru fastir í ánni hefðu farið á undan honum yfir ánnu þar sem þeir voru á best útbúna bílnum. Sagði hann að þegar þeir hefðu verið komnir úti ánnu hefðu straumurinn gripið bifreiðina með sér.....” Haft er eftir M að hann “hefði talið sig vera á leiðinni yfir Steinhóltsá en verið kominn í Krossá þegar drapst á bifreiðinni...” Síðari framburður M fjalli um að árbakkinn hafi gefið sig o.s.frv. Félagið telur að horfa skuli á fyrsta framburð M. Það vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli 47/2006. Félagið getur ekki fallist á að bifreiðin hafi hrapað eins og M haldi núna fram. Verði ekki fallist á sjónarmið félagsins telur það að í ljósi aðstæðna hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. nánar umfjöllun félagsins. Mjög mikið vatn mun hafa verið í ánni. Félagið telur að bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja. Hann vísar til ákvæða skilmála um að vátryggingin bætir tjón á ökutæki vegna veltu og hrops. Hann telur að um hrap hafi verið að ræða.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Undanskilið er tjón sem verður við það að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými (sbr. gr. 3.3.2. í skilmálum).

M hefur ekki sýnt fram á að tjónsatvikið hafi orðið með þeim hætti sem hann lýsir í málskotinu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 108/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við gatnamót Seljabrautar og Engjasels 02.03. 2010,  
þrening vegna framkvæmda og hraðatakörkun (15 km/klst).**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.05. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.04. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni A var ekið vestur Seljabraut og B var beygt af Engjaseli inná Seljabraut. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri. Framkvæmdir voru yfirstandandi á Seljabraut og sýn skert til austurs.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B skuli bera  $\frac{3}{4}$  hluta sakar þar sem hann ekur af Engjaseli inn á Seljabraut í veg fyrir A. Biðskylda er fyrir umferð af Engjaseli. Ökumaður A kveðst á vettvangi hafa ekið á 35-40 km hraða en á Seljabraut var takmörkun hámarkshraða við 15 km hraða vegna verklegar framkvæmdar og því telur félagið að hann skuli bera  $\frac{1}{4}$  hluta sakar.

Vátryggingfélag B telur m.a. að vitni staðfesti að A hafi verið ekið langt umfram hámarkshraða. Félagið telur rétt að B beri  $\frac{2}{3}$  hluta sakar og ökumaður A  $\frac{1}{3}$  hluta sakar.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má rekja árekstur þennan til ógætilegs akstur beggja ökumanna. Ökumaður B átti að víkja fyrir A, hann virti ekki biðskyldu. Ökumaður A ók bifreið sinni of hratt. Með hliðsjón af ofanrituðu ber ökumaður B  $\frac{2}{3}$  hluta sakar og ökumaður A  $\frac{1}{3}$  hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber  $\frac{2}{3}$  hluta sakar og ökumaður A  $\frac{1}{3}$  hluta sakar.

Reykjavík 18. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 110/2010

### M og váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

#### Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 24.6.2009.

#### Gögn.

1. Málskot, móttakið 14.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.4.2010, ásamt fylgigögnum.

#### Málsatvik.

M vann á vegum vinnuveitanda síns, V, við að slá mön við tjaldsvæði. Til verksins notaði M sláttuvél sem myndaði nokkurs konar svif yfir grasfletinum (svifsláttuvél). Sló hann niður halla á möninni og hélt um leið um handstöng á inngjöf sláttuvélarinnar. Rann þá M til og féll aftur fyrir sig. Við það slóst hægri fótur hans undir vélinu og lenti í sláttuspaða hennar með þeim afleiðingum að hann slasaðist á fætinum. M mun hafa verið í venjulegum íþróttaskóm þegar slysið varð.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið er vísað til 13., 14. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ennfremur er vísað til 3. gr. reglugerðar nr. 497/1996 um notkun persónuhlífa, en þar segir að nota skuli persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar. Gaf Vinnueftirlitið þau fyrirmæli að allir starfsmenn V sem vinna við garðslátt skulu nota viðeigandi persónuhlífar, þ.m.t. öryggisskó. Var vinna við garðslátt bönnuð ef ekki voru notaðir öryggisskór og aðrar viðeigandi persónuhlífar m.t.t. vinnuaðstæðna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. Félagið hefur hafnað bótaskyldu einkum á þeim forsendum að öryggisskór hafi verið til staðar hjá V fyrir alla starfsmenn sem unnu við slátt á þeim tíma sem slysið varð. Eftir slysið hafi verið keyptir öryggisskór til viðbótar þeim sem fyrir voru. Ennfremur hafi M vanrækt skyldur sem á honum hvíldu skv. 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980, þ. á m. um að tilkynna um ágalla eða vanbúnað sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta sem hann sjálfur getur ekki bætt úr. Þá hafnar X bótaskyldu á grundvelli upplýsinga frá V um að yfirflokkstjóri á staðnum hafi sagt M að byrja ekki að slá mönina strax þar sem hann hafi ætlað að ná í band til að binda í sláttuvélina svo auðveldara væri og hættuminna að slaka henni niður mönina og slá grasið. Þessu hafi M ekki sinnt heldur byrjað strax að slá blautt grasið. M hefur mótmælt framangreindum staðhæfingum af hálfu X.

#### Álit.

Til fyllingar framangreindu ákvæði í 3. gr. reglugerðar nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa kemur fram í leiðbeiningum með reglum nr. 90/1989 um garðsláttuvélar og einöxla garðyrkjuvélar að æskilegt sé að stjórnendur svifsláttuvéla séu í öryggisskóm eða öryggisstígvélum með stáltá þegar þeir slá með vélunum. Óumdeilt er að M var ekki í öryggisskóm þegar slysið varð. Af gögnum málsins má sjá að eftir slysið keypti V nokkurn fjölda af öryggisskóm. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um þá öryggisskó sem V kveður að M hafi staðið til boða að nota, hvernig fyrirmælum var komið til M um að nota slíka skó, hvar hann gat gengið að þeim eða hvort þar hafi verið skór sem M gat notað. Með hliðsjón af þessu og gegn mótmælum M verður

að telja að V hafi ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að þegar slysið varð hafi M átt þess kost að vera í viðhlítandi öryggisskóm eins og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Ber V ábyrgð á því að M var ekki í slíkum öryggisskóm. Staðhæfingar um að yfirflokkstjóri hafi mælt svo fyrir að M skyldi ekki hefja slátt fyrir en hann hefði sótt band til að binda í sláttuvélina standa á það ótraustum grunni samkvæmt gögnum málsins að V verður ekki leystur undan ábyrgð af þeim sökum.

M var á 19. aldursári þegar slysið varð og starfaði sem ófaglærður launþegi hjá V, en hann hóf störf hjá V í maí 2009. Með tilliti til þessa þykir M ekki hafa vanrækt skyldur sínar skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980 þannig að hann verði talinn ábyrgur fyrir slysinu í heild eða að hluta. Ekki verður heldur séð að hann þurfi af öðrum ástæðum að sæta skerðingu á bótarétti vegna meðábyrgðar sinnar. Ber samkvæmt þessu að bæta líkamstjón M að fullu úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 111/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/frímtímaslysátryggingar**

**Slys í menntaskóla 21.04. 2009, ágreiningur um hvort um handalögmál hafi verið að ræða og um leið undanskilda áhættu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var þátttakandi í svokölluðum gangaslag, sem var árlegur viðburður í viðkomandi menntaskóla. Er gangaslagurinn hafði rétt hafist mun M hafa verið staddur í miðri þvögu nemenda þegar annar nemandi féll ofan á M, sem við það fékk þungt högg á höfuðið og slasaðist.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Umrætt slys falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar. Vátryggingin bætir ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þess og slyssins. Félagið telur að um handalögmál hafi verið að ræða. Hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða. Þar að auki telur félagið að slysið hafi hlotist af stórfelldu gáleysi M, með þátttöku í áður nefndum gangaslag sem fól í sér aukna hættu á tjóni.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Hér er því um undanskilda áhættu að ræða.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að M hafi verið þátttakandi í atburði sem nemendafélag skólans stóð fyrir og samþykkt hafi verið að fram færi innan veggja hans. Atburður líkt og sá sem fjallað er um í máli þessu viku ekki til hliðar ákvæðum vátryggingarskilmála frímtímaslysátryggingar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 113/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.**

**Lögmæltur tilkynningarfrestur vegna vinnuslyss þann 21.1.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.4.2010.

**Málsatvik.**

Þann 21.1.2008 féll M, sem er pólskur, af vinnupalli er hann var við störf hjá vinnuveitanda sínum. Við fallið brotnaði hann á vinstra hælbeini og var fluttur til meðferðar á slysa- og bráðadeild LSH. Í læknisvottorði frá sjúkrahúsinu kemur fram að um kurlað brot hafi verið að ræða. Var M meðhöndlaður í gipsumbúðum og var ráðlagt að vera í þeim umbúðum í u.þ.b. sjö vikur og án ástigs í 8-10 vikur. Jafnframt var ráðgert eftirlit eða að mynda þyrfti fótinn að nýju í kringum 5.2.2008. M mun ekki hafa leitað aftur til LSH.

Í fyrirbyggjandi sjúkraskýrslu (á ensku) pólsks sérfræðings í bæklunar- og bráðalækningum má ráða að M hafi haldið til Póllands eftir slysið og leitað þar áframhaldandi lækni meðferðar vegna brotsins. Kemur fram að M hafi leitað til sérfræðingsins þann 1.2.2008 og í framhaldi af því legið á sjúkrahúsi til rannsóknar 3.2. til 4.2.2008. Má ráða að þann 4.2. hafi röntgenmyndir verið teknar og brot hefðist vel við. (“...*location of fractured talus better than before, Bohler’s angle similar to normal.*”) Þann dag voru gipsumbúðirnar teknar og svokallaður Steinmanns pinni fjarlægður úr fætinum. Var honum síðan ráðlagt m.a. að reyna ekki á hælbeinið næstu 4-6 vikur. Þann 20.3.2008 mun M hafa komið að nýju til eftirlits hjá læknum. Við klíniska skoðun mun þá hafa sést bólga, skertar snúningshreyfingar í ökkalaliðnum, aukið blóðflæði, kuldi, sviti og lítilsháttar þroti í húð. (“*Clinic examination: swelling, restriction of circular mobility in ankle and ankle-heel joints, enhanced play of vessels, cool, sweated and slightly red skin.*”) Var M ráðlögð áframhaldandi endurhæfing og m.a. að ganga með stuðningi hækju í allt að 10 vikur frá slysdegi talið. Þann 10.4.2008 fór fram eftirlit að nýju. Þá hafði M gengið í viku án hækju. Hann kvartaði hins vegar undan verkjum og braki í liðnum og aukinni bólgu yfir daginn. (“...*complains about pains and crunching in the ankle joint and increasing swelling during a day.*”) Á morgnana væri svo nánast engin bólga. Við skoðun kom í ljós full hreyfigeta í ökkalaliðnum, full hreyfigeta við útsnúning og lítilsháttar takmörkun við að rétta úr ökkalaliðnum. Þá brakaði í liðnum á göngu. (“*In the clinic examination: scope of mobility in ankle-tibial joint –full, full scope of twisting outside and tilting to erect position in ankle-heel joint slightly limited, crunching in ankle-heel joint during walking.*”) Var M svo ráðlögð áframhaldandi endurhæfing, að nota viðeigandi skó (“*proper shoes*”) og styrkjandi æfingar fyrir vöðva í fætinum.

Í gögnum málsins er ekki frekari læknisfræðilegra gagna til að dreifa um slysið og lækni meðferð sem M hlaut í kjölfar þess en hér að framman greinir. Ekkert örorkumat liggur fyrir í málinu.

Með tölvuskeyti þann 16.3.2009 var af hálfu lögmans M tilkynnt um slysið til vátryggingafélagsins X, en þar hafði vinnuveitandi M keypt kjarasamningsbundna slysátryggingu launþega vegna starfsemi sinnar. X hefur staðfest móttöku tölvupóstsins þann 19.3.2009, en hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni þar sem eins árs tilkynningarfrestur

samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er tilkynningin barst því.

#### **Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún (þ.e. krafan) er reist á. Sem bætur úr slysatryggingu launþega virðast í því tilviki sem hér um ræðir geta komið til annars vegar dagpeningagreiðslur vegna tímabundins missis starfsorku og hins vegar bætur fyrir varanlega örorku. Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli téðs lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hann vissi um þau atvik, sem bótakrafa hans er reist á, ári áður en X var tilkynnt um tjónið svo staðfest sé, þ.e. þann 19.3.2008. Á því tímamarki hafði M verið óvinnufær frá slysinu. Það duldist ekki M. Hann hefur því glatað rétti til dagpeninga sem gátu fallið til vegna tímabilsins frá slysdegi til 19.3.2008. Á hinn bóginn á hann rétt til dagpeninga sem kunna að falla til eftir þann tíma að öðrum skilyrðum fullnægðum. Samkvæmt því sem fyrir liggur um lækni meðferð M og heilsufar hans ári áður en tjónið var tilkynnt X verður ekki séð að hann hafi vitað að slysið hefði varanlegar afleiðingar í för með sér. Því verður ekki litið svo á að M hafi glatað rétti til bóta fyrir varanlega örorku, ef afleiðingar slyssins eru slíkar, þegar tilkynning um tjónið barst til X þann 19.3.2009.

#### **Niðurstaða.**

M hefur ekki glatað rétti til dagpeninga sem hann kann að eiga rétt til vegna tímabundins starfsorkumissis frá 19.3.2008 að telja. Hann hefur heldur ekki glatað rétti til bóta vegna varanlegrar örorku, ef afleiðingar slyssins hafa leitt til slíkrar örorku.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 114/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar**

**Vegheflinn tekinn ófrjálsri hendi og skemmdir unnar 05.05. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Veghefill í eigu vátryggingartaka var tekinn ófrjálsri hendi af ókunnum aðilum/aðila og notaður til að vinna spjöll á umhverfi og eigum M.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur líkur á því að viðskilnaður vélarinnar hafi ekki verið svo sem vera ber. Hann telur það og vart “samrýmast vátryggingarlögum” að brotapolar “liggi óbættir hjá garði, meðan eignaspjöll eru unnin með tryggðri vinnuvél”.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Ekkert er vitað um tjónvald. Aðspurður kveðst forráðamaður vinnufélarinnar að hann hafi læst henni þegar hann lauk vinnu kvöldinu áður. Félagið telur að umrætt tjón falli utan vátryggingarinnar. Umrætt tjón hafi hvorki verið valdið af vátryggðum sjálfum, starfsmanni hans eða nokkrum sem hann ber ábyrgð á. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á að gengið hafi verið frá eða skilið við vinnuvélina með óforsvaranlegum hætti þannig að varðað geti ábyrgð vátryggingartaka.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til sakar samstarfsmanna vátryggingartaka eða annarra aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Umrætt tjónsatvik fellur utan þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 18. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 115/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Áræktur á gatnamótum Skeiðarvogs og Fákafens í Reykjavík þann 14.3.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf, dags. 10.5.2010.
3. Bréf Y, dags. 17.5.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið suður Skeiðarvog. Við gatnamót Skeiðarvog og Fákafens rákust saman hægra framhorn A og vinstra afturhorn bifreiðarinnar B sem var ekið Fákafen til austur og beygt til hægri inn á Skeiðarvog. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á bifreiðunum. Bjart var af degi, rigning og blautt færi, þegar áræktur varð.

Ökumaður A kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók. Fyrst kvaðst hann hafa ekið á vinstri akrein suður Skeiðarvog og ætlað að færa sig yfir á hægri akrein þegar B hafi verið ekið í veg fyrir hann frá Fákafeni. Síðar kvaðst hann hafa verið á hægri akrein þegar B hafi verið ekið í veg fyrir hann. Hann hafi þá reynt að sveigja til vinstri, en áræktur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á litlum hraða inn á Skeiðarvog þar sem engin bifreið hafi verið á hægri akrein Skeiðarvogs. Hann kvað A hafa verið ekið á vinstri akrein suður Skeiðarvog og verið beygt yfir á hægri akrein er B var ekið inn á götuna.

**Álit.**

Á Fákafeni hvílir biðskylda gagnvart umferð á Skeiðarvogi. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar ökumanni B að veita A forgang. Á þessu varð misbrestur og ber því ökumaður B sök á árækstrinum. Af gögnum málsins hefur ekki verið sýnt nægilega fram á að ökumaður A hafi skipt um akrein eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök. Ber ökumaður B því einn alla sök á árækstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 1. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 117/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss þann 14.12.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 20.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.4.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni, A, áleiðis út úr bílakjallara. Hún kvað hafa drepist á vél A í miðri innkeyrslunni. Hún hafi ekki getað skilið A eftir þar og því ákveðið að reyna að ýta henni aftur á bak í bifreiðastæði. Hún hafi staðið hálf inni í A og með annan fótinn úti til að ýta. Smá halli hafi verið á gólfinu og skyndilega hafi A byrjað að renna hratt niður akbrautina. Hún hafi ætlað að toga í handbremsuna þar sem hún veitti því athygli að hún var að renna á kyrrstæðar bifreiðir. Hún hafi því gripið í stýrið en ekki náð að grípa í handbremsuna þar sem hún hafi dregist undir A. Hafi A stöðvast ofan á vinstri fótlegg hennar. Hafi hún hlotið mar á fætinum.

M hefur krafist bóta úr lögmæltri slysatryggingu A hjá váttryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. X hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að slysið falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar auk þess sem M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

**Álit.**

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki vera tryggður sérstakri slysatryggingu og skal váttryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Drepist hafði á vél A er hún var á leið út úr bílakjallaranum. Var A að ýta bifreiðinni til að koma henni af akbraut þegar slysið varð. A var þá á hreyfingu þótt það hafi ekki verið fyrir eigin vélarafli. Einkum vegna þunga A varð hraði hennar meiri en M réð við. Leiddi það til þess að M tókst ekki að ná til handhemils og stöðva A áður en svo hrapallega fór að annar fótur M festist undir A. Verður slysið þannig rakið notkunar ökutækisins í skilningi 88. gr. ufl. og ekki fer á milli mála að M var stjórnandi A í umrætt sinn. Fellur slysið því undir slysatrygginguna. M hafði réttmæta ástæðu til færa A af akbrautinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu að M hafi mátt sjá fyrir að hættulegt gæti verið að ýta bifreiðinni með þeim hætti sem hún gerði. Þykir ekki hafa verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér háttsemi sem verður virt henni til stórkostlegs gáleysis. Að svo vöxnu eru ekki efni til að skerða rétt hennar til bóta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 118/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar**

**Vinnuslys 24.05. 1999, ágreiningur um fyrningu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar ágreining um hvort möguleg bótakrafa M sé fyrnd vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir á árinu 1999 sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur að bótakröfur vegna slyssins séu að fullu greiddar með bótauppgjöri sem fram fór 22.01. 2001 og að M eigi ekki frekari bótakröfur því þær séu fyrndar þar sem meira en 10 áru eru liðin frá slysdegi sbr. 4. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Í skaðabótarétti sé litið svo á að skaðabótakrafan teljist gjaldkræf á tjónsdegi. Að mati félagsins eru engin atvik í þessu máli þess eðlis að geta talist rof á fyrningu. Félagið telur að samkomulag hafi tekist um fullnaðaruppgjör á sínum tíma. Það vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar (Hrd.) í máli 150/1999 og Hrd. 425/2005 og Hrd. 77/2008 og Hrd. 408/2006.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. M telur að hann hafi orðið fyrir meira tjóni en forsendur uppgjörs miðuðu við.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að M eigi ekki frekari bótakröfur því þær séu fyrndar. M hefur ekki sýnt fram á að hann hafi rofið fyrningarfrest sem er 10 ár í máli sem þessu. Virðist sem samkomulag hafi tekist milli aðila á sínum tíma með fullnaðaruppgjöri.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 122/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints atvinnusjúkdóms.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.5.2010.

**Málsatvik.**

Á árunum 2005 og 2006 vann M hjá fyrirtækinu V m.a. við að taka flöskur með æti fyrir svokallaða “petrí diska”, en slíkir munu vera notaðir á rannsóknarstofum til að rækta sýni í. Mun ferlið við meðhöndlun flasknanna vera á þá leið að þær eru teknar úr sérstökum hitaofni rúmlega 90°C heitar og settar í frauðplastkassa á borði við hliðina á ofninum. Síðan eru þær settar í vatnsbað og kældar niður í 56°C áður en innihaldinu er hellt á diskana. M kveður þetta hafa verið stóran hluta af starfi sínu hjá V umrætt tímabil og við það hafi hún haft latex hanska á báðum höndum, en notað aðeins hægri hönd við verkið. M kveðst hafa fengið útbrot í lófa og á fingur hægri handar við verkið. Hún búi enn við þessi útbrot og þurfi af þeim sökum að ganga með bómullarhanska. Telur M að sjúkdóminn megi rekja til þess að hún hafi ekki fengið viðeigandi hanska er hún meðhöndlaði heitar flöskurnar.

Í læknisvottorði heimilislæknis M kemur fram að M hafi leitað til hans á stofu þann 2.8.2007 vegna útbrotu í hægri lófa. Hafi hún kennt því um að á vinnustað sínum hafi hún verið látin vinna með of heit tilraunaglös og þurft að vera með gúmmihanska á hægri hendi. Reynd hafi verið hefðbundin ofnæmiskrem en þau ekki gagnað nógu vel. Taldi læknirinn rétt að M hittu húðsjúkdómalækni vegna þessa.

Af hálfu lögmanns M var leitað til Vinnueftirlits ríkisins og óskað eftir rannsókn á vinnuaðstæðum hjá V og orsökum sjúkdóms M. Í bréfi Vinnueftirlitsins til lögmannsstofunnar, dags. 8.2.2010, kemur fram að vinnulag hjá V hafi verið kannað og var talið að ekki væri neitt í vinnulaginu sem talist gæti óeðlilegt og að þær varúðarráðstafanir sem gerðar eru vegna hitaálags væru fullnægjandi. Var talið að skýringa á útbrotum í lófa M væri að leita í öðrum þáttum.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu um sjúkdóm þann sem M býr við í lófa hægri handar. Ekki eru heldur nein gögn er varða tengsl sjúkdómsins við atvinnu hennar hjá V. Er málið svo illa upplýst að það telst ekki tækt til úrskurðar, sbr. e. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktanna er málinu vísað frá úrskurðarnefnd.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 27. maí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 123/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 30.1.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.5.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að morgni 30.1.2008 var M á leið til vinnu sinnar hjá V. Hún lagði bifreið sinni á bifreiðastæði að austanverðu á athafnasvæði V. Myrkur var og mikill snjór. Band, sem hafði verið strengt til að afmarka bifreiðastæði starfsmanna frá stæðum fyrir hópferðabifreiðir, hafði fallið niður og horfið í snjóinn. Er M gekk frá bifreið sinni festi hún annan fótinn í bandinu og féll í jörðina. Hún hlaut áverka á vinstri handlegg, þ. á m. liðhlaup.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna líkamstjóns síns. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Umrætt band hafði verið strengt á mill röra sem höfðu verið fest á bíl felgur. Upplýst er að það hafi verið haft í u.þ.b. eins metra hæð, en á því hafi verið hálf gert ólag og það viljað renna niður. Telja verður nægilega ljós leitt að uppsetningu bandsins og eftirliti með því hefur verið verulega áfátt. Til þess verður líkamstjón rakið. Eins og áður getur lá bandið niðri og var hulið snjó. Þótt M hafi unnið hjá V um árabil varð slysið við þær aðstæður að það verður ekki virt henni til sakar þótt hún hafi ekki áttað sig á bandinu áður en slysið varð. Er því ekki ástæða til að skerða bótarétt hennar vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 124/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar**

**Þjófnaður úr íbúðarhúsnæði 11.02. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar þjófnað á munum úr íbúð M 16.02. 2010 og skýringu skilmála. Bifreið M mun hafa verið stolið fyrir utan vinnustað hennar. Líklega mun hún hafa gleymt að læsa bifreiðinni og fyrir mistök hafi húslyklar hennar verið að íbúð hennar í bílnum. M reifar og þann möguleika að hún hafi misst lyklana er hún yfirgaf bifreiðina að morgni við vinnustað sinn. Er heim var komið var búið að fara inn í íbúð hennar og taka þaðan muni sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hennar í málskotinu. M vísar til þess að hvergi í skilmálum sé kveðið á um það að ef þjófnaður eigi sér stað úr læstri íbúð að vátrygging falli niður því bifreið hafi verið ólæst.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið vísar til varúðarreglu skilmála þar sem segir “Læsa skal íbúðarhúsum, sumarhúsum, veiðihúsum, hjólhýsum, bílskúrum, geymslum, bifreiðum, bátum og loftförum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Vátryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæsta íbúð mannalesa.” Félagið telur að nefnd varúðarregla hafi verið brotin með því að skilja eftir ólæsta bifreið þar sem lyklar voru aðgengilegir og að vátryggingarathurður verði rakinn til brots á varúðarreglunni sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að vátryggður hafi vanrækt skyldu sína gagnvart varúðarreglu vátryggingarskilmála á þann veg að réttlæti brottfalli bótaréttar skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Hafa ber hugfast að húsnæði M var læst og óviðkomandi aðili tók húslyklana og bifreið ófjálsri hendi. Góðar líkur eru á því að M hafi misst lyklana í umrætt sinn. Hafa ber og hugfast að húslyklarnir munu ekki hafa borið með sér að hvaða húsnæði þeir ganga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 1. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 126/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda**

**Umferðaróhapp 12.07. 2006, ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið fullnægt.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 26.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M lenti í umferðarslysi er hún ók aftan á aðra bifreið 12.07. 2006. Hún leitaði sama dag til slysa- og bráðadeildar LSH vegna dofa og óþægindatilfinningar vinstra megin aftan í hálsi sem leiddi niður í vinstra herðablað. Greining slysadeildar var hálstögnun og fékk M ráðleggingar varðandi framhaldið. Fyrirliggjandi gögn geta sjúkrasögu M og samskipta aðila máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 23.04. 2009, sé ljóst að M hafi fengið vitneskju um atvik sem hún gat reist bótakröfu sína á slysdeginum sjálfum. Engar nýjar upplýsingar hafi komið fram um annað. Afleiðingar slyssins hafi verið M kunnar á slysdegi en ekki á síðara tímamarki. Félagið telur að tilvísun M í dóm Hæstaréttar í máli 7/2009 eigi ekki við. “Þar sem tilkynning um slysið barst félaginu ekki fyrr en 16.12. 2009 þá var liðinn sá frestur sem kveður á um í“ áður nefndri lagagrein. Vegna þessa beri að hafna kröfu M um bætur. M telur sig hafa fullnægt tilkynningarskyldu. M telur að sér hafi ekki verið ljósar afleiðingar slyssins fyrr en á árinu 2009 sbr. röksemdafærslu hennar í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins í þessu sérstaka tilviki að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Það breytir ekki ofanrituðu þó að M hafi sögu stoðkerfiseinkenna. Ekki er unnt að fallast á að það hafi torvelað svo mjög mati hennar á aðstæðum að unnt sé að réttlæta hversu seint M tilkynnti vátryggingafélaginu um afleiðingar slyssins sem um ræðir.

M hefur sönnunarbyrði um að hún hafi gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. nefndu ákvæði. Sú sönnunarfærsla hefur ekki tekist.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 127/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður slasaðist er hann boraði í spennuhafandi vír í spennustöð þann 17.12.2002.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 29.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.5.2010 og 1.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M starfaði sem rafvirki hjá orkuveitunni V. M vann ásamt öðrum manni í spennustöð V við að festa fjöltengi fyrir tölvutengingu á hliðar eða svokallaða hlífðarplötu á lágspennuskáp í spennustöðinni. Við verkið notaði hann 10-12 mm skrúfur. Í málskoti er aðstæðum lýst svo að hlífðarplatan sé ysta lag lágspennuskápsins. Innan við hlífðarplötuna séu grindur þar sem kaplar eru á bak við, en á milli grindarinnar og hlífðarplötunnar er u.þ.b. einnar tommu breitt bil þar sem engir kaplar eru. Í umrætt sinn hafi M ásamt samstarfsmanni sínum gægst á bak við hlífðarplötuna til að athuga hvort einhverjir kaplar væru of nálægt hlífðarplötunni eða fyrir utan grindina. Ekkert óeðlilegt hafi komið fram við þá athugun. Er M boraði í gegnum hlífðarplötuna fór skrúfuoddurinn í spennuhafandi vír sem var inni í skápnum en utan grindarinnar. Við það varð M fyrir rafsprengingu og fékk sót í augu og rafsúðblindu.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu að hálfu. Kveður félagið að M, sem er menntaður rafvirki, hafi ekki gætt fyllstu varúðar við verkið. Hann hafði unnið við sambærileg verk í 4-5 mánuði fyrir slysið. Hann hafi átt að ganga úr skugga um að engir vírar væru á bak við hlífðarplötuna áður en hann boraði í plötuna. Ekki hafi verið nægilegt að gægjast undir plötuna, heldur hafi M átt að viðhafa aðrar og frekari ráðstafanir ef hann var í minnsta vafa um legu víranna í skápnum.

**Álit.**

Aðstæðum í lágspennuskápnum eins og þeim er lýst í málskoti hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af X. Samkvæmt því verður við það að miða að á bak við hlífðarplötuna hafi verið um einnar tommu bil þar sem engir vírar eða kaplar áttu að vera. Engin skýring liggur fyrir í gögnum málsins hvers vegna spennuhafandi vír var í umræddu bili. Þá verður heldur ekki séð að M hafi mátt gruna að vír gæti leynst í bilinu eins og raunin varð. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt nægilega fram á að M hafi sýnt óvarkárni er hann kíkti á bak við hlífðarplötuna og sá ekkert athugavert. Eru því ekki efni til að skerða bótarétt M vegna meðábyrgðar hans.

**Niðurstaða.**

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 15. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 128/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar dráttarvételarinnar (vinnuvélar)**

**Óhapp við snjómokstur 26.02. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.04. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M vann við snjómokstur (ruðning). Skemmdir urðu á vinnuvélinni vegna þess að ökumaður hennar ók á kantstein. Hann gerði ráð fyrir að enginn kantsteinn væri á umræddum stað og ýtti snjó á horni Mjólnisholts og Brautarholts með tönn í lægstu stöðu. Enginn kantseinn var á stórum kafla leiðarinnar og ökumaðurinn gerði sér ekki grein fyrir að kantsteinn var á umræddum stað.

Vátryggingafélagið telur að hafna skulu bótaábyrgð vegna þess að ökumaður hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Hann hafi mátt gera ráð fyrir kantsteini.

M telur greiðsluskylda fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er unnt að fallast á að rekja megi tjónsáburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns, þó vissulega megi fallast á að óvarlegt hafi verið af M að gæta ekki betur að þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru er hann ók vél sinni með tönn í lægstu stöðu. Ljóst er að aðstæður voru með sérstökum hætti þ.e. að kantstein vantaði á stóran hluta svæðisins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 27. maí 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.



**Mál nr. 131/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 18.10.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf x, dags. 18.5.2010.

**Málsatvik.**

M starfaði á leikskólanum L og var yfirmaður í eldhúsi. Hitakassa úr plasti hafði verið komið fyrir í rúmlega 2 m hæð uppi á búrskápi í eldhúsinu. Vitnum ber ekki saman um þyngd kassans eða hversu lengi hann hafði verið uppi á búrskápnnum. Er hann talinn hafa verið um 4-8 kg á þyngd og verið uppi á skápnnum í vikutíma ef ekki einhverja mánuði.

Þann 18.10.2005 fór M í búrskápin til að sækja hráefni. Féll þá kassinn ofan af skápnnum og lenti á höfði og vinstri öxl M. Hún leitaði til heimilislæknis daginn eftir slysið og var meðhöndluð með bólgueyðandi og verkjastillandi lyfjum. Í kjölfarið var M undir eftirliti lækna vegna einkenna sem hún rakti til slyssins. Á árinu 2008 mun hún svo hafa látið af störfum hjá L.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá váttryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins þykir ljóst að umræddur hitakassi hafði verið um nokkurn tíma uppi á búrskápnnum, en ekki liggur fyrir hver kom kassanum þarna fyrir. Engu að síður vissi M veða mátti vita af kassanum uppi á skápnnum. Eins og mál þetta liggur hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsfélaga M eða að aðbúnaði á vinnustaðnum hafi verið ábótavant. Af gögnum málsins, einkum læknisfræðilegum gögnum, verður ekki ráðið að eftir slysið hafi M verið óvinnufær í einn eða fleiri daga auk þess dags sem slysið varð. Af þeim sökum verður ekki fullyrt að skylda til að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, hafi verið vanrækt af hálfu L. Sönnunarbyrði um það sem kann aðvera óupplýst eða óljóst í málinu verður því ekki varpað yfir á L. Að öllu framangreindu virtu telst ósannað að L beri ábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 8. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 133/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Grýtubakka 18-24 þann 06.04. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Ódagsettur tölvupóstur vátryggingafélags A til nefndarinnar.
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak þegar árekstur varð.

Vátryggingafélagið A lætur þess getið að ökumaður B hafi bakkað á vinstra framhorn A sem er að bakka eftir bílastæðinu. A hafi nánast verið kominn fram hjá B þegar B bakkar á hann. Félagið telur rangt að segja að þeir bakki hvor á annan.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga með vísan til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Áreksturinn varð á bifreiðastæðinu, báðum bifreiðum var ekið aftur á bak í umrætt sinn. Bifreiðinni A var ekið eftir akstursleið bifreiðastæðisins og B úr stöðureit bifreiðastæðisins. Sök verður skipt til helminga með hliðsjón af aðstæðum og með vísan til þeirrar aðgæsluskyldu sem hvílir á öikumönnum við akstur aftur á bak.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 8. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 136/2010**

**M v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar Suðurverks hf. (S)**

**Umferðaróhapp á Vopnafjarðarheiði 29.07. 2009  
þegar bifreið var ekið var yfir ruðning þannig að skemmdir urðu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vinnuframkvæmdir voru í gangi. M.a. var unnið við ruðning og voru tveir vegheflar við vinnu við það að slétta veginn og myndaðist við það ruðningur sem bifreiðinni A var ekið yfir og skemmdist sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur m.a. að merkingum hafi verið ábótavant.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Efnislega telur félagið að merkingar hafi verið nægar og takmörkun á hámarkshraða. Ökumanni A hafi borið að taka tillit til þeirra framkvæmda sem í gangi voru og haga akstri sínum í samræmi við það. Hann hafi ekki gætt þeirra aðgæslu sem nauðsynleg var og ekki sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna S.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að starfsmenn S hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiði til þess að M eigi rétt á bótum. Virðist sem ökumaður A hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður á vettvangi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 137/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns**

**Ágreiningur um greiðslu dráttarvaxta af bótagreiðslum vegna slyss þ. 13.2.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.5.2010 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags 7.6.2010.

**Málsatvik.**

M lenti í umferðarslysi þ. 13.2.2008 þegar hún var ökumaður A. Þ. 28.1.2010 sendi lögmaður M kröfu til V um greiðslu bóta og eftir nokkur samskipti við V sendi lögmaður M bótakröfu þ. 6. Apríl 2010, þar sem gerð var krafa um dráttarvexti. Þ. 27. Apríl 2010 náðist samkomulag um greiðslu bóta og var tekið við greiðslum af hálfu M þ. 29. Apríl s.l. með fyrirvara um skyldu V til að greiða dráttarvexti af bótafjárhæðinni. Lögmaður M vísar m.a. til 3.mgr. 5.gr. laga um vexti og verðtryggingu og til 6.mgr. 50 gr. og 48.gr. laga um vátryggingasamninga. V hafnar því að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurði um ágreiningsefni aðila og vísar í því sambandi til 3.gr. samþykktu um Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

**Álit.**

Samkvæmt 2.mgr. 3.gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þá úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. V hafnar því að Úrskurðarnefndin úrskurði í máli þessu m.a. með vísan til þessa ákvæðis í samþykktum nefndarinnar. Úrskurðarnefndin telur sér því ekki unnt að úrskurða í máli þessu þar sem að með úrskurði um greiðslu dráttarvaxta fellst í raun úrskurður um bótafjárhæð. Málinu er því vísað frá Úrskurðarnefndinni.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 22.6. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Guðmundsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 143/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A - flutningabifreið**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Vagnhöfða 14.04. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 21.05. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

A var ekið af stað í þann sama mund sem B var ekið aftur á bak frammeð bifreið A. Áður hafði bifreiðinni A verið ekið aftur á bak úr stæði. Bifreiðin er stór flutningabifreið.

Vátryggingafélag B telur að A skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka úr kyrrstöðu án þess að gæta að B sem ekið var aftir á bak frammeð bifreiðinni.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla sök á B fyrir ógætilegan akstur.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má rekja árekstur þennan til ógætilegs aksturs beggja ökumanna. A tók af stað án þess að huga nægjanlega að annarri umferð um bifreiðastæðið og ökumaður B ók ógætilega aftur á bak þannig að árekstur varð.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 8. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 146/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A (bifhjól)**

**og**

**vegna skemmda á bifreiðinni B**

**Óhapp er bifhjól féll á bifreið sem lagt var í stæði 28.04. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 11.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifhjólið A, sem lagt hafði verið í stæði, f auk eða féll á bifreiðina B. Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu það telur að tjónið verði ekki rakið til notkunar bifhjólsins svk. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi. Hann telur engan greinarmun á þessu og þegar bifreið rennur af stað og á aðra bifreið, slíkt hafi verið talið til notkunar. Hann hafi lagt bifhjólinu í bifreiðastæði þar sem það hafi líklega fokið um koll en það sé þó ekki víst þar sem engin vitni voru. Staðreynd sé að bifhjólið féll á hliðina. Hann telur eftir á að hyggja að lagning hans á bifhjólinu hafi verið óforsvaranleg. Nokkur vindur hafi verið og að hann hefði e.t.v. átt að leggja bifhjólinu upp við kirkju sem þarna er.

Vátryggingafélagið leggur hins vegar áherslu á að bifhjólið hafi fokið á bifreiðina og það taki ekki til notkunar. Meginreglan sé að kyrrstætt ökutæki sé ekki í notkun í skilningi 88. gr. umferðarlaga. Félagið telur að tjón máls þessa hafi ekkert með hættueiginleika ökutækisins að gera.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Tjónið sem varð á B má rekja til notkunar A skv. 1. mgr. 91. gr. sbr. og 88. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 8. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 148/2010**

**M**

**og**

**V v/ farangursliðar fjölskyldutryggingar.**

**Hvarf farangurs 12. desember 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 12. maí 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf V til nefndarinnar, dags. 7. júní 2010.

**Málsatvik.**

Að morgni 13. desember 2009 lenti M og fjölskylda hennar á Keflavíkurlflugvelli eftir að hafa komið með flugi Icelandair frá flugvelli í Sanford í Flórída. Í ljós kom aðfararnótt 14. desember s.á. að M taldi vanta eina ferðatösku í farangur sinn. M kveður sig og fjölskyldu sína hafa ferðast með 14 hluti frá flugvellinum í Sanford en einungis 13 hlutir hafi komið á farangursfæriband á Keflavíkurlflugvelli.

M telur að bæta eigi farangurstjón vegna þeirrar tösku sem skilaði sér ekki úr farangurslið fjölskyldutryggingar sinnar. M kveðst hafa innritað 14 hluti við komu á flugvöllinn í Sanford og því hafi tjón orðið á töskunni í meðförum flutningsaðila.

V telur að það sé með öllu ósannað að umrædd taska hafi verið innrituð hjá Icelandair á flugvellinum í Sanford og telur að M hafi ekki sýnt fram á raunverulega tjónsorsök. Ekki sé ljóst hvort gleymst hafi að innrita töskuna eða hún orðið eftir á dvalarstað M eða í bifreið sem hún ferðaðist í á flugvöllinn og vitnar þar til staðfestingar þar um frá Icelandair.

**Álit.**

Í skilmálum Heimatryggingar 4 kemur fram í gr. 68 til hvaða tjónsorsaka farangurstrygging vátryggingarinnar tekur til. Í gr. 70 eru síðan taldar upp takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar. Með vísan til framlagðra gagna telst M ekki hafa sýnt fram á að tjón hafi orðið á hinum vátryggða farangri af völdum þeirra tjónsorsaka sem taldar eru upp í gr. 68, en telja verður að hún sé að vísa helst til að hið vátryggða hafi týnst alveg í flutningi. Ekki er talið sannað að umrædd taska hafi verið innrituð á flugvelli á brottfararstað gegn mótmælum flugfélagsins. Ekki verður heldur lagt til grundvallar að tjón hafi orðið vegna þjófnaðar með vísan til takmörkunar í h.-lið gr. 70.1 í skilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem vátryggður skilur eftir á almannafæri t.d. afgreiðslum flutningsaðila.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr farangursliðar fjölskyldutryggingar.

Reykjavík 22. júní 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 149/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/byggingartryggingar (E)**

**Fall af vinnupalli 31.10. 2008 þegar unnið var við að rífa steypumót í nýbyggingu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að aðstoða vin sinn E sem var að byggja viðkomandi nýbyggingu. E hafði komið umræddum vinnupalli fyrir. M féll niður af pallinum en pallurinn hafði ekki verið festur við húbygginguna þar sem unnið var við að fjarlægja steypumót. E er reyndur smiður og reyndur í uppsetningu vinnupalla (verkpalla).

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingarskilmálum. M hafi verið að aðstoða E í frítíma sínum. Um undanskilda áhættu sé að ræða samkvæmt skilmálum. Félagið telur og að skaðabótaskylda E sé ósönnuð. Frágangur og viðhald verkpallsins hafi uppfyllt þær lögboðnu skyldur sem hvílt hafi á vátryggingartaka/E. M hafi ekki verið starfsmaður E í skilningi laga um 46/1980. M hafi ekki þegið laun fyrir vinnu sína. E hafi ekki verið vinnuveitandi M. Það breyti ekki ofanrituðu þó Vinnueftirliti og lögreglu hafi ekki verið tilkynnt um óhappið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjón M til sakar E eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Það óhapp sem hér um ræðir virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs þar sem hann var að aðstoða vin sinn við húbygginguna.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður ekki fjallað um hvort hér hafi verið um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálum.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 22. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 150/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árektur á bifreiðastæði við Faxafen þann 13.04. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.05. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.06. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak fyrir áreksturinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi bakkað á vinstri hlið A sem var kyrrstæð.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að láta halla á B sbr. til hliðsjónar niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli nr. 69/2010.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 154/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A og v/B**

**Árekstur á Miklubraut við aðrein af Sæbraut.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.05. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt framburði ökumanns A ók hann bifreið sinni norður Sæbraut og þaðan á aðrein inn á Miklubraut. Þaðan hafi hann ekið á hægri akrein Miklubrautar, ökumaður B hafi ekið frá miðakrein í vinstri hlið A.

Samkvæmt framburði ökumanns B ók hann eftir miðakrein Miklubrautar þegar bifreiðinni A hafi verið ekið í hægri hlið B. Í síðari framburði hans (M/B) heldur hann því hins vegar fram að hann hafi verið á hægri akrein Miklubrautar sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur, líkt og Tjónanefnd vátryggingarfélaganna, að skipta skuli sök til helminga. Ógerlegt sé að gera sér grein fyrir stöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Óvissa er það mikil um staðsetningu bifreiðanna við aðdraganda árekstursins að rétt er að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 8. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 155/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**vátryggingafélagið Y v/B**

**Árektur á Laugavegi móts við hús nr. 67 þann 26.11. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.05. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.06. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 14.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni B var bakkað úr innkeyrslu yfir gangstétt inn á Laugavegin og þar í vinstri hlið A sem bakkað hafði verið úr bifreiðastæði.

Vátryggingafélag A telur með vísan til framburðar vitnis að rétt sé að skipta sök til helminga, því samkvæmt frásögn þess voru báðir ökumenn að bakka er árekstur varð.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi bakkað úr innkeyrslu yfir gangstétt og í vinstri hlið A sem hafi verið kyrrstæð eftir að henni hafi verið bakkað úr bifreiðastæði.

M (A) kveðst hafa verið kyrrstæður, hann telur að leggja skuli alla sök á ökumann B.

Fyrirliggjandi er frásögn vitnis sem getur aðdraganda árekstursins. Vitnið mun hafa verið að hleypta A úr bifreiðastæðinu. Efnislega kemur fram að bifreið A og B hafi bakkað á sama tíma, vitnið hafi séð að bifreiðarnar myndu “bakka saman, bökkuðu hægt. Eins og þetta leit út fyrir mér voru ökumenn A og B hvorugir meðvitaðir um hvorn annan. Eins og ég sá þetta var hvorugum um að kenna”

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Samkvæmt framburði vitnis voru báðir ökumenn að bakka í umrætt sinn. Það breytir ekki ofanrituðu þó að A hafi e.t.v. náð að stöðva bifreið sína rétt í þann mund sem áreksturinn varð.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 157/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X / v/ ábyrgðartryggingar verslunar.**

**Kona rann á sælgæti á gólfi verslunar þann 28.11.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.5.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var á gangi í verslun V í grennd við sérstaka rekka þar sem unnt er að taka til kaups í lausu máli ýmis konar sælgætismola. Rann þá M á gólfinu á einum slíkum mola, lakkríshlaupi eða því um líku, og mun hafa hlotið vöðvatögnun.

Slysið varð á laugardegi þegar mikið mun vera keypt af sælgætismolum úr fyrrgreindum rekkum. Undir rekkunum eru sérstakar rennur til að taka mola sem ekki rata í poka viðskiptavina. Í umrætt sinn mun eitthvað af molum hafa lent á gólfinu.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Sérstakar rennur voru undir sælgætisrekkunum til að varna því eins og kostur var að sælgætismolar féllu á gólfið. Er ekkert sem bendir til að aðstæður hafi almennt verið óviðunandi í versluninni og slysaætla af þeim sökum verið meiri en búast má við. Ekkert liggur heldur fyrir um það í gögnum málsins að starfsmenn V hafi vitað eða mátt vita að sælgætismolar hafi dreifst um gólf verslunarinnar þannig að af þeim stafaði slysaætla. Að öllu virtu verður að telja ósannað að líkamstjón M verði rakið til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Tjón hennar fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 29. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 158/2010

### M og váttryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

#### Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr bifreið.

#### Gögn.

1. Málskot, móttakið 25.5.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.6.2010, ásamt fylgigögnum.

#### Málsatvik.

Þann 4.12.2009 tilkynnti M til lögreglunnar í Reykjavík að skemmdir hafi verið unnar á bifreið hans auk þess sem stolið hafi verið úr henni. M hefur krafist bóta vegna þeirra muna, sem stolið var úr bifreiðinni, úr fjölskyldutryggingu sem hann hafði keypt hjá váttryggingafélaginu X.

Í tölvubréfi bifreiðaverkstæðisins B til X, dags. 17.12.2009, segir að umrædd bifreið sé þannig gerð að á milli rúða í hurð og afturhlið sé eingöngu þéttikantur og á honum megi sjá far eftir penna sem að öllum líkindum hafi verið notaður til að halda þéttikantinum á meðan vír hefur verið þræddur inn í bifreiðina til að opna læsingu. Verksummerki á bifreiðinni voru skoðuð af hálfu X og í umsögn þess kemur fram að engar rispur hafi verið í glerinu, en blá pennastrik sem hafi mátt sjá hafi þurrkast út þegar yfir þau var strokið með blautum fingri. Þegar pennastrikin hafi verið þurrkuð út hafi engin ummerki verið um innbrot í bifreiðina.

X hefur hafnað bótum úr fjölskyldutryggingunni með vísan til greina 4.5.2 og 4.5.7 í skilmálum váttryggingarinnar. Telur félagið að ummerki á bifreiðinni hafi ekki verið þess eðlis að um ótvírætt innbrot í læsta bifreið hafi verið að ræða, en það sé skilyrði þess að bótaréttur stofnist vegna þjófnaðar úr bifreið. Ennfremur sé ósannað að ummerki, sem deilt er um, hafi komið til við umrædd eignaspjöll.

#### Álit.

Gögn málsins verða ekki skilin öðruvísi en svo að X byggi synjun sína á bótaskyldu á því einu að engin ummerki hafi verið um innbrot í læsta bifreiðina. Samkvæmt gr. 4.5.2. í váttryggingarskilmálum bætist tjón vegna þjófnaðar úr bifreið. Þá gildir sú varúðarregla skv. gr. 4.5.7 að læsa skuli bifreiðum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að um það sé deilt að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þjófnaðar úr bifreiðinni hver svo sem tjónsfjárhæðin kundi að vera. Ekkert liggur fyrir um það að bifreið M hafi verið ólæst eða gluggum hennar hafi ekki verið lokað eða eftir atvikum krækt aftur. Telst því ósannað að tjónið verði rakið til þess að brotin hafi verið sú varúðarregla sem getið er í gr. 4.5.7 í skilmálunum. Ekki er vitað til þess að öðrum ákvæðum sé til að dreifa í váttryggingaraskilmálum sem geta takmarkað frekar bótaskyldu X í máli þessu. Tjón M telst því bótaskyldt úr fjölskyldutryggingunni.

Af hálfu M hefur verið krafist viðurkenningar á greiðslu lögmanskostnaðar við að ná fram rétti sínum í málinu. Eins og málið liggur fyrir fellur það ekki undir starfssvið nefndarinnar að fjalla um kröfu sem þessa, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005. Kröfu þessari er því vísað frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá X vegna tjóns af völdum þjófnaðar úr bifreið hans.

Vísað er frá kröfu um viðurkenningu á greiðslu lögmanskostnaðar.

Reykjavík, 29. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 159/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

**Umferðaróhapp 07.10. 2008, ágreiningur um afleiðingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.05. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umræddri bifreið var ekið á bifreið M. Ágreiningur er um afleiðingar óhapps þessa sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að nefndin skuli vísa málinu frá þar sem ágreiningur sé um bótafjárhæð og að samþykki félagsins liggi ekki fyrir. Taki nefndin málið til afgreiðslu þá telur félagið ósannað að rekja megi meiðsl M (heilsufar) til þess óhapps sem hér um ræðir. Einkenni þau sem M kvartar um séu ekki að rekja til slyssins heldur sjúkdómsástands M fyrir slysið. Félagið vísar til þess m.a. að engar greiðslur hafi verið inntar af hendi vegna viðgerðar á bifreið M þó að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi verið í fullum rétti. Niðurstaða skýrslu um útreikninga PC-Crash, dags. 23.03. 2010, gefi til kynna að hraði bifreiðar M hafi verið 10 km/klst. og hraði bifreiðar A 5 km/klst.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki hefur sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi meiðsl þ.e. heilsufar M til þess óhapps sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar augnlæknis**

**Veikindi á auga í tengslum við hjáveituaðgerð og eftirmeðferð á auga.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 28.05. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að ekkert í gögnum málsins bendi til annars en að rétt hafi verið staðið að hjáveituaðgerð á auga og allri eftirmeðferð M. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að umrætt atvik geti flokkast á meðal einhverra þeirra atvika sem upp eru talin í 2. – 4. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Félagið mótmælir því að sýking eins og sú sem M var greind með geti komið fram á nokkrum dögum til nokkurra ára eftir augnaðgerð.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans sem getið er í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. álitserð Landlæknisembættisins, dags. 19.05. 2009, hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 161/2010

### M og váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

#### Starfsmaður brenndist við málmbræðslu þann 8.5.2005.

#### Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.5.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.6.2010, ásamt fylgigögnum.

#### Málsatvik.

M var að störfum hjá V, vinnuveitanda sínum, við að bræða pottsteypujárn í rafmagnsbræðsluofni. Til að leiðrétta hlutföll kolefna í málmblöndunni þurfti M að bæta stálstöngum í blönduna, en hiti hennar mun hafa verið 1450°C. Er M setti stangirnar í deigluna varð sprenging í blöndunni með þeim afleiðingum að bráðinn málmurinn slettist á hann, einkum á hægri framhandlegg og ristar beggja vegna, en einnig á brjóst, vinstri vanga og niður eftir kviðvegg.

Fyrir liggur að M var í stuttermá bol þegar slysið varð, en ekki bómullarskyrtu innan undir vinnugallanum eins og ætlast var til. Hann notaði heldur ekki sérstakar leðurhlífar sem náðu frá olnboga og fram að úlnlið. Þá er talið að einungis raki í stálinu, sem M bætti út í málmblönduna, hafi valdið fyrrgreindri sprengingu.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að M hafi unnið hjá V frá árinu 2001, en einungis í um 4-5 daga við bræðsluofninn undir handleiðslu annars starfsmanns V sem hafði sinnt þessum störfum í 15 ár. M tali enga íslensku og takmarkaða ensku. M hafi í umrætt sinn verið með hjálm með áfastrí svuntu niður fyrir háls, í öryggisskóm og með uppháa suðuvettlinga. Um orsök slyssins segir í umsögn VER að meginorsök þess megi rekja til þess að stálið hafi ekki verið nægilega þurrt, M hafi ekki verið í fullnægjandi hlífðarfátnaði við verkið og þjálfun hans hafi verið ábótavant. Meðverkandi orsök geti verð tungumálaörðugleikar. Mælt var fyrir um úrbætur: Annars vegar að þess sé gætt að járn sé nægilega þurrt, þegar það er sett út í járnbráð, þannig að það valdi ekki sprengingu. Hins vegar að þess sé gætt að starfsmenn séu í réttum undirfatnaði undir vinnugöllum, s.s. bómullarfátnaði, og að langerma bolir séu notaðir.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu. Af hálfu X kemur fram að M hafi fengið starfsþjálfun í a.m.k. tvær vikur áður en slysið varð. Reyndur starfsmaður hafi sett hann inn í starfið og farið ítarlega í gegnum alla verkferla. Þá hafi stjórnendur einnig farið yfir ákveðin öryggisatriði. Hafi M til að byrja með fylgst með störfum leiðbeinandans og lært af honum, en tekið smám saman yfir öll störf ofnmanns. Leiðbeinandinn hafi síðan dregið sig í hlé en fylgst náið með M úr fjarlægð. Þannig hafi M hlotið fullnægjandi þjálfun áður en hann hóf störf við bræðsluofninn. Allur tilheyrandi hlífðarfátnaður hafi staðið M til boða. Hann hafi hins vegar ekki notað hann allan.

#### Álit.

M er af erlendu bergi brotinn og samkvæmt umsögn Vinnueftirlits ríkisins talar hann enga íslensku og takmarkaða ensku. Honum hafði verið falið af V að vinna við bræðslu pottsteypujárns í bræðsluofni. Er um að ræða hættulegt starf þar sem lítið sem ekkert má út af bera svo ekki hljótist slys af. Er því nauðsynlegt að starfsmenn, sem slíkum störfum sinna, kunni vel til verka og þekki til hlítar þær öryggisreglur sem fara verður eftir og þeim sé framfylgt. Bar V að gæta þess að M hefði öðlast næga þekkingu og skilning til

að sinna starfinu af öryggi og hlíta þeim öryggisreglum sem giltu um starfið. Af gögnum málsins má ljóst vera að röð atvika olli því hversu illa fór. Í fyrsta lagi mun raki hafa verið í stálstöng sem M bætti út í bráðna málmblönduna, í öðru lagi notaði M ekki þar til gerðar hlífar til verndar framhandleggjum og í þriðja lagi var hann ekki í langerma bómullarbol. Þjálfun M átti að vera lokið og leiðbeinandi hans fylgdist með störfum hans úr fjarlægð. Engu að síður voru ekki gerðar athugasemdir við það hvernig M klæddist áður en hann hóf störf í umrætt sinn. Þá virðist ekki hafa verið fylgst með því hvort hætta gæti stafað af þeim stálstöngum sem M bætti út í blönduna. Í ljósi þessa þykir mega fallast á þá niðurstöðu Vinnueftirlitsins að orsök slyssins sé að rekja til þess að M hafi ekki verið í fullnægjandi hlífðarfatnaði og þjálfun hans hafi verið ábótavant. Verður V að bera ábyrgð á þessum misbresti sem leiddi til slyssins. Þar sem slysið má rekja til ófullnægjandi þjálfunar og þar af leiðandi ófullnægjandi þekkingar M á starfi sínu við málmbræðsluna er, eins og hér á stendur, ekki nægilega í ljós leitt að slysið verði rakið til atvika sem virt verði M til sakar. Eru því ekki efni til að skerða bótarétt M vegna meðábyrgðar hans. Tjón M ber því að bæta að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. júní 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 163/2010**

**Sigbór Hákonarson**

**og**

**Sjóvá-Almennar tryggingar hf. v/ ábyrgðartryggingar í Fjölskylduvernd 3.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á listmun í verslun þann 5.2.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 28.5.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 8.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt því er kemur fram í málskoti var eiginkona málskotsaðila (hér eftir nefndur M) að skoða listmun (stytta) í versluninni Gallery Thors í Hafnarfirði. Rak hún þá gripinn í og braut hann. Gripurinn var í eigu listamannsins og hefur hann krafist bóta úr hendi eiginkonu M.

M hefur krafist þess að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu í Fjölskylduvernd 3 sem hann hefur keypt hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir nefnt X). X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

Eiginkona M var stödd í verslun að skoða listgrip, er hún varð fyrir því að reka gripinn í með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Ekki verður annað ráðið en gripurinn hafi verið til sölu í versluninni. Ekki liggur fyrir nákvæm lýsing á atvikum máls, svo sem hvernig það atvikaðist að konan rak gripinn í, í hvað hún rak gripinn eða um hvers konar grip hafi verið að ræða að öðru leyti en því að hann hafi verið stytta úr leir. Af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja í málinu telst ósannað að tjón á umræddum listgrip verði rakið til saknæmrar háttsemi eiginkonu M. Hún hefur því ekki bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart eiganda gripsins. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu eiginkonu M fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 29. júní 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 164/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar steypustöðvar**

**Meiðsl við fall á athafnasvæði steypustöðvar þann 23.09. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.05. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ásamt eiginkonu sinni á lagersölu steypustöðvar fyrir utan húsnæði fyrirtækisins. Allskyns vörutegundir voru til sýnis á sýningarsvæði. M mun hafa hrasað um hleðslustein sem þarna var sbr. fyrirliggjandi gögn sem eru mjög takmörkuð um aðstæður sem fyrir hendi voru.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að M hefði átt að hafa sérstakar gætur á því hvar hann gekk. Félagið telur að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

**Álit.**

Vátryggingafélagið telur að M skuli bera helming tjóns síns sjálfur sökum eigin sakar. Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að M eigi frekari bótarétt en um getur í afstöðu félagsins.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur helming tjóns M.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 167/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys 02.12. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína, hann var að herða bolta á nýrri tönn á stórri gröfuskóflu. Við verkið er notaður sérstakur lykill sem notar afl vélarinnar til að herða eða losa. Lykillinn er settur á boltann og síðar er skólfunni ýtt niður. M stóð of nærri því lykillinn skrapp af boltanum og í andlit M.

Vinnueftirlit ríkisins telur að slysið hafi orðið vegna þess að “ekki var gætt nægilegs öryggis við verkið. Koma þarf fyrir búnaði sem kemur í veg fyrir að lykillinn þeytist af boltanum”. Fram kemur og að M var vanur starfsmaður og hafði að sögn unnið á verkstæði í 2-3 ár.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sbr. röksemdafærslu þess í bréfi til nefndarinnar.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér var um óhappatilviljun að ræða og óaðgæslu M sjálfs. Athugasemdir Vinnueftirlitsins breyta ekki ofanrituðu í þessu sérstaka tilviki.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. júlí 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 168/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verktaka**

**Vinnuslys þegar starfsmaður klemmdist á hurð þann 05.03. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína á 10. hæð nýbyggingar. Hann var að ganga út um neyðarútgang á stigahúsi þegar hurð skelltis aftur sökum gegnumtrekks þannig að hann klemmdist. Hurðarpumpa var ótengd. M var að sækja sér verkfæri í umrætt sinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Vátryggingartaki hafi upplýst að hurðarpumpur séu ekki settar upp eða tengdar fyrr en í lok verks. Nýbúið var að setja hurðina í hurðargatið og M hafði gengið um hana áður en óhappið varð.

Vinnueftirlitið telur að meginorsök slyssins sé að rekja til þess að ekki var búið að tengja hurðarpumpu, hurðin var þung og með skörpum köntum og að mikill gengnumtrekkur var á hæðinni (10. hæð). Fyrirmæli voru gefin um að haga vinnu þannig að fyllsta öryggis og aðbúnaðar sé gætt.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp þetta til sakar starfsmanna Í eða ófullnægjandi aðstæðna á vettvangi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 171/2010**

**Viðar Austmann Jóhannsson**

**og**

**Vátryggingafélag Íslands hf. v/ málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.**

**Ágreiningur um greiðslu úr málskostnaðartryggingu vegna kostnaðar við rekstur dómsmáls til heimtu launa sem voru talin vangoldin.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 2.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 18.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Málskotsaðili (hér eftir nefndur M) höfðaði dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur fyrrum vinnuveitanda sínum til heimtu launa sem hann taldi sér vangoldin. Kveður M kröfuna vera byggða á ógreiddri kjarasamningsbundinni launahækkun vegna ársins 2008, orlofsgreiðslu ofan á launahækkun, vangreiðslu vegna 25% lengingar orlofs sem hafi verið uppsafnað en ótekið og loks á bílapeningum fyrir ógreitt orlofstímabil.

M hefur krafist greiðslu kostnaðar vegna málarekstursins úr málskostnaðartryggingu sem hann hefur hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. (hér eftir nefnt X). X hefur hafnað greiðsluskyldu úr vátryggingunni með vísan til greinar 25.5. í skilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda. Samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. M hefur ekki viljað fallast á afstöðu X og telur að fyrrgreint undanþáguákvæði eigi einungis við um dómsmál sem geta komið til ef tjóni er valdið með vinnu, en það sé of víðtæk túlkun að láta undanþáguna einnig ná til dómsmála vegna vangreiddra launa.

**Álit.**

Eins og að framan greinir bætir málskostnaðartryggingin ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, sbr. gr. 25.5. í viðkomandi vátryggingarskilmálum. Fram hjá því verður ekki litið að fyrrgreint dómsmál er til komið vegna starfa M hjá fyrrum vinnuveitanda sínum. Er málskostnaður vegna dómsmálsins í þeim tengslum við atvinnu M að á grundvelli téðs undanþáguákvæðis í skilmálunum fæst hann ekki bættur úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Málskostnaðarkrafa M, Viðars Austmanns Jóhannssonar, bætist ekki úr málskostnaðartryggingu hans hjá X, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Reykjavík, 29. júní 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 172/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sláturfélags (S)**

**Vinnuslys 23.10. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína við snyrtingu kjötskrokka á vinnslulínu í sláturfélaginu (S). Skrokkarnir hanga og færast áfram á færibandi og er unnið við snyrtingu þeirra á meðan þeir færast á færibandinu. Gólfíð í vinnslulínunni er útbúið sérstakri hálkuvörn en meðfram er svæði fyrir affall. Er M var að vinnu sína steig hún á út fyrir vinnusvæðið og í flór með þeim afleiðingum að hún rann til og féll og lenti á vinstri hendinni sem hún bar fyrir sig þannig að meiðsl hlaut af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Fram kemur í málskotinu m.a. að M hafi verið lengur að “hreinsa en venjulegt” var og “til þess að klára að hreinsa skrokkinn þurfti hún að stíga á gólf þar sem engin hálkuvörn var.”

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi ekki þurft að stíga á þann hluta gólfsins sem engin hálkuvörn var á. Hálkuvörn hafi verið fullnægjandi á vinnusvæði aðila. Engin ágreiningur sé um hvernig slysið bar að og því verði ekki séð að það hafi þýðingu í máli þessu að atvikið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. Félagið telur að hér fari saman óhappatilviljun og óaðgæsla M. Slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi S eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem S ber ábyrgð á.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða og óaðgæslu M sjálfs. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi S eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem S ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 173/2010**

**M v/bifreiðar**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar (veghaldara)**

**Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu á Landeyjarvegi þann 19.07. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 04.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðinni var ekið ofan í holu/skemmd við umræddan veg.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að engin gögn eða upplýsingar hafi verið lögð fram sem sýna fram á gáleysi umrædds veghaldara.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans sem getið er í gögnum málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að veghaldari hafi vitað um að hann þyrfti að lagfæra veginn fyrir en eftir tjónsatburð máls þessa.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. júní 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 174/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ slysátryggingar ökumanns.**

**Krafa um að kjarasamningsbundin laun í veikinda- eða slysaforföllum bætist úr slysátryggingu launþegar eða slysátryggingu ökumanns.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.6.2010, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 21.6.2010.

**Málsatvik.**

M er bóndi og hjá honum starfaði A. Af gögnum málsins má ráða að þann 17.3.2010 hafi A lent í umferðarslysi sem ökumaður bifreiðarinnar B á leið sinni til vinnu hjá M. M hafði keypt samningsbundna slysátryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X vegna búrekstursins. Þá mun B hafa verið vátryggð lögboðinni slysátryggingu ökumanns hjá vátryggingafélaginu Y þegar slysið varð. A hefur krafist M um kjarasamningsbundin dagvinnulaun í þrjú mánuði eftir slysið. M hefur aftur á móti krafist þess, að því er ætla verður af málgögnum, að umrædd laun skyldu bætt annað hvort úr slysátryggingu launþega hjá X eða úr slysátryggingu ökumanns hjá Y. Bæði X og Y hafa hafnað bótaskyldu gagnvart M.

**Álit.**

Launakrafa A á hendur M er ekki til sérstakrar úrlausnar í máli þessu, enda verður ekki ráðið að um slíkan ágreining sé að ræða, jafnframt sem hann myndi ekki falla undir valdssvið nefndarinnar. Þá virðist mega ráða af gögnum málsins að um það sé ekki deilt að A hafi verið á leið til vinnu í B er hann slasaðist og verið frá vinnu af völdum slyssins í a.m.k. þrjú mánuði. Fyrirgreind launakrafa A á hendur B virðist samkvæmt gögnum málsins vera byggð á ákvæðum í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins Starfsgreinasambands Íslands sem í gildi var þegar slysið varð.

Samkvæmt gr. 9.1.1 í skilmálum X fyrir slysátryggingu launþega greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í stafi hjá vátryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis, ef slysið leiðir m.a. til tímabundins missis starfsorku. Samkvæmt gr. 9.11 í skilmálunum greiðir félagið hins vegar ekki bætur þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjetryggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysátryggingu ökumanns og eiganda nema annað leiði af kjarasamningi. Síðastgreint ákvæði vátryggingarskilmálanna verður að skýra í samræmi við ákvæði 4. mgr. gr. 8.7.1 í fyrirgreindum kjarasamningi, en samkvæmt því greiðir slysátryggingin ekki bætur vegna slyss sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjetryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysátryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum. Óumdeilt verður að telja samkvæmt gögnum málsins að líkamstjón A bætist úr lögboðinni slysátryggingu B. Samkvæmt þessu og með vísan til fyrirgreinds undanþáguákvæðis í gr. 4.11 í vátryggingarskilmálum og 4. mgr. gr. 8.7.1 í hlutaðeigandi kjarasamningi greiðast ekki bætur úr slysátryggingunni vegna slyssins. M á því ekki rétt á að hugsanlegar launagreiðslur hans til A á veikindatímabilinu fái greiddar úr launþegatryggingunni.

Bætur úr fyrrgreindri slysaföringingu ökumanns B eru slysaföringingarætur jafnvel þótt þær séu ákveðnar eftir reglum I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum um bætur fyrir líkamstjón. Hér er ekki um bætur úr ábyrgðartryggingu að ræða og lagagrundvöll skortir svo M geti krafist þess að laun, sem honum ber samkvæmt kjarasamningi að greiða A, verði greidd sér til baka úr slysaföringingu ökumanns. M á því ekki rétt á bótum úr slysaföringingu ökumanns hjá Y.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaföringingu launþega hjá X vegna launagreiðsla í slysaföringillum til A vegna slyss 17.3.2010, né heldur til bóta af sama tilefni úr slysaföringingu ökumanns B hjá Y.

Reykjavík, 12. júlí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 176/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á fasteign.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um uppgjör á greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna tjóns á viðkomandi fasteign. M fer fram á viðurkenningu þess að um 18 sjálfstæða vátryggingaratburði sé að ræða þar sem um 18 íbúðir sé að ræða þar sem byggingargallar komu fram. Til vara fer hann fram á viðurkenningu þess að um tvo vátryggingaratburði sé að ræða þar sem um tvo aðskilda byggingargalla er að ræða.

Vátryggingafélagið hafnar frekari greiðsluskyldu. Vísað er til bréfs félagsins til nefndarinnar þar sem röksemdafærsla þess kemur fram.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki er unnt að fallast á að um 18 sjálfstæða vátryggingaratburði hafi verið að ræða. Um einn vátryggingaratburð var að ræða líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. júlí 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 179/2010

### M og vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.

#### Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr geymslu.

##### Gögn.

1. Málskot, móttakið 9.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.6.2010.

##### Málsatvik.

Tilkynnt var til lögreglu um að á tímabilinu 28.4.2010 til 1.5.2010 hafi verið brotist inn í geymslur í kjallara í fjölbýlishúsinu að F, þ. á m. geymslur sem tilheyrðu M. Á forsíðu fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1.5.2010 kl. 15:02, um innbrot í geymslur í húsinu er ekki getið um innbrot í geymslu sem tilheyrði M, en þess ber að geta að fyrir nefndinni liggur einungis forsíða þessarar lögregluskýrslu. Í annarri lögregluskýrslu, dags. 11.5.2010 kl. 13:38, kemur fram að M hafi haft samband við lögreglu og sagt að tvær töskur sem fundust á vettvangi hafi tilheyrt honum. Þegar hann hafi séð töskurnar á gangi sameignarinnar hafi hann kannað með geymslu sína og séð að búið var að fara inn í hana og stela þaðan ýmsum hlutum.

M hafði í gildi innbústryggingu, svonefnda Heimilisvernd, hjá vátryggingafélaginu X. Með bréfi, dags. 1.6.2010, hafnaði X bótaskyldu úr vátryggingunni. Í bréfinu kemur fram að í fyrri lögregluskýrslunni komi ekkert fram um að farið hafi verið inn í geymslu M og lögregla hafi ekki farið á staðinn þegar M hafði samband við hana þann 2.5.2010. Því liggja ekki fyrir staðfesting lögreglu á ummerkjum um innbrot í geymsluna. Þá er vísað til varúðarreglu í gr. 3.6 í 1. kafla í skilmálum vátryggingarinnar. Segir í bréfinu m.a. svo, orðrétt: “Þrátt fyrir að sönnun fyrir tjóninu liggja ekki fyrir í lögregluskýrslu eins og áskilið er í skilmálum tryggingarinnar mætti fulltrúi félagsins á staðinn tvívegis til að skoða ummerki og mátti þá sjá ummerki eftir skrufjárn á hurðarkarmi við læsingu. Við nánari skoðun á ummerkjunum og tilraunir til að komast inn með þeim hætti að stinga skrufjárninu í sama far og sjáanlegt var er það mat félagsins að ekki sé unnt að komast inn í geymsluna með þessum hætti án þess að skilja eftir mun meiri skemmdir á dyrakarminum hafi dyrnar verið læstar. Félagið telur því að ekki liggja fyrir sönnun þess að varúðarreglum skilmálanna hafi verið fylgt og hefur því ekki verið sýnt fram á að geymslan hafi verið tryggilega læst.”

M öfluðu álits fyrirtækisins N sem m.a. hefur með höndum viðgerðir og endurnýjun læsinga í bifreiðir og hífýli. Starfsmaður þessa fyrirtækis mun hafa skoðað læsingarbúnað á geymsludyrum þeim sem hér um ræðir. Í ódagsettu áliti fyrirtækisins segir að það sé skoðun þess að brotist hafi verið inn um hurðina og það sé byggt á því að greinilegt far hafi verið við slúttjárn í dyrastaf sem væntanlega er eftir skrufjárn eða eitthvað álíka verkfæri. Slúttjárnin hafi bagnað inn (vegna ónógrar festu í hurðarkarmi), en það ásamt því að nokkuð mikið bil er á milli hurðarstafs og hurðar hafi gert það að verkum að ekki hafi lengur verið hald á móti kólfunum í láshúsinu og því verið greið leið inn.

##### Álit.

Samkvæmt gr. 3.6 í 1. kafla í skilmálum Heimilisverndar X, sem fjallar um innbústryggingu, bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum innbrots í læsta íbúð. Einnig segir að það sé skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni. Þá er

tilgreind sú varúðarregla að læsa beri tryggilega m.a. íbúðarhúsi og öðrum þeim stöðum sem váttryggingin tekur yfir þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

Skilyrði X í váttryggingarskilmálum sínum um að greiðsluskylda þess sé háð því að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni ber að skýra í samræmi við ákvæði 1. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þess efnis að við uppgjör bóta skal váttryggður veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ekki verður séð að lögregluskýrslur, sem liggja fyrir í málinu, séu þannig úr garði gerðar að með framlagningu þeirra og annarra gagna hafi M ekki fullnægt lögmælti upplýsingaskyldu sinni gagnvart X. Tjóni M verður því ekki hafnað á þeirri forsendu einni að ekki séu fyrir hendi viðhlítandi lögregluskýrslur.

Eins og fyrr greinir ber X fyrir sig að ekki liggi fyrir sönnun þess að varúðarreglum skilmálanna hafi verið fylgt og því hafi ekki verið sýnt fram á að geymslan hafi verið tryggilega læst. Samkvæmt 26. gr. laga um váttryggingarsamninga getur félag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Hefur X sönnunarbyrðina um að M hafi brotið fyrrgreinda varúðarreglu um að hafa geymsludyrnar tryggilega læstar þannig að því sé heimilt að skerða bætur eða fella alveg niður gagnvart M. Váttryggingarskilmála X verður því að skilja svo, í því tilviki sem hér um ræðir, að váttryggingin taki til þjófnaðar úr geymslunni svo fremi að varúðarreglan um hafa geymsludyrnar tryggilega læstar hafi ekki verið brotin

Samkvæmt gögnum málsins, og þá einkum fyrirbyggjandi ljósmyndum, sést far á utanverðum hurðarkarminum eftir skrufjárn eða annað sambærilegt verfæri. Umrætt far virðist ekki stórt en er engu að síður sjáanlegt. Einnig er ljóst að slúttjárn í dyrastaf er bogið og kólfur í læsingu virðist ekki ganga langt inn fyrir slúttjárnið sökum þess að nokkuð bil er á milli hurðarstafs og sjálfrar hurðarinnar. Þessi verksummerki verða ekki talin nægja sem sönnun þess að M hafi brotið umrædda varúðarreglu. Tjón M telst því bótaskyldt úr váttryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X.

Reykjavík, 12. júlí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 180/2010**

**Síminn hf.**

**og**

**Sjóvá-Almennar tryggingar hf. v/ ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækis.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er ljósleiðari slitnaði við vegaframkvæmd.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 10.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvár-Almennra trygginga hf., dags. 21.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í desember 2007 var á vegum verktakafyrirtækisins KNH ehf. (hér eftir nefnt V) unnið fyrir Vegagerðina að vegagerð á Vestfjarðavegi á Barðaströnd. Að morgni 6.12.2007 var unnið að ræsagerð við bæinn Skálanes í Reykhólahreppi. Við verkið var notuð grafa og vildi þá til það óhapp við notkun gröfunnar að ljósleiðarastrengur í eigu málskotsaðila (hér eftir nefndur M) fór í sundur. Í skýrslu lögreglu um atvikið er haft eftir stjórnanda gröfunnar að vitað hafi verið að ljósleiðarinn væri á svæðinu eða rétt við vegstæðið, en samkvæmt útboðsgögnum, sem unnin hefðu verið af Vegagerðinni, hefði strengurinn ekki átt að vera þar sem hann svo var. Við athugun lögreglu á vettvangi kom í ljós að strengurinn hafi legið rétt undir yfirborðinu eða á um 10 cm dýpi. Greinilega hafi verið rétt rist niður fyrir grassvörðinn. Enginn aðvörunarborði hafi verið yfir strengnum.

Verkstjóri og mælingamaður hjá V gerðu skýrslu um slitið á ljósleiðaranum. Í skýrslu þeirra segir að stjórnandi gröfunnar hafi verið að taka skurð fyrir ræsi á “EB-1274, í stöð 17910” og orðið fyrir því óláni að slíta í sundur ljósleiðara. Þó hefði ræsið verið fært um 45 m til að fullvíst væri að ljósleiðarinn væri kominn úr skurðarlínu fyrir ræsið. Orsök óhappsins töldu þeir hafa verið þá að strenginn hafi verið 2 m neðar í túninu, sbr. þversniðsteikningar frá Vegagerðinni, svo og að strengurinn hafi einungis verið grafinn 10 cm undir yfirborði. Venjuleg vinnuregla sé hins vegar að ljósleiðari eigi að vera grafinn a.m.k. 60-80 cm í jörð. Ennfremur hafi enginn borði né stikur frá M gefið til kynna legu strengsins. Þá hafi höfundum skýrslunnar skilist að eigendum strengsins hafi þótt það of kostnaðarsamt að færa strenginn út úr fyrirhuguðu vegstæði því þá hefði þurft að taka strenginn í sundur og lengja hann. Þess í stað hafi strengurinn verið grafinn upp og færður til en greinilega ekki eins langt og vinnuteikningar þeirra sögðu til um né jafn djúpt eins og reglur segja til um.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir nefnt X) vegna tjóns sem hlaut af sliti ljósleiðarans. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Ekki er um það deilt að ljósleiðari í eigu M slitnaði er starfsmaður V gróf skurð fyrir ræsi, þar sem unnið var við vegaframkvæmd fyrir Vegagerðina. Ekki virðist heldur vera um það deilt að ljósleiðarastrengurinn telst vera fjarskiptavirki í skilningi 14. tölul. 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 71. gr. sömu laga er þeim sem veldur tjóni á fjarskiptavirki skylt að bæta allt það tjón sem af skemmdunum leiðir nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Á grundvelli reglna skaðabótaréttarins ber V ábyrgð á tjóni M sem hlaut við það að ljósleiðarinn slitnaði nema hann geti sýnt fram á að hjá tjóni hafi ekki verið komist þótt starfsmenn hans hafi sýnt fyllstu aðgæslu í störfum sínum við vegaframkvæmdina.

Í lögregluskýrslu er haft eftir stjórnanda gröfunnar að vitað hafi verið að ljósleiðari væri á svæðinu eða rétt við vegöxl, en samkvæmt útboðsgögnum Vegagerðarinnar hefði strengurinn hins vegar ekki átt vera þar sem hann var í raun. Þá kemur fram í skýrslu verkstjóra og mælingamanns hjá V að ræsið hefði verið fært um 45 m svo ljósleiðarinn væri örugglega kominn úr skurðarlínu fyrir ræsið, en þeir hafi talið að strengurinn hafi verið 2 m neðar í túninu samkvæmt þversniðsteikningum frá Vegagerðinni. Jafnframt skildist þeim að eigendum strengsins hafi þótt of kostnaðarsamt að færa strenginn út úr hinu fyrirhugaða vegstæði og af þeim sökum hafi hann ekki verið færður eins langt og vinnuteikningar sögðu til um né jafn djúpt og reglur segja til um. Öðrum gögnum er ekki til að dreifa um legu ljósleiðarans og hvernig staðið var að tilfærslu hans í tengslum við vegaframkvæmdina.

Samkvæmt 2. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003 skal sá er annast verklega framkvæmd greiða allan kostnað sem kann að leiða af flutningi eða breytingu á legu fjarskiptavirkja ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna framkvæmdarinnar nema um annað hafi orðið að samkomulagi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en V hafi annast þá vegaframkvæmd sem í gangi var á Vestfjarðavegi þegar tjónið varð. Þá er heldur ekkert um það í málgögnum að samið hafi verið um annað en að sá er annaðist vegaframkvæmdina skyldi greiða kostnað við tilfærslu ljósleiðarastrengsins eins og fyrrgreint lagaákvæði mælir fyrir um. Er því ósannað að annar en V hafi borið þann kostnað sem til féll vegna tilfærslu ljósleiðarans. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að þær staðhæfingar, sem fram koma í lögregluskýrslu og skýrslu verkstjóra og mælingamanns V um vitneskju starfsmanna V um legu strengsins, séu á rökum reistar. Að þessu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að hjá tjóninu hefði ekki verið komist þótt sýnd hefði verið fyllsta aðgæsla þegar grafið var fyrir vegræsinu í umrætt sinn. Af því leiðir að V ber ábyrgð á tjóni M, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003, og þar með skal það bætast úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

#### Niðurstaða.

Tjón M, Símans hf, vegna skemmda á ljósleiðarastreng bætist úr ábyrgðartryggingu V, KNH ehf., hjá X, Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Reykjavík, 29. júní 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 181/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar (ferðarof)**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna niðurfellingar ferðar 18.04. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tilkynningu um ferðatjón var M á ferðalagi í Suður Afríku, áætluð heimferð 18.04. 2010 tafðist til 25.04. 2010 sökum veðurskilyrða þ.e. flug var fellt niður sökum ösku í háloftunum sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um óhagstæð veðurskilyrði að ræða þó að flug hafi verið fellt niður sökum afleiðinga eldgoss.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki er uppfyllt skilyrði skilmála um greiðsluskyldu. Aska í háloftunum varð þess valdandi að flug var fellt niður í umrætt sinn en ekki óhagstæð veðurskilyrði. Flug sem fellt er niður eða seinkað vegna afleiðinga eldgoss (ösku) fellur ekki undir ákvæði skilmála vátryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 5. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 184/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 11.6.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 14.6.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M féll úr vinnulyftu í verslunarhúsnæði í verslunarmiðstöð og slasaðist. Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að M hafi farið í lyftuna til að rétta öðrum manni, sem var að vinna uppi við loft verslunarrýmisins, eitthvert dót. Þegar lyftan hafi verið komin niður í lægstu stöðu hafi M ætlað að stíga úr lyftunni. Kvað M að það sé vanalega gert með því að beygja sig undir handrið, grípa í það og sveifla sér af lyftunni. Á handriðinu sé hins vegar laus þverbiti (hnélisti) til að hindra að menn geti farið undir handriðið. Þennan þverbita sé hægt að færa upp og niður. Einhverra hluta vegna virðist sem þessum þverbita hafi verið tyllt alveg upp við handriðið í efstu stöðu. Í stað þess að grípa í sjálft handriðið hafi M gripið í umræddan þverbita og við það fallið aftur fyrir sig og lent með bakið á brún vörulyftunnar og þaðan niður á gólf. Umrædd vinnulyfta er í eigu P, en í umrætt sinn var hún í notkun starfsmanna L. Iðnaðarmenn sem eru að störfum í verslunarmiðstöðinni munu hafa aðgang að lyftu þessari.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að við ársskoðun hafi lyftan reynst vera í lagi. Þá segir að á öðrum enda verkpalls lyftunnar séu tvö þrep til að fara upp og niður af pallinum. Á þessum enda sé hnélisti einnig laus og hægt að lyfta honum upp að sjálfu handriðinu þegar farið er af pallinum eða upp á hann. Hins vegar á að setja listann strax aftur á sinn stað þannig að ekki sé hægt að falla úr lyftunni neðan við handriðið. Niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins er eftirfarandi: “Svo virðist sem það tíðkist að festa hnélistann með ýmsu móti við handlistann til að ekki þurfi að lyfta honum í hvert sinn sem farið er úr eða í verkpallinn. Líkur benda til þess að í þessu tilviki hafi hnélistanum verið tyllt við handlistann og slasaði gripið í hann og ekki áttað sig á því að listinn var ekki tryggilega festur við handlistann.”

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá vátryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Umrædd vinnulyfta er ekki í eigu L og L hafði einungis tímabundin afnot af lyftunni þegar M slasaðist. Af gögnum málsins má ráða að M hafi farið í lyftunni upp undir loft verslunarrýmisins og var kominn aftur niður þegar slysið varð. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig hnélistanum hafði verið tyllt undir handriðinu (handlistanum) eða hver hafði gert það. Ósannað er að starfsmenn L hafi tyllt listanum þannig að virt verði þeim til sakar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði að öðru leyti rakið til atvika sem L ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu L hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 13. júlí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 185/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Smiðjuvegi í Kópavogi við innakstur að húsi nr. 76 þann 20.5.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 19.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 5.7.2010.
3. Bréf X, dags. 9.7.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið norður (niður) Smiðjuveg og var A ekið á undan B. Er A var beygt til hægri áleiðis að húsi nr. 76 rákust saman aftanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, rigning og blautt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvað beygjuna inn á bifreiðastæði við Smiðjuveg 76 vera þrönga svo hann hafi tekið svolítið víða beygju, fyrst til vinstri og síðan til hægri. Þá hafi högg komið á hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 50 km hraða á klst. Hann hafi hemlað, er ökumaður A hafi tekið víða beygju. B hafi síðan runnið á A. Ökumaðurinn kvað engin stefnuljós hafa logað á A.

**Álit.**

Aðstæður á vettvangi hafa verið athugaðar. Á Smiðjuvegi er ein akrein til norðurs, en á móts við Smiðjuveg 76 verða akreinarnar tvær til norðurs þar sem tveggja akreina hringtorg er framundan. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 16. gr. laganna, skal taka hægri beygju inn á bifreiðastæðið við Smiðjuveg 76 sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Ekkert liggur fyrir um það að ökumaður A hafi ekki átt tök á að taka beygjuna eins og hér er mælt fyrir um. Varð því misbrestur í þessum efnunum hjá ökumanni A. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að A hafi gefið stefnumerki til hægri áður en hann beygði, en slíkt var sérstaklega brýnt með tilliti til þess hvernig hann tók beygjuna. Ökumaður A á því sök á árekstrinum. Áreksturinn varð þar sem akbrautin skiptist í tvær akreinar. Þar voru ekki skilyrði til að aka fram úr A hægrar megin jafnvel þótt ökumaður hennar hafi tekið víða beygju. Hefur ökumaður B ekið óþarflega nærri A og með því brotið gegn 3. mgr. 14. gr. ufl. Á hann því einnig sök á árekstrinum. Að öllu framangreindu virtu þykir rétt að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 186/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur 22.02. 2010 á lóð FSU á Selfossi (Árborg).**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 21.06. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.06. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið eftir bifreiðastæði á Selfossi á lóð FSU. Ökumaður B hafði bifreiðina A sér á hægri hönd. Ágreiningur í málinu er um hvort sú leið sem A var ekið eftir hafi verið hluti af gatnakerfi Selfoss eða hluti af bifreiðastæði FSU.

Vátryggingafélögin telja að báðum bifreiðunum hafi verið ekið um bifreiðastæði og að akstursleið A sé ekki hluti gatnakerfis Selfoss og því hluti bifreiðastæða FSU. Ökumanni A hafi því átt að veita umferð frá hægri forgang.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að bifreiðunum hafi verið ekið um bifreiðastæði sem er ekki hluti af gatnakerfi Selfoss. Ökumanni A bar því að veita B forgang en þessa gætti hann ekki. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 5. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 188/2010

### M og vátryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.

#### Ágreiningur um bótaskyldu frítímaslysáttryggingu.

#### Gögn.

1. Málskot, móttakið 15.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.7.2010.

#### Málsatvik.

Aðfaranótt 7.11.2009 varð M fyrir líkamsárás á Lækjartorgi í Reykjavík. Lögregla kom á vettvang og flutti M á slysadeild. Í skýrslu lögreglunnar um atvikið og tildrög þess er haft eftir M að hann hafi verið á gangi í miðborginni er hann hafi séð karlmann, B, ráðast á konu, E. M kvaðst starfa sem öryggisvörður og hann gæti ekki horft upp á menn ráðast að konum. Hafi hann því ráðist að B til að koma í veg fyrir frekari árás, en hann hefði verið sleginn í andlitið og hafi hann borið þess merki, verið hrufaður á enni og með glóðarauga. Eftir B er haft að hann hafi verið í heitum samræðum við E en þau væru par. Hann hafi ekki vitað fyrir en ráðist hafi verið aftan að sér. Hafi hann slegið M 3 til 4 högg í andlitið, en það hafi verið í sjálfsvörn. Þá er haft eftir E að hún og B hafi rifist harkalega en ekkert ofbeldi átt sér stað. Hún hafi ekki vitað fyrir en M hafi ráðist að B til að reyna að frelsa hana frá honum. Hún kvaðst kunna að meta háttsemina, en mat M á aðstæðum hafi verið algjörlega rangt þar sem hún hafi ekki verið í neinni hættu. Kvað hún málið allt einn stóran misskilning.

Í sjálfstæðri skýrslu sem M gaf hjá lögreglu 9.11.2009 kvaðst hann á leið sinni um Lækjartorg hafa séð til B og E og hafi B verið með báðar hendur á E og verið að hrista hana. Síndist honum að B ætlaði að fara að ráðast á hana af fullum þunga. Hafi hann gengið að E og spurt hvort ekki væri allt í lagi. Hann hafi ekkert yrt á B. Hafi B þá strax ráðist á M og hafi B slegið hann hnefahögg í andlitið svo hann hafi fallið niður. M hafi reynt að setja framhandleggi fyrir andlitið, en B hafi haldið áfram að kýla hann í andlitið. Hafi hann fengið á sig á annan tug högga sem komu mestmegnis á andlit hans og efri hluta líkamans. Hann hafi svo misst rænu.

M hlaut ýmsa áverka í andliti, svo sem á tönnum og heyrn. Hann hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sem er innifalin í fjölskyldutryggingu sem fjölskylda hans hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 4.7. í vátryggingarskilmálum um að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða m.a. í handalögmálum.

#### Álit.

Lýsing M á atvikum sem höfð er eftir honum í skýrslu lögreglu á vettvangi er skýr og er jafnframt í samræmi við frásagnir B og E af málsatvikum. Ekki eru efni til að draga í efa að frásögn M í lögregluskýrslunni sé frá honum komin og rétt sé eftir honum haft. Eins og atvikum er háttað í máli þessu þykir mega leggja þessa frásögn M af aðdraganda slyssins til grundvallar þegar metið er hvort bótaskylda hafi stofnast úr slysáttryggingunni. Samkvæmt því réðst M á B í því skyni að varna því að B myndi vinna E mein. Hver svo sem tilgangur M var með atlögunni þá var hann þátttakandi í handalögmálum þegar B veitti honum höggin í höfuðið. Með því að svo var á M ekki rétt til bóta úr slysáttryggingunni, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 4.7 í vátryggingarskilmálunum.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá X.

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 189/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar**

**Umferðaróhapp 29.08. 2000, ágreiningur um afleiðingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 21.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa hlotið meiðsl í árekstri á árinu 2000 sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að M hafi fundið til eymsla í hálsi á slysstað og verið flutt með sjúkrabifreið á slysadeild. M hafi í tvígang leitað til læknis sama ár en síðan ekkert í tæplega átta og hálf ár. Að mati félagsins er orsakatengsl milli einkenna M sem lýst er við skoðun í mars 2009 og slyssins í ágúst 2000 ósönnuð. Þá telur félagið “ekkert benda til annars en að málið sé væri fyrnt” sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins í máli þessu. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M og slyssins á árinu 2000. Ef tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður og að telja að möguleg krafa M sé fyrnd sbr. 99. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 5. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 190/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar orkuveitu (O)**

**Skemmdir á húseign 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lætur þess m.a. getið að á árinu 2009 hafi verið grafið niður í bakgarði húseignarinnar við hellulögn. Þá kom í ljós leki í inntakslögn (heimataug) sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. M gerir ítarlega grein fyrir aðstæðum á vettvangi í umföllun sinni. Ágreiningur er um mögulega ábyrgð aðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að O beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Félagið getur þess að M óski viðurkenningar á bótaskyldu vegna sigs sem orðið hefur á hellulögn, húsi og sólskála. Félagið vísar til þess að O hafi samþykkt að lagfæra frágang vegna viðgerðar á röri og hellulögn. Félagið telur að vátryggingartaki hafi í engu vanrækt skyldur sem á honum hvíla.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi vanrækt skyldur sínar. Ósannað er að rekja megi umrætt tjón til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 194/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

**Árekstur 16.04. 2004, ágreiningur um afleiðingar óhappsins.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 25.06. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ökumaður bifreiðar sem ekið var aftan á við gatnamót Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar. Bifreiðin A bar ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélagið vísar til þess að því hafi fyrst borist gögn um líkamstjón M á árinu 2009. Skýrsla lögreglu greini ekki fá meiðslum aðila. Í læknabréfi slysa- og báðadeildar Landspítala greini frá hálstögnun á slysdegi og segir enn fremur að um mjög mildan áverka virðist vera að ræða. Félagið telur á grundvelli fyrirliggjandi gagna ósannað að M hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna árekstursins. Ekki hefur verið aflað mats á mögulegum afleiðingum árekstursins á líkamlegu ástandi M þ.m.t. orsakasambandi. Að gefnu tilefni tekur félagið fram að það hefur greitt fyrir vottorð sem aflað hefur verið í máli þessu og ekki hafnað sérstaklega að greiða fyrir nauðsynlega vottorðsöflun. Félagið hefur ekki heldur neitað því að standa að mati á afleiðingum slyssins. Félagið gerir fyrirvara um fyrningu skv. 99. gr. umferðarlaga.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Fram kemur m.a. að “í máli þessu virðist það vera svo að kæranda hrakar heilsan á árinu 2009 “ sbr. nánar gögn málsins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á orsakatengsl milli einkenna M og árekstursins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 195/2010

### M og vátryggingafélagið X v/ frítímaslysatriyggingar.

#### Ágreiningur um bótaskyldu frítímaslysatriyggingu.

#### Gögn.

1. Málskot, móttekið 25.6.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.7.2010.

#### Málsatvik.

Aðfaranótt 20.12.2008 skar M sig á vinstri kálfa. M var fluttur í sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi þar sem gert var að meiðslum hans. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá sjúkrahúsinu mun M hafa komið þangað um nóttina kl. 2:20. Segir í læknaþréfi varðandi komu hans á sjúkrahúsið svo: “Hann hafði verið að taka eitthvað til og eftir því segir hafði hann nú eitthvað fengið sér pínulítið amfetamín í nös. Nú einhvern veginn atvikast það síðan að hann rekst þarna á rúðu og sker sig í vi. kálfa lateralt.” Í læknaþréfi í tengslum við útskrift M af sjúkrahúsinu segir svo: “Sjúklingur hrasaði á vinnustað en hann vinnur við bílapartasölu og hann var þar í tiltekt og kemur inn með svöðusár aftan á vinstri kálfa.” Á aðgerðarlýsingarblaði segir svo um málsatvik: “Þessi drengur var í Amfetamín vímu á vinnustað og óljóst er hvernig hann skar sig en hann kemur inn með svöðusár aftan á vinstri kálfa.” Í sjúkraskrá um atvikið kemur fram að M hafi hrasað á ruslahaug einni klukkustund fyrir komu og þannig skorið sig á glerbroti. Hann hafi viðurkennt að hafa fyrr um kvöldið neytt amfetamíns.

Í málskoti segir að M hafi geymt snjósleða í geymsluplássi sem hann hafi haft á leigu undir ýmislegt dót og hann hafi öðru hverju notað til viðgerðarvinnu en alls ekki svo að þar hafi hann haft fasta vinnu. Hann hafi mest unnið á hóteli hjá föður sínum. Umrædda nótt hafi hann verið að ná í snjósleðann, en allmikið drasl hafi safnast í kringum hann sem hann hafi verið að leggja á aðra staði og hafi ákveðið að hreinsa eitthvað til um leið svo koma mætti þar fyrir öðrum hlutum. Snjósleðann hafi hann ætlað að nota daginn eftir og ætlað að hafa hann tilbúinn og fara yfir hann, t.d. athuga olíu og eldsneyti. Þá kveður hann ósannað að hann hafi verið undir áhrifum vímuefna.

Sauma þurfti saman um 10 cm langan skurð á fæti M og síðan búa um fótinn í gipsi. M hefur krafist bóta úr frítímaslysatriyggingu sem hann hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

#### Álit.

Engin tjónstilkynning liggur fyrir í málinu. Að undanskildu því er fram kemur í málskoti eru einu upplýsingar um það hvernig slysið bar að höndum að finna í gögnum frá Landspítalanum þar sem M var til læknismeðferðar. Ljóst er að slysið varð þegar M vann við tiltekt í húsnæði þar sem hann hafði vinnuástöðu. Þótt hann hafi ætlað sér að nota fyrrgreindan snjósleða í frístundum verður engu að síður, eins og málið liggur fyrir, að líta svo á að tiltektin hafi verið tengslum við þá starfsemi sem hann hafði með höndum í húsnæðinu. Í 2. gr. skilmála X fyrir frítímaslysatriyggunguna er fjallað um vátryggingarsvið og þar segir í 3. mgr. að vátryggingin taki ekki til slysa sem vátryggður verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysaþætta fylgir. Samkvæmt þessu fellur slysið utan gildissviðs vátryggingarinnar og þegar af þeirri ástæðu fæst það ekki bætt.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatriggingu í fjölskyldutryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 196/2010

### Frávísun

M

og

### Vátryggingafélagið X (erlent félag) vegna líf- og sjúkdómatryggingar (L)

#### Ágreiningur um réttarstöðu.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.06. 2010.
- 2) Bréf banka, fulltrúa félagsins, til nefndarinnar, dags. 14.07. 2010.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

L gerir kröfu um frávísun málsins. Bankinn kveðst ekki vera umboðsaðili vátryggingafélagsins. Ennfremur vísar bankinn til þess að í samningi aðila komi fram að samningur vátryggingartaka og vátryggingafélagsins komi fram að samningurinn lúti lögum Englands og Wales og skuldbindi aðilar sig til þess að lúta niðurstöðum Financial Ombudsman Service (FOS) sé ágreiningi vísað til FOS. Bankinn kveðst reiðubúinn til að aðstoða vátryggingartaka í hvívetna í samskiptum hans við vátryggingafélagið. Bankinn vísar til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd sem gerir kröfu til þess að M hafi lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar. L sé ekki kunnugt um að það skilyrði hafi verið uppfyllt. L telur málið ekki tækt til efnismeðferðar og skuli að þeim sökum vera vísað frá.

#### Álit.

Vegna umfjöllunar bankans (L) skal þess getið að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samþykktu Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skal nr. 1090/2005 skal málskotsaðili hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar. Þessa skilyrðis virðist hafa verið gætt þar sem fyrirliggjandi er höfnum á greiðsluskyldu sbr. bréf bankans til M, dags. 09.07. 2009, þar sem fram kemur m.a. að bótakröfu hafi verið hafnað og að “ítarleg ástæða höfnunar hafi verið send trúnaðarlækni félagsins”.

Bankinn lætur þess getið að samningur vátryggingartaka og vátryggingafélagsins kveði á um það að samningurinn “lúti lögum Englands og Wales og skuldbindi aðilar sig til að lúta niðurstöðu Financial Ombudsman Service sé ágreiningi vísað til” hans. Ekki eru frekari upplýsingar fyrirliggjandi um þetta atriði í gögnum málsins.

Vegna fyrirkomulags málskotsins var L tilkynnt um málskotið fyrir hönd vátryggingafélagsins. Samþykki vátryggingafélagsins liggur ekki fyrir því að nefndin fjalli um ágreining aðila. Bankinn hefur sem fyrr segir krafist frávísunar málsins. Hann kveðst ekki geta skuldbundið vátryggingafélagið.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nefndra samþykktu úrskurðarnefndar úrskurðar nefndin um hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. úrskurðar nefndin um ágreining um bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vísað er og til 141. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 í tengslum við ofanritað. Umrætt vátryggingafélag hefur starfsleyfi hér á landi.

Í gögnum málsins er ekki fyrirbyggjandi afstaða váttryggingafélagsins til málskotsins, sem fyrir segir, ellegar afstaða þess til réttarstöðu aðila nema hvað staðhæft er að bótakröfu hafi verið hafnað vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Með hliðsjón af ofanrituðu telur nefndin að ágreiningur máls þessa sé ekki studdur þeim gögnum sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að úrskurða í málinu. Vegna þessa er málinu vísað frá.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá nefndinni samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar.

Reykjavík 24. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 201/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns**

**Umferðaróhapp 05.02. 2008, ágreiningur um afleiðingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 02.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M missti stjórn á bifreið sinni er hún ók Reykjanesbrautina og endaði á ljósastraur sbr. fyrirliggjandi gögn. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ökumann sakaði ekki. Þá kemur og fram að M hafi ekki leitað læknis fyrr en í byrjun árs 2009. Ástæða fyrir komu til læknis hafi verið bakverkir og höfuðverkir.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins og þeirra óþæginda sem M kann að hafa í dag.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins og þeirra óþæginda sem M hefur í dag.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 203/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á bifreiðastæði við verslunina Úrval að Garðarsbraut á Húsavík þann 13.5.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.7.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til suðvesturs skáhallt yfir stöðureiti á bifreiðastæði við verslunina Úrval. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið af stað áfram úr stöðureit inn á akleið sem liggur frá götu og að verslunarhúsnæði að því er ætla verður af afstöðumynd af vettvangi á forsíðu sameiginlegrar tjónstilkynningar beggja ökumanna, svo og fyrirliggjandi ljósmynd. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B.

**Álit.**

Stöðureitir fyrir bifreiðir eru skýrt afmarkaðir á bifreiðastæðinu með hvítum máluðum línunum. Á milli stöðureitanna eru tvær akleiðir sem liggja frá götu á milli Garðarsbrautar og Stangarbakka og að norðurhlið verslunarhússins. Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið ekið skáhallt frá eystri akleiðinni yfir stöðureiti og inn á vestari akleiðina og þá um leið ekið fram fyrir B. Aksturslag ökumanns B var villandi fyrir aðra ökumenn og vegfarendur sem leið áttu um bifreiðastæðið. Ökumaður A átti að geta treyst því að öðrum ökutækjum yrði ekið um bifreiðastæðið eftir akleiðunum á því en ekki á þann hátt sem A var ekið. Verður ekki séð að ökumaður B hafi getað varast ferðir A eins og hér stóð á. Aksturslag ökumanns A verður því virt honum til sakar, en ekki eru efni til að leggja sök á ökumann B. Samkvæmt þessu verður ökumanni A einum gefin sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 204/2010**

**Guðmundur Einarsson (M)**

og

**Sjóvá Almennar tryggingar hf. v/R-38801 (A)**

og

**v/NL-068 (B)**

**Árekstur á bifreiðastæði við Laugardalshöll 29.04. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 06.07. 2010.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A var á leið að hægri hlið Laugardalshallar á stórri bifreið sinni.

Váttryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga. Ökumaður B hafi ekið hægra megin framhjá A. Ökumaður A hafi stöðvað á miðri akbrautinni og síðan ekið af stað í hægri beygju án þess að gæta að B sem komin var upp að hægri hlið A.

M, ökumaður A, telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M lætur þess efnislega koma fram að hann telur að nauðsynlegt hafi verið að stöðva bifreiðina við þær aðstæður sem fyrir hendi voru þ.e. að teknu tilliti til annarrar umferðar, hann hafi síðan ekið af stað en þá hafi B verið komin til hliðar við bifreiðina hægra megin.

Ökumaður B lætur þess efnislega getið að þegar hann hafi komið upp að hlið A hafi hann séð að bifreið var að koma af efra planinu. Hann hafi því stöðvað strax við hliðina á A. Um leið og hin bifreiðin var komin framhjá hafi A ekið í hlið B. Sökum stærðar hans “beygir hann inn í hliðina á mér”.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má rekja árekstur þennan til ógætilegs aksturs beggja ökumanna. Óvarlegt var af B að aka frammeð A hægra megin og ökumaður A ók af stað án þess að huga nægjanlega að mögulegri umferð um bifreiðastæðið.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 206/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**

**og**

**vátryggingafélagi' X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Áræktur á gatnamótum Laugavegs og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík þann 21.4.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttækið 8.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.7.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Áræktur varð með bifreiðunum A, sem var ekið suður Kringlumýrarbraut, og B, sem var ekið austur Laugaveg. Áræktur varð með bifreiðunum er þeim var ekið inn á gatnamótin, en umferð um þau er stjórnað með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók. Hann taldi sig hafa ekið inn á gatnamótin andspænis grænu ljósi en ekki verið viss. Bifreiðir við gatnamótin sér á hægri hönd hafi verið kyrrstæðar er hann kom að gatnamótunum.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið af stað á móti grænu ljósi, er A hafi verið ekið á B.

Tvö vitni gáfu sig fram á vettvangi. Tekin var símaskýrsla af þeim. Annað vitnið, L, kvaðst hafa verið kyrrstæð í þriðju bifreið fyrir aftan B og verið að fylgjast með stöðu umferðarljósanna. Þegar gult ljós kviknaði hafi B verið ekið af stað og fannst L að B hafi verið ekið of snemma af stað. Þá hafi A verið ekið inn á gatnamótin á miklum hraða. Hitt vitnið, J, kvaðst hafa verið í kyrrstæðri bifreið fyrir aftan B og verið að fylgjast með stöðu ljósanna. Fannst J sem B hafi verið ekið af stað á rauðgulu ljósi. Hafi A þá komið inn á gatnamótin á miklum hraða í veg fyrir B. Þriðja vitnið, S, mun hafa gefið sig fram og var tekin símaskýrsla af því þann 4.6.2010. Það kvaðst hafa verið í næstu bifreið á eftir B og fylgst með stöðu umferðarljósanna. Þegar grænt ljós hafi kviknað gegn akstursstefnu hans hefði ökumaður B lagt af stað inn á gatnamótin. Það hefði sjálft verið að aka af stað þegar A hafi verið ekið á miklum inn á gatnamótin og í hlið B.

**Álit.**

Ökumaður A vissi ekki hversu hratt hann ók. Þá var hann heldur ekki viss um stöðu umferðarljósanna er hann ók inn á gatnamótin, en taldi sig hafa ekið á móti grænu ljósi. Ökumaður A kvaðst hafa ekið af stað er grænt ljós hafði kviknað andspænis honum. Í sama streng tók vitnið S. Framburð vitnanna L og J verður hins vegar að skilja svo að gult ljós ásamt rauðu hafi logað á móti ökumanni B er hann ók af stað inn á gatnamótin. Öll vitnin þrjú báru svo að A hafi verið ekið á miklum hraða inn á gatnamótin í þann mund sem árækturinn varð. Að þessu öllu virtu þykir mega slá því föstu að ökumaður A hafi ekið inn á gatnamótin andspænis rauðu ljósi. Það var öldungis óheimilt, sbr. 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 289/1995 með áorðnum breytingum. Ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Eins og fyrr getur kvaðst ökumaður B hafa ekið af stað gegnt grænu ljósi. Eitt vitni staðhæfði að B hafi verið ekið af stað er gult ljós logaði ásamt rauðu og þannig fannst öðru vitni staða ljósanna einnig hafa verið. Þriðja vitnið taldi á hinn bóginn að B hafi verið ekið af stað gegnt grænu ljósi. Þótt ekki sé ljóst hvernig það atvikaðist að síðastgreinda vitnið gaf sig fram við lögreglu og af því var tekin símaskýrsla allnokkru eftir árækturinn þykir ekki alveg hægt að horfa fram hjá farmburði þess þegar lagt er mat á það hvort sannað þyki að

ökumaður B hafi verið ekið af stað gegnt gulu ljósi samtímis því að rautt ljós logaði einnig í akstursstefnu hans. Þegar framburðir ökumanns B og vitnanna eru metnir heildstætt og einnig horft til þess hvernig áreksturinn bar að höndum þykir ekki nægilega sannað að ökumaður A hafi ekið af stað áleiðis inn á gatnamótin er rautt ljós logaði samtímis gulu ljósi þannig að á hann verði felld meðábyrgð á árekstrinum. Samkvæmt þessu verður ökumanni A einum gefin sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 207/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við framúrakstur á Eyjafjarðarbraut eystri þann 11.05. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.07. 2010.
- 2) Viðbrögð vátryggingafélaganna við málskotinu.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera alla sök á árekstrinum. Á vettvangi er hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B kvaðst hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann beygði inn á afleggjara sem þarna er. Ökumanni A hafi því verið óheimilt að aka framúr.

Vátryggingafélag A telur að ökmumaður B beri meginábyrgð á árekstrinum.

M (A) vísar til þess að vátryggingafélag B hafi ekki viljað hlíta niðurstöðu Tjónanefnar vátrygginga-félaganna. Hann kveðst hafa tekið löglega framúr traktorum (B). Hann hafi ekki séð stefnumerki á B og því ekið farmúr.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan framúrakstur. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð fyrir að huga ekki nægjanlega að umferð sem á eftir kom.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 209/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins K.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna frágangs á gangstígum.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 13.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.2.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Seint að kvöldi 10.1.2010 hjólaði M til norðurs eftir malbikuðum gangstíg meðfram Reykjanesbraut að vestanverðu en austan húsbygginga við Skemmuveg í K. Er hann kom að athafnasvæði Sendibílastöðvar K endaði gangstígurinn á malarsvæði. Þar lágu tröppur úr tré niður á annan gangstíg sem liggur að undirgöngum undir Reykjanesbraut í átt að Álfabakka í Mjódd Reykjavíkurmegin. Sunnan við tröppurnar er grasigróin brekka, en skáhallt í gegnum brekkuna hefur verið troðinn hjóla- og gangstígur niður að undirgöngunum. Vegna myrkurs sá M ekki gjörla hvar leiðin lá að undirgöngunum, en engin lýsing hafi verið frá tveimur ljósastaurum sem þarna voru. Hann hafi óljóst séð fyrrgreindan stíg sunnan við tröppurnar og hafi hann farið rólega þar niður. Þá hafi hjólið runnið til hliðar og hann dottið með þeim afleiðingum að hann beinbrotnaði á vinstri fæti.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu K hjá váttryggingafélaginu X sökum bágs frágangs á gangstígnum.

**Álit.**

Aðstæður á slysstað hafa verið kannaðar af hálfu nefndarinnar. Einnig liggja fyrir greinargóðar ljósmyndir af staðnum. Á það má fallast að aðstæður þar eru ekki eins og best verður á kosið. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að það verði rakið til saknæmrar háttsemi bæjaryfirvalda í K. Þá afréð M að hjóla niður brekkuna í stað þess að ganga niður og leiða hjólið. Að öllu virtu telst ósannað að K beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þar af leiðir að það fæst heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu K hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 210/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar (A)**

**Ágreiningur um hvort um undanskilda áhættu sé að ræða.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 13.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar ágreining um niðurfellingu á persónulegri ábyrgð M vegna “starfsmannaláns til hlutafélagakaupa” í banka sem stjórn bankans gaf eftir sbr. fyrirliggjandi gögn. Málskotinu fylgdi stefna bankans á hendum M þar sem málsatvik koma fram.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála um að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tenglum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu vátryggðs. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að ekki hefði komið til árgreiningu máls þessa nema vegna þess að M var í stjórnendastöðu hjá bankanum og fékk af því tilefni þá lánafyrirgreiðslu sem um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 214/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Fall úr skrifborðsstól sem gaf sig þann 29.05. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína. Hann mun hafa teygt sig í bréfastemmu á gólfi “þegar bak skrifborðsstóls hans gaf sig til hliðar og brotnaði með þeim afleiðingum að M féll á gólfið.”

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á skaðsemisábyrgð vátryggingartaka. Með öllu sé óupplýst hvað varð til þess að stóllinn brotnaði.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að stofnast hafi skaðabótaábyrgð á grundvelli laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 217/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður slasaðist er kviknaði í gasi í gasbrennara sem notaður er til að hita tjöru.**

**Gögn.**

1. Málskot ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.8.2010.

**Málsatvik.**

Unnið var við malbikunarframkvæmdir á vegum V. Við verkið var notuð sérútbúin vörubifreið, en á palli hennar var tjörutankur fyrir malbik sem þarna var notað. Fyrir framan tankinn var sérstakur límpottur með þynntri tjöru sem notuð var til að skeyta saman gamalt malbik og nýtt. Á límpottinum var eldhólf með gasbrennara til að hita límið. Starfsmaður V hugðist kveikja á brennarannum. Hann hélt niðri takka sem opnaði fyrir gasstreymi til brennarans og bar eld með litlum gaskveikjara að brennarannum inni í eldhólfinu. Í sömu andrá stóð M, sem einnig var starfsmaður V, við hægra framhorn pallsins. Þegar kviknaði á brennarannum kom mikið eldhaf út úr hólfinu og barst í andlit M. Við það féll hann í jörðina og meiddist á hægri öxl auk þess sem hann brenndist í andliti.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um atvikið kemur fram að við skoðun á aðstæðum hafi verið gefin þau fyrirmæli að laga skyldi kveikibúnað fyrir brennarann. Í málskoti segir að starfsmaður V hafi kveikt á brennarannum með því að setja járnskóflu yfir bilaðan rofa til að hann héldist inni. Þegar loginn slokkaði hafi gas haldið áfram að seytla úr brennarannum. Þegar kveikja átti að nýju á brennarannum hafi sprenging orðið með fyrrgreindum afleiðingum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V sem hann hafði í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Skýrsla Vinnueftirlitsins í máli þessu er haldin miklum ágalla að því leyti að ekkert segir um ástæður þess að laga skuli kveikibúnað fyrir gasbrennarann eins og fyrirmæli voru gefin um. Í gögnum málsins kemur heldur ekki fram í hverju bilun brennarans var fólgin að öðru leyti en því sem fram kemur í málskoti eins og að ofan greinir. Þeirri lýsingu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu X. Í ljósi þessa verður við það að miða að bilun hafi verið í gasbrennarannum og til að kveikja á honum og viðhalda loga hafi verið viðhöfð sú aðferð sem lýst er í málskotinu. Sú aðferð var hættuleg og til þess fallin að valda gassprengingu eins og raunin varð. Því ber V vinnuveitandaábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert haldbært hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til að skerða bætur til M vegna meðábyrgðar hans.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 218/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í nýbyggingu þann 23.1.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.8.2010.

**Málsatvik.**

Að morgni slysdags rann M til á og datt á hálkubletti í bifreiðageymslu sem var í byggingu við fjölbýlishús. M hafði sleggju í hendi og er hann féll klemmdist langatöng vinstri handar á milli sleggjunnar og gólfsins. Missti M framan af fingrinum.

M kveður vatnspolla á gólfi bifreiðageymslunnar hafa frosið er kólnaði um nóttina. Engin lýsing hafi verið í bifreiðageymslunni og sökum myrkurs hafi verið dimmt þar inni. Kveður M lýsingu og aðstæður að öðru leyti hafa verið ófullnægjandi á vinnustaðnum sem ekki hafi verið í samræmi við ýmis ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum né ýmis ákvæði í reglugerðum settum samkvæmt lögnum. M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Fyrir liggur í málinu að M er lærður húsasmiður og unnið um árabíl í þeirri iðngrein. Slysið mun hafa orðið í byrjun vinnudags. M átti að gera sér grein fyrir að það hafi fryst um nóttina og við slíkar aðstæður gætu hálkublettir myndast í bifreiðageymslunni sem var í byggingu. Ekki er um það deilt að ljós voru tiltæk á staðnum. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ætlast hafi verið til þess að M færi inn í bygginguna áður en ljós voru kveikt. Að öllu virtu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið verði rakið til þess að vinnuveitandi M hafi vanrækt að gæta að öryggi starfsmanna sinna á vinnustaðnum eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Því bætist tjón hans ekki úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 24. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 219/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar/húseigendatryggingar**

**Vatnstjón í sumarhúsi í 04.03. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 16.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 4. mars mun vátryggingafélaginu hafa verið tilkynnt um vatnstjón í hinni vátryggðu húseign. Tjónaskoðun var framkvæmd og komu í ljós fjörmargir staðir í húsinu þar sem lekaskemmdir hafa orðið auk þess sem ummerki eru um viðgerðir og tilraunir til viðgerða, að álitum félagsins. Félagið telur að fyrirliggjandi myndir gefi nokkra hugmynd um almennt ástand eignarinnar.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið kveðst hafa lýst sig reiðubúið til að greiða bætur í samkomulagsskyni án viðurkenningar á bótaskyldu. Félagið vísar til þess að vátryggðum hafi verið kunnugt um að vatn og rafmagn var ekki á fasteigninni, hann hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að tjón hlytist af. Félagið telur og að hann hafi vanrækt að tilkynna félaginu um eldri tjón sem hafi orðið á húsnæðinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar m.a. til þess að leigjandi hafi passað uppá húsið.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 220/2010**

**Jón Ingvar Pálsson (M)**

**og**

**Vátryggingafélag Íslands hf. v/VISA Platinum**

**Ágeiningur um greiðsluskyldu vegna tjóns á bílaleigubifreið 04.07. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 21.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæði skilmála þar sem fram kemur að kaskótrygging gildir aðeins ef vátryggður hafnar því að kaupa af bílaleigunni "Loss Damage Waiver" tryggingu eða víðtæka vátryggingu vegna hins leigða ökutækis. Félagið telur ljóst að í bílaleigusamningnum sé ásamt öðrum vátrygginum kaskótrygging. Í málskoti sé á því byggt að umrædd vátrygging eigi að gilda þar sem engar auka tryggingar hafi verið keyptar af bílaleigunni, umfram þá vátryggingu sem innifalin er í leigugjaldinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 222/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á bifreiðastæði við Eirberg á lóð Landspítalans við Hringbraut þann 10.6.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 16.8.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak til austurs úr stöðureit inná akleið á bifreiðastæði á lóð Landspítalans við Hringbraut sunnan við Eirberg. Þá var bifreiðinni B ekið aftur á bak til vesturs inn á akleiðina úr stöðureit á móti þeim stöðureit sem A var ekið úr. Rákust þá saman hægra afturhorn A og aftanverð hægri hlið B. Yfirborð bifreiðastæðisins virðist malbikað, en á því eru engar línur málaðar sem afmarka stöðureitina sem bifreiðirnar voru í né akleiðina á milli þeirra.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak úr bifreiðastæði og fundið þá högg koma aftan á bifreiðina þegar bifreiðirnar höfðu lent saman.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að aftur á bak og verið kyrrstæð og verið að búast við að fara að aka af stað þar sem hann hafi ætlað að rétta bifreiðina af. Þá hafi hann fundið högg koma á B þegar A hafði verið ekið aftur á bak úr bifreiðastæðinu gegnt sér.

**Álit.**

Samkvæmt framburði ökumanns A var hann á ferð aftur á bak þegar áreksturinn varð og vissi ekki af B fyrir aftan sig. Með því hefur hann ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði bar honum að gæta þess áður en hann ók aftur á bak að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Ökumaður B staðhæfir að bifreið sín hafi verið kyrrstæð og hann hafi verið að búa sig undir að geta ekið áfram til að rétta bifreiðina af, þegar áreksturinn varð. Telja verður ósannað samkvæmt gögnum málsins að ökumaður B hafi brotið varúðarskyldu á sama hátt og ökumaður A gerði. Að teknu tilliti til þessa og ákomustaða á bifreiðunum verður ökumanni A einum gefin sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 31. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 224/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar sveitarfélags vegna skólahúsnaðis**

**Meiðsl þegar hurð í skóla skall á M þann 26.11. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, starfsmaður skólans, slasaðist er hún var á leið til vinnu sinnar. M ætlaði að ganga inn um útihurð á neðri gangi skólans. Slæmt veður var og það gekk á með miklum vindkviðum. Hún opnaði hurðina, smeygði sér inn en þá skall hurðin harkalega á bakið á henni og höfuð þannig að meiðsl hlaust af sbr. fyrirliggjandi gögn. Gler í hurðinni brotnaði.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess að hér hafi ekki verið um almennan inngang að ræða heldur neyðarútgang. Kennurum hafi verið kunnugt um aðstæður. Hurðin hafi ekki verið vanbúin. Ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu N.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp þetta til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar á aðstæðum sem hann ber ábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að umrædd hurð hafi verið vanbúin. Það óhapp sem hér um ræðir virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 24. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 226/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátrygginafélagið Y v/B**

**Árekstur í Lækjargötu við Bókhöðustíg 15.07. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 04.08. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er milli ökumanna um aðdraganda árekstursins. Ökumaður B hugðist beygja af Lækjargötu við Bókhöðustíg. Hann telur efnislega að ökumaður A hafi ekið hægra megin frammeð bifreið B. Ökumaður A kveðst efnislega hafa verið kyrrstæður og bifreiðin ekki í gangi. B hafi verið ekið utan í hægra horn bifreiðar sinnar þegar B hugðist beygja til hægri.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum. Bifreið A hafi verið kyrrstæð í umrætt sinn. A hafi verið lagt í afmarkað bifreiðastæði rétt áður en komið er að Bókhöðustíg, en eftir Bókhöðustíg breytist þessi rein í sérrein fyrir stætisvagna og leigubifreiðar. Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ósannað er með hvaða hætti áreksturinn varð.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað um nákvæman aðdraganda áreksturs þessa og ekki þykir unnt að láta halla á annan ökumann umfram hinn. Með hliðjón af framanrituðu þykir rétt að skipta sök til helminga.

Upplýsingar um ákomu á bifreið A breytir ekki ofanrituðu.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 31. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 227/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er skemmdir urðu á bifreið þann 12.4.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið .29.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.8.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Lögreglunni á Akureyri var tilkynnt um að ungur drengur, A, rúmlega 13 ára gamall, hafi verið að brjóta kveikjara við tiltekna götu á Akureyri með þeim afleiðingum að grjót hafi lent á þaki bifreiðarinnar B sem er í eigu M. Samkvæmt frásögn vitnis stóð B við vestari vegbrún götunnar, en A hafi verið að brjóta kveikjarann hinum megin við götuna með því að henda grjóti í kveikjarann. Grjótið hafi brotnað og annað brotið hafi hafnað í þaki B. Vitnið kvaðst hafa farið á eftir A og hefði hann viðurkennt fyrir vitninu að þetta hafi gerst eins og hér hefur verið lýst. Móðir A tjáði lögreglu að A hefði einnig lýst atburðarásinni fyrir sér á sama veg. Í málskoti er þess getið að tilraun hafi verið gerð með að kasta grjóti niður í gangstétt og kannað hvort unnt væri að láta það skoppa svo hátt að líkur væru á að það næði upp fyrir topp B eins og gengið er út frá í framangreindri atvikalýsingu. Niðurstaða þeirrar tilraunar hafi sýnt að yfirgnæfandi líkur séu á að atvikið hafi ekki gerst eins og að ofan er lýst. Líklegt sé að A hafi kastað grjótinu beint upp í loftið og vonað að það kæmi niður og hafnaði á kveikjaranum. Honum hafi því mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af gjörðum hans.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartrygginga fjölskyldu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

**Álit.**

Svo M geti átt skaðabótakröfu á hendur A vegna tjónsins sem varð á B, og þar með átt einnig kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingunni hjá X, verður M að hafa sýnt fram á sök hjá A. Svo sakarskilyrðum sé fullnægt þarf m.a. að vera sýnt fram á að tjónið sé sennileg afleiðing af háttsemi A. Framangreind lýsing á tildrögum óhappans og háttsemi A er byggð á lýsingu vitnis sem gefin var hjá lögreglu. Nánari lýsingu á málsatvikum er ekki til að dreifa. Telja verður ósannað að atvik hafi gerst með öðrum hætti en vitnið lýsti fyrir lögreglu. Samkvæmt tilraunum sem M hlutaðist til um og lýst er í málskoti virtist sem útilokað væri að steinn eða brot úr steini gæti þeyst þannig upp í loftið efir að hafa verið kastað í jörðina að hann gæti lent á þaki B. Í ljósi þessa og eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ekki hafi verði sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að tjónið á B hafi verið sennileg afleiðing af gjörðum A. Af þeim sökum telst ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi A og telst því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 31. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 228/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um réttarstöðu, grunur um að greiðslukorti hafi verið stolið og misnotað 29.05. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 29.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M heldur því efnislega fram að greiðslukorti hans hafi verið stolið erlendis og það misnotað. Umræddur aðili hafi og komist yfir pin númer M og því getað notað kortið sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýna að kortið hafi verið stolið og misnotað. Bendi gögn málsins til þess að úttekirnar séu á ábyrgð M.

Félagið telur og að hafi kortinu verið stolið og það misnotað hafi M brotið varúðarreglu skilmála félagsins sem eigi að hafa í för með sér brottfall ábyrgðar sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi ekki farið eftir þeim reglum sem gilda um notkun greiðslukorta þ.e. hann varðveitti ekki pin-númer sitt á öruggan hátt. Má rekja vátryggingaratburðinn til þessa.

Með hliðsjón af framanrituðu og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er rétt að fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins vegna brots M á varúðarreglu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 31. ágúst 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 229/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda ökutækis.**

**Ágreiningur um hvort vátryggingaratburður telst sannaður.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.8.2010.

**Málsatvik.**

Þann 18. september 2009 leitaði M á heilsugæslustöð og lét þess getið að hann hefði dottið af mótorhjóli þann 21. mars sama ár. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði um komu M á heilsugæslustöðina í umrætt sinn kvaðst M hafa lent einhvern veginn með fótinn undir sér og tognað á hægri ökkla. Hins vegar hafi hann í umrætt sinn leitað á heilsugæslustöðina vegna þess að hann hafi verið í réttum nýlega og misstigið sig á ný á sama ökkla. Við læknisskoðun á M voru við álagspróf smá verkir fyrir neðan “lateral malleolus” og hann var aumur og neðan og framan við “lateral malleolus” og einnig vægt aumur yfir “medial malleolus”. Á röntgenmynd sem tekin var greindust ekki brot en ílöng kalkskella sást aðlægt “lateral malleolus” sem bendir á afleiðingar eftir gömul meiðsl (“trauma”).

Í umboði M til lögmanns síns, dags. 16. mars 2010, segir að ofangreint bifhjólalýs hafi gerst við Björnskot á Skeiðum er hann ók tilteknu bifhjóli ofan í holu og missti stjórn á því með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu og fékk það ofan á hægri fótinn. Bifhjólið var vátryggt lögmaetri slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir við óhappið. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engum frekari gögnum er til að dreifa í málinu en að framan greinir varðandi þann vátryggingaratburð sem M kveðst hafa orðið fyrir þann 21. mars 2009 og þau meiðsl sem hann hlaut þá. M virðist ekki hafa leitað til læknis vegna þessara meiðsla fyrr en 18. september 2009 eða tæpum sex mánuðum eftir að atvikið átti sér stað. Svo virðist sem hann hafi leitað læknis vegna meiðsla sem hann hafði þá hlotið skömmu áður í réttum. Á M hvílir sú skylda að sanna að hann hafi orðið fyrir bótaskyldum tjónsatburði. Af fyrirliggjandi málgögnum þykir sú sönnun ekki hafa tekist. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu bifhjólsins vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 14. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 230/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ húftryggingar á vinnuvél.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vinnuvél.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 4.8.2010.
2. Bréf X, dags. 17.8.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Beltaskurðgrafa af gerðinni Fiat Hitachi í eigu M varð fyrir skemmdum sem er lýst svo í málskoti: “Í vetur hefur vatn komist ofan í hólfið umhverfis svífil og í frostum hefur þenslan verið það mikil að gólf þess hefur gengið til og við það hefur svífillinn gengið til og nipplar brotnað og afstaða skekkst og snúningsrótur orðið fyrir skemmdum einnig.”

Grafan var húftryggð samkvæmt vinnuvélatryggingu hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna fyrrgreindra skemmda. X hefur hafnað bótaskyldu einkum á þeim forsendum að tjónið hafi ekki orðið með þeim hætti að það falli undir gildissvið vátryggingarinnar.

**Álit.**

Eins og áður greinir var umrædd grafa húftryggð hjá X og samkvæmt fyrirbyggjandi vátryggingarskírteini gilda um þá vátryggingu nánar tilgreindir skilmálar félagsins. Í 4. gr. skilmálanna er kveðið á um gildissvið vátryggingarinnar og þar segir að vátryggingin bæti beint tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Eins og atvikum er lýst í málskoti, en öðrum gögnum um tildrög skemmdanna er ekki til að dreifa í gögnum málsins, verður ekki betur séð en skemmdirnar hafi orðið á lengri tíma en svo að um skyndilegt atvik hafi verið að ræða. Þegar af þeim ástæðum verður ekki hjá því komist að líta svo á að skemmdirnar falli utan bótaskylds vátryggingarinnar. Af því leiðir að tjónið er ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu vinnuvélarinnar hjá X

Reykjavík, 7. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 231/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/sumarbústaðatryggingar**

**Vatnstjón í mars 2010 í sumarbústað.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Heitavatnslögn í sumarhúsi M að Hellu sprakk þann 24.03. 2010 með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi um húsið.

Vátryggingafélagið hafnar bótagreiðslu. Það telur að frágangi lagna fyrir heitt- og kalt neysluvatn svo og ofnalagnir hafi ekki verið í samræmi við góðar venjur og að varúðarreglu vátryggingarskilmála hafi ekki verið fylgt auk þess sem ekki hafi verið haft samband við félagið þegar vatnslagnir voru lagðar. Félagið telur neysluvatnslagnir þær lagnir sem flytja vatn sem er hæft til neyslu sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar, dags. 11.08. 2010. Í nefndri varúðarreglu kemur fram að skilyrði fyrir bótagreiðslu vegna tjóns sem verður á tímabilinu 1. október til 30. apríl er að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna og þær ásamt viðtengdum tækjum séu tæmdar.

Við skoðun tjónamatsmanna hafi komið í ljós að vatnslagnir hafi ekki uppfyllt lágmarksköfur um frostþol. Félagið telur að tjónsatburð máls þessa megi rekja til þessa og hafnar bótaskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M varúðarreglu vátryggingarskilmála á þann veg að bótaréttur fellur niður sbr. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 235/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar kvikmyndahúss (A)**

**Meiðsl við fall á gólfi í kvikmyndahúsi þann 18.09. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll í bíosal þar sem hún var stödd á kvikmyndasýningu sbr. fyrirliggjandi gögn. Hún þurfti að bregða sér frá sökum vanlíðunar en rann þá til í bleytu. Starfsmönnum bíósins mun ekki hafa verið kunnugt um bleytuna.

M telur greiðsluskylda fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að A eða starfsmenn hans hafi vanrækt starfsskyldur sínar eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að unnt sé að fella ábyrgð á A.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 236/2010****Málskotsaðili M**

og

**Vátryggingarfélagið V, v/stjórnendaábyrgðartryggingar****Ágreiningur um skilmála stjórnendaábyrgðartryggingar v. tjónsatburðar þ. 27. ágúst 2007.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12. ágúst 2010 ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Tölvupóstur M til nefndarinnar, dags. 16. ágúst 2010.
3. Bréf V, ódagsett, ásamt fylgigögnum.
4. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 24. september 2010 ásamt fylgigögnum.
5. Bréf M, dags. 28. september 2010.
6. Tölvupóstur M til nefndarinnar, dags. 1. október 2010.

**Málsatvik.**

Ágreiningur er með málsaðilum um túlkun skilmála stjórnendaábyrgðartryggingar, Directors' and Officers' Liability Insurance, og höfnun V á að viðurkenna rétt M til bóta úr tryggingunni. Fjármálafyrirtækið F hafði keypt stjórnendaábyrgðartryggingu hjá V. M stofnaði til viðskipta við F hinn 2. október 2006 með kaupum á skuldabréfunum X sem tengdust tilteknu verkefni. Um var að ræða óverðtryggð skuldabréf tryggð með 1. veðrétti í fasteign. Voru bréfin öll á gjalddaga 15. september 2007. Nafnvirði bréfanna nam kr. 92.000.000 og greiddi M fyrir þau kr. 80.529.739. Í ágúst 2007 var M ráðlagt af hálfu F að kaupa svonefnd Y skuldabréf og nota andvirði X skuldabréfanna til að fjármagna kaupin. Þann 27. ágúst 2007 festi M kaup á Y bréfunum. Bréfin voru tryggð með 2. veðrétti í landi Y. Bréfin voru útgefin af fjárfestingarfélaginu B og tengdust ákveðnum framkvæmdum í landi Y. Nafnvirði bréfanna nam 105.300.000 og voru þau á gjalddaga þann 20. ágúst 2008 en M greiddi kr. 89.524.929 fyrir bréfin. Þegar leið að gjalddaga var M tjáð að F myndi ekki geta staðið í skilum. Í nóvember 2008 fór fram bráðabirgðauppgjör sem M var ósáttur við og lagði hann málið fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki í febrúar 2009. Nefndin taldi að skort hefði á eðlilega upplýsingagjöf til M áður en til viðskiptanna með Y bréfin kom. Dótturfélag F, var eigandi að 28% hlutafjár í útgefanda Y skuldabréfanna. Taldi nefndin að F hefði átt að gera M ítarlega grein fyrir hagsmunum sínum af umræddum verðbréfavíðskiptum. Þá hafi einnig skort á upplýsingar um hvernig vinnu við skipulag landsins Y var háttað eða hversu langt hún væri komin og að uppbygging þess gæti tekið 20 ár. Nefndin taldi að F hefði farið á svig við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og hagsmuni M, sbr. 4. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Með úrskurðinum var F gert að greiða M bætur vegna tjóns hans sem miðuðu að því að gera M eins settan og ef aldrei hefði orðið af kaupum hans á Y bréfunum. F og M gerðu með sér samning um uppgjör á bótum samkvæmt úrskurðinum en þegar til kom greiddi F ekki samkvæmt samningnum. Þann 3. mars 2010 skipaði Fjármálaeftirlitið bráðabirgðastjórn yfir bankann og var F síðan tekið til formlegrar slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 9. apríl 2010. M gerði kröfu í ofangreinda svokallaða D&O tryggingu sem F hafði hjá V sem veitir stjórnendum og stjórnarmönnum tryggingu vegna persónulegrar skaðabótaábyrgðar þeirra vegna starfa sinna. Þegar V hafnaði bótaskyldu úr tryggingunni lagði M málið fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Fyrir nefndinni byggir M á því að fyrirverandi forstjóri F og fyrirverandi varaformaður og síðar stjórnarformaður F hafi sýnt af sér háttsemi sem leiða eigi til skaðabótaskyldu þeirra gagnvart sér og þar með til réttar síns til greiðslu úr D&O tryggingunni. Háttsemi sú sem M sakar áður nefnda aðila um skiptist í þrennt:

1. Fjárfestingarfélagið B gaf út skuldabréf þau sem M keypti. F átti 28% í fjárfestingarfélaginu B í gegnum dótturfélag sitt Z en annað fjárfestingarfélag Þ átti 72%. Öllum hafi verið það ljóst og ekki síst stjórnendum F að það var nefndur aðili A sem hafi

- verið forsvarsmáður fjárfestingarfélagssins P og þar með fjárfestingarfélagssins B, maður með marga refsíðoma á bakinu. Fullyrðir M að hann hefði aldrei átt viðskipti sem tengdust fjárfestingarfélaginu B ef hann hefði vitað þessar staðreyndir málsins.
2. M kveður verulega hafa verið farið að halla undan fæti hjá F sumarið 2007 áður en kom að gjalddaga X bréfanna og hafi verkefnið m.a. verið komið í miklar ógöngur. Hafi því verið reynt með flestum tiltækum ráðum að fá eigendur X bréfanna til að skipta þeim upp í Y bréfin. Upplýsingunum um þessi vandræði hafi hins vegar verið haldið leyndum. Bendir M á ummæli þáverandi aðallögfræðings F í greinargerð fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við Fjármálafyrirtæki en þar segi m.a.: „Í lok ágúst 2007 þótti ljóst að skuldari X bréfanna myndi ekki geta staðið í skilum skv. ákvæðum veðskuldabréfanna og ákvað varnaraðili því að kaupa öll bréf sem tryggð voru með veði í landinu X og leysa til sín eignina á uppboði. Voru öll bréfin keypt af kröfuhöfum á fullu verði. Varnaraðili situr enn uppi með stóran hluta fasteignarinnar X“ Þessar upplýsingar kveður M vera í algjörrri andstöðu við það sem stjórnendur og almennir starfsmenn höfðu gefið til kynna sumarið 2007. Hér hafi því skort mjög á alla eðlilega varúð og upplýsingaskyldur og því hafi verið um vítaverða vanrækslu að ræða og þá sérstaklega hjá æðstu stjórnendum F.
  3. Þá bendir M á afstöðu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og ábyrgð stjórnenda á skorti á upplýsingagjöf að því er varðandi eignarhlut dótturfélags F í fjárfestingarfélaginu B, útgefanda Y skuldabréfanna.

M kveðst hafa gert kröfu um bætur á hendur nefndum stjórnendum innan eðlilegra tímamarka og vísar m.a. til 2. mgr. 3. gr. laga um váttryggingasamninga og vísun þeirrar greinar til 46. gr. sömu laga.

V hefur hafnað bótaskyldu úr D&O tryggingunni á þeim grundvelli að hún hafi verið fallin úr gildi þegar krafan kom fram af hálfu M. Samkvæmt gögnum málsins féll tryggingin úr gildi þann 22. júní 2009 en formlegt kröfubréf var sent af hálfu M þann 10. júní 2010 til fyrrverandi forstjóra og fyrrverandi varaformanns og síðar stjórnarformanns F. Því haldið fram af hálfu V að engin bótaskylda sé til staðar af hálfu V þar sem skilmálar tryggingarinnar mæli fyrir um að krafa verði að koma fram á hendur váttryggðum á gildistíma tryggingarinnar og krafa hafi ekki verið sett fram af hálfu M fyrr en eftir að gildistíminn var liðinn. Þrátt fyrir að reglur váttryggingasamningalaga nr. 30/2004 séu aðrar varðandi gildistíma og framsetningu kröfu þá séu ákvæði sem þessi séu heimil í váttryggingaskilmálum þar sem aðilar geti við ákveðin skilyrði samið sig undan ákvæðum laganna við ákveðin skilyrði skv. 2. mgr. 3. gr. þeirra. V hafnar einnig bótaskyldu úr ofangreindri váttryggingu á þeim grundvelli að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð nafngreindra stjórnenda F. Ekki liggi fyrir hvaða háttsemi stjórnenda sé sagnæm og auk þess sé ósannað að orsakatengsl séu á milli þeirrar mögulegu háttsemi og þess tjóns sem M kunni að hafa orðið fyrir.

### Álit

Skilmálar váttryggingar þeirrar sem um ræðir eru á ensku. Í upphafi skilmálanna segir að kröfu þurfi að gera á hendur stjórnendum og stjórnarmönnum á gildistíma tryggingarinnar. Í II. kafla skilmálanna í lið A er svo skilgreint hvað felist í kröfu. Hugtakið krafa er skilgreint mjög rúmt í skilmálunum, sbr. lið A iv) *any administrative or regulatory proceeding or official investigation* og v) *an arbitration proceeding*. Með tilliti til þess að sóknaraðili leitaði til Fjármálaeftirlitsins þann 18. desember 2008 og skaut máli sínu til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 16. febrúar 2009 telur nefndin að krafan hafi komið fram nægilega snemma í skilningi skilmálanna. Í þessu tilliti er hallinn af vafaatriðum við túlkun skilmálanna metinn varnaraðila í óhag.

Nefndin telur að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl á milli samstarfs F við nafngreindan aðila A og tjóns M. Hins vegar telur nefndin að verulega hafi skort á alla upplýsingagjöf til M af hálfu starfsmanna og stjórnenda F varðandi viðskipti með Y bréfin svokölluðu. Nefndin telur að forstjóra F hafi borið að gera viðhlýtandi ráðstafanir til þess viðskiptavinum væru veittar fullnægjandi upplýsingar varðandi viðskiptin með Y bréfin þar sem F hafði verulega hagsmuni af þeim viðskiptum og sérlega mikilvægt að upplýsa viðskiptavini um þá hagsmuni í samræmi við 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. V, og um leið forstjóri F, hafa ekki sýnt fram á að forstjórinn hafi gert þær ráðstafanir sem honum bar að gera sem ábyrgum stjórnanda samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995. Getur forstjóri ekki vísað á starfsmenn sína að þessu leyti og fríað sig ábyrgð. Um veigamikil viðskipti var að ræða á tíma þar sem staða fyrirtækisins

var versnandi. Hlaut forstjóra að vera kunnugt um þessi viðskipti. Nefndin telur líklegt miðað við gögn málsins að M hefði ekki gengist í viðskipti með Y bréfin hefði hann fengið þær upplýsingar sem F bar að veita honum. Sem stjórnandi ber forstjóri F ábyrgð á þeim skorti á upplýsingagjöf sem leiddi til tjóns M og telur nefndin M því eiga kröfu í stjórnendaábyrgðatryggingu hjá V. Nefndin telur ekki unnt að leggja sambærilega skyldu á stjórnarformann enda eru starfsskyldur hans annars eðlis en forstjóra og varða ekki daglegan rekstur með sama hætti.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr stjórnendaábyrgðatryggingu hjá V.

Reykjavík, 2.11.2010

---

Rúnar Guðmundsson, hdl.

---

Ólafur L. Einarsson, hdl.

---

Íris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.

**Mál nr. 238/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ lögmæltrar starfsábyrgðartryggingar hönnuða.**

**Ágreiningur um gildissvið lögmæltrar starfsábyrgðartryggingar hönnuða.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 17.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 3.9.2010.

**Málsatvik.**

M rekur arkitektastofuna A. Með samningi á árinu 2004 tók A að sér að hafa yfirumsjón með öllum innanhúsframkvæmdum, þ.e. bæði hönnun og verksumsjón, við húseignina B í Kópavogi, en eigendur B höfðu þá fest kaup á henni fokheldri að innan en fullfrágengninni að utan. D, starfsmaður A, sá um framkvæmd samningsins fyrir hönd A. Þannig munu M og D hafa séð um hönnun, verksumsjón, eftirlit og úttektir í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt tóku M og D að sér að afla tilboða, réðu iðnaðarmenn og verktaka til verksins fyrir hönd eigenda B. Fengu M og D greitt fyrir verksumsjón og eftirlit.

Fram komu ýmsir gallar á þeim framkvæmdum sem hér að framan hefur verið lýst. Kröfðust eigendur B skaðabóta úr hendi M, D og fleirum sem komið höfðu að framkvæmdunum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness var komist að þeirri niðurstöðu að M og D bæru óskipta ábyrgð á ýmsum þáttum sem úrskæiðis höfðu farið. Þeir þættir sem leiddu til skaðabótaábyrgðar M og D samkvæmt dóminum voru eftirtaldir:

- Galli á loftræstingu hússins þannig að loftræstingu vantaði frá eldhústækjum.
- Parket í húsinu reyndist ónýtt sökum þess annars vegar að lekið hafði frá baði þar sem D hafði ákveðið að ekki skyldi fúgað á milli flísa eins og nauðsynlegt var og hins vegar að ekki var fylgst nægilega með lagningu parketsins og að rétt vinnubrögð væru viðhöfð varðandi rakastig í gólfi og rakastig í parketi.
- Röng hönnun af hálfu D með því að fyrirskipa að náttúrusteinn skyldi lagður á böð og á gólf í forstofu og eldhúsi án þess að fúgur væru hafðar í milli.
- Eftirlit með magntöku og yfirfærslu á tveimur reikningum frá trésmíðaverktaka brást.
- D lét fúga í herbergjum án þess að hafa kynnt það húseigendum fyrirfram.
- Kostnaður vegna loftræstikerfis varð hærri en efni stóðu til vegna skorts á hönnun og slakrar samræmingar og verksumsjónar af hálfu M og D, en loftræsting á böðum og í eldhúsi var unnin eftir hugmyndum D en síðan var henni breytt í eldhúsinu.
- Múrari fékk ofgreitt þar sem þar sem tilboð hans átti að standast miðað við magntölur.

Var M og D gert að greiða eigendum B skaðabætur samtals að fjárhæð 7.586.081 krónu, að því er fram kemur í forsendum dómsins, auk vaxta og málskostnaðar. M greiddi dómkröfurnar á hendur sér með samtals 11.138.889 krónum. M hafði keypt lögmæltu starfsábyrgðartryggingu hönnuða hjá vátryggingafélaginu X, en mælt er fyrir um ábyrgðartryggingu þessa í 3. mgr. 47. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Hefur M krafist þess að tjón hans vegna ábyrgðar sinnar gagnvart eigendum B verði bætt úr vátryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur tjónið falla utan gildissviðs vátryggingarinnar.

**Álit.**

Í 48. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er mælt fyrir um það að rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfis hafi þeir sem hlotið hafa löggildingu ráðherra. Eru þar einnig taldar upp þær starfsstettir sem sótt geta um slíka löggildingu og að hvaða skilyrðum fullnægðum.

Í 49. gr. er svo mælt nánar fyrir um að arkitektar og byggingarfræðingar, verkfræðingar og tæknifræðingar, byggingarverkfræðingar og byggingarfræðingar, innanhúsarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir) og rafiðnfræðingar geti hlotið löggildingu hver á sínu sérsviði.

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laganna skulu aðal- og sérupprættir vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 48. og 49. gr. laganna. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál. Þá segir í 2. mgr. lagagreinarinnar að sá sem áritar aðalupprátt er samræmingarhönnuður og hann ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum að á að sérupprættir, sem lagðir eru fram til samþykktar, séu í samræmi innbyrðis og við aðalupprætti. Þá er kveðið á um það í 3. mgr. greinarinnar, eins og áður getur, að hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur upprætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skuli hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu.

Þegar framangreind ákvæði eru virt verður að telja að sú ábyrgðartrygging sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 47. gr. takmarkist við þá ábyrgð löggilts hönnuðar að sú hönnun, sem felst í árituðum uppráttum og lagðir eru fyrir byggingarfulltrúa eða byggingarnefnd, sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál, sbr. síðari másl. 1, mgr. 47. gr. Tjón sem hönnuðir kunna að valda og ekki verða rakin til mistaka við slíka hönnun falla því utan gildissviðs hinnar lögmæltu starfsábyrgðartryggingar. Er það einnig í samræmi við gildissvið starfsábyrgðartryggingarinnar hjá X, en í 1. gr. vátryggingarskilmála vátryggingarinnar segir að vátryggt sé gegn bótaskyldu, er fellur á vátryggingartaka sem löggiltan hönnuð uppráttar fyrir byggingarnefnd í því tilviki að þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til hönnunarstarfs vátryggingartaka og hann hefur ábyrgst með áritun á teikningu sína, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 73/1997.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að þau tjónsatvik, sem leiddu til skaðabótaábyrgðar M og D gagnvart eigendum B, verði rakin til mistaka við hönnun sem fram kemur á uppráttum sem lagðir hafa verið fyrir byggingarfulltrúa eða byggingarnefnd áritaðir hafa verið af D eða öðrum löggiltum hönnuðum hjá M. Tjón það sem M varð fyrir og fólst í skaðabótaábyrgð hans gagnvart eigendum B fellur utan gildissviðs hinnar lögmæltu starfsábyrgðartryggingar hönnuða hjá X. Af þessu leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr starfsábyrgðartryggingu hönnuða hjá X.

Reykjavík, 29. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 239/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækis.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er ungur drengur féll af vinnulyftu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.8.2010.

**Málsatvik.**

Samkvæmt málskoti var M, níu ára gamall, að leika sér á skólalóð þann 11. júlí 2008, en skólinn var þá í byggingu. Prik sem hann var með lenti ofan í vinnulyftu sem var á skólalóðinni á vegum byggingarverktakans V. Fór M upp á lyftuna til að sækja prikið, en féll á leið sinni niður og hlaut 10 cm langan skurð á hægri upphandlegg.

M kveður starfsmenn B hafa skilið vinnulyftuna eftir á skólalóð nálægt leiktækjum fyrir börn. Hafi starfsmennirnir átt að hlutast til um að börn ættu ekki aðgang að lyftunni og gætu ekki klifrað upp í hana. Með því hvernig gengið var frá lyftunni hafi verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er sérstaklega vísað til 15. gr. laganna. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við fallið út lyftunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Slysið varð á lóð skóla sem var í byggingu og mun hafa átt að taka skólann í notkun um haustið 2008. Unnið var við klæðningu skólabyggingarinnar þegar slysið varð. Ráða má af gögnum málsins að vinnulyftan, sem M féll úr, hafi verið notuð við það starf. Slysið mun hafa orðið í lok vinnudags og hafði verið gengið frá lyftunni upp við bygginguna. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins um að lyftan hafi verið vanbúin. Aðilar deila um það hvort vinnusvæðið kringum bygginguna hafi verið afgirt. Hvað sem því líður virðist M hafa átt greiða leið að lyftunni. Engu að síður verður ekki séð af gögnum málsins að B hafi borið að búa svo um hnúta að lyftan væri girt af, enda hefur ekki verið sýnt fram á að af henni hafi stafað meiri hættu en ýmsum tækjum sem skilin eru eftir á almannafæri og geta haft hættu í för með sér ef klifrað er upp á þau. Telst því ósannað að slysið verði rakið til vanrækslu starfsmanna M við frágang lyftunnar eða annarra atvika sem hann getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 240/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda (A)**

**Umferðaróhapp 23.05. 2007, ökumaður missti stjórn á b ifreið sinni,  
tilkynningarskylda skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni í lausamöl norðan við Höskuldsstaðasel í Breiðdal sbr. fyrirliggjandi gögn. Bifreiðin fór a.m.k. eina veltu áður en hún stöðvaðist. Lögreglan getur þess að aðspurð um meiðsl kvaðst M “finna fyrir smá eymslum í hálsinum einnig sagði hún að sig verkjaði í handleggina.”

Vátryggingafélaginu mun hafa borist gögn vegna máls þessa í desember 2009 þegar lögmaður M sendi félaginu umboð sitt. Tjónstilkynning barst 12.01. 2010 en í millitíðinni hafði lögregluskýrsla borist. Vátryggingafélagið telur að í þessu tilviki eigi að miða tilkynningarfreist skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga við tjónsdag. M hafi verið kunnar afleiðingar slyssins þegar á tjónsdegi. Ekkert nýtt komi fram í læknisvottorði sem ekki átti þegar að vera ljóst miðað við eymslin sem M kvartaði yfir og var greind með við komur á heilsugæslustöðina í Fjarðarbyggð í kjölfar slyssins. Félagið telur að árs tilkynningarfrestur hafi byrjað að líða á tjónsdegi. Réttur til bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda hafi því fallið niður vegna tómlætis.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M ekki tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Miðað við fyrirliggjandi gögn var M ekki ljóst á tjónsdegi hverjar afleiðingar slyssins yrðu. Í því tilviki sem hér er til umræðu er ekki rétt að miða upphaf tilkynningarfrests við tjónsdag. Frestur M til að tilkynna félaginu um líkamstjónið og mögulega kröfu sína var ekki liðinn m.ö.o. M setti kröfu sína fram í kjölfar þess að henni varð ljósar varanlegar afleiðingar slyssins. Hafa ber hugfast að M hafði fengið, líkt og fram kemur í málskotinu, “hefðbundnar ráðleggingar” auk verkjalyfja við komur sínar á heilsugæslustöð og “leit svo á að einkenni þau sem hún fann fyrir í kjölfar slyssins myndu hverfa með tímanum.” Svo reyndist ekki vera. Afleiðingar slyssins eru alvarlegri en M gerði ráð fyrir.

Ofanrituðu til stuðnings er vísað til niðurstöðu í dómi Hæstaréttar frá 22. október 2009 í máli nr. 7009 og niðurstöður úrskurðarnefndar í málum nr. 301/2008, 212/2009, 317/2009, 401/2009, 410/2009 og 113/2010.

**Niðurstaða.**

Tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga var ekki liðinn. Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 241/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bakarameistara (A)**

**Meiðsl við fall á gólfi verslunar bakara þann 17.09. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll í verslun A er hún kom inn í verslunina úr rigningu og inn á flísalagt gólfið.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. A hafnar því að bleyta hafi verið á golfinu. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða. Félagið telur ósannað að óhappið megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A ber ábyrgð á.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að A eða starfsmenn hans hafi vanrækt starfsskyldur sínar eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að unnt sé að fella ábyrgð á A.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 242/2010

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar A

### Ekið á mann í bílakjallara þ. 20.9.2009.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2010 áamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 24.8.2010.

#### Málsatvik.

Ekið var á M í bílakjallara við Smáratorg í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa ekið inn í bílakjallarann en fundið fyrir einhverju undir bifreiðinni og taldi að sprungið hefði á dekki þar sem A nam staðar í innkeyrslubrekkunni en þegar hún fór út til að athuga aðstæður sá hún að maður var fastur undir A. Vitni sem ók um bílkjallarann sagðist hafa séð mann liggja á akbrautinni og hafi hún flautað og hann þá fært sig aðeins til á akbrautinni þannig að hún komst framhjá honum, en þegar hún leit í baksýnispegil bifreiðar sinnar hafi hún séð A koma akandi niður í bílkjallarann og aka yfir manninn þar sem hann lá á götunni. Þegar lögregla ræddi við M kom fram að hann mundi ekki eftir slysinu og sagðist hafa verið í áfengis fráhvörfum og stolið kardimommudropum í verslun í nágrenninu og drukkið þá til að koma sér í form, en meira mundi M ekki. Við skoðun á A þá reyndist A vera í góðu lagi.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er talið útilokað að háttsemi hans feli í sér stórkostlegt gáleysi sem valdi skerðingu bótaréttar. Þá er vísað til þess af hálfu M að hann hafi verið í bjargarlausu ástandi í umrætt sinn og er á því byggt af hans hálfu að í slíkum tilvikum geti menn aldrei sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá er á það bent af hálfu M að l.mgr. 88.gr umferðarlaga sé hlutlæg ábyrgðarregla og því fari afstaða V um að hafna bótaskyldu þvert gegn öllum rökum sem liggja á bak við tilvitnað ákvæði.

V hafnar bótaskyldu og telur að M verði sjálfur að bera tjón sitt að fullu en slysið verði eingöngu rakið til stórkostlegs gáleysis tjónþola. V vísar til þess að M hafi í umrætt sinn legið verulega ölvæður, en áfengismagn í blóði hafi verið rúm 4.4. prómill. Þá bendir V á að ökumaður A aki úr dagsbirtu niður í dimman bílakjallara sem hafi áhrif á sjón ökumanns, en M hafi varla getað fundið verri stað til að liggja á en rétt innan við innkeyrsludyr í umrætt bílastæði. Þá telur V engin gögn styðja það að ökumaður A hafi ekið óvarlega í umrætt sinn.

#### Álit.

Ljóst er af gögnum málsins og framburði M sjálfs að hann var ofurölvi í umrætt sinn. Þá verður að telja nægjanlega sannað miðað við framburð vitnis að M hafi legið í innkeyrslu í bílakjallarann. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi ekið ógætilega í umrætt sinn eða A hafi verið vanbúin. Það girðir hins vegar ekki fyrir hlutlæga ábyrgð ökumanns A sbr. l.mgr. 88.gr.

umferðarlaga nr. 50/1987. Framhjá því verður hins vegar ekki litið að M lá ofurölvi í innkeyrslu í bílkjallara og þykir með því hafa sýnt af sér svo stórkostlegt gáleysi að rétt þykir með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga að fella niður bætur til M að 2/3 hlutum, en M fái bætt tjón sitt að 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum en bætur til M eru felldar niður að 2/3 hlutum með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en tjón hans bætist að 1/3 hluta.

Reykjavík 5.10. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 244/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 16.6.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 18.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var við störf á íþróttasvæði á Akureyri á vegum verktakafyrirtækisins V. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um atvikið var verið að útbúa stalla í brekku sunnan við nýbyggða áhorfendastúku á svæðinu. M vann við að raka mold á stöllum og slétta undir þökur. Hafði hann rakað niður brekkuna og var staddur á flata fyrir framan hana þegar lítilli gröfu, sem notuð var til að slétta og þjappa jarðveg þar skammt frá, var bakkað á hann. Tönn aftan á gröfunni lenti á hægri fæti M rétt ofan við ökkla og við það hlaut hann beinbrot.

Stjórnandi gröfunnar kvaðst hafa verið að þjappa mold með beltum gröfunnar með því að aka fram og aftur yfir moldina. Hann hafi verið að aka vélinni aftur á bak meðfram malbikuðum kanti þegar slysið varð. Hann hafi vitað af M í brekkunni að raka hana niður. Hann hafi hins vegar verið að fylgjast með malbikaða kantinum. Hann hafi svo heyrt M öskra.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá váttryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu að hálfu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

Stjórnandi gröfunnar var starfsmaður V. Hann ók gröfunni aftur á bak og var að fylgjast með malbikuðum kanti til hliðar við gröfuna. Hann vissi að M var að raka niður brekkuna fyrir aftan gröfuna. Hann vissi ekki að M hafði orðið fyrir gröfunni fyrr en hann heyrði frá honum öskur. Með þessu sýndi stjórnandi gröfunnar verulegt gáleysi sem virða ber honum til sakar. Telst hann eiga meginsök á slysinu. Þótt ekkert sé haft eftir M í gögnum málsins um tildrög slyssins verður engu að síður að telja að hann eigi nokkurn þátt í því hvernig fór, en hann hefur ekki gætt alveg nægrar varúðar er grafan nálgadist hann þar sem hann var að störfum. Eftir atvikum öllum þykir rétt að hann beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta vegna meðábyrgðar sinnar, en fái það bætt að 2/3 úr ábyrgðartryggingu G hjá X, en ekki virðist um það deilt að váttryggingin nái til starfsemi V.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu G hjá X.

Reykjavík, 29. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 245/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar (A)**

**Umferðaróhapp 29.10. 2009, ágreiningur um samsömun  
sbr. 26. gr. og 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hefur fallist á að greiða M bætur vegna tjóns sem varð á bifreiðinni við umferðaróhapp er ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni. Vátryggingafélagið telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi við aksturinn og að skerða skuli bótarétt til M sem nemur 1/3 vegna þessa, þrátt fyrir að M hafi ekki verið ökumaður bifreiðarinnar. H, ökumaður bifreiðarinnar, hafi haft umráð hennar sbr. ákvæði vátryggingarsamningalaga. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fallist á röksemdafærslu vátryggingafélagsins. Telja verður að H hafi haft umráð bifreiðarinnar og því heimilt að skerða bótarétt M sem nemur 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 247/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunareiganda.**

**Kona féll á gangstétt við verslun þann 8.12.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 23.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M kveðst hafa verið stödd við verslun V er hún datt og brotnaði á vinstri úlnlið. Í málskoti segir að stétt við verslunarhúsið hafi ekki verið upphituð né heldur söltuð. Þá segir enn fremur að fljúgandi hálka hafi verið á planinu.

Þá má ráða af gögnum málsins að M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X með tjónstilkynningu, dags. 13.1.2010. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Mál þetta er mjög illa upplýst. Þannig liggur m.a. ekkert fyrir um það með nákvæmum hætti hver hafi verið tildrög þess að M datt, hvar við verslunina það gerðist eða hvenær dags. Þá verður heldur ekkert ráðið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn V hafi átt og getað gripið til einhverra ráðstafana sem komið hefðu í veg fyrir slysið. Við svo búið er ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V beri ábyrgð á. Af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 5. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 248/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar og starfsábyrgðartryggingar læknis.

### Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu.

#### Gögn.

1. Málskot, móttakið 24.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 14.9.2010, ásamt fylgigögnum.

#### Málsatvik.

Þann 18.11.2003 gekkst M undir aðgerð hjá læknum L á læknastofu hans vegna kviðslits í nára. Eftir aðgerðina hafði M mikla verki. Þeir lögudust eitthvað en áfram hafði M verki þegar þvagblaðra var full og þurfti hann að losa þvag nokkrum sinnum á nóttu. Af þessum sökum þurfti hann á verkjalyfjum að halda að staðaldri. Slæmar svefntruflanir þessu samfara juku á áhrif mígrenis sem M þjáðist af. Við eftirlit 26.11.2003 var aðgerðarsvæðið vel gróið, en bólgíð og aamt. Hann jafnaði sig vel af aðgerðinni, nema verkir héldu áfram svipað því sem verið hafði. Þann 23.11.2006 var M skoðaður af öðrum lækni vegna óþæginda við þvaglát, tíðra þvagláta og verkja þeirra sem fyrr greinir. Í kjölfarið var tekin tölvusneiðmynd af kvið M. Þar sáust kalkbreytingar í vinstra framhorni blöðrunnar. Var þá framkvæmd blöðruspeglun og kom í ljós einn saumur í blöðruveggnum vinstra megin. Saumurinn var fjarlægður. Eftir það lögudust verkirnir. Í greinargerð L vegna atviksins kemur fram að umræddur saumur eyðist ekki, enda sé honum ætlað að halda. Taldi L að saumur þessi hafi valdið þeim verkjum og óþægindum sem M þjáðist af og lýst er hér að framan.

Þann 12.10.2006 voru að beiðni L felldar niður hjá vátryggingafélaginu X bæði sjúklingatrygging samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sem hann L haft í gildi, svo og starfsábyrgðartrygging hans. Tílfni niðurfellingarinnar var að L hafði hætt rekstri læknastofu sinnar. Niðurfellingin var tilkynnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með bréfi X, dags. 12.10.2006.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingunni, sem L hafði haft hjá X, svo og eftir atvikum úr starfsábyrgðartryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu úr báðum vátryggingunum, annars vegar með vísan til 2. gr. í vátryggingarskilmálum sjúklingatryggingarinnar og hins vegar með vísan til 2. gr. í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar.

#### Álit.

L hafði í gildi sjúklingatryggingu hjá X vegna reksturs læknastofu sinnar frá ársbyrjun 2001 uns hún var felld niður að beiðni hans í október 2006. Samkvæmt gr. 2.1 í vátryggingarskilmálum sjúklingatryggingarinnar tekur hún til skaðabótakröfu gegn vátryggingartaka er til stofnast á vátryggingartímanum.

Í gr. gr. 2.2 segir að skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a. að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggingartaka eða
- b. að vátryggingartaka verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hafi orðið fyrir tjóni sem kann að leiða til bóta úr vátryggingunni.

Þá segir í gr. 2.3 að vátryggingin taki ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn vátryggingartaka á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok vátryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum

og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggingartaki hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu skv. gr. 2.1.a, og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan fjögurra ára eftir lok váttryggingarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 763/2000 um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu telst váttryggingartímabili ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingartakanum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sannanlega um váttryggingarslit, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin. Eins og áður greinir var heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu tilkynnt um niðurfellingu sjúklingatryggingar L þann 12.10.2006. Því lauk váttryggingartímabilinu hjá X þann 7.12.2006. Ekki liggur fyrir að X hafi keypt sams konar váttryggingu hjá öðru váttryggingafélagi eftir að váttryggingin féll niður hjá X.

Að því er séð verður samkvæmt gögnum málsins var skaðabótakrafa ekki gerð af hálfu M á hendur L meðan á váttryggingartímanum stóð. Þá var X heldur ekki tilkynnt innan þriggja mánaða eftir að váttryggingartímabilinu lauk um að skaðabótakrafa kunni að hafa stofnast á tímabilinu, sbr. gr. 2.3 í váttryggingarskilmálunum. Krafa var fyrst gerð á hendur X á árinu 2010. Sjúklingatryggingin var þá löngu fallin niður og sömuleiðis frestir til að tilkynna um tjón sem leitt gætu til bóta úr váttryggingunni. Í lögum nr. 111/2000 eru ekki ákvæði um það að sjúklingatrygging skuli sérstaklega taka til tjónstílvika sem verða á váttryggingartímanum fremur en skaðabótakrafna sem stofnað er til á þeim tíma. Slík ákvæði er heldur ekki að finna í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Verður því ekki séð að ákvæði 2. gr. váttryggingarskilmálanna fari í bága við ákvæði téðra laga. Ákvæði ábyrgðartryggingarskilmála þess efnis að váttrygging taki til skaðabótakrafna sem stofnast á váttryggingartímanum á líkan hátt og greinir í 2. gr. skilmála fyrir sjúklingatryggingu hjá X, hafa rutt sér mikið til rúms á síðustu áratugum. Má segja að ákvæði af þessu tagi séu nær alls ráðandi í starfsábyrgðartryggingarskilmálum íslenskra váttryggingafélaga sem og í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar vegna skaðsemisábyrgðar. Þó kann svo að vera að álitamál sé hversu heppilegar reglur 2. gr. skilmálanna séu í váttryggingu eins og sjúklingatryggingu. Þrátt fyrir það eru ekki næg efni til að víkja fyrrgreindu skilmálaákvæði til hliðar á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 með síðari breytingum. Þegar af þeim ástæðum sem hér að framan greinir á M ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu þeirri sem L hafði á sínum tíma haft hjá X.

Í 2. gr. gr. váttryggingarskilmála starfsábyrgðartryggingar lækna, sem L hafði haft í gildi hjá X til 1. október 2006, eru sams konar ákvæði um það til hvaða skaðabótakrafna váttryggingin tekur og greinir í 2. gr. skilmálanna fyrir sjúklingatryggingu sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Með vísan til þess sem þar greinir verður heldur ekki séð að stofnast hafi skaðabótakrafa af hálfu M á váttryggingartímanum þannig að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu eða starfsábyrgðartryggingu lækna sem L hafði í gildi hjá X.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 253/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 2.10.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M starfaði hjá rafverktakafyrirtækinu V. Hann var staddur á vegum V í fyrirtækinu N og vann við að tengja ljós inni í kompu í húsnæði þess. Þar fór hann upp á milliloft til að ganga frá tengingum ljóssins. Milliloftið mun vera í 229 cm hæð frá gólfi, en til að komast upp á loftið notaði M tröppu með fimm þrepum og var efsta þrepið í 107 cm hæð. Þegar M ætlaði til baka niður af loftinu rann trappan undan honum með þeim afleiðingum að hann skarst á hægri upphandlegg og hlaut meiðsl á hné. Trappan sem M notaði í umrætt sinn var í eigu N.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

Trappa sú sem M notaði til að komast upp á milliloftið var allt of lág og hentaði því ekki til verksins. Mátti M vera það ljóst. Þótt aðrar tröppur hafi ekki verið tiltækar í húsnæði N munu betri og hentugri tröppur hafa verið tiltækar í starfsstöð V og þangað átti M möguleika á að ná sér í tröppur. Ekki verður talið að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar af hálfu V. Telst ósannað að V beri ábyrgð á líkamstjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 29. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 254/2010**

**M**

**og**

**vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar starfsmanna.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 26.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.9.2010.

**Málsatvik.**

M starfaði hjá L. Þann 23.7.2009 var M að loknum vinnudegi að leggja af stað heim til sín af vinnustað. Var hann að klæða sig í leðurstígvél sem var hluti af hlífðarfatnaði bifhjólamanna. Fór hann þá úr mjaðmarlið og var fluttur til aðhlyningar á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Í dagbókarfærslu lögreglu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að M hafi legið í stiga í anddyri vinnustaðarins og verið ófær um að hreyfa sig. Hafi M talið líklegt að hann hafi farið úr mjaðmarlið þegar hann var að klæða sig í hlífðarfatnaðinn.

Í vottorði læknis á slysa- og bráðadeild Landspítalans segir að M hafi verið að klæða sig í mótorhjólábuxur. Hafi hann þá skyndilega fundið smell í vinstri mjöðm og dottið úr liðnum. Hafi M verið búinn að fá gervilið í vinstri mjöðm vegna mikilla slitbreytinga. Röntgenmynd af mjöðminni hafi sýnt að hausinn á gerviliðnum var að hluta til kominn úr lið, „kominn upp á skálarbrúnina“. Í stuttri svæfingu var M settur í liðinn.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu sem var í gildi fyrir L hjá vátryggingafélaginu X. Í tilkynningu M um slysið til tryggingafélagsins, dags. 25.6.2010, segir að hann hafi verið á leið úr vinnu og verið að klæða sig í mótorhjólástígvél. Hafi hann sett fót upp á aðra tröppu í stiga eins og hann hafi verið vanur að gera til að spyrna sér í stígvélið. Hafi hann þá runnið til á tröppunefinu og dottið.

X hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni þar sem ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

**Álit.**

Vátryggingarskilmálar þeir sem um slysátrygginguna gilda liggja ekki fyrir. Þó virðist mega ganga út frá því að aðila greini ekki á um það að bótaskylda sé háð því M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt hefðbundinni notkun þess hugtaks í slysátryggingum, þ.e. “skyndilegum utanaðkomandi atburði sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.” Hvorki í dagbókarfærslu lögreglu né í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur neitt það fram sem bendir til að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið því að M hafi farið úr mjaðmarlið. Málsatvikalýsing í tjonstilkynningu um 11 mánuðum eftir atvikið telst ekki næg sönnun þess að M hafi orðið fyrir utanaðkomandi atburði sem valdið hafi meiðslum hans. Tjón M fæst því ekki bætt úr slysátryggingunni.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 257/2010**

**Frávísun**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/vatnstjónstryggingar**

**Vatnstjón í maí 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.08. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Enginn ágreiningur er um bótaskyldu í máli þessu en ágreiningur er um bótafjárhæð. M er ósammála mati félagsins á umfangi tjónsins.

Vátryggingafélagið vísar til 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og gerir kröfu um frávísun. Nefndin úrskurðar aðeins um bótafjárhæð að fengnu sérstöku samþykki aðila. Félagið kveðst ekki samþykkja að nefndin fjalli um ágreining máls þessa. Félagið telur og að mál þetta falli hugsanlega einnig undir e lið 4. gr. nefndra samþykktar

M vísar til þess að hann hafi fengið óvilhallan matsmann til að meta tjónið og að mikill munur sé á hans mati og mati vátryggingafélagsins. Matið er fyrirliggjandi í máli þessu.

**Álit.**

Samkvæmt samþykktum fyrir úrskurðarnefndina þá úrskurðar nefndin aðeins um bótafjárhæðir að fengu samþykki aðila. Vátryggingafélagið samþykkir ekki að nefndin fjalli um ágreining aðila og því er máli þessu vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða.**

Frávísun sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar úrskurðarnefndar.

Reykjavík 14. september 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 258/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Hjallavegi við Ásveg í Reykjavík þann 30.7.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.9.2010, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags 13.9.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak úr innkeyrslum og inn á Hjallaveg. Rákust þá afturhlutar bifreiðanna saman að því er virðist.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað út úr innkeyrslu og ekkert séð í baksýnispeglinum, enda í halla. Hann hafi nánast verið á engri ferð og verið kominn á bremsuna þegar hann hafi fundið högg koma á bifreiðina.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að bakka út úr innkeyrslu og skynjarar pípt þangað til hann var kominn að húshorninu. Þá hafi þeir hætt að pípa og hann verið búinn að setja B í “drive” þegar högg kom á bifreiðina.

**Álit.**

A var á ferð aftur á bak, þegar áreksturinn varð, og ökumaðurinn vissi ekki hvað var fyrir aftan bifreiðina þar sem hann hafi ekkert séð í baksýnispegli vegna halla. Ökumaðurinn gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og telst því eiga sök á árekstrinum. Ökumaður B staðhæfir að hann hafi verið búinn að setja bifreiðina í gír til að aka henni áfram, þegar áreksturinn varð. Eins og atvikum er hér háttað þykir ósannað að ökumaður B hafi ekið bifreið sinni aftur á bak í þeirri andrá sem áreksturinn varð eða hann hafi á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Að svo vöxnu verður ökumanni A einum gefin sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 5. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 262/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitanda vegna slyss þann 10.6.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 1.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 13.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var að störfum á verkstæði vinnuveitanda síns, blikksmiðjunnar V. Var hann ásamt samstarfsfélaga sínum að beygja blikkplötu í sérstakri beygjuvél. Platan var 202 cm á lengd, 32,5 cm á breidd og 1 mm á þykkt. Stóðu þeir við sinn hvorn enda plötunnar og voru að stilla plötuna af við beygjuvélinu. Mun M þá hafa fallið fram á vélinu og um leið stigið á fótstig sem setti af stað pressu vélarinnar þannig að hún lagðist saman. Við það klemmdust á milli þrjár fingur vinstri handar M með þeim afleiðingum að hann missti framan af þeim.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að þetta hafi verið klaufaskapur í sér að falla fram og lenda í þessu. Hann hafi verið að vinna við blikkplötuna ásamt öðrum og hefði hann sjálfur ýtt á fótstigið.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að gúmmímotta sem lá á gólfinu fyrir framan vélinu og stóð 50 cm út frá henni hafi verið slitin og trosnuð. Hafi hún verið farin að vinda sig og sérstaklega á þeim enda hennar þar sem M var við vinnu sína. Um orsök slyssins segir í umsögninni að M hafi fallið fram á vélinu af einhverjum ástæðum þegar hann var að stíga á fótstigið. Hugsanlegt sé að hann hafi hnotið um mottuna sem hafi verið slitin og undin.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að beygjuvél sú sem M var að vinna við hafi verið biluð eða vanbúin. Hins vegar kemur fram í umsögn Vinnueftirlitsins að motta fyrir framan vélinu hafi verið slitin og trosnuð verið farin að vinda sig, einkum þar sem M var við vélinu. Segir að hugsanlegt sé að M hafi hnotið um mottuna. M kveður slysið mega á hinn bóginn rekja til eigin klaufaskapar. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki nægilega sannað að slysið megi rekja til ásigkomulags mottunnar. Ekki verður heldur séð að slysið verði að öðru leyti rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Samkvæmt þessu fæst líkamstjón M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 263/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar skóla**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem M hlaut við fall af sviði í skóla þann 05.12. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var stödd á jólahlaðborði/jólaskemmtun skólans þar sem hún er starfsmaður (kennari). Hún tók þátt í skemmtiatriði upp á sviði. Hún mun hafa stigið í “tómt og datt fram af sviðinu með þeim afleiðingum að” meiðsl hlutust af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. M telur að slysið megi rekja til skammtíma framlengingar upp við sviðið. M telur að um vanækslu aðila hafi verið að ræða sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að vátryggingartaki hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi. Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að umrædd framlenging á sviðinu hafi verið vanbúin. Umrætt framlenging hafi verið notuð í “mörg ár og aldrei hafa neinar athugasemdir verið gerðar við frágang hennar”. Starfsfólk skólans hafi þekkt vel til aðstæðna.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsaburð máls þessa til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar sem haft getur skaðabótaskyldu í för með sér. Hér virðist hafa verið um óhapp að ræða sem rekja má til aðgæsluleysis M sjálfs.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 266/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar .**

**Árekstur á bifreiðastæði við Síðumúla 39 í Reykjavík þann 30.6.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 27.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið inn á bifreiðastæði við Síðumúla 39, en húsið stendur við þá götu að austanverðu á horni Síðumúla og Fellsmúla. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið til norðurs eftir bifreiðastæðinu. Rákust þá saman að því er virðist aftanverð hægri hlið A og framanverð vinstri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af Fellsmúla, inn á Síðumúla og inn á bifreiðastæði við hús nr. 39. Hann hafi gefið stefnumerki til hægri til að gefa til kynna stefnu sína inn á bifreiðastæðið. Hafi hann þá fundið högg koma á A er B var ekið utan í hana.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið aftur á bak úr bifreiðastæði. Hann hafi verið búinn að líta fyrir hornið enga bifreið séð sem ekið var að bifreiðastæðinu. Hann hafi þá ekið af stað og verið búinn að aka smáspotta. Þá hafi hann fundið högg koma á B þegar A hefði verið ekið á hana.

**Álit.**

Atvikalýsing er frekar óglögg samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og ökumenn eru einir til frásagnar um tildrög árekstursins. Báðar bifreiðirnar virðast hafa verið á ferð þegar áreksturinn varð. Hvorugur ökumanna virðist hafa vitað af ferðum hins fyrr en árekstur varð. Samkvæmt frásögn ökumanns B virðist hann hafa ekið einhvern spöl til norðurs eftir bifreiðastæðinu áður en árekstur varð. Verður ekki séð að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Eftir atvikum þykir því rétt að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 269/2010**

**(M)**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/launatryggingar**

**Ágreiningur um höfnun vátryggingafélagsins á frekari bótagreiðslu í kjölfar óvinnufærni M af völdum veikinda sem upphófust í nóvember 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um höfnun vátryggingafélagsins á frekari bótagreiðslu í kjölfar óvinnufærni M af völdum veikinda sem upphófust í nóvember 2007 sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M fyrrverandi starfsmaður félagsins greindist með krabbamein í nóvember 2007 og hóf langvarandi meðferð vegna þessa.

Félagið telur að M hafi fengið greiðslur úr launatryggingunni í samræmi við vátryggingarskilmála. Félagið hafi greitt dagpeningagreiðslur úr launatryggingunni vegna tímabilsins 01.11. 2008 til 06.06. 2009. Hann hafi notið launagreiðslna til loka október 2008 sbr. fyrirliggjandi gögn. Aðila greinir á um það hvenær biðtíma teljist hafa lokið og bótatími hefjist. Félagið telur að ekki verði annað séð en að hluti umkvörtunarefna M lúti að túlkun starfslokasamnings og skil milli starfslokagreiðslna og vátryggingabóta. Slíkur ágreiningur falli utan þess sem nefndinni er ætlað að fjalla um. Hafnar félagið því að nefndin taki afstöðu til annarra atriða en beinlínis varða túlkun vátryggingarsamningsins. Þá kemur og fram að “lagt er í mat nefndarinnar hvort hún telji sér fært að fjalla um ágreiningsefnið að öðru leyti”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

**Álit.**

Líkt og vátryggingafélagið bendir á heyrir það ekki undir starfssvið nefndarinnar að úrskurða um ágreining aðila við túlkun á starfslokasamningi. Úrskurðarnefndin fjallar eingöngu um ágreining um bótaskyldu og eftir atvikum bótafjárhæð að fengnu samþykki aðila.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á að hann eigi fyllri rétt til greiðslna úr launatryggingu en honum hafa þegar verið greiddar. Hins vegar er vátryggingafélaginu óheimilt að beita skuldajöfnuði á þann hátt sem gert var vegna ofgreiddra launagreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er vátryggingafélagi einungis heimilt að skuldajafna við bótagreiðslur eða vátryggingarfjárhæðina vangoldnu iðgjaldi vegna þeirrar vátryggingar sem um ræðir eða annarra sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu. Þessa gætti vátryggingafélagið ekki miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vegna vátryggingabóta. Einungis er heimilt að skuldajafna bótagreiðslur við vangoldin iðgjöld en ekki vegna ofgreiddra launa.

Reykjavík 12. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 271/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ innbúskaskótryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu er sprenging varð í ríffi þann 12.6.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.9.2010.

**Málsatvik.**

M er eigandi sérsníðs ríffils af gerðinni Predator. Faðir M hafði verið að nota ríffilinn á skotæfingasvæði í um eina og hálf klukkustund þegar ríffillinn sprakk og eyðilagðist. M kvaðst ekki vita hvað hafi valdið óhappinu en taldi einu skýringuna vera þá að um gallað skot hafi verið að ræða.

M hefur krafist bóta fyrir ríffilinn úr svokallaðri innbúskaskótryggingu sem er hluti heimilstryggingar sem hann hefur hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hins vegar hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 4. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem um vátrygginguna gilda bætir hún að öðrum skilyrðum fullnægðum tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Þá er tekið fram í gr. 5.5 í skilmálunum að vátryggingin bæti ekki tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana. Þótt M hafi ákveðnar skoðanir á því hvað hafi valdið tjóninu þá liggur ekki fyrir nein rannsókn eða mat á því hvað olli tjóninu. Þar sem ekkert hefur verið upplýst um orsakir óhappsins er ekki vitað með vissu hvort tjónið verði rakið til bótaskylds atviks ellegar atviks sem er undanþegið bótaskyldu. Við svo búið telst tjónið ekki bótaskyld.

**Niðurstaða.**

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 272/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda**

**Umferðaróhapp 15.10. 2009, bifreið ekið út af Ólafsfjarðarvegi,  
ágreiningur um réttarstöðu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 08.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni út af vegi sbr. fyrirliggjandi gögn. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sökum ölvunar M.

M telur ósannað að hann hafi verið ófær um að stjórna bifreiðinni.

Vátryggingafélagið telur að M hafi verið “það mikið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn og að hann hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega. Hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem olli slysinu.” Félagið telur rétt að fella niður bótarétt hans að fullu sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga vegna stórkostlegs gáleysis.

**Álit.**

M missti stjórn á bifreið sinni og ók út af vegi. Athygli vekur að fram kemur í skýrslu lögreglu (úrdráttur úr hljóðritaðri skýrslu), dags, 05.11. 2009, að aðspurður um neyslu áfengis segir M að hann “hafi síðast neytt bjórs flótlega eftir hádegi eða um kl. 16.00 14. október, hann vildi ekki gefa upp í hvaða magni. M segist alls ekki hafa verið drukkinn þegar hann lagði af stað, hann tók fram að hann hefði ekki fundið fyrir neinum áhrifum áfengis í akstri.”

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að fella niður bótarétt M sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Atvik máls þessa eru það sérstök að gera verði auknar kröfur til M um að hann sýni fram á að afstaða félagsins sé óeðlileg. Honum hefur ekki tekist að færa rök fyrir því að ástæða sé til að efast um afstöðu vátryggingafélagsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 275/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið þann 22.08. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreið M varð fyrir steinkasti frá vörubifreið. Framrúða brotnaði en M hélt ferð sinni áfram þar til sauð á bifreiðinni. Kom í ljós gat á vatnskassa sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Búið er að skipta um rúðu en hann telur að bæta eigi “allt tjónið”.

Vátryggingafélagið telur að tjónið á vatnskassa eigi ekki að bætast úr kaskótryggingu. Tjón á vatnskassa og heddþakningu er ekki að rekja til tjónsorsaka sem taldar eru upp í vátryggingaskilmálum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda vátryggingarinnar ekki fyrir hendi. Umrætt tjónsatvik fellur ekki undir gildissvið vátryggingarinnar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 276/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar**

**Fall af húspaki í júní 2009, ágreiningur um bótaskyldu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 10.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.09. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur skilyrði greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Það telur ósannað að atvikið hafi orðið og að M hafi ekki gefið félaginu réttar upplýsingar sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Meint atvik hafi ekki verið tilkynnt lögreglu, engir sjónarvottar hafi verið og ekki séu til samtíma læknisfræðileg gögn. Félagið dregur í efa réttmæti frásagna aðila sem getið er í málinu sökum meintra tengsla við M. Félagið telur ósannað að áverkar á hálsi og hægri öxl séu nýir áverkar. Félagið telur og að það falli ekki undir starfssvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum að fjalla um kröfu M um lögmannskostnað sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 sbr. úrskurð nefndarinnar í máli 158/2010.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum við fall af umræddu húspaki.

Nefndin mun ekki fjalla um kröfu M um lögmannskostnað sbr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 26. október 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 279/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.**

**Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna lekaskemmda í fjöleignarhúsi.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.9.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M er gjaldkeri húsfélagsins A og B í Reykjavík. Síðastliðið vor kveðst hann hafa tekið eftir “svaka svöðusári” á utanhúsklæðningu í kringum langan glugga við stigagang í A. Kveður M að sár þetta megi rekja til handvamar byggingarstjóra hússins, en það hafi valdið lekaskemmdum aðallega í tveimur íbúðum á 2. og 3. hæð að Básbryggju 19. Um sé að ræða vitlausan frágang af hálfu byggingarstjórans.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá tryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu. Krafa af þessum sökum mun einnig hafa verið höfð uppi gagnvart X á árinu 2003 og þá verið hafnað eins og nú.

**Álit.**

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli m.a. sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð. Í gögnum máls þessa liggja ekki fyrir neinar matsgerðir eða önnur sönnunargögn sem sýna fram á að skemmdir á klæðningu hússins eða lekaskemmdir í íbúðunum að Básbryggju 19 megi rekja til þess að byggingarstjóri hafi á saknæman hátt vanrækt skyldur sínar við byggingu hússins. Telst því ósannað að byggingarstjórinn beri ábyrgð á tjóninu. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjónið bættist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 282/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagi X v/ slysatryggingar launþega.**

**Ágreiningur um tilkynningu um kröfu um bætur vegna vinnuslyss þann 18.2.2008**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 15.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 11.10.2010.

**Málsatvik.**

M slasaðist í vinnuslysi þann 18.2.2008, er hún rann á hálu gólfi og féll á vinstri öxl og andlit. M leitaði samdægurs til læknis. Við skoðun þá var hún mjög aum í og við axlarliðinn. Ekkert var að sjá á höfði og ekki áberandi verkir þar. Röntgenmynd sem tekin var af öxlinni sýndi ekki nein merki um beináverka og hún virtist vera í axlarliðnum. Talin var þörf á langvinnri meðferð sjúkráþjálfara. Hóf M sjúkráþjálfun nokkru síðar og mun hafa farið í nokkur skipti, en fannst það ekki vera að gera mikið gagn svo hún hætti.

M leitaði til gigtarlæknis. Í beiðni hans um sjúkráþjálfun, dags. 18.8.2009, kemur fram að M hafi veri slæm af verkjum í a.m.k. 5 ár, en þá hafi hún fyrst leitað til hans vegna vefjagigtareinkenna. Er beiðnin var gerð hafi M verið slæm af verkjum í hálsi og herðum og fram í hendur. Er hún hóf sjúkráþjálfunarmeðferðina 19.11.2009 var hún með stöðugan verk á vinstra herðasvæði og niður með vinstra herðablaði.

Þann 9.2.2010 fór M í segulómrannsókn af háls hrygg að beiðni heimilislæknis síns. Í beiðni hans kemur fram að M hafi tveimur árum áður runnið til á gólfi og skolið illa framan á vinstri öxl og rekið höfuðið vinstra megin í gólfið. Eftir slysið hafi hún verið slæm af verkjum í hálsi og með höfuðverk. Einnig hafi verið verkir og hreyfiskerðing í vinstri öxl. Engar framfarir hafi orðið hjá sjúkráþjálfara.

Með matsgerð læknis, sem er ódagsett en stimpluð um móttöku á skrifstofu lögmanns M þann 19.4.2010, var varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins metin 16% og tímabundin örorka 100% frá 18.2.2008 til 7.3.2008. Í matsgerðinni kemur fram að gengið sé út frá að M hafi dottið, hlotið högg á vinstri öxl og högg vinstra megin á höfuð. Slíkt höfuðhögg orsaki sjálfkrafa álag á háls. Taldi matsmaður að M hafi í umræddu slysi hlotið tognun á háls og vinstri öxl sem enn valdi óþægindum. M hafi í allmörg ár haft vefjagigt sem þó hafi ekki verið verulega hindrandi. Ekki sé frekari bata að vænta og tímabært sé að meta afleiðingar slyssins.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hafði keypt hjá váttryggingafélaginu X. Var það gert með tölvuskeyti lögmanns tjónþola til X þann 20.1.2010. X hefur hafnað bótaskyldu úr váttryggingunni þar sem eins árs tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er tilkynningin barst því.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún (þ.e. krafan) er reist á. Eins og mál þetta liggur fyrir verður við það miðað að M krefjist einungis bóta fyrir varanlegar afleiðingar slyssins. Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli téðs lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hún vissi um þau atvik, sem bótakrafa hennar er reist á, ári áður en X var tilkynnt um tjónið, þ.e. þann 20.1.2009. Samkvæmt því sem

fyrir liggur um lækni meðferð M og heilsufar hennar á því tímamarki virðist sem um hlé hafi verið að ræða á lækni meðferð uns hún leitaði til gígtarlæknis í ágúst 2009 og fór svo í sjúkráþjálfun í framhaldi af því um tveimur mánuðum síðar. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu að M hafi vitað ári áður en tilkynnt var um slysið til X að það myndi hafa varanlegar afleiðingar í för með sér. Því verður ekki litið svo á að M hafi glatað rétti til bóta fyrir varanlega örorku, þegar tilkynning um tjónið barst X þann 20.1.2010.

**Niðurstaða.**

M hefur ekki glatað rétti til bóta vegna varanlegrar örorku úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 26. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 284/2010**

**M vegna reiðhjóls**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

**Umferðaróhapp við gatnamót Klukkurima og Langarima þann 31.05. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 17.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á því að hann féll af reiðhjóli sínu. Hann telur að bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir reiðhjólið.

Vátryggingafélagið vísar til þess að ekki séu til samtíma gögn um tjónsatvik máls þessa. Lögregla hafi ekki verið kvödd á vettvang. Haft er eftir ökumanni bifreiðarinnar að er hann var að koma að gatnamótunum hafi hann séð reiðhjólamaðmann koma á fullri ferð. Hann hafi stöðvað bifreiðina og segir að reiðhjólamaðurinn hafi ætlað “greinilega að gera það líka en hentist fram fyrir og lenti í götunni, nánar tiltekið á eins konar gagnstétt eða upphækkun sem liggur fyrir Klukkurimann.” Félagið vísar og til frásagnar vitnis sem óþarft er að geta. Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið megi rekja til notkunar bifreiðarinnar. Sönnun orsakatengsla hafi ekki tekist. Engin snerting hafi verið við bifreiðina og verði ekki annað séð en að slysið megi rekja til rangra viðbragða reiðhjólamannsins og því ekki bótaskyldt sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 181/2001.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi óhapp þetta til notkunar bifreiðarinnar A. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 285/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélag X v/bifreiðar**

**Árekstur 20.09. 2000, ágreiningur um afleiðingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 17.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og samskipti aðila.

M mun hafa lent í “smávægilegu samstuði”, líkt og vátryggingafélagið vísar til þegar ekið var aftan á bifreið hennar sem var kyrrstæð á rauðu ljósi á árinu 2000.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur orsakatengsl ekki fyrir hendi og mögulega bótakröfu fyrnda skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í gögnum málsins.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Orsakatengsl eru ósönnuð. Vegna þessa kemur ekki til álita hvort möguleg krafa M sé fyrnd skv. 99. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 286/2010**

**M vegna sonar sem lést.**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/barnasjúkdómatryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna andláts 08.11. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 21.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telja greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun þeirra í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Dánarorsök var “acute heilablæðing sem talin var vera á grunni bráðahvítblæðis.” Sonur M “náði aldrei að fá neina meðferð við þeim sjúkdómi þar sem greining lá ekki fyrir fyrr en með krufningu þann 09.11. 2006.” Engin viðbótargögn hafi verið lögð fram sem veitt gætu nýjar upplýsingar frá því það var til afgreiðslu hjá félaginu. Í skilmálum sjúkdómatryggingar segir: “...Skilyrði fyrir bótaskyldu er að börn, fósturbörn eða stjúpborn lifi a.m.k. í þrátíu daga frá því að þau greinast með sjúkdóm eða aðgerð var framkvæmd, sem leiðir til bótaskyldu”. Af fyrirliggjandi gögnum sé ljóst að þetta skilyrði er ekki uppfyllt.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum eru skilyrði greiðsluskyldu ekki uppfyllt. Umrætt ákvæði vátryggingaskilmála um að barn lifi a.m.k. í þrátíu daga frá því að það greinist með sjúkdóm eða aðgerð var framkvæmd, sem leiðir til bótaskyldu, er ekki uppfyllt.

Ekki er unnt að fallast á að unnt sé að víkja umræddu ákvæði skilmála til hliðar með vísan til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. október 2010

---

Rúnar Guðmunsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 289/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu vegna læknismeðferðar þann 4.12.2005.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 21.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 11.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 3.12.2005 féll M á hálum tröppum eftir að hafa lent í ryskingum. Daginn eftir, eða að kvöldi sunnudagsins 4.12.2005, leitaði hann til læknastöðvarinnar L vegna mikilla verkjaeinkenna í hægri úlnlið. Þar var hann skoðaður af A lækni. Á samskiptaseðli sem A ritaði vegna skoðunarinnar kemur fram að verkir og bólga hafi verið í úlnliðnum. M hafi ekki getað hreyft um úlnliðinn, aðeins bólga, ekki mar og ekki verkir við óbeint álag. Hafi A greint einkennin sem sinaskeiðabólgu og í úrlausnakafla seðilsins er getið um röntgenmyndatöku af úlnliðnum daginn eftir.

Í læknisvottorði A, dags. 30.6.2008, um skoðun hans á úlnlið M segir að hann hafi séð M á L að kvöldi 4.12.2004. Þá hafi M kvartað um verk í úlnlið sem hann hafi sagt vera afleiðingar eftir ryskingar kvöldið áður. Við skoðun hafi M verið talsvert bólginn um úlnliðinn og átt erfitt með allar hreyfingar. Ekki hafi verið að sjá neitt mar eða merki um blæðingar og eymsli voru aðeins yfir úlnliðnum, ekki við óbeint átak eða þrýsting á úlnlið. Greining A hafi verið að líklegast hafi verið um sinaskeiðabólgu að ræða og mælt með myndatöku af úlnlið næsta morgun sem var mánudagur. Ekki hafi verið um frekara eftirlit að ræða af hálfu A.

M hefur á hinn bóginn greint frá samskiptum sínum við A á þann veg að A hafi greint einkennin sem sinaskeiðabólgu og hann verið sendur heim án myndatöku og verið ráðlagt að nota spelku. Til stuðnings staðhæfingum sínum hefur M vísað til yfirlýsingar B sem fór með honum er hann leitaði til L. Í yfirlýsingunni segir að B minnst þess ekki að A hafi ráðlagt M að fara í röntgenmyndatöku af úlnliðnum daginn eftir. Hefði A ráðlagt slíkt kveðst B vera sannfærð um að M hefði strax látið taka röntgenmynd af úlnliðnum, enda hafi hann verið mjög kvalinn.

Þann 27.12.2005 leitaði M til heilsugæslustöðvarinnar H og var þar skoðaður af D lækni. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði vegna komu M til D er þess getið að M hafi haft verki í úlnlið síðan í byrjun desember. Ekki er getið um sjúkrasögu í sjúkraskrárnótu vegna þessarar komu M til D. Er þess getið að M hafi leitað til L þar sem hann hafi verið skoðaður og ráðlögð spelka sem M hafi svo útvegað sér. Hafi M notað spelkuna einungis á nóttunni, en verið með teygjubindi yfir daginn. Við skoðun hafi M verið með eymsli og stirðleika um úlnliðinn. Hafi hann fengið ráðleggingar um að nota spelkuna á daginn. Í sjúkraskrá M á H var ekki að finna læknabréf frá L vegna komu hans þangað.

Þann 9.2.2006 leitaði M á ný til H og var þá skoðaður af E lækni. Þá gerði M grein fyrir því er hann hafi fengið áverka á hægri úlnlið í slagsmálum í byrjun desember 2005. Hafi úlnliðurinn strax á eftir bólgað upp og hann verið handlama. Daginn eftir hafi hann leitað til L og þar verið greindur með sinaskeiðabólgu. Hafi hann fengið ráðleggingar um hvíld og að kaupa sér spelku úlnliðinn sem hann hafi gert. Síðan hafi hann haft viðvarandi verki og ekki getað notað höndina eðlilega. Við skoðun hjá E hafi verið greinilegur þroti ofan yfir úlnlið og hreyfing aftur hafi verið takmörkuð vegna sársauka. Hann hafi verið aumur beint við þrýsting yfir handarbeinum og

greinileg rýrnun hafi komið fram á framhandleggsvöðvum. Grunur hafi vaknað um brot í beini við úlnlið og hafi M verið sendur strax í röntgenmynd í Röntgen Domus. Þá kom í ljós brot í bátsbeini hægra megin og einkenni hafi verið um að brotið væri ekki nýtt. Var M sendur á slysadeild Landspítala í Fossvogi til sérfræðimats.

Þann 3.3.2006 gekkst M undir aðgerð á úlnliðnum á Landspítala í Fossvogi. Kom M nokkrum sinnum til eftirlits og skoðunar hjá lækni þeim sem framkvæmdi aðgerðina en gróandi í brotinu mun ekki hafa verið eins og best var á kosið. Með matsgerð F og G, bæklunarskurðlækna, dags. 21.12.2009, ásamt viðbótarmatsgerð, dags. 16.2.2010, er komist að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski af völdum úlnliðsbrotsins sé í heild 15 stig (15%). Þar af megi telja 7 stig af völdum þeirrar seinkunar á meðferð sem rekja megi til þess að brotið greindist ekki strax eftir slysið 3.12.2005. Þá var varanleg örorka metin 25% og þar af 12% sökum þess að brotið var ekki greint strax. Fram kemur í matsgerðinni að eftir því sem lengra líður frá broti og þar til það er greint og meðhöndlað aukast líkur á að brotið grói ekki. Samkvæmt fræðitextum sé talið að sé brot eldra en þriggja vikna séu auknar líkur á að það grói ekki.

M leitaði til embættis landlæknis með bréfi lögmanns síns, dags. 8.8.2008, og óskaði rannsóknar á því hvort mistök hafi átt sér stað við greiningu á úlnliðsbroti hans þegar hann leitaði læknisþjónustu í desember 2005. Í álitserð embættis landlæknis, dags. 17.12.2008, er rakin sjúkrasaga M í desember 2005 og fyrstu mánuði ársins 2006 svo og samskipti hans við lækna á þessu tímabili. Varðandi samskipti M við A segir í niðurstöðukafla álitserðarinnar að í afriti af samskiptaseðli L, dags. 4.12.2005, komi fram: „Mælt er með röntgenmynd af úlnlið daginn eftir.“ Ekki sé getið um ráðleggingar um spjekunotkun sem sjúklingur mun hafa notað. Þá segir í álitserðinni að ekki verði annað séð en reynt hafi verið að bregðast við vanda M á faglegan hátt þegar hann leitaði til L þann 4.12.2005. Að mati embættisins hefði átt að ráðleggja myndatöku af úlnliðnum þegar M leitaði á H þann 27.12.2005. Þá hafði M ekki farið í myndatöku eins og honum hafði verið ráðlagt rúmum þremur vikum áður. Ördugt sé að kveða upp úr um hvort rétt greining og meðferð þann 27.12.2005 hefði leitt til þess að brotið hefði gróið án aðgerðar. Meiri líkur eru þó á að svo hefði verið en við greiningu rúmum tveimur mánuðum eftir áverkann.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu L hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni. Byggir höfnunin einkum á því að á samskiptaseðli A hafi skýrt komið fram að hann hafi ráðlagt M að fara í röntgenmyndatöku af úlnliðnum daginn eftir. Ennfremur er vísað til niðurstöðu álitserðar landlæknisembættisins.

### Álit.

Málskot M verður að skilja svo að krafist sé viðurkenningar á bótarétti úr sjúklingatryggingu L hjá X sökum þess að A hafi láðst að senda M í röntgenmyndatöku í kjölfar þess að M kom til skoðunar hjá A þann 4.12.2005.

Eins og fyrr segir kemur fram í læknisvottorði, sem A ritaði 30.6.2008, að greining hans hafi verið að líklegast hafi verið um sinaskeiðabólgu að ræða og mælt hafi verið með myndatöku af úlnlið næsta morgun sem var mánudagur. Á samskiptaseðli, sem er handskrifaður af A og er dagsettur 4.12.2005, segir um hina ráðlögðu röntgenmyndatöku: „Rtg ulnliður á morgun“. Samskiptaseðil þennan eða aðrar upplýsingar um komu M á L mun ekki vera að finna í sjúkraskrá M hjá H. M hefur staðfastlega neitað að A hafi ráðlagt sér að fara daginn eftir læknisskoðunina í röntgenmyndatöku af úlnliðnum. Því til stuðnings er yfirlýsing B sem áður er getið. Í gögnum málsins er þess hvergi getið að A hafi útbúið beiðni um röntgenmyndatöku af úlnliðnum fyrir M til að hafa með sér í myndatökuna. Afrit af slíkri beiðni er ekki að finna í gögnum málsins. Ekki er heldur að finna útlistun á því hvaða upplýsingar A hafi veitt M um það hvernig hann skyldi að öðru leyti standa að því að fá hina ráðlögðu myndatöku né hvert hann ætti að leita að fengnum niðurstöðum úr rannsókninni.



Í 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 segir að rétt til bóta samkvæmt lögnum eigi m.a. þeir sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður að telja að M hafi ekki fengið nægilega skýrar og markvissar upplýsingar um þá röntgenmyndatöku sem A hugðist senda hann í. Leiddi það til þess að brotið greindist ekki fyrir en löngu síðar, en eins og fram kemur í fyrirbyggjandi matsgerð getur dráttur á meðhöndlun brots á bátsbeini í meira en þrjár vikur aukið líkur á brotið grói ekki. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að M hafi orðið fyrir tjóni sökum þess að rannsókn og meðferð af hálfu A hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið í samræmi við þekkingu og reynslu við meðhöndlun brota af því tagi sem hér um ræðir. Er því fullnægt skilyrðum bótaskyldu skv. 1. tölulið 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 111/2000. M á því rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá X að því marki sem tjón hans verður rakið til tafa á greiningu brotsins.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá X að því marki sem líkamstjón vegna brots á bátsbeini verður rakið til tafa á greiningu þess.

Reykjavík, 26. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 291/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árekstur á bílastæði Bónus í Hraunbæ þ. 2.9.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.9.2010 ásamt tjónaskýrslu
2. Bréf V-1 dags. 7.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 17.10.2010.

**Málsatvik.**

Ökumaður A segist hafa verið að bakka úr bílastæði og verið kominn langleiðina út úr stæðinu til þess að fara áfram og beygja til vinstri og þá séð afturljós á B og henna ekið aftur á bak. Ökumaður A segist hafa stöðvað A og flautað en það ekki dugað og B bakkað á A. Ökumaður A segist hafa verið að bakka út úr bílastæði og litið í hliðarspegla og baksýnispegil og ekki séð neina bifreið og bakkað og síðan heyrt og fundið að árekstur hafði orðið.

**Álit.**

Ökumaður B ók bifreið sinni aftur á bak og vissi ekki af ferðum A fyrir aftan sig fyrir en árekstur varð. Ökumaður B gekk ekki nægjanlega úr skugga um að hann gæti ekið aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra eins og honum bar skv. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B telst því eiga sök á árekstrinum. Ekki verður séð að forsenda sé til að leggja sök á ökumann A miðað við fyrirbyggjandi gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 2.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 292/2010**

**Frávísun**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/lausafjártryggingar**

**Ágreiningur um afleiðingar innbrots þann 31.07. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. mjög takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu. Hann vísar til þess að félagið neiti að greiða bætur fyrir lykla, fartölvu, 2 bílageislaspilara og myndavél sem hann staðhæfir að stolið hafi verið í innbroti sbr. nánar umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur bótaskyldu skýra.

**Álit**

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um hvort ágreiningur heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa og með vísan til nefndrar 3. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar er máli þessu vísað frá sökum þess að málskotið er ekki stutt þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu.

Á grundvelli takmarkaðra gagna málsins er ekki hægt að kveða á um greiðsluskyldu.

**Niðurstaða.**

Frávísun sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Reykjavík 26. október 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 293/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 30.7.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.10.2010.

**Málsatvik.**

M var við störf í verslun V. Að sögn M hafði henni síðdegis umræddan dag verið fyrirskipað að fylla í hillu á tilteknum stað í versluninni. Þurfti hún að taka með sér stóran kassa sem hún átti erfitt með að bera. Léttkerra eða vörulyfta sem voru til staðar í versluninni hafi ekki verið til taks fyrir M til að nota við að flytja kassann að hillunni. Henni hafi heldur ekki verið bent á að nota slíka kerru eða tæki í stað þess að bera kassann. Hún hafi ekki verið búin að taka upp úr kassanum, en ætlað að færa sig. Þá hafi hún rekið fótinn í kassann og fallið á olnbogann sem hafi brotnað. Kveður M að viðskiptavinir hafi rekið sig í kassann og fært hann úr stað sem hún hafi ekki áttað sig á.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur hefur ekkert komið fram um að líkamstjón M megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem L getur borið fébótaábyrgð á. Eins og slysið bar að höndum verður ekki séð að það verði rakið til þess að M hafi borið kassann að hillunni í stað þess að nota léttkerru eða annars konar vagn til að flytja kassann. Að öllu virtu telst tjónið því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 2. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 295/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður slasaðist við uppsetningu á bílalyftu þann 20.1.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M, sem er vélvirki að mennt, vann við uppsetningu á nýrri bílalyftu, svokallaðri skæralyftu, á vegum vinnuveitanda síns, V, á Seyðisfirði. Mun þá armur efst á lyftunni – millilyftu efst á lyftunni til að lyfta hjólum upp frá aðallyftunni – hafa fallið niður með þeim afleiðingum að langatöng hægri handar M klemmdist og hlaut hann við það áverka fingurkjúku.

Í málskoti kveður M að lyftan hafi komið með skipi frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. Hann hafi verið að byrja að skoða hvernig bæst væri að vinna að uppsetningu lyftunnar, þegar armurinn hafi fallið á hann. Það hafi gerst honum algerlega að óvörum og hann ekki getað forðað sér. Hafi hann haldið að allt væri vel fest í lyftunni og ekki þyrfti að óttast að hluti hennar félli á hann. Greinilegt hafi verið að þeir sem hafi búið um lyftuna til flutnings hafi gleymt að festa arminn.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður X að M hafi reynt af uppsetningu lyfta eins og hér um ræðir. Hann sé menntaður vélvirki og hafi alfarið haft forræði í verkinu. Ástæðu þess að armurinn féll niður kveður X hafa verið þá að millilyftan hafi ekki fallið nógu vel að þegar M renndi henni inn á pallinn.

**Álit.**

M vann við uppsetningu lyftunnar þegar slysið varð. Aðilum ber ekki saman um ástæður þess að armurinn féll á hönd M. Ekki hefur verið útskýrt hvernig frágangi armsins var ábótavant er lyftan var send til Seyðisfjarðar. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi frágangs á lyftunni er hún var búin til flutnings til Seyðisfjarðar eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 26. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 296/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

**Slys við leikfimi í grunnskóla 22.09. 2008.**

**Frávísun**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og samskipti aðila.

M, fædd á árinu 1993, féll af kaðli í leikfimi og mun hafa meiðst sbr. fyrirliggjandi málskot.

Vátryggingafélagið vísar til þess að bótakrafa hafi ekki verið lögð fram af hendi M eða lögmanns hennar í umrædda ábyrgðartryggingu. Vegna þessa hafi ekki verið tekin afstaða til bótaskyldu.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar skal M hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag áður en hann getur leitað til nefndarinnar með mál sitt. Engar sérstakar aðstæður réttlæti aðra meðferð máls þessa sbr. 3. mgr. 3. gr. nefndra samþykktu. Félagið telur að ekki séu fyrir hendi skilyrði til þess að nefndin taki málið til efnislegrar umfjöllunar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í gögnum málsins.

**Álit**

Með hliðsjón af framanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og með vísan til 2. mgr. 5. gr. sbr. og 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005, er máli þessu vísað frá.

**Niðurstaða.**

Frávísun.

Reykjavík 2. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2010

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns A

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna áreksturs á Miklubraut í Reykjavík þ. 17.12.2007.

## Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2010 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.14.10.2010

## Málsatvik.

M ók bifreiðinni A eftir Miklubrautinni í Reykjavík þ. 17.12.2007 og ók aftan á bifreið. M segir í lögregluskýrslu að hún hafi ekið á eftir annarri bifreið sem hafi skyndilega skipt um akrein en þá hafi kyrrstæði bifreið verið fyrir framan hana og hún ekið aftan á kyrrstæðu bifreiðina. M segist ekki hafa verið í öryggisbelti í umrætt sinn. Í læknisvottorði sama dag og árekstur varð segir að M hafi verið með mar á höfði og verki í vinstri öxl, en ekki talin hafa alvarlega áverka. Í læknisvottorði dags. 13.7.2010 segir að M hafi átt við höfuðverkjavanda að stríða í kring um 11 ára aldurinn og síðar talin hafa migraine. Þá segir að M hafi næst komið á heilsugæslustöð í Mjódd sérstaklega vegna þessa slyss þ. 18.2.2009 en þá hafði hún nokkru áður fengið skyndilegan verk í hálsinn þar sem hún sat í sofa. Við þá lækni skoðun sagðist M hafa krónískan höfuðverk og hafi lengi þurft að taka verkjalyf vegna þess einnig að hún hafi lent í bifreiðaslysi og hafi bakvandamál í framhaldi af því en ekki hálsvandamál. Þá segir í umræddu vottorði að um sé að ræða konu sem hafi haft stoðkerfisvandamál fyrir slysið 2007.

M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V sbr. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Af hálfu M er því haldið fram að höfnun V á bótaskyldu sé óeðlileg og M eigi að fá að njóta vafans og fá að undirgangast örorkumat á kostnað V þar sem atriði málsins verði metin í stað þess að V leggi einhliða mat á atriði málsins. Þá er á það bent af hálfu M að hún hafi lent í hörðum árekstri og höfuð hennar hafi slengst í framrúðuna með þeim afleiðingum að rúðan hafi brotnað og bifreiðin tjónast mikið. Af þeim sökum séu veruleg líkindi fyrir tognunaráverka og varanlegum afleiðingum slyssins hvað varðar heilsufar M. Þá er á það bent af hálfu M að í þeim lækni-fræðilegu gögnum sem fyrir liggja í málinu þá sé ljóst að áreksturinn hafi valdið M líkamlegum afleiðingum sem hún hafi ekki fundið fyrir áður en slysið varð. M telur því ljóst að uppfyllst sé bæði skilyrði um orsakatengsl og varanlegar afleiðingar slyssins.

V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að umrætt umferðarslys hafi valdið M varanlegu heilsutjóni og jafnframt séu ósönnuð orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M lýsi fyrir læknum samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorðum. Þá vísar V sérstaklega til þess að M hafi ekki tekist að sanna tjón sitt en meginreglan sé sú að sá sem krefst bóta eða viðurkenningar á bótaskyldu verði að sanna tjón sitt. Þá vísar V í yfirmatsgerð sem lögð hafi verið til grundvallar í máli Hæstaréttar nr. 683/2009 þar sem segir að það sé skoðun yfirmatsmanna að mestar líkur séu á að líkamleg einkenni hvort heldur tognun eða brot eða aðrir áverkar komi fram strax eða fljótlega eftir slys, en ólíklegt að einkenni sem koma fram meira en 6 mánuðum eftir slys tengist því. Þá vísar V til þess að M hafi ekki leitað til læknis frá slysdegi vegna þess fyrr en 14 mánuðum eftir að slys varð.

## Álit.

Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem sýna fram á orsakatengsl líkamstjóns M og árekstursins sem M lenti í þ. 17.12.2007. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns frá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 2.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 299/2010

### M og

## Vátryggingafélagið V v. sólarhringssslysstryggingar starfsfólks Á

### Kona lenti í umferðarslysi þ. 4.5.2007

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.9.2010 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V. dags. 22.10.2010.

#### Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ.4.5.2007 þegar bifreið ók aftan á þá bifreið sem M var farþegi í. M segist hafa orðið fyrir meiðslum og fram hafa verið lögð gögn hvað það varðar. Lögmaður M telur að M hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að um varanleg meiðsl væri að ræða sem afleiðing umferðarslyssins fyrr en þ. 11.12.2009 og V hafi verið tilkynnt um atvikið og krafist greiðslu úr slysstryggingu starfsmanna Á með tilkynningu til V þ. 5.8.2010. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi mátt vera það ljóst þ. 6.6.2007 að um varanlegar afleiðingar af slysinu væri um að ræða og í síðasta lagi í lok árs 2007. Þá bendir V á að M hafi fyrri sögu um einkenni í hálsi, herðum og mjóbaki og því sé ósannað að þau einkenni í hálsi og herðum sem M kvartar yfir þ.11.12.2009 megi rekja til slyssins enda þá um tvö og hálf ár liðið frá slysinu.

#### Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorðum þá leitaði M til læknis tvívegis á árinu 2007 í fyrra skiptið nokkrum dögum eftir slysið vegna verkja í hálsi en í það síðara mánuði síðar vegna verkja í hálsi, herðum og mjóbaki eftir slys. Í bæði skiptin fær M almennar ráðleggingar, lyfseðla á bólgueyðandi lyf og í síðara skiptið ráðleggingu um æfingar. M leitar síðan næst til læknis í desember 2009 og fær tilvísun á sjúkrahjálfun og ráðleggingar um meðferð. Ekki er því hægt að slá því föstu að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en við læknisskoðun þ. 11.12.2009. V fékk síðan tilkynningu um slys M í ágúst 2008 eða átta mánuðum eftir að því verður slegið föstu að M hafi mátt og átt að vita af varanlegum afleiðingum slyssins. M á því rétt á bótum úr sólarhringstryggingu starfsfólks Á vegna þess sannanlega tjóns sem hún varð fyrir vegna umferðarslyssins þ. 4.5.2007.

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna þess sannanlega tjóns sem hún varð fyrir vegna umferðarslyssins þ. 4.5.2007

Reykjavík 16.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 300/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs 25.12.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina B á Engihjalla í Kópavogi. M ók B í umrætt sinn. Þann 27.1.2009 leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítala vegna óþæginda í hálsi og mjóbaki sem hafi farið versnandi með stífleika og verkjum. Við skoðun fundust þreifiefymsli aðallega aftanvert á mjóbaki hægra megin og svolítið dreifð eymsli ofarlega á hálsi. Þá leitaði M til D bæklunarskurðlæknis. Í vottorði hans kemur fram að M hafi orðið fyrir áverka á vinstra hné óviðkomandi árekstrinum 25.12.2008. Þá segir einnig í vottorðinu M hafi lent í bílslysi áður og meitt sig í bakinu. Honum hafi svo versnað við þetta slys 25.12.2008.

Skemmdir voru á afturstuðara B og á umgjörð um númeraplötu. Engar skemmdir munu hafa orðið á A.

M hefur krafist viðurkenningar á bótarétti vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Gögn málsins um líkamstjón M sem hann kveðst hafa hlotið við áreksturinn eru mjög af skornum skammti. Ekkert mat liggur fyrir um hvert líkamstjónið sé. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekkert fullyrt hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Við svo búið telst ósannað að M eigi rétt til bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 2. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 301/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á bifreiðastæði við verslun Hagkaupa í Skeifunni í Reykjavík þann 1.9.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 17.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið til vesturs eftir akleið meðfram norðurhlið verslunarhúss Hagkaupa í Skeifunni. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið aftur á bak til norðvesturs úr stöðureit við norðurhlið hússins. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra afturhorn B. Við eystri enda akleiðarinnar við Faxafen er merki (B01.21) um að akstur sé bannaður inn á akleiðina frá Faxafeni.

Að sögn ökumanns A ók hann inn á bifreiðastæðið frá Skeifunni á móts við Rúmfatalagerinn og ók til suðurs eftir akleið á milli stöðureita upp að húshlið Hagkaupa þar sem hann beygði til hægri vestur akleiðina meðfram húsinu uns árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa litið eftir umferð frá hægri enda komi umferð úr þeirri átt en ekki frá vinstri. Hafi A komið á móti viðurkenndri akstursstefnu er B hafi verið bakkað á A.

**Álit.**

Að undanskildu fyrrgreindu bannmerki við eystri enda akleiðarinnar eru engin umferðarmerki, svo sem einstefnumerki (D07.11), á eða við bifreiðastæðið sem gefa til kynna að einstefna sé á akleiðinni þar sem áreksturinn varð. Eins og A var ekið eftir bifreiðastæðinu voru því engin umferðarmerki á leið hans sem gáfu til kynna að honum hafi verið óheimilt að aka til vesturs eftir akleiðinni. Honum verður því ekki gefið að sök að hafa ekið á móti einstefnu. B var ekið af stað aftur á bak úr stöðureit. Ökumaður hennar gætti ekki nægilega að umferð á akleiðinni sem hann ók inn á. Til þess verður áreksturinn rakinn. Ekki eru efni til að leggja sök á ökumann A. Ber því ökumaður B alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 16. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 302/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys við fall á gólfi 10.03. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 28.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og samskipti aðila.

M var við vinnu sína að skera niður spegil til urðunar og hugðist henda hinu skorna efni en hrasaði við þá framkvæmd þannig að meiðsl hlaut af.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að ekki hafi verið um saknæma háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans að ræða eða önnur atvik eða aðstæður sem hann ber ábyrgð á.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi slys M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óhappatílik að ræða og/eða aðgæsluleysi M sjálfs sem hann ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 303/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys við notkun krana þegar timburbúnt féll á M þann 16.06. 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína í umrætt sinn sbr. fyrirliggjandi gögn þegar timburbúnt féll á hann við hífingu.

Vátryggingfélagið telur ósannað að rekja megi slysið til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að slys M megi rekja til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. október 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 304/2010

M  
og  
Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar S  
og  
Vátryggingafélagið V-2 v. fasteignatryggingar vegna vatnstjóns

### Vatn flæddi upp um vatnslás í vaski á neðri hæð húss þ. 16.9.2008.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.9.2010 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 13.10.2010.
3. Bréf V-2 dags. 18.10.2010 ásamt fylgiskjali.

#### Málsatvik.

M segir að vatn hafi flætt upp um vatnslás í vaski í eldhúsi á neðri hæð húss síns þegar mikið vatnsveður gekk yfir. M telur að lagnir bæjarins hafi ekki náð að flytja vatnið sem fór um lagnakerfið og hugsanlega hafi verið stífla í lagnakerfi bæjarins eða það ekki haft undan vatnsflaumnum. M bendir á að tryggingarfélögin sem í hlut eiga hafi ekki sýnt fram á að tjónið stafi ekki af stíflu í lagnakerfi en hljóti að hafa sönnunarbyrðina fyrir því. Þá vísar M til þess sem segir á heimasíðu V-2 um vatnstjónstryggingar.

V-1 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu S og segir almennt talið að ástand lagna á svæðinu sem um ræðir sé gott og ekki verði séð að tjón M megi rekja til athafna eða athafnaleysis S og tilvik M sé eina tilvikið sem upp hafi komið á svæðinu. Þá segir V að ekki sé um það deilt að stífla hafi myndast í umræddri lögn en orsök þess sé ókunn og í öllu falli sé ekki sýnt fram á að S eigi þar neina sök og því skilyrði skaðabótaábyrgðar ekki fyrir hendi hvað S varðar.

Af hálfu V-2 er vísað til 19.1.-gr. vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin bæti ekki skemmdir af völdum þess að lagnir geti ekki flutt allt það vatn sem berst. Vátryggingin bæti þó slíkar skemmdir ef þær verði raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Þá vísar V-2 einnig til ákvæða 19.2.-gr. vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns samkvæmt frekari skilgreiningu í greininni. Bent er á það af hálfu V-2 að vatnslögn hafi ekki gefið sig innan veggja húss M og þar sem engin stífla hafi verið til staðar innan veggja fasteignarinnar sé tjónið ekki bótaskylt úr fasteignatryggingunni sem M hefur hjá V.

#### Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð en af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu er ekki sýnt fram á bótaskyldu af hálfu S eða starfsmanna S. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V-1. Þá á M ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V-2 þar sem skilyrði bótaskyldu eru ekki til staðar miðað við ákvæði 19.1 og 19.2. gr. vátryggingaskilmála.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V-1 og M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V-2

Reykjavík 2.11 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 305/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður slasaðist er hann féll úr lausum stiga þann 25.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var að vinna í lausum álstiga á vegum vinnuveitanda síns, V, í um þriggja metra hæð að eigin sögn utan á húsvegg og vann við hreinsun á plasti sem er fylling í veggnum fyrir bita. Mun þá stiginn hafa byrjað að renna til hliðar og snúast. Við það féll M og vinstri fótur hans festist á milli þrepa í stiganum með þeim afleiðingum að hann hælbrotnaði. Stiginn var ekki festur að ofanverðu og engir klossar voru settir fyrir framan hann að neðanverðu.

M kveður frágang stigans og aðstæður á vinnustaðnum hafa farið í bága við nánar tilgreind ákvæði í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ákvæði í viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, svo og ákvæði í viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir o.fl. Einnig hafi yfirmaður M fyrirskipað að stigi skyldi notaður við verkið í stað vinnupalls. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eins og áskilið er lögum samkvæmt. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Er á það bent að M hafi staðið til boða að nota verkfall við verkið hefði hann kosið svo. Hann hafi hins vegar valið að nota stigann eins og venja mun vera þegar verk eins og hér um ræðir er unnið. M hafi á hinn bóginn látið hjá líða að festa stigann að ofanverðu. Hann hafi fengið fræðslu um öryggismál á vinnustaðnum, þ. á m. varðandi notkun á lausum stigum. Hafi því mátt treysta því að M myndi sjálfur huga að eigin öryggi eins og að festa stigann með tryggilegum hætti.

**Álit.**

Samkvæmt því sem liggur fyrir í máli þessu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að fall M í stiganum verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á sem vinnuveitandi M. Ekki er deilt um tildrög slyssins eða aðstæður á slyssað. Eins og hér á stendur eru ekki talin efni til að sönnunarbyrði um málsatvik verði að einhverju leyti varpað af M yfir á V fyrir þær sakir að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu innan lögmæltis frests. Að öllu athuguðu telst slysið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 2. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 306/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifhjólsins A**

**og**

**Tryggingamiðstöðin hf. v/bifreiðarinnar B**

**Árekstur 30.06. 2010, á Laugavegi við Barónsstíg.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.09. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.10. 2010.
- 3) Ódagsett bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B var ekið af biðskyldu af Barónsstíg í veg fyrir A sem ekið var Laugaveg.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Ekki sé tilefni til að leggja ¼ sakar á A sökum hraða líkt og tjonanefnd vátryggingarfélaganna hafi gert.

Vátryggingafélag B vísar til niðurstöðu tjonanefndar vátryggingarfélaganna.

Fyrirliggjandi er frásögn vitnis sem getur þess efnislega að A hafi verið ekið á lítilli ferð sbr. fyrirliggjandi gögn.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A. Ökumaðurinn gætti ekki fyrirmæla 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Engin sönnunargögn eru fyrirliggjandi sem gefa tilefni til að álykta megi að A hafi verið ekið of hratt.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 2. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 307/2010**

**M og**

**Vátryggingarfélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A**

**Ökumaður slasast við útafakstur bifreiðar þ. 27.5.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 1.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags.21.10.2010.

**Málsatvik.**

M var ökumaður bifreiðarinnar A sem ók norður Víkurveg í Reykjavík og ók út af veginum í beygju þar sem vegurinn tengdist bráðabirgðavegi. M sem var ökumaður í umrætt sinn og farþegi í bifreiðinni kvörtuðu undan eymslum í hálsi og baki og voru fluttar með sjúkrabifreið á Slysadeild til skoðunar. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A og segir lögmaður hennar að allt frá slysdegi hafi M ítrekað leitað til heimilislækna vegna ýmissa einkenna vegna slyssins en auk þess varð M fyrir slysi á árinu 2005. Tilkynning var send til V þ. 22.4.2009, en hafði áður verið send öðru vátryggingafélagi vegna mistaka. Af hálfu M er því haldið fram að þrátt fyrir að hún hafi verið nánast í stanslausri lækni meðferð vegna einkenna sinna hafi henni aldrei verið gefið til kynna með óbyggjandi hætti að afleiðingar slyssins þ. 27.5.2006 væru varanlegar. Þá vísar lögmaður M til þess að M hafi aldrei verið vísað til bæklunarlæknis eða hún verið óvinnufær tímabundið.

V bendir á að M hafi fyrst tilkynnt um slysið þ. 22.4.2009 en fyrir þann tíma hafi M ítrekað leitað til lækna svo sem rakið er af hálfu V. V hafnar bótaskyldu með vísan til 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 þar sem M hafi ekki tilkynnt innan tímamarka um varanlegt tjón sitt vegna slyssins og telur V að miða eigi upphafsrest ársfrestsins við þ.12.6.2006.

**Álit.**

Ekki verður slegið föstu að M hafi mátt gera sér grein fyrir að slysið þ. 27.5.2006 mundi eða gæti haft varanlegt líkamstjón í för með sér ári eða meira en ári áður en tilkynning barst V sbr. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, miðað við að tilkynning barst til V þ. 22.4.2009. M á því rétt á bótum vegna sannanlegs tjóns sem hún varð fyrir vegna umferðaróhappsins þ. 27.5.2006.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum vegna sannanlegs tjóns sem hún varð fyrir við útafasktur bifreiðar þ. 27.5.2006.

Reykjavík 16.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 310/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingfélagið X v/líf- og sjúkdómatryggingar**

**Ágreiningur um upplýsingaskyldu, andlát 17.08. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 29.08. 2000 sótti vátryggingartaki um líf- og sjúkdómatryggingu. Umsóknin var samþykkt 01.09. 2000 með tilteknum fyrirvörum sbr. gögn málsins. Vátryggingartaki lest 17.08. 2009 í umferðarslysi. Í framhaldi bótakröfu óskaði félagið upplýsinga úr sjúkraskrá viðkomandi síðustu 5 ár fyrir töku vátryggingarinnar. Að lokinni athugun viðbótarupplýsinga hafnaði félagið bótagreiðslu. Félagið telur að rangar upplýsingar hafi verið gefnar um “reikvenjur” viðkomandi við töku vátryggingarinnar. Bótaskyldu var hafnað með vísan til 3. gr. skilmála og 13. kafla laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sérstaklega 1. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 85. gr. laganna. Samkvæmt nefndri 83. gr. er ábyrgð félagsins ekki fyrir hendi ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína. Félagið veur athygli á því að ekki er gerð krafa um að orsakasamband sé á milli þeirra röngu upplýsinga sem veittar voru og tjónsatburðar. Hin vanræкта upplýsingaskylda hafi haft áhrif á áhættumat félagsins. Vátryggingartaki hafi gefið rangar upplýsingar um það hvort hann reyki eða hafi reykt síðustu 12 mánuði fyrir töku vátryggingarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að vátryggingartaki (vátryggður) hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína á þann veg að það valdi brottfalli bótaskyldu sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 311/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega**

**Ekið á kyrrstæða bifreið við Lágmúla og farþegi í bifreiðinni varð fyrir tjóni þ. 17.12.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 7.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 20.10.2010.

**Málsatvik.**

M var farþegi í bifreið sem ekið var aftan á þ.17.12.2007. M gerir kröfu til að hún fái bætur vegna þess tjóns sem hún hlaut í umrætt sinn úr slysatryggingu launþega. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi fyrst vitneskju um að hún hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni þegar matsgerð lá fyrir þ. 18.12.2009. Lögmaður M skrifaði síðan bréf til V þ. 12.1.2010 og krafðist bóta.

V hafnar bótaskyldu á grundvelli 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. V heldur því fram að M hljóti að hafa haft vitneskju um það tjón sem bótakrafan byggir á þegar hún gaf lögmanni umboð þ. 19.9.2008. Þá bendir V á að M hafi fundið fyrir einkennum frá hálsi og baki allt frá slysdegi sbr. matsgerð dags. 18.12.2009. Þá heldur V því fram að öll gögn málsins bendi til þess að V hafi gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þegar hún leitaði aðstoðar lögmanns þ. 19.9.2008.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þ.17.12.2007 þegar hún gaf lögmanni sínum umboð þ.19.9.2008. Þar sem tilkynning um tjónið barst ekki til til V fyrr en þ. 12.1.2010 var liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 16.11.2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 313/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur á svæði bensínafgreiðslu við Ártúnshöfða þann 05.07. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 08.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.10. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B var ekið úr kyrrstöðu frá bensíndælu í þann sama mund sem A var ekið frá vinstri og í veg fyrir B þannig að B ók á hægri hlið A. Ökumaður A hafði B sér á hægri hönd.

Vátryggingafélag B vísar til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sem lagði ábyrgð á ökumann A. Hann hafi átt að víkja fyrir B.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli ábyrgð á ökumann B sem hafi ekið af stað úr kyrrstöðu án þess að huga að umferð um bifreiðastæðið.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum. Ökumaðurinn átti að veita umferð frá hægri forgang sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann ekki. Hann ber því 2/3 hluta ábyrgðar.

Ökumaður B ber 1/3 ábyrgðar sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Ökumaðurinn gætti ekki nægjanlega að annarri umferð er hann ók af stað frá bensíndælu. Ákoman á bifreiðunum styður þá niðurstöðu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta ábyrgðar og ökumaður B 1/3 hluta ábyrgðar.

Reykjavík 16. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 314/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A**

**Umferðaróhapp í Múlagöngum á Ólafsfjarðarvegi þ. 7.10.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 11.10.2010 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V. dags. 21.10.2010 ásamt fylgiskjali 1-3

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni um Múlagöng áleiðis til Dalvíkur í umrætt sinn. Á leið sinni um göngin ók M á grjóthrúgu sem var á veginum eftir að berghliðin hafði sprungið út. Í lögregluskýrslu kemur fram að mjög lítil lýsing sé á þeim stað þar sem grjóthrúgan var. M segist hafa ekið á um 50 km. hraða þegar óhappið varð. Bifreið M var óökufær eftir umferðaróhappið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og bendir á að mjög dimmt sé í göngunum þannig að hann hafi ekki getað grein grjóthrúguna fyrir en of seint.

V hafnar bótaskyldu og vísar til 56.gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem kveðið er á um það að bótaskylda stofnist hafi tjón orðið vegna gáleysis veghaldara, en um það hafi ekki verið að ræða í því tilviki sem hér ræðir um. V heldur því fram að hér hafi verið um að ræða mjög óvenjulegt og ófyrirsjáanlegt atvik og hafi A ekki átt þess kost að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir umrætt atvik. Þá telur V að hefði M sýnt af sér eðlilega aðgæslu við aksturinn hefði hann átt að geta stöðvað bifreið sína og komist hjá umferðaróhappinu.

**Álit.**

Ekki er sýnt fram á það í málinu að M hafi ekið of hratt eða verið óvarkár við aksturinn í umrætt sinn. Þá er ekki sýnt fram á að A hafi átt þess kost að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana eða sýnt af sér gáleysi hvað varðar eftirlit og umsjón með veginum um Múlagöng á þeim tíma sem óhappið varð. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.11.2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 316/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður fékk yfir sig bensín þegar bensínbirgðatankur yfirfylltist við áfyllingu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Varðar trygginga hf., dags 1.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 20.4.2009 var M að störfum fyrir vinnuveitanda sinn, V, við að dæla bensíni á birgðatank á tiltekinni bensínstöð V. Mun verkið vera unnið þannig að áfyllingarslanga er tengd frá eldsneytisflutningabifreiði birgðatankinn og afloftunarslanga jafnframt tengd frá birgðatanknum í flutningabifreiðina. Við áfyllinguna gerðist það að yfirfyllingarloki á áfyllingarröri virkaði ekki þannig dæling úr flutningabifreiðinni stöðvaðist ekki. Leiddi það til þess að birgðatankurinn yfirfylltist og bensín streymdi upp í afloftunarslönguna. Þegar M varð þessa var lokaði hann fyrir áfyllingarslönguna og fór niður í sérstakan tengibrunn og aftengdi afloftunarslönguna. Spýttist þá bensín úr afloftunarstúti birgðatanksins og fékk M bensín yfir sig og inn um vit hans. Hlaut hann af því varanlegt líkamstjón sem hefur verið metið til 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Í handbók V eru verkklagsreglur um vinnubrögð við áfyllingu birgðatanka frá flutningabíl. Þar er m.a. getið eftirfarandi atriða sem bifreiðastjóri skal huga að við undirbúning áfyllingar:

- Athuga stöðu í birgðageymi.
- Tengja áfyllingarbarka.
- Tengja barka fyrir gufusöfnun ef um bensín er að ræða.
- Þegar undirbúningi er lokið skal opna fyrir rennsli/dælingu úr bíl.
- Stöðugt skal fylgjast með áfyllingu svo geymar yfirfyllist ekki.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins (VER) um slysið kemur fram að í verklagsreglum V um fyllingu á birgðatanka er fyrirskrifað að mæla skuli með sérstakri mælistöng, sem er stöðalbúnaður birgðatanka, hver mikið bensín er fyrir í tanknum. Þessi mæling á staðnum á að tryggja að rétt magn sé fyllt á og ekki sé hætt á yfirfyllingu hans. Að auki er yfirfyllingarloki á áfyllingarrörinu sem á að loka fyrir rennslið úr flutningabílnum áður en tankur yfirfyllist. Þá á að vera rými fyrir 2000 lítra í birgðatanknum. Við þær aðstæður á að vera hægt að tæma bensín sem er í áfyllingarslöngunni. Í umsögn VER kemur og framað yfirfyllingarloki af þeirri gerð sem var á áfyllingarrörinu hafi ekki reynst nægilega vel í birgðatönkum fyrir bensín og ekki virkað eins og til er ætlast. Mun þessum lokum verða skipt út hjá V og annar búnaður notaður til að koma í veg fyrir yfirfyllingu. Að áliti VER mátti mátti rekja orsök slyssins helst til eftirfarandi atriða:

- Yfirfyllingarloki virkaði ekki eins og til var ætlast.
- Ekki virtist hafa verið farið eftir verklagsreglum um að athuga magn bensíns í tanknum með mælistiku áður en áfylling hófst né fylgst með áfyllingunni.
- Birgðatankurinn hafi verið yfirfullur af bensíni og mögulega bensín í afloftunarslöngunni sem hafi þá aukið þrýsitng í tanknum.
- Ekki hafi verið fyrir hendi búnaður sem gerði mögulegt að tæma áfyllingarslöngu eða afloftunarslöngu.
- Mikið hvassviðri (rok) hafi mögulega aukið á dreifingu bensínsins þegar það streymdi út.

Í framhalldi af rannsókn VER á slysinu voru gefin fyrirmæli annars vegar um að gera skuli áhættumat fyrir öll störf í samræmi við lög og reglur og hins vegar að gera skuli tæknilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að atvik eins og varð í umrætt sinn geti endurtekið sig.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að slysið verði ekki rakið til atvika sem V ber ábyrgð á.

### **Álit.**

M vann við að dæla bensíni í birgðatank á bensínstöð hjá V. Yfirfylingarloki virkaði ekki eins og til var ætlast og birgðatankurinn yfirfylltist auk þess sem bensín rann upp í afloftunarleiðslu sem tengd hafði verið á milli tanksins og flutningabifreiðar. Þegar M var kominn niður í tengibrunn og aftengdi afloftunarslönguna spýttist bensín yfir hann með afleiðingum sem áður hefur verið lýst. Bensín er hættulegur vökvi sökum þess hve eldfimur hann er og getur jafnframt verið skaðlegur eins og í tilviki því sem hér um ræðir. Er því afar brýnt að allur öryggisbúnaður sem kostur er á sé til staðar og virki sem skyldi.

Af gögnum málsins, og þá einkum umsögn VER um slysið, er ljóst að fyrirsvarsmenn V vissu að yfirfyllingarlokinn virkaði ekki alltaf eins og til var ætlast og til stóð að skipta út þeirri gerð loka sem hafði verið í notkun. Eins og málið liggur fyrir var það á ábyrgð V að látið var viðgangast að hafa hina gölluðu loka í notkun. Þá verður heldur ekki fram hjá því litið, sem fram kemur í umsögn VER, að ekki var fyrir hendi búnaður sem gerði mögulegt að tæma áfyllingarlöngu eða afloftunarslöngu. Samkvæmt þessu virðast aðstæður hafa verið þær að M gat ekki komist hjá því að bensín spýttist úr afloftunarslöngunni þegar hann aftengdi hana. Skort á nauðsynlegum búnaði til að komast hjá slíku verður að vera á ábyrgð V. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir nægilega í ljós leitt að slysið verður að nokkru leyti rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Á hinn bóginn verður heldur ekki fram hjá því litið að M fylgdist ekki nægilega með dælingunni í birgðatankinn og virðist ekki hafa mælt magn bensíns í tanknum áður en hann hóf dælingu í tankinn. Hann hefur því ekki farið eftir þeim verklagsreglum sem hann átti að þekkja og bar að fara eftir við dælinguna, en honum mátti vera gjörlla ljóst mikilvægi þess að farið skyldi að öllum verklagsreglum við verkið. Með þessu sýndi M talsvert gáleysi sem ber að virða honum til sakar. Að öllu virtu þykir rétt að líkamstjón M verði bætt að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X, en M beri tjón sitt sjálfur að hálfu vegna meðábyrgðar sinnar.

### **Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 23. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 317/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar**

**Umferðaróhapp 01.10. 2002, ágreiningur um fyrningu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 12.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og um samskipti aðila.

Ágreiningur er um hvort M hafi glatað bótarétti sínum vegna fyrningar á kröfu sbr. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins. Hann gerir og kröfu til greiðslu lögmanskostnaðar.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur mögulega kröfu M fyrnda.

Félagið telur og að það falli ekki undir starfssvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum að fjalla um kröfu M um lögmanskostnað sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 sbr. og úrskurði nefndarinnar í máli 158/2010 og 250/2010.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögn málsins verður að telja kröfu M fyrnda sbr. 99. gr. umferðarlaga, líkt og vátryggingafélagð heldur fram.

Nefndin mun ekki fjalla um kröfu M um greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 318/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árestur þar sem bifreiðum var ekið aftur á bak við Hlíðarhjalla 10.09. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.11. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið úr bifreiðastæðum á móti hvor annarri.

Vátryggingafélögin telja að skipta skuli sök til helminga líkt og tjónanefnd vátryggingarfélaganna hefur gert. Ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A þar sem bifreiðin hafi verið kyrrstæð og við það að aka áfram. Hann gerir athugasemdir við vinnubrögð starfsmanns Aðstoðar og öryggis sem kom á vettvang sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Mjög þröngt er á vettvangi máls þessa og mikilvægt að ökumenn gæti aukinnar aðgæslu.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Virðist sem ökumenn máls þessa hafi ekki hugað nægjanlega að annarri umferð þegar ekið var aftur á bak. Ósannað er að ökumaður A hafi verið kyrrstæður það lengi að unnt sé að láta halla á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 16. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 319/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar A**

**Ventlafóðringar losnuðu í vél bifreiðar og stimpill skemmdist þ. 7.10.2009**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 28.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-5

**Málsatvik.**

M segir að tjón hafi orðið á bifreið sinni A 9.4.2009 og hafi A verið löguð eftir það, en stöðugt hafi eitt og annað verið að þar til það hafi gerst að ökumaður A hafi misst stjórn á henna og lent upp á umferðareyju og eftir það hafi komið í ljós óhljóð frá vélinni. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna skemmda á A. V hafnar bótaskyldu og segir óumdeilt að A hafi orðið fyrir tjóni þ.7.10 þegar ökumaður hennar missti stjórn á henni og ók út af veginum. Ágreiningur í málinu segir V vera um það hvort orsakatengsl séu á milli út af akstursins og bilunar í vél þannig hvort að bilun í vél falli undir bótasvið skilmála kaskótryggingar. V bendir á að A hafi verið ekið í 36 daga frá því að útafaksturinn átti sér stað þar til að bifreiðin var færð á verkstæði. Af þeim sökum heldur V því fram að skemmdir á A sem hér ræðir um verði ekki raktar til útaf akstursins. Þá telur V að um stórkostlegt gáleysi ökumanns A hafi veirð að ræða þegar A var ekið út af í umrætt sinn.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að það tjón sem ágreiningur um bótaskyldu varðar, verði rakið til umferðaróhappsins þ. 7.10.2009. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A, hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A hjá V.

Reykjavík 30.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 321/2010**

**M og  
Vátryggingafélagið V v. innbúskaskótryggingar**

**Bótakrafa vegna þess að kvarnaðist upp úr gleraugnaumgjörð þ. 28.4.2010**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 14.10.2010 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 18.10 ásamt tveim ljósmyndum.

**Málsatvik.**

M á Díor gleraugu og varð gleraugnaumgjörðin fyrir hnjaski þegar M fékk krampaflog, þannig að það kvarnaðist upp úr umgjörðinni. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V og telur að notagildi gleraugnaumgjarðarinnar sé verulega rýrt því að engine vilji láta sjá sig með brotna spöng eða ganga með slíka. V hafnar bótaskyldu og bendir á ákvæði í vátryggingarskilmálum fyrir umrædda innbústryggingu þar sem segir að hún bæti ekki tjón sem rekja megi til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgjalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða. V heldur því fram að notagildi gleraugnanna hafi ekki minnkað þó að kvarnast hafi upp úr plasti spangar við löm.

**Álit.**

Notagildi gleraugnanna hefur ekki rýrnað og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V. samkvæmt þeim vátryggingaskilmálum sem um slík tjón gilda.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 16.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 322/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur við hringtorg á mótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur þann 26.8.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 14.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið norður Vesturlandsveg að hringtorgi á mótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegur. Við hringtorgið eru tvær akreinar á veginum í þá akstursátt sem bifreiðunum var ekið. Er komið var að hringtorginu var A ekið hægra megin fram með B, en B er dráttar bifreið sem dró festivagn. Þegar A var beygt inn á hringtorgið áleiðis inn á Þingvallaveg rákust saman að því virðist hjól eftirvagns B hægra megin og vinstri hlið A.

Ökumaður A kvað B hafa verið ekið á undan sér og hafi henni verið ekið meira á vinstri akreininni. Taldi hann víst að B yrði ekið áfram norður Vesturlandsveg. Hafi hann því ákveðið að fara yfir á hægri akreinina. Er hann hafi gert sér grein fyrir að B var beygt til hægri austur Þingvallaveg hafi hann reynt að beygja til hægri undan B. Hann kvað ökumann B ekki hafa gefið stefnumerki er áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að hringtorginu og ætlað austur Þingvallaveg. Vegna lengdar bifreiðarinnar hafi hann verið á báðum akreinum er hann nálgast gatnamótin. Hann hafi litið í hliðarspegil, en enga bifreið séð. Er hann hafi verið kominn inn í hringtorgið og byrjaður að beygja til austurs hafi hann séð A við hægra afturhorn eftirvagnsins og árekstur orðið. Ökumaðurinn taldi sig hafa gefið stefnumerki áður en hann beygði.

**Álit.**

Samkvæmt því sem fyrir liggur um tildrög árekstursins virðist B hafa að einhverju leyti verið ekið á hægri akrein í átt að hringtorginu, en þó þannig að svigrúm var fyrir ökumann A að aka hægra megin fram með B. Ökumanni B bar að aka á hægri akrein og á ytri akrein hringtorgsins þar sem hann hugðist beygja strax til hægri út úr hringtorginu, sbr. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar sem ökumaðurinn átti erfitt um vik vegna lengdar bifreiðarinnar að aka eins og til var ætlast bar honum að sýna sérstaka aðgæslu við aksturinn og gæta einkum að umferð hægra megin við B. Á þessu varð misbrestur og telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður A gerði sér grein fyrir að B var að hluta ekið á hægri akreininni í þann mund sem henni var ekið inn á hringtorgið. Engu að síður freistaði hann þess að aka hægra megin við B. Með því gætti hann ekki þeirrar varkárni sem af honum mátti krefjast. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 324/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Ágreiningur um bótaskyldu af völdum umferðarslyss þann 28.6.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 14.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 15.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M varð fyrir bifreiðinni A á Bústaðavegi í Reykjavík á móts við verslunarmiðstöðina Grímsbæ. Slysið varð laust fyrir miðnætti. Þá var rökkur, skýjað og rigning og blautt færi. M og kunningi hans sem með honum var í för voru báðir undir áhrifum áfengis. Áfengismagn í blóði M mældist 2,76 prómill.

M missti meðvitund við slysið og man ekki eftir málsatvikum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið vestur Bústaðaveg á 40-50 km hraða á klst. Í námunda við Grímsbæ hafi hann séð tvo menn framundan. Annar þeirra hafi stokkið fram um leið og hann ók hjá og slegið einhverju í A með þeim afleiðingum að framrúðan brotnaði. Hann hafi ekki viljað gera veður út af þessu við þá tvo menn sem þarna voru og því haldið áfram leiðar sinnar. Hann kvaðst ekki hafa áttað sig á að M hafi orðið fyrir A fyrr en hann stöðvaði skömmu síðar og athugaði frekar með skemmdir á bifreiðinni.

Kunningi M sem var með honum á vettvangi kvaðst ekki hafa séð er slysið gerðist þar sem hann hafi verið að horfa annað.

Vitni sem ók austur Bústaðaveg á móti A kvaðst hafa séð er M skall á A. Vitnið treysti sér ekki til að segja nákvæmlega um hraða A, en henni hafi verið ekið yfir umferðarhraða. Taldi vitnið hraðann ekki hafa verið undir 70 km á klst.

Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 171/2003 var komist að þeirri niðurstöðu að M ætti óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A. Með matsgerð tveggja lækna, dags. 13. ágúst 2004, var varanlegur miski M af völdum slyssins metinn 15 stig (15%) og varanleg örorka 7%. Líkamstjón M var svo gert upp með fyrirvara um viðmiðunartekjur við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku.

Með matsgerð lögfræðings og lækni, dags. 8. september 2010, var talið að ófyrirséð versnun hafi orðið á heilsufari M og var varanlegur miski metinn 30 stig og varanleg örorka 20%. M hefur með bréfi, dags. 9. september 2010, krafist endurupptöku málsins hjá ábyrgðartryggjanda A, váttryggingafélaginu X, á grundvelli 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1987. Jafnframt hefur M krafist miskabóta skv. 26. gr. sömu laga, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, þar eð ökumaður A hafi valdið líkamstjóni hans með stórfelldu gáleysi. Af hálfu X hefur kröfu um miskabætur verið hafnað. Í bréfi X til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi ekki tekið endanlega afstöðu til hinnar nýju matsgerðar hvað snertir endurupptöku málsins, en eftir skoðun með ráðgefandi lækni félagsins séu sterkar líkur á því að félagið muni óska eftir álitni dómkvaddra matsmanna.

**Álit.**

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 40-50 km hraða á klst. um það leyti sem slysið varð. Ökumaður sem kom úr gagnstæðri átt taldi að A hafi ekki verið ekið undir 70 km á klst., en treysti sér þó ekki til að segja nákvæmlega um hraðann. Aðrir hafa ekki borið um hraða A. Verksummerki að

öðru leyti gefa ekki til kynna að A hafi verið ekið óhæfilega hratt. Þá virðist ökumaður A ekki hafa átt tök á að afstýra slysinu fyrr en í óefni var komið. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A hafi valdið tjóninu með stórfelldu gáleysi. Þá var líkamstjón M gert upp án þess að fyrirvari væri gerður um rétt hans til miskabóta. Að þessu athuguðu á M ekki rétt til miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaganna úr ábyrgðartryggingu A.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Segir í 1. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. X hefur haft til skoðunar þá matsgerð sem M byggir kröfur sínar á í máli þessu. Kveður X sterkar líkur á að það freisti þess að fá matsgerðinni hnekkt með matsgerð dómkvaddra matsmanna. Við þessar aðstæður verður ekki séð að fyrir hendi sé ágreiningur milli aðila af því tagi sem falli undir valdssvið nefndarinnar, sbr. fyrrgreint ákvæði 1.mgr. 3. gr. samþykktanna. Ágreiningsefnið heyrir því ekki nefndina og ber að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

#### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, úr ábyrgðartryggingu A.

Vísað er frá nefndinni kröfu um viðurkenningu á endurupptöku málsins samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga.

Reykjavík, 7. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 325/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)**

**Vinnuslys þegar starfsmaður kemmist við notkun lyftara 19.06. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 18.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína hjá A. Hann var ásamt samstarfsmanni að tæma sekki ofan í járnsló. Samstarfsmaðurinn stýrði lyftara vegna þessa. M mun hafa staðið við lyftarann. Þegar hann var að tæma tóman sekk af göfflum lyftarans var þeim lyft þannig að M klemmist.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Hann beri sjálfur ábyrgð á óhappi þessu með gáleysislegri umgengni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis stjórnanda lyftarans og M. Það var óvartlegt af stjórnanda lyftarans að ganga ekki úr skugga um að það væri öruggt að færa gafla lyftarans án hættu fyrir aðra starfsmenn. Að sama skapi gætti M ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Rétt þykir að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 en M ber sjálfur 1/3.

Reykjavík 30. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



## Mál nr. 326/2010

### M og Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

#### Maður féll niður af svölum þ. 15.10.2009.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ.18.10.2010 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 2.11.2010.

#### Málsatvik.

M segist hafa farið í heimsókn til vinar sins og verið búinn að fá sér í glas og hafi hann farið út á svalir íbúðar vinarins til að reykja og hafi hann þá fundið að hann var svotlítið drukkinn. M segist hafa ætlað að tylla sér á borð á svölunum en við það hafi hann einhvern veginn sveiflast yfir handriðið á svölunum. M segist hafa kallað á vin sinn og beðið hann að hífa sig upp en síðan segir M að hann muni ekki nákvæmlega hvað gerðist en hann hafi misst takið og dottið niður og slasast. Vinur M segir að hann hafi komið í heimsókn til sín og farið út á svalir að reykja og síðan hafi hann heyrt M kalla á hjálp og hafi hann þá farið út á svalir og séð hvar M hékk og hafi hann reynt að draga hann upp en það ekki tekist og M fallið niður af svölunum. Etanólmagn í blóði reyndist umtalsvert þegar blóðsýni var tekið af M. Þá sagðist M hafa neytt annarra fíkniefna áður en slysið varð. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og telur m.a. ósannað að orsakasamband sé á milli ástands M og slyssins. V hafnar bótaskyldu og telur að sannað sé að M hafi verið töluvert ölvaður í umrætt sinn. Þá bendir V á 10.gr. vátryggingaskilmála fjölskyldutryggingar varðandi stórkostlegt gáleysi, en sé um það að ræða megi lækka eða fella niður bætur. Þá bendir V á 2.mgr. 27.gr. laga nr.30/2004, vátryggingasamningalaga og 1.mgr. 90.gr. sömu laga, en V bendir á að M hafi að eigin sögn verið undir áhrifum áfengis og annarra fíkniefna. Þá segir V að ekki verði séð að vanbúnaður hafi verið á svölunum þar sem M datt fram af.

#### Álit.

Af gögnum málsins verður ekki séð að nokkur ýti eða hrindi M í umrætt sinn. Þá ber M að hann hafi verið að koma sér upp á borð þegar hann hafi með einhverjum hætti fallið fram af svölunum. Fyrir liggur bæði af framburði M sjálfs og niðurstöðu úr alkahólmælingum á blóði M eftir slysið að hann var verulega ölvaður í umrætt sinn. Ekki verður annað séð en orsakatengsl séu á milli ölvunar-og vímuefnaástands M og slyssins og því um stórkostlegt gáleysi hjá M að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að nokkuð hafi verið athugavert við umbúnað svala þeirra sem M datt fram af. Með vísan til 10.gr. skilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér ræðir um eru því skilyrði fyrir hendi til að fella niður ábyrgð V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 327/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bónda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum hrossa þann 13.6.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 19.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M hafði lagt bifreið sinni, A, á vegi nr. 746, Tindastólsvegi, sem liggur að skíðasvæði að vestanverðu í fjallinu Tindastóli. Kvaðst M hafa farið í göngu, en er hann kom til baka hafi hross, sem þarna gengu laus, verið búin að valda skemmdum á A með því að naga skottlok, spegla og dyrastaf. Kvað M um 15 gæf hross hafa verið á staðnum sitt hvoru megin við veginn.

Taldi M landeigandann, bóndann B, bera ábyrgð á tjóninu. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá váttryggingafélaginu X vegna tjónsins á A. X hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að ósannað sé að hross í eigu B hafi valdið skemmdunum á A í umrætt sinn og ekki hafi verið sýnt fram á að lausaganga búfjár hafi verið bönnuð á þeim slóðum þar sem tjónið varð.

**Álit.**

Engin gögn liggja fyrir í málinu um það hverjir hafi verið eigendur þeirra hrossa sem ollu tjóninu á A. Gegn andmælum X telst ósannað að þau hafi verið í eigu B. Þá liggur heldur ekkert fyrir um það í málinu að lausaganga hrossa hafi verið bönnuð á umræddum stað. Engin gögn að öðru leyti liggja fyrir sem sýna fram á að B geti borið ábyrgð á tjóni því sem varð á A. Að þessu virtu telst tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 328/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingfélagið X v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra**

**Ágreiningur um skemmdir á húseign á tímabilinu 2006 – 2010 samkvæmt málskoti, ágreiningur um hvort tekja megi “meint tjón” til byggingarsjóra**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur ósannað að rekja megi “meint tjón” til þess að byggingarstjórinn hafi á saknæman hátt vanrækt skyldur sínar við byggingu umrædds húss sbr. nánar gögn málsins. Félagið vísar til þess að gögn málsins séu þeim annmarka háð að ekki hafi verið aflað mats dómkvadds matsmanns.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi skemmdir á viðkomandi húseign til ábyrgðar byggingarstjórans.

Líkt og vátryggingafélagið vísar til getur fyrirliggjandi óundirrituð og ódagsett yfirlýsing tiltekinnar steypustöðvar ekki talist sönnun á því tjóni sem M telur vera á húseign sinni.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 329/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðar vegna tjóns þ. 16.6.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.10.2010 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 15.11.2010 ásamt fylgiskjölum 1-3

**Málsatvik.**

M segir að hann hafi beðið um kaskótryggingu vegna A og talið sig greiða kaskótryggingu vegna A en lent nokkru síðar í umferðaróhappi og gerir kröfu um bætur úr kaskótryggingu sinni hjá V. V segir að M hafi ekki verið með kaskótryggingu vegna A og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að líklegt sé að hann hafi beðið um kaskótryggingu vegna A. Þá bendir V á að áður en bifreiðar séu kaskótryggðar þá þurfi þær að fara í skoðun, en A hafi aldrei farið í slíka skoðun.

**Álit.**

Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki séð að M hafi kaskótryggt A. Tjón á A er því ekki bótaskyld miðað við fyrirbyggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V fyrir A vegna tjónsins þ. 16.6.2010.

Reykjavík 30.11.2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 332/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á þurrkara úr þvottahúsi í fjölbýlishúsi.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 21.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að kvöldi 4.7.2010 var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynnt að farið hafði verið inn í tvær geymslur og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð sem vísar út í garð í nánar tilgreindu fjölbýlishúsi í Reykjavík. Samkvæmt lögregluskýrslu mun hafa verið farið inn um opnanlegan glugga í þvottahúsinu sem var í 1,8-1,9 m hæð frá jörðu. Var svo farið með stolna muni út um dyr úr þvottahúsinu og út í garðinn. Meðal hinna stolna muna var þurrkari í eigu M.

Í málskoti er þess getið að býsna algengt sé að gluggar í þvottahúsum séu opnir m.a. til að fyrirbyggja að raki safnist fyrir eftirlitslaust.

M hefur krafist bóta úr heimilistryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til varúðarreglu í gr. 4.5.7 í skilmálum váttryggingarinnar þar sem kveðið er m.a. á um það að læsa skuli íbúðarhúsum og geymslum og loka öllum gluggum og krækja aftur.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 4.5.1 í skilmálum þeim sem gilda um heimilistryggingu M bætir váttryggingin tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi váttryggingartaka.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekki sé um það deilt að farið hafi verið inn um opnanlegan glugga í þvottahúsinu og þurrkaranum stolið með því að fara með hann út um dyrnar á þvottahúsinu. Þá verður að líta svo á að M hafi fyrir sitt leyti samþykkt eða í öllu falli látið átölulaust að glugginn væri að jafnaði hafður opin. Hver svo sem ástæða þess hefur verið þá var það brot gegn fyrrgreindri varúðarreglu í gr. 4.5.7 í váttryggingarskilmálunum.

Samkvæmt 3. gr. í IX. kafla sameiginlegra skilmála hefur X gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð í heild eða hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þótt félagið geti borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti, eins og segir í nefndu lagaákvæði.

Eins og rakið hefur verið var farið inn um opin glugga í þvottahúsi á jarðhæð. Ætla verður að ferðir fólks í þvottahúsið geti verið stopular og það verið mannaust um alllangan tíma. Þá var greið leið úr þvottahúsinu um dyrnar út í garðinn. Með tilliti til þessa verður að telja að þjófnaður á þurrkaranum verði rakinn til þess að fyrrgreind varúðarregla var ekki virt og M eigi sök á því. Að öllu virtu telst sök hans það veruleg að réttur til bóta úr váttryggingunni hefur fallið niður.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 333/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur bifreiðum ekið aftur á bak úr staðum verslunar í Hafnarfirði 25.03. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.11. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 10.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum við verslun. Ágreiningur er milli ökumanna um nákvæman aðdraganda árekstursins þrátt fyrir sameiginlega tjónstilkynningu sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag A telur, líkt og tjonanefnd vátryggingarfélaganna, að ökumaður B skuli bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka í hlið A sem þá hafi verið kyrrstæð.

Vátryggingafélag B telur að ósannað sé að bifreið M hafi verið kyrrstæð og því beri að skipta sök til helminga.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. ákomu á bifreiðunum og staðsetningu miðað við afstöðumynd tjónstilkynningar þykir rétt að leggja alla sök á ökumann B sem virðist hafa ekið á A. Fullvíst má telja að ökumaður B hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 30. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 334/2010**

**M og**

**Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda A**

**Umferðaróhapp þ. 18.9.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 21.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags.15.11.2010

**Málsatvik.**

A var ekið norður Vesturlandsveg og svo virðist sem A hafi verið ekið hægra megin framúr bifreið, en ökumaður misst stjórn á A og bifreiðin farið yfir á rangan vegarhelming og stöðvast utan vegar á steinsteyptum stólpa. Ökumaður A, M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V. Af hálfu M er á því byggt að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sbr. 31.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga sbr. einnig 94. gr. Þá bendir M á að ekki sé bann við framúrakstri á þeim stað þar sem M reyndi framúrasktur í umrætt sinn. M hafnar því að um stórkostlegt gáleysi hafi verið um að ræða af hans hálfu og getur ekki sætt sig við að bótaréttur hans sé skertur um 50% svo sem V vill gera í málinu. V telru að ökumaður A hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá bendir V á að það líti ekki á lögregluskýrslu sem tjónstilkynningu vegna líkamstjóns og hafi umboð lögmanns M borist þ. 4.8.2010 og hafi V sent tölvupóst til lögmanns M sama dag um skerðingu á bótum vegna líkamstjóns.

**Álit.**

Af gögnum málsins sést að A sýndi af sér stórkostlegt gáleysi við akstur A í umrætt sinn. M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns A, en ber helming tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við akstur A í umrætt sinn. Ekki er fallist á að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu A hjá V, en ber helming tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 30.11.2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 335/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingfélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar**

**Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi 18.07. 2004,  
ágreiningur um brottfall bótaréttar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.10. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni út af Vesturlandsvegi í Borgarbyggð og valt hún út í Norðurá.

Vátryggingafélagið telur að fyrir liggja að M hafi ekki verið fær um að stjórna bifreiðinni örugglega skv. 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga sbr. niðurstöður mælinga Lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið vísar og til frásagnar vitnis um að M hafi tekið fram úr bifreið vitnisins á miklum hraða, líklega 110-120 km hraða. Slíkur akstur sé vítaverður en mun alvarlegri þegar ökumaður er með mjög háan styrk af MDMA í líkamanum. Félagið telur að M hafi með því að aka svona hratt á sama tíma og hann var með mjög háan styrk af MDMA (örvandi efni) í líkamanum, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi skilmála og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga sbr. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar með hafi hann fyrirgert rétti til bóta. Félagið telur nægjanlega sýnt fram á að M hafi verið óhæfur til að aksturs. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. frásögn vitnis, ástandi M og niðurstöðu matsgerðar Lyfjafræðistofnunar Háskóla Íslands, verður að telja að M hafi verið ófær um að stjórna bifreið sinni örugglega og að tjónsatburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis M sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Rétt þykir að fella niður bótarétt M sökum þessa.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að M hafi verið sýknaður af ákæru í opinberu máli gegn honum sbr. fyrirliggjandi gögn.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 23. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 336/2010**

**M**  
**og**

**vátryggingafélagið X v/ ferðatryggingar samkvæmt Platinum greiðslukorti.**

**Ágreiningur um kröfu um endurgreiðslu ferðakostnaðar.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 8.11.2010.

**Málsatvik.**

M fór þann 7.8.2010 ásamt skólasystkinum sínum í ferð til Costa del Sol á Spáni. Daginn eftir, eða 8.8., fékk M útbrot um allan líkamann og mikinn kláða. Kallað var á lækni sem ráðlagði M að halda sig inni og forðast sólarljós. Þann 12.8. höfðu sjúkdómseinkennin ágerst og þeim fylgdi mikill hiti og hálsbólga. Var þá farið með M á nærliggjandi sjúkrahús til rannsóknar. Í kjölfarið var aukin lyfjagjöf sem hún hafði verið á auk þess sem hún skyldi halda sig áfram innandyra og ekki vera í sól uns veikindin væru yfirstaðin. Gengu veikindin ekki yfir fyrr en hún var komin aftur til Íslands.

M kveður ferðina hafa verið sér ónýta og hefur krafist bóta fyrir óafturkræfan ferðakostnað úr ferðatryggingu samkvæmt Platinum greiðslukroti hjá vátryggingafélaginu X. Til stuðnings bótakröfu sinni hefur M vísað til greinar 4.6.1 í vátryggingarskilmálum sem um vátrygginguna gilda. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í fyrirnefndri grein 4.6.1 í vátryggingarskilmálunum segir m.a. að félagið endurgreiði hlutfallslega allt að 440.000 krónum af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar sem vátryggður getur ekki notað vegna þess að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. Svo til greiðslu bóta geti komið samkvæmt þessu ákvæði í skilmálum vátryggingarinnar er það skilyrði að vátryggður, M í þessu tilviki, hafi legið á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. Gildissvið vátryggingarinnar er þessum takmörkum háð. Því getur ekki komið til greiðslu úr vátryggingunni ef vátryggður dvelst í veikindum sínum annars staðar en á sjúkrahúsi. Þótt M hafi þurft að leita á sjúkrahús til rannsóknar vegna veikinda sinna er ekki um það deilt að hún var aldrei lögð inn á sjúkrahúsið. Því hefur ekki stofnast bótaskylda úr umræddri ferðatryggingu sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum úr henni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 338/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns A**

**Umferðaróhapp í Stekkjarbakka í Reykjavík þ. 16.8.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.25.10.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 8.11.2010 ásamt ljósmynd

**Málsatvik.**

Ökumaður A sem er vélhjól segist hafa ætlað að taka fram úr bifreið sem hafi beygt í veg fyrir A með þeim afleiðingum að A lenti á afturhorni bifreiðarinnar. Ökumaður A segist hafa ekið á löglegum hraða í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar sem A ók aftan á sagðist ekki hafa orðið hans vör fyrr en A lenti aftan á bifreiðinni. Vitni segir að A hafi verið ekið fram úr bifreið vitnisins öfugu megin við umferðareyju og fannst vitninu hraðinn á A vera töluverður og hafi A verið ekið áfram á öfugum vegarhelmingi allt þar til að ökumaður A hafi reynt að koma í veg fyrir árekstur og lent aftan á bifreið. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns vegna A hjá V. Af hálfu M er því hafnað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Þá sé ekki tiltekið að bifreiðin sem M lenti á hafi gefið stefnuljós. Af hálfu M er framburði vitnis í málinu mótmælt sem röngum. Af hálfu M er einnig vísað til dóma Hæstaréttar í málunum 666/2008 og 107/2009. V hafnar bótaskyldu og bendir á að lögreglan hafi veitt akstri M athygli fyrir of hraðan akstur. Þá bendir V á að skv. 24.gr. umferðarlaga nr. 50/2987 sé bannað að aka fram úr ökutæki rétt áður en komið sé að gangbraut en það bann hafi M hunsað auk þess sem hann hafi ekið öfugu megin við umferðareyju. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og bendir m.a. á að hann hafi ekki verið í hlífðarfatnaði við akstur vélhjólsins

**Álit.**

Af öllum gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en M hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Þrátt fyrir það á M rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns A hjá V, en rétt þykir að hann beri helming tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við aksturinn.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns A, en ber helming tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við aksturinn.

Reykjavík 30.10 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 340/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á innbúsmunum úr geymslu þann 10.5.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 28.10.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-5.
2. Bréf X, dags 8.11.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-4.

**Málsatvik.**

Þann 2.5.2010 var brotist inn í bifreið í eigu M og úr henni stolið handtösku með ýmsum munum, svo sem greiðslukortum, ökuskírteini, snyrtivörum, hring og gleraugum. Þann 10.5.2010 var lögreglu tilkynnt um þjófnað úr tveimur geymslum á geymslugangi í nánar tilgreindu fjölbýlishúsi í Reykjavík, þar sem M búa. Þau áttu aðra geymsluna og frá þeim var stolið veiðibúnaði, þ.e. veiðitösku með fjórum veiðihjólum, svo og þremur veiðistöngum ásamt veiðilínum.

Í skýrslu lögreglu um atvikið segir að engin ummerki hafi verið á útidyrhurðum fjölbýlishússins né hurðum inn á geymsluganginn. Sjálfar geymsluhurðirnar hafi hins vegar verið ólæstar. Íbúar í húsinu töldu að þjófarnir hafi komist inn á stigaganginn með lykli sem þeir hafi komist yfir er brotist var inn í bifreið M. Í málskoti telja M að þjófarnir hafi að öllum líkindum notað húslykil þeirra til að opna geymsluhurðina. Jafnframt greina M frá því að þau hafi skipt um læsingu á hurð að íbúð sinni, en beðið hafi verið eftir lásasmið til að skipta um læsingu á geymslu- og bílskúrshurð. Sömuleiðis hafi húsfélagið verið búið að panta lásasmið til að skipta um læsingu á sjálfri útidyrhurðinni, en ekki unnist tími til að skipta um læsinguna áður en þjófnaðurinn var framinn.

M hafa krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjónið falli utan gildissviðs váttryggingarinnar.

**Álit.**

Á yfirlitsmynd í 8. gr. váttryggingarskilmála innbústryggingar, sem M hafa hjá X, eru tilgreind þau tjónsatvik sem váttryggingin tekur til, en þar á meðal er innbrotþjófnaður. Segir þar að váttryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð o.fl. og það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Samkvæmt gögnum málsins voru engin ummerki um innbrot á vettvangi, hvorki á útidyrhurð né geymsluhurð eða dyraumbúnaði geymslunnar að öðru leyti. Eins og málið liggur fyrir er heldur ekki sannað að lykill, sem hefur verið stolið við innbrot í bifreið M, hafi verið notaður til að komast inn í geymslu M í umrætt sinn. Skilyrðum bótaskyldu hvað varðar ótvíræð merki um innbrot á vettvangi hefur því ekki verið fullnægt. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr innbústryggingunni hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr innbústryggingu þeirra hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 341/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 2.7.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 28.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M fór upp á loft yfir sýningarglugga í húsnæði verslunarinnar A í Kópavogi. Loftið var gert úr gifsplötum og brotnaði ein þeirra undan M. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítala. Í læknaþreffi frá sjúkrahúsinu segir að M hafi verið „að þríla upp á millilofti og dettur niður 3½ m og lendir á bakinu og fær ryksugu í andlitið.“ Greindist hann með tognun og ofreynslu á axlarlið, hendi og brjósthrygg.

Þegar slysið varð var M við störf hjá byggingarfélaginu V. Í bréfi lögmanns M, dags. 8.7.2010, til ábyrgðartryggjanda V, vátryggingafélagsins X, er tildrögum slyssins lýst á þann veg að verkstjóri M hafi sent hann upp á loftið til að lagfæra hlut, eitthvað tengdum ljósum eða einhverju sem gekk niður úr loftinu. Í svari V við nánar tilgreindum spurningum frá X kemur fram að ekki hafi verið um neitt verk að ræða uppi á loftinu. M hafi hins vegar tjáð fyrirsvarsmanni V að hann hafi verið að sækja ryksugu. Í málskoti er vikið að því að M hafi verið að sækja ryksugu eins og haft er eftir fyrirsvarsmanni V auk þess að lagfæra áðurgreindan hlut. Mun M hafa farið upp stiga sem liggur upp á eins konar milliloft sem er á hægri hönd við stigauppgönguna, en loftið yfir sýningarglugganum var á vinstri hönd. Þurfti M að fara yfir handrið á stiganum til að komast út á loftið.

M kveður verkstjóra eða annan samverkamann hafa sagt sér að framkvæma umrætt verk. Hann hafi verið nýr í starfi og ekki fengið leiðbeiningar um það hvernig hann ætti að standa að verki. Hann hafi ekki verið aðvaraður um að loftið væri ekki mannhelt. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins (VER) og beri V því alla sönnunarbyrði um það sem óljóst kann að vera. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af M um slysið og tildrög þess, né heldur af verkstjóra, samstarfsmönnum M eða öðrum sem hugsanlega gætu borið um málsatvik. Slíkra gagna hefði mátt afla þótt slysið hafi ekki verið rannsakað af VER. Einu beinu upplýsingarnar um atvikið er að finna í skriflegum svörum V við tilteknum spurningum frá X. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu telst ekki sannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á.

Engin haldbær gögn liggja fyrir um það að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins. Af læknaþreffi slysa- og bráðadeild Landspítala verður ekki ráðið að M hafi verið óvinnufær af völdum slyssins. Fyrir liggur læknisvottorð B læknis. Þótt þar sé haft eftir M að hann hafi tekið „vikupásu“ eftir slysið felst í því engin sönnun um óvinnufærni M. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi komið aftur til starfa strax að lokinni skoðun á slyssadeildinni. Samkvæmt þessu verður ekki séð að slysið hafi verið tilkynningarskylt samkvæmt fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður sönnunarbyrði því ekki snúið við um atriði sem teljast óupplýst þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt VER.

Að framangreindu virtu telst M ekki eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 7. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 342/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B**

**Árekstur Suðurlandsbraut 22 þann 07.10. 2010**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.11. 2010, þar sem fram kemur að félagið tekur ekki afstöðu í máli þessu.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr bifreiðastæðum gegnt hvor annarri.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna hafði komist að þeirri niðurstöðu að skipta ætti sök til helminga.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir hvorugur ökumanna hafa gætt nægjanlegrar aðgæslu. Ekki er tilefni til að leggja aukna ábyrgð á ökumann B þó að A hafi verið búinn að aka aftur á bak úr stöðureitnum og verið við það að aka áfram þegar áreksturinn varð.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 30. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 343/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélag X v/fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða þegar M var að aðstoða við sauðburð þann 11.05. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr frítímaslysstryggingu með vísan til þess að ósannað sé að “meiðsl þau sem M rekur til atviksins væru tilkomin vegna þess.” Ósannað sé að rekja megi meiðsl til þess að M hafi verið að “eltast við” kind. M hafi ekki leitað til læknis fyrr en einni og hálfri viku eftir umrætt atvik og þá eftir að hafa verið að bera kassa í vinnu sinni. Félagið vísar m.a. til fyrirliggjandi læknisvottorða, það telur að einkenni M í hægri öxl hafi verið lýst með samskonar hætti og nú á árinu 2006, ekki “var því um ný einkenni að ræða” sbr. nánar umfjöllun félagsins. Félagið getur læknisvottorðs, dags. 16.03. 2010 þar sem segir m.a. “.....28.09. 2009 þar sem fyrst er gerð liðspeglun. Sáust hér byrjandi slitbeytingar á liðbrjóski, þar sáust ekki áverkamerki eða stærri rifur á sinum á öxlinni”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. takmarkaða umfjöllun í málskotinu. M staðhæfir að hún hafi haldið í kindina sem “allt í einu stökk af stað og kippti í mig og kom þá smellur í hægri öxl og ofsalegar kvalir...”

**Álit**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi meiðsl M til slyss.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 344/2010**

**M og**

**Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar Á**

**Veggeiningar úr gipsi féllu á starfsmann þ. 9.2.2004**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 29.10.2010 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 15.11.2010 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu er haft eftir samstarfsmanni M að hann hafi verið að laga veggeiningar sem reistar höfðu verið upp við vegg en við það féllu veggeiningarnar á M. M segist hafa verið að skoða tæki sem hafi verið á borði framan við einingarnar en þá hafi ein eininginn fallið á sig með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að ekki sé ljóst hvað hafi valdið slysinu þar sem M beri við minnisleysi og af hálfu Vinnueftirlitsins voru ekki gerðar kröfur um úrbætur þar sem beðið var um það af hálfu Á. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Á hjá V og telur að tilkynningum um slysið og kröfur V hafi verið komið á framfæri með eðlilegum hætti. Af hálfu M er á því byggt að aðbúnaður hafi ekki verið nægjanlega góður á vinnustaðnum í umrætt sinn. Þá vísar M til leiðbeiningarskyldu vinnuveitenda. V hafnar bótaskyldu og telur að um óhapp hafi verið að ræða. Þá vísar V til skýrslu Vinnueftirlitsins og framburðar M hjá lögreglu sbr. lögregluskýrslu dags. 8.4.2004. V telur ósannað að slysið verði rakið til atvika sem Á beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Ekkert í gögnum málsins sýnir fram á slys M verði rakið til sakar Á eða starfsmanna Á. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Á hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Á hjá V.

Reykjavík 30.11 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 345/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum þjófnaðar úr íbúðarhúsi.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 1.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 10.11.2010, ásamt fylgigögnum nr. 1-4.

**Málsatvik.**

Síðdegis þann 20.5.2010 var lögreglu tilkynnt um að sést hefði til manna á hlaupum með tölvur og tölvuskjái undir höndum og að þeir hafi farið í tiltekna bifreið á A-götu í Hafnarfirði og ekið á brott. Við eftirgrennslan lögreglu fannst umrædd bifreið og þýfi sem hafði verið stolið úr einbýlishúsi að B-götu 8 í Hafnarfirði, en M mun vera eigandi hússins og eigandi hinna stolnu muna. Er lögregla kom að B-götu 8 voru útidyr hálfopnar. Við nánari athugun kom í ljós að opnanlegur svefnherbergisgluggi á jarðhæð sem snéri út í baklöð hússins var opinn og stormjárn gluggans var laust frá gluggakarminum. Ekki voru nein ummerki utan á glugganum um að hann hafi verið spenntur upp. Sterkar líkur voru taldar fyrir því að farið hafi verið inn um gluggann og hafði M orð á því að líklega hafi verið farið þarna inn þar sem glugginn væri oft opinn.

M kveður tjón það sem hann varð fyrir af völdum atviksins mega rekja til innbrots í húsið og hefur krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu þar sem vátryggingin taki ekki til tjónsins.

**Álit.**

Í 8. gr. vátryggingarskilmála fyrir innbústryggingu þá sem M hafði hjá X er yfirlitsmynd þar sem talin eru upp þau tjónsatvik sem vátryggingin tekur til. Meðal tjónsatvikanna er innbrotsþjófnaður, þar á meðal þjófnaður við innbrot í læsta íbúð. Einnig er tekið fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Eins og ummerki voru við gluggann, sem að öllum líkindum var farið inn um, var ekkert sem benti til þess að þeir sem þarna voru að verki hafi þurft að brjóta sér leið inn í húsið, heldur einungis að skrúfa laust stormjárn í opnum glugganum. Með því að ótvíræð merki um innbrot voru ekki fyrir hendi telst ósannað að skilyrðum fyrir bótaskyldu úr innbústryggingunni hafi verið fullnægt. Tjón M fæst því ekki bætt.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 348/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar lögmans.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er víxlar í vörslum lögmans glötuðust.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 20.11.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 6. febrúar 2008 mun M hafa afhent L hæstaréttarlögmanni tvo tryggingavíxla til innheimtu. Báðir víxlarnir voru útgefnir 20. október 2002, annar af A og samþykktur af B til greiðslu í Landsbanka Íslands hf. þann 14. mars 2008, en hinn útgefninn af B og samþykktur af A til greiðslu á sama stað og sama dag og hinn víxillinn. L lét víxlana í innheimtu í Landsbankann. Þeir voru ekki greiddir á gjalddaga og mun L hafa fengið þá aftur í sínar hendur. Í byrjun árs 2009 kom í ljós að báðir víxlarnir höfðu glatast. Þeir voru ógiltir með dómum uppkveðnum 28. apríl 2009.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu L hjá váttryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir við það að víxlarnir glötuðust. X hefur hafnað kröfum M.

**Álit.**

Ekkert hefur verið upplýst í gögnum málsins um þau lögskipti milli aðila sem stóðu að baki hinum glötuðu tryggingavíxlum. Ekki er að sjá að reynt hafi verið að innheimta með öðru móti þær kröfur sem M telur sig eiga á hendur A og B og áttu að vera tryggðar með víxlunum. Fyrir liggur að árangurslaust fjárnám var gert hjá A 8. október 2007 og hjá B 19. janúar 2006. Samkvæmt þessu eða gögnum málsins að öðru leyti liggur ekki fyrir að A eða B eigi eða hafi átt eignir sem hefðu getað staðið til fullnustu kröfum M á hendur þeim. Við svo búið verður ekki séð að M hafi orðið fyrir fjártjóni þótt víxlarnir hafi glatast meðan L hafði þá í fórum sínum. M á því ekki kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu L hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu L hjá X.

Reykjavík, 7. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 349/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um skaðabótaskyldu þegar gestkomandi í heimahúsi missti  
glas með vökva yfir fartölvu þann 17.08. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa misst glas með appelsíni yfir fartölvu, þar sem hann var gestkomandi, þannig að tjón hlaut af. M gekk með glas og mun hafa rekið sig í borðfót því hann hafi haft auga á sjónvarpsskjá og missti við það glasið. M mun hafa verið í heimsókn hjá móður eiganda fartölvunnar, sem var einnig þar staddur.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélag telur um “hreint óhappatilvik að ræða” sem M verði ekki um kennt. Líta beri á minniháttar yfirsjón gestkomandi í heimahúsi sem veldur tjóni mildum augum. Þetta atvik sé dæmigert fyrir óhapp af því tagi. Til stuðnings afstöðu sinni vísar félagið til tiltekinna úrskurða úrskurðarnefndar þ.e. nr. 236/2006, 18/2004, 88/2004, 169/2004 og 9/2003.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða líkt og vátryggingafélagið lætur getið.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. nóvember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 352/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs húseigendatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka í fjöleignarhúsi.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. .2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 21.7.2010 mun vatnsleki hafa komið upp í íbúð M á jarðhæð í fjórþýlishúsi. Skemmdir urðu á íbúð M, m.a. á parketi. Óumdeilt virðist að tjónið megi rekja til bilunar í sameiginlegri lögn við ofn á jarðhæð og að húsfélagið, þ.e. allir íbúðaeigendur í umræddri húseign, beri ábyrgð á tjóninu samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. A, eigandi einnar íbúðarinnar, hafði í gildi húseigendatryggingu vegna eignarhluta síns hjá váttryggingafélaginu X. Aðrar tvær íbúðir voru váttryggðar hjá öðru váttryggingafélagi, Y. Y hefur bætt M tjónið sem varð á íbúð hans að því marki sem eigendur þessara tveggja íbúða báru ábyrgð á tjóninu. Voru bætur greiddar úr ábyrgðarlið þeirra fasteignatrygginga sem íbúðaeigendurnir höfðu keypt hjá Y.

M hefur einnig krafist bóta úr húseigendatryggingu þeirri sem A hafði hjá X sem samsvaraði ábyrgð A í tjóninu. X hefur viðurkennt að bótaskylda sé til staðar úr húseigendatryggingu A í samræmi við eignarhluta hans í húsinu. Kveðst félagið gera upp við sinn váttryggingartaka líkt og skilmálar félagsins gera ráð fyrir. Það fái ekki séð að M hafi neina hagsmuni af því að skjóta málinu til úrskurðarnefndar þar sem hann sé hvorki váttryggingartaki né váttryggður. Ekki sé rökstutt í málskoti hvaða hagsmuni M hafi „af niðurstöðu félagsins í máli aðila sem er honum ótengdur.“ Gerir X kröfu um að málinu sé vísað frá úrskurðarnefnd, sbr. e. lið 4. gr. samþykktanna fyrir nefndina.

**Álit.**

Samkvæmt e. lið 4. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Ef svo háttar ber að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Þá segir í 1. mgr. 5. gr. samþykktanna að sá aðili sem skýtur máli til nefndarinnar nefnist málskotsaðili og málskotsaðili geti verið váttryggingartaki, váttryggður, þar á meðal meðváttryggður, réttihafi bóta, tjónþoli og hver annar er telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga, enda sé fullnægt skilyrðum 1. mgr. 3. gr. um að málskotið heyri undir starfssvið nefndarinnar.

Telja má víst samkvæmt gögnum málsins að M krefst bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar A hjá X. Hefur M stöðu tjónþola gagnvart X og ekki verður um villst að ágreiningur er milli M og X um greiðslu bóta úr váttryggingunni. Með vísan til ákvæða 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktanna verður málinu ekki vísað frá fyrir það eitt að M teljist hvorki vera váttryggingartaki eða váttryggður.

Ekki hafa verið lagðir fram í málinu þeir vátryggingarskilmálar sem gilda um húseigendatryggingu þá sem A hafði í gildi hjá X. Þá hefur X ekki vísað til tiltekinna ákvæða í skilmálunum þegar það hyggst gera tjónið upp við sinn vátryggingartaka, þ.e. A, líkt og skilmálarnir gera ráð fyrir. Þá telst málið telst nægilega upplýst þannig að taka megi afstöðu til réttarstöðu M gagnvart X. Að framangreindu virtu eru ekki efni til að vísa málinu frá.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur X viðurkennt bótaskyldu vegna þess tjóns sem M hefur orðið fyrir og hann krefst að X bæti sér. X kveðst hins vegar ætla að gera tjónið upp við A sem sinn vátryggingartaka. M á skaðabótakröfu á hendur A og öðrum sameigendum húseignarinnar, sbr. 3. tölulið 52. gr., sbr. 51. gr. laga nr. 26/1994. Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur M krafist bóta beint frá X. Þessi lagaregla er ófrávíkjanleg, sbr. 1. mgr. 46. gr. sbr. 2. mgr. 3. gr. vsl. Á M því rétt til að fá tjón sitt úr hendi X nema að því marki sem eigin áhætta A takmarkar greiðsluskyldu X, X geti haft uppi mótbáru gagnvart X vegna háttsemi vátryggðs áður en vátryggingaratburður varð, sbr. síðari málslið 4. mgr. 44. gr. vsl., eða X geti skuldajafnað iðgjaldi vegna þess vátryggingarsamnings sem ábyrgðartryggingin telst vera hluti af, sbr. 2. mgr. 49. gr. vsl. X hefur ekki borið því við að réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu A takmarkist eða sé ekki fyrir hendi af þessum ástæðum. Verður því að telja að M eigi rétt til að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingunni.

#### **Niðurstaða.**

Máli þessu er ekki vísað frá úrskurðarnefnd. M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 21. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 353/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega**

**Vinnuslys 11.10. 2006, ágreiningur um hvort gætt hafi verið tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 05.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M fékk áverka á bak og leitaði til slysadeildar LSH í kjölfar þess. Hann muna hafa leitað til heimilislæknis í október og nóvember 2007 og til bæklunarlæknis í september 2008. Tjónstilkynning hafi verið send félaginu 10.02. 2009.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Það telur að afleiðingar slyssins hafi verið M kunnar við greiningu slysadeildar þann 11.10. 2006, þegar hann hafi verið greindur með tognun og ofreynslu á lendahrygg.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. M telur að hann hafi fyrst gert sér grein fyrir því að hann ætti hugsanlega kröfu um bætur vegna varanlegrar örorku af völdum afleiðinga slyssins við niðurstöður myndgreiningar á árinu 2008 sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M ekki tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Honum varð ekki ljóst fyrr en á árinu 2008 að hann ætti mögulega bótakröfu vegna varanlegrar örorku. Ársfrestur 124. gr. var því ekki liðinn.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi m.ö.o. M vanrækti ekki tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík 7. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 355/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar**

**Tjón á tölvubúnaði vegna rafmagnstruflana er pallur vörubifreiðar rakst í háspennulínu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 25.11.2010.

**Málsatvik.**

Þann 4.4.2009 sturtaði stjórnandi vörubifreiðarinnar A malarhlassi ofan í húsgrunn í Vaðlaheiði á lóð í landi gegnt Akureyri. Að svo búnu ók ökumaður A af stað undan hlassinu með pallinn í uppréttri stöðu. Rakst þá brún á efri enda pallsins í nærliggjandi 66.000 volta háspennulínu. Við það fór rafmagn af á Akureyri og nágrenni. Á sama tíma munu skemmdir hafa orðið á kæli og frystikerfi, svo og á iðntölvu hjá M

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins má ráða að miklar rafmagnstruflanir hafi verið á Akureyri þegar ofangreint atvik varð. Ekki þykir nægilega í ljós leitt að tjón það sem M varð fyrir verði beinlínis rakið til þess atviks er A rakst í háspennulínuna. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 30. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 356/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgartryggingar bifreiðar**

**Ágreiningur um hvort möguleg bótakrafa vegna umferðarslyss,  
sem varð þann 19.02. 2003, sé fyrnd.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 10.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur mögulega kröfu M fyrnda skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. röksemdafærslu þess í gögnum málsins. Það vísar m.a. til þess að samkvæmt örorkumati, dags. 13.07. 2010, mátti M (tjónþola) vera ljóst 05.11. 2004 að afleiðingar slyssins væru varanlegar og að tímabært hafi verið að leggja mat á afleiðingar slyssins á sama tímapunkti. Félagið vísar til þess að matsmenn telji að M hafi átt kost að leita fullnustu kröfu sinnar í nóvember 2004. Ekkert verði séð að neitt nýtt hafi komið fram hvað varðar líkamlegt ástand M (sem er hjúkrunarfræðingur að mennt) umfram það sem kom fram á árinu 2003 og 2004. Fellst félagið ekki á þá túlkun M að heimsókn hennar til bæklunarlæknis í nóvember 2009 marki upphaf af vitneskju M um kröfu sína. Félagið telur að ef slík túlkun yrði látin viðgangast þá væri það í höndum lögmanns tjónþola í tilvikum sem þessum að ákveða hvenær fyrningarfrestur bótakröfu hæfist.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. M telur kröfu sína ekki fyrnda. M leitaði ekki til lögmanns þann 28.08. 2009 þegar hún taldi sig búa við varanlegar afleiðingar vegna slyssins. Í kjölfarið var leitað til bæklunarlæknis 05.11. 2009.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er krafa M á hendur vátryggingafélaginu fyrnd sbr. 99. gr. umferðarlaga. Matsmenn komust að þeirri niðurstöðu í júlí 2010 að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt í maí 2003 og að M hafi mátt vera ljóst í nóvember 2004 að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Hún leitaði hins vegar ekki til lögmanns fyrr en í ágúst 2009. Ekki er unnt að láta það hafa áhrif á upphafstíma fyrningarfrests. Ekki er unnt að fallast á að heimsókn M til bæklunarlæknis í nóvember 2009 marki upphaf fyrningarfrests.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 359/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.**

**Sönnun um að slys hafi orðið í vinnu.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 3.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M kveðst þann 13.2.2009 hafa runnið til á gólfi milli kaffistofu og vinnusvæðis á vinnustað sínum hjá V. Hafi hún fallið í gólfið og hlotið áverka á hægri öxl og handlegg ásamt baki. M leitaði til læknis þann 17.2.2009 og var þá greind með bólgu í axlarlið vegna áverka („arthritis traumatica AC“). M hefur síðan verið til læknismeðferðar, m.a. hjá bæklunarskurðlækni. M kveðst ekki hafa farið með læknisvottorð í vinnuna vegna þess að maðurinn sinn hefði unnið fyrir hana.

Fyrirsvarsmaður V neitaði að tilkynna um slysið til Sjúkratrygginga Íslands. Í skýrslu hjá lögreglu sem tekin var af honum af því tilefni kvaðst hann ekki hafa neina vitneskju um slysið. Í lögregluskýrslu er haft eftir einum starfsmanni V að hann hafi komi að M liggjandi í gólfinu og hjálpað henni að rísa á fætur, en ekki orðið þess var er M féll í gólfið. Eftir einum starfsmanni er haft að hann hafi ekki vitað til þess að M hafi fallið í gólfið fyrr en hún hafi sagt viðkomandi það síðar. Eftir tveimur starfsmönnum er svo haft að þeir hafi ekkert vitað um slysið, en heyrt M kvarta um verki í öxl.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem V hefur keypt hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ósannað sé að tjónsatburður hafi orðið.

**Álit.**

M tilkynnti ekki vinnuveitanda sínum um slysið og er ósannað að hann hafi vitað um meint atvik fyrr en í janúar 2010 er hann fékk bréf í hendur frá lögmanni M. Engin vitni voru að því er M féll í gólfið og af kvörtunum hennar við samstarfsfólk verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að hún hafi slasast í vinnu hjá V. Hefur M því ekki sýnt fram á að hún eigi rétt til bóta úr slysatryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 30. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 360/2010**

**M**  
**og**  
**X v/ óþekktra ökutækja.**

**Ágreiningur um bótaskyldu af völdum óþekktra ökutækja.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 25.11.2010.

**Málsatvik.**

Þann 17.2.2008 um kl. 15 féll M af hestbaki og meiddist. Slysið varð í hesthúsahverfi við Grindavík. Mun hestur, sem M var á, hafa fælst við hávaða frá fjórum ökutækjum sem samkvæmt skýrslu lögreglu voru þrjú bifhjól (torfærubifhjól) og eitt fjórhjól. Að sögn föður M var M ásamt fleirum á hestbaki þegar ökutækjunum var ekið um hesthúsahverfið. Mjög mikill hávaði hafi komið frá þeim og við það fældust hestarnir. M hafi ekki náð að hemja hest sinn og fallið af baki. Ökutækin voru horfin af vettvangi áður lögregla náði að ræða við stjórnendur þeirra. Ekki hefur tekist að hafa upp á ökutækjunum eða stjórnendum þeirra.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns hjá X, en samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar skal X sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Tildrögum slyssins er lýst í slysatilkynningu til vátryggingafélags, svo og í framburði föður M í lögregluskýrslu. Öðrum gögnum, svo sem vitnaskýrslum, er ekki til að dreifa um það hvernig slysið bar að höndum. Þótt vera kunnir að bifhjólum og fjórhjóli hafi verið ekið í grennd við þann stað þar sem M var á hestbaki verður ekki talið samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að leiddar hafi verið nægilegar líkur að því slysið verði rakið til tjónsatviks sem hafi orðið af völdum óþekkts vélknúins ökutækis, eins eða fleiri. Að svo vöxnu hefur ekki stofnast bótaskylda hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 21. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 361/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatriyggingar launþega**

**Ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir slysi við fall í stiga við heimaþjónustu 11.11. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa fengið áverka við vinnu sína við heimaþjónustu við fall í stiga.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu, það telur ósannað að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína við heimaþjónustu 11.11. 2008. Það vísar sérstaklega til framburðar heimilismanna á umræddum stað um að þeir hefðu ekki vitneskju um að M hafi slasast. Félagið vísar og til þess að M tilkynnti ekki vinnuveitanda sínum um hið meinta slys fyrr en tveimur dögum síðar og loks ósamræmi sem virðist vera í frásögn M um málsatvik og því beri að hafna kröfu hans um bætur úr slysatriyggingu launþega.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. M gagnrýnir vinnuveitanda sinn fyrir að hafa ekki leita fyllri skýringa á veikindum M í umrætt sinn þ.e. áður en M tilkynnti um slysið þann 13.11. 2008. Hljóti vinnuveitandi að þurfa að bera hallann af því að hafa ekki kynnt sér málavexti nægilega auk þess sem slysið hafi ekki verið rannsakað.

**Álit**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að M hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 364/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar**

**Skemmdir á bifreið við akstur yfir Hellisá þegar ís gaf sig 06.11. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 17.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að tjónsatvik þar sem ís brotnar undan þunga bifreiðar þegar ekið er yfir óbrúaða á falli ekki undir 1. gr. skilmála kaskótryggingar sem fjallar um bótaskyldu vátryggingarinnar. Félagið getur þess að í takmörkun á ábyrgð þar sem fjallað er um akstur ákveðinna tegunda bifreiða utan alfaraleiða sé áréttað að verði tjón á þeim svæðum sem falli að 1. gr. þá bætir félagið tjónið þó “er undanskilið tjón vegna vatns”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

M var á Pajero jappabifreið sinni á leið yfir óbrúaða á þegar ís gaf sig undan þunga bifreiðarinnar. M getur þess í málskotinu að bifreiðin hafi farið á um 90 cm dýpi. Ísinn hafi verið um 10 cm þykkur og komst bifreiðin með hjálp tveggja jeppa uppá þurrt land aftur en “mikið laskaður allann hringinn og vélarvana” sbr. gögn málsins.

Samkvæmt skilmálum (grein 8.3) tekur vátryggingin til aksturs sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, svo sem um tún eða engi, á snjósköflum á ís o.s.frv. sbr. ákvæði skilmála enda sé um bótaskyldu tjón að ræða skv. 1. gr. sömu skilmála. Fram kemur og að “undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins vátryggða ökutækis.”

Í 1. gr. skilmála er þess getið að vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs, eldsvoða (enda verði eldur laus) og sprengingar sem stafar af honum, eldingar, hrops, veltu, grjóthruns úr fjallshlíð, snjóflóðs úr fjallshlíð, skriðufalls úr fjallshlíð og aur- eða vatnsflóðs úr fjallshlíð.

Sem fyrr segir bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða ökutæki sem stafar af hrap. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki unnt að líta svo á að bifreiðin hafi hrapað í skilningi þeirra skilmála sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af ofanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og 1. gr. vátryggingarskilmála er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 365/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 12.1.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 17.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.11.2010.

**Málsatvik.**

M var að hreinsa glermulning undir glertalningarvél í starfsstöð V, vinnuveitanda síns. Var hann að skafa gólfíð við talningarvélinu með þvöru og draga saman glerbrot og önnur óhreinindi. Mun M hafa teygt sig undir vélinu til að ná glerbrotum þaðan. Er hann dró þvöruna að sér rak hann vísifingur hægri handar í hvassan kant á hlífðarplötu á vélinni. Skarst M illa á fingrinum. M var með vinnuvettlinga á höndunum er slysið varð.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir um orsök slyssins að það megi rekja til þess að M hafi teygt sig vel undir vélinu til að ná óhreinindum undan henni, það langt að höndin hafi farið inn undir vélinu og fingurinn rekist í neðri brún hlífðarplötunnar. Meðvirkandi orsök sé hvass kanturinn á hlífðarplötunni sem er klippt ryðfrí plata. Gefin voru fyrirmæli um að setja plasthlíf (ádrag) á umræddan kant hlífðarplötunnar svo og á sambærilega kanta á öðrum vélum á staðnum til að varna því að svona slys geti gerst aftur. Aðstæður á vinnustaðnum voru sagðar góðar og ekki voru gerðar athugasemdir við þær.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Umrædd glertalningarvél mun hafa verið ný eða nýleg þegar slysið varð. Vélin var CE-merkt og henni fylgdu ekki hlífur til að setja á brúnir hlífðarplötunnar. Fyrirsvarsmenn V eða aðrir starfsmenn fyrirtækisins munu ekki hafa vitað af hinum hvössu brúnum plötunnar. Samkvæmt þessu telst ósannað að fyrirsvarsmenn V hafi vitað eða mátt vita hversu varasamar brúnir plötunnar voru. Þá verður heldur ekki séð að slysið verði rakið til þess að ekki hafi verið gætt fyrirmæla samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum né heldur að slysið verði rakið til annarra atvika sem V ber ábyrgð á. Að svo vöxnu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 21. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 366/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ flutningstryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á stofuskáp í flutningsgámi.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. .2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M keypti hjá vátryggingafélaginu X flutningstryggingu vegna flutnings á búslóð sinni frá Bandaríkjunum til Íslands. Að morgni 20.10.2010 var komið með gáminn að heimili M. Í framhaldinu var gámurinn tæmdur að undanskildum stórum og þungum skáp úr stáli og gleri þar sem frekari mannafla þurfti til að bera hann. Gerðar voru ráðstafanir til að taka skápinn úr gáminum síðdegis þennan sama dag. Haft var samband við flutningsaðila og honum tilkynnt að sækja mætti gáminn næsta dag. Þau skilaboð munu hafa misfarist því eftir hádegið, meðan eigendur búslóðarinnar voru að heiman, var komið og gámurinn sóttur. Þegar haft var upp á skápnnum kom í ljós að hann hafði fallið á hliðina og orðið fyrir miklum skemmdum.

M hefur krafist bóta úr flutningstryggingunni hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafði kvittað fyrir móttöku búslóðarinnar og flutningi með viðurkenndum flutningsaðila hafi verið lokið er tjónið varð.

**Álit.**

Um flutningstrygginguna gilda víðtækir skilmálar A. Samkvæmt gr. 5.1 bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi. Í gr. 9.1 er kveðið á um að vátryggingunni ljúki þegar hið fyrsta af þremur eftirtöldum atvikum gerist: Í fyrsta lagi við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum sem nefndur er í vátryggingarskírteini, í öðru lagi við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eins og nánar er tilgreint í skilmálunum og loks í þriðja lagi sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipi í endanlegri uppskipunarhöfn. Þá er þess getið í 4. gr. að vátryggingin gildi eingöngu þegar farmur er fluttur með viðurkenndum flutningsaðila.

Þegar tjónið varð á skápnnum hafði hann ekki verið fluttur í hús móttakanda, þ.e. inn í hús M, og þá verður heldur ekki séð að 60 dagar hafi verið liðnir frá því að gámurinn með búslóðinni var losaður úr skipi í endanlegri uppskipunarhöfn. Önnur ákvæði skilmálanna um lok vátryggingarinnar hafa ekki þýðingu í málinu. Þá er heldur ekkert í skilmálunum eða vátryggingarsamningnum að öðru leyti sem gefur til kynna að ábyrgð félagsins hafi lokið við það eitt að M hafi kvittað fyrir móttöku búslóðarinnar. Verður því ekki fallist á að vátryggingin hafi verið fallin úr gildi þegar tjónið varð.

Ákvæði 4. gr. skilmálanna um að vátryggingin gildi eingöngu þegar farmur er fluttur með viðurkenndum flutningsaðila verður að skoða sem varúðarreglu í skilningi 2. tölul. e. liðar 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Eins og tjónið bar að réð M engu um það að gámurinn var sóttur af flutningsaðilanum áður en skápurinn hafði verið tekinn úr honum. Umrætt

ákvæði skilmálanna getur því ekki haft áhrif á rétt M til bóta úr váttryggingunni, sbr. 26. gr. vsl. Tjónið telst því bótaskyld skv. gr. 5.1 í skilmálunum.

**Niðurstaða.**

Tjón er bótaskyld úr flutningstryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 367/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur Þorsteinsgötu Borgarbyggð þann 23.10. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður bifhjólans B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum eða meirihluta sakar.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera 2/3 hluta sakar þar sem hann ekur inn á Þorsteinsgötu af bifreiðastæði í veg fyrir B sem ekið var eftir Þorsteinsgötu. Ökumaður B ætti að bera 1/3 hluta sakar þar sem hann ekur vinstra megin við miðlínu miðað við aksturstefnu.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Áreksturinn varð skammt frá sundlaug á móts við Þorsteinsgötu þar sem hjáleik var vegna vegaf framkvæmda. Bifreiðinni A var ekið út af bílastæði í veg fyrir bifhjólið B sem ekið var á röngum vegarhelmingi til að þurfa ekki að fara yfir hraðahindrun á götunni. Hér var um ámælisvert aksturslag ökumanns B að ræða.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B meginábyrgð á árekstrinum þ.e. 2/3 hluta fyrir að aka á röngum vegarhelmingi en rétt þykir að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar þar sem hann átti að víkja fyrir umferð um Þorsteinsgötu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 30. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 370/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/innbútryggingar heimilistryggingar**

**Tjón af völdum eldsvoða 14.10. 2010,  
ágreiningur um upplýsingaskyldu um vátryggingaáhættu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 29.10. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.11. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Óumdeilt er að á tjónsdegi var M með gilda vátryggingu. Eldur varð laus á heimili M sem rekja má til notkunar rafmagns. Kviknaði út frá fjöltengi sem í voru tengdir tveir ræktunarlampar sem M notaði til kannabisræktunar sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu, það vísar til 19. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið telur að M hafi borið að upplýsa félagið um aukna áhættu sem í þessu hafi falist. Ræktun á kannabisplöntum sé ekki hluti af eðlilegu heimilishaldi. Slíkt iðja sé þvert á móti dæmigerð áhætta sem kveðið er á um í nefndri 19. gr. Félagið hefði ekki gefið út vátryggingu ef það hefði verið upplýst um áhættuna. Hafa ber hugfast að svefnherbergi hafði verið skipt upp með skilrúmi og öðru megin var verið að framleiða ólögleg fíkniefni með gaskút og rafbúnaði sem á endanum kveikti í húsinu, að áliti félagsins. Það er mat félagsins að vanræksla M á upplýsingaskyldu sinni geti ekki talist annað en veruleg sbr. 2. mgr. 20. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga og því beri að fella bætur niður í heild sinni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

M stóð fyrir ólöglegri ræktun fíkniefna í heimahúsi sínu að því er telja verður. Gera má ráð fyrir því að slík ræktun M hafi aukna áhættu í för með sér.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Telja verður að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. – 2. mgr. 20. gr. laga um vátryggingarsamninga á þann veg að rétt sé að fella niður bótarétt hans. Umræddir ræktunarlampar geta ekki talist til almenns innbús.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 373/2010**

**M v/bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/B**

**Umferðaróhapp, ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á A til vörubifreiðarinnar B þann 29.07. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 22.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 08.12. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið á eftir vörubifreiðinni B sem var að flytja mól. Ökumaður A staðhæfir að mól hafi fallið af B og valdið skemmdum á A sbr. fyrirliggjandi gögn sem geta um viðbrögð aðila. M staðhæfir að hlerinn á pallinum hafi verið “opinn um sirka 10 sm og að töluverð mól hafi hrunið af pallinum...”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélag bifreiðarinnar A telur að B eigi að bæta skemmdir sem urðu á A í umrætt sinn. Ökumaður A hafi ekki náð athygli ökumanns B en tilkynnt atvikið strax til lögreglu og haft hafi verið samband við verkstjóra sem ætlaði að skoða málið. Lögreglan hafi síðan náð sambandi við ökumann B sem kannast ekki við að hafa valdið tjóninu. Hann sagði “þetta vera furðulegt ef rétt er þar sem hann fylgist alltaf vel með frágangi á pallinum áður en hann leggur af stað...”

Ökumaður B man eftir atviki þessu en kannast ekki við að hafa valdið skemmdum á A.

Vátryggingafélag B telur ósannað að rekja megi skemmdir á A til notkunar B.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi skemmdir á A til notkunar B í umrætt sinn. Viðbrögð ökumanns A og samfella í ráðstöfunum voru á þann veg að ekki er ástæða til að efast um réttmæti frásagnar hans um málsatvik.

Með ofanritaðri umfjöllun er engin afstaða tekin til umfangs þess tjóns sem mun hafa orðið á A.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 4. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ólafur L. Einarsson hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 377/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar vegna slysatryggingar í frítíma**

**Meiðsl við þátttöku í handalögmálum þann 20.09. 2009.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 20.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa er um hvort M hafi orðið fyrir meiðslum við slys eða í handalögmálum sem undanskilið er áhættu vátryggingarinnar.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn en ekki fórnarlamb tilefnislausrar árásar, líkt og M haldi fram. Breyti ekki framanrituðu þó málsatvik séu ekki að fullu ljós. Vegna þessa falli niður bótaréttur úr slysatryggingu í frítíma.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Virðist mega rekja tjónasatburð máls þessa til handalögmála í samskiptum M umrædda nótt utan við skemmtistað.

Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. Umrædd undanskilin áhætta virðist eiga við í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 379/2010**

**M1 og M2  
og  
vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um töku vátryggingar.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 24.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M1 og M2 kveða atvik vera þau að M1 hafi þann 18.2.2010 haft símasamband við F, fulltrúa hjá umboði vátryggingafélagsins X í sveitarfélaginu S og óskað eftir endurnýjun á kaskótryggingu fyrir bifreið þeirra auk þess sem hann hafi óskað eftir að fá fjölskyldutryggingu fyrir þau M. M1 hafi svo mætt á bifreiðastæði fyrir framan umboðið þar sem F hafi skoðað bifreiðina í tengslum við kaskótrygginguna auk þess sem hann „tók loforð um að setja inn fjölskyldutrygginguna hjá okkur.“ Er M1 hafði samband við F til að tilkynna um slys sem M2 hafði orðið fyrir í júní 2010 hafi komið í ljós að F hafi ekki getað sett trygginguna í gildi vegna iðgjaldaskulda þeirra. M telja að þau hafi ekki verið upplýst um að tryggingin hafi ekki tekið gildi og því verið í góðri trú um að tryggingin hafi verið í fullu gildi í júní 2010. M krefjast þess að viðurkennt verði að tryggingin hafi verið í gildi frá 18.2.2010 þegar þau óskuðu eftir henni.

Af hálfu X er því hafnað að skilyrðum hafi verið fullnægt til að umrædd vátrygging gæti tekið gildi. Segir að þegar M hafi beðið um vátrygginguna þann 18.2.2010 hafi F beðið þau að fylla út beiðni um trygginguna og upplýsa um innbúsverðmæti o.fl. Hafi M svarað því til að þau myndu gera það eftir helgina. Þau hafi hins vegar ekki komið til að ganga frá töku vátryggingarinnar.

**Álit.**

Engin skrifleg beiðni um vátrygginguna liggur fyrir í málinu. Af hálfu X er því neitað að M hafi verið lofað að vátryggingin tæki umsvifalaust gildi eftir samtal þeirra við F þann 18.2.2010. Í samræmi við venjulegan framgangsmáta við töku vátryggingar eins og hér um ræðir verður að telja öllu líklegra að óskað hafi verið eftir skriflegri beiðni um vátrygginguna auk upplýsinga um vátryggingarverðmætið áður en vátryggingin skyldi taka gildi. Að öllu virtu verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að M hafi verið gefið skilyrðislaust loforð um að fjölskyldutrygging skyldi taka gildi í þeirra nafni þann 18.2.2010. Verður kröfum M í máli þessu því hafnað.

**Niðurstaða.**

Hafnað er kröfum M um að þau hafi haft í gildi fjölskyldutryggingu hjá X frá 18.2.2010 að telja.

Reykjavík, 4. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 380/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B**

**Árekstur á bifreiðastæði við Flugfélagið Ernir 04.11. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum á athafnasvæði sem þarna er.

Vátryggingafélagið telur að skipta skuli sök til helminga líkt og tjónanefnd ákvað. Hvorugur ökumanna hafi sýnt nægjanlega aðgæslu þar sem bifreiðarnar mætast á miðri akleið að bifreiðastæði.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur sbr. umfjöllun hans í málskotinu. A hafi verið í hægri beygju þegar B hafi komið og runnið á A.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Báðum bifreiðunum var ekið of innarlega á veginum og ósannað er að A hafi verið stöðvaður það lengi að unnt sé að láta halla á B.

**Niðurstaða.**

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 30. desember 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 382/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ slysáttryggingar launþega.**

**Ágreiningur varðandi glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 21.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 9.6.2006 var M við störf sem bifreiðarstjóri. Féll hann þá ofan í 4 m djúpa holu sem útbúin hafði verið til að festa rafmangsstaur. M var fluttur til skoðunar á Heilsugæslustöðina Hg. Í læknisvottorði vegna skoðunar hjá bæklunarlækni á Heilbrigðisstofnun H þann 25.9.2007 kemur fram að M hafi í fyrstu haft aðalþægindi frá úlnlið en smátt og smátt meiri óþægindi frá vinstra hné þannig að viðvarandi vökvasöfnun hafi verið í hnénu með sársauka og verkjum. Í læknisvottorði sama bæklunarlæknis, dags. 12.7.2010, segir að segulómrannsókn á hnénu á Sjúkrahúsinu á S þann 15.6.2007 sýndi vökvasöfnun í liðnum auk ummerkja um brjóskskemmdir í innanverðu liðhólfi og hugsanlega einnig í liðbrjóski í lið hnéskefjar við lærlegg. Einnig hafði rannsóknin sýnt óreglu á brjóski á liðflötum innanvert í hnénu. Í framhaldi af fyrrgreindri komu M til bæklunarlæknisins þann 25.9.2007 var hnéd rannsakað betur í liðspeglunaraðgerð þann 28.9.2007. Þá staðfestust ummerki um áverka á brjósk lærleggsmegin í liðnum milli hnéskefjar og lærleggs auk þess sem ójöfnur voru í brjóski á álagsfleti lærleggs í liðhólfinu innanvert. Við aðgerðina voru mestu ójöfnur í brjóski á lærleggnum jafnaðar og hluti af bólginni liðklæðningu framan og innan í liðnum fjarlægður. Eftir speglunina dró úr einkennum og smátt og smátt varð M óþægindalítill frá hnénu.

Á árinu 2009 sótti í vaxandi verki eftir álag og einnig vissan sársauka við álag á hnéd. Við liðspeglun þann 26.3.2010 staðfestist eins og við fyrri speglunina bólga í liðklæðningu framan til og innanvert í hnénu. Þá kemur fram í fyrrgreindu læknisvottorði að eins og vænta hafi mátt voru áfram ójöfnur í brjóski lærleggsmegin í liðhólfinu innanvert.

M hefur krafist bóta úr slysáttryggingu launþega hjá váttryggingafélaginu X. Var tilkynningu um slysið fyrst komið á framfæri við X þann 27.4.2010. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

**Álit.**

Eins og málið liggur fyrir og það er reifað í málskoti verður við það miðað að M geri einungis kröfu um að viðurkenndur verði réttur hans til bóta fyrir varanlega örorku úr slysáttryggingunni. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en við segulómskoðun þann 15.6.2007 hafi greinst varanlegur skaði á hnélið M. Sá skaði var svo staðfestur við speglunaraðgerðina þann 28.9.2007. Þótt umfang skaðans hafi verið óljóst á því tímamarki verður ekki hjá því komist að líta svo á að M hafi þá vitað að hann hafi orðið fyrir varanlegri meinsemd í hnénu. Þegar tilkynnt var um slysið til X þann 27.4.2010 var því meira en ár liðið frá því M vissi um það atvik sem krafa hans byggir á. Af því leiðir að réttur hans til bóta fyrir varanlega örorku úr slysáttryggingunni telst vera glataður.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 4. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 383/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/slysattrýggingar launþega**

**Slys þegar kennari rann í bleytu á gólfi í kennslustofu í september 2006.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 26.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til í bleytu í kennslustofu sbr. fyrirliggjandi gögn. Ágreiningur er um hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli þessa og ástands M (meiðsla á fæti).

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að einkenni þau sem krafist er bóta fyrir megi rekja til atviksins í september 2006. Félagið vísar m.a. til þess að það liðu 1 ár og 8 mánuðir frá því að atvikið varð þar til M leitar læknis. Í vottorði læknis, dags. 14.08. 2009, sem gerði aðgerð á vinstri fæti M segir að “ógerningur sé fyrir hann að sannreyna að einkenni M sé að rekja til atviksins”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Í kjölfar slyssins hafi M leitað á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss og verið greind með tognun og ofreynslu á vinstri ökla sbr. nánar umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi ástand M til óhappsins sem varð í september 2006. Engin læknisfræðileg gögn styðja afstöðu M til mögulegrar greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Vegna þessa er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 384/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar (ábyrgðartryggingar)**

**Meiðsl við fall um steiptan klump við bifreiðastæði þann 23.02. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 26.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.01. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á gangi á leið sinni að húsnæði við Borgartún 26. Þegar M hafði lagt bifreið sinni gekk hann í átt að húsinu. Ekki vildi betur til en svo að M hrasaði um steiptan klump sem staðsettur er fyrir framan bifreiðastæðið með þeim afleiðingum að meiðsl hlaust af.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki megi rekja óhappið til vanbúnaðar á fasteign vátryggingartaka. Ekki hafi verið sýnt fram á að árekstrarvarnir sem þær sem fyrirliggjandi eru brjóti á bága við lög eða reglugerðir eða að yfirvöld hafi gert athugasemdir vegna þeirra.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Óannað er að rekja megi óhapp þetta til vanrækslu eða vanbúnaðar sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 25. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 385/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega**

**Slys við fall af reiðhjóli 03.07. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll af reiðhjóli sínu á göngu- og reiðhjólástíg í Garðabæ er hann var á leið til vinnu að morgni 03.07. 2008, með þeim afleiðingum að hann slasaðist alvarlega. Engin vitni voru að slysinu.

Félagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að rekja megi slysið til stórkostlegs gáleysis M. Félagið vísar til þess að verulegt magn af áfengi hafi fundist í blóði M sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur sannað að M hafi verið undir verulegum áfengisáhrifum umræddan morgun og óhæfur til að stjórna reiðhjóli sínu sbr. 45. og 44. gr. umferðarlaga. Hér eigi því ákvæði skilmála um stórkostlegt gáleysi við sbr. einnig 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þetta hafi haft í för með sér skert jafnvægi, dómgreind og viðbragðsflýti. Það telur að ölvunarástand M hafi “verið eini eða a.m.k. ráðandi orsakavaldur að slysinu”. Félagið vekur og að umfjöllun M um minnisleysi um tildrög slyssins og slysdaginn í heild. Félagið telur og að M hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. M hafi sagt að hann kvaðst “fá sér stundum bjór á kvöldin”. Félagið getur þess og að M sé alkóhólisti miðað við læknisfræðileg gögn málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að hér hafi verið um óhappatilvik að ræða sem ekki verði rakið til ölvunar hans sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna. Blóðsýni hafi ekki verið tekið úr honum fyrr en tæplega 2 klst. eftir slysið og hann hafi þá fengið tölvuvert mag af blóði með blóðgjöf vegna áverka sinna. Lögreglan hafi ekki sinnt beiðni vátryggingafélagsins um ítarlega rannsókn á máli þessu því lögreglan hafi afgreitt það sem óhappatilvik sem ekki myndi sæta ákæru. M telur að félaginu nægi ekki að vísa eingöngu til þess að M hafi verið ölvaður í umrætt sinn. Orsakatengsl milli áfengisáhrifa og slyssins séu ósönnuð.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til ölvunar M og um leið stórkostlegs gáleysis hans. Með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2005 fellur niður ábyrgð vátryggingafélagsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. janúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 389/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu vegna tannbrots.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 20.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Í nóvember 2007 gekkst M undir rótarfyllingu á tönn nr. 27 í efri gómi hjá tannlæknum T. Kom M til T í þrjú skipti, en ekki tókst að ljúka aðgerðinni, m.a. sökum þess að M var barnshafandi og því ekki unnt að taka röntgenmyndir af tönninni eins og nauðsynlegt þótti. Stóð til að ljúka aðgerðinni strax og M hafði fætt barnið. Er M kom svo til T var tönnin brotin og ekki unnt að gera neitt annað en að fjarlægja hana. Í kjölfarið hefur M farið í tannréttingar til að minnka bilið sem myndaðist í tanngarðinum við það að tönnin var fjarlægð.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu, sbr. lög nr. 111/2000, sem T hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 2.-4. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eru tilgreind þau tjónsatvik sem lögin taka til. Gögn máls þessa eru mjög af skornum skammti og lítil sem engin grein gerð fyrir því, né rökstutt með viðhlítandi hætti, á hvern hátt tjón M teljist bótaskyldt úr sjúklingatryggingu þeirri sem T hafði keypt hjá X. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem bendir til að krafa M sé reist á einhverjum þeim atvikum sem tilgreind eru í áður nefndum lagaákvæðum og leitt geta til bótaskyldu úr vátryggingunni. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyldt.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 390/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur við Kringluna þann 05.10. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.12. 2010.
- 3) Athugasemdir ökumanns B, dags. 20.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið af aðrein frá Miklubraut inn að Kringlu en B var ekið undir brúna yfir Miklubraut og í átt að Kringlunni og beygt til hægri inn að Húsi Verslunnarinnar. Á vettvangi er biðskylda fyrir umferð sem kemur frá Miklubraut að Kringlunni. Vegna þessa bar ökumanni A að víkja fyrir umferð þá leið sem B fór.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Ökumaður B telur að A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt biðskyldu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki að biðskyldu sem þarna er sbr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumanninum bar að víkja fyrir B en þessa gætti hann ekki miðað við gögn málsins. Ósannað er að bifreið A hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að leggja ábyrgð á ökumann B. Ósannað er og að áreksturinn hafi orðið 27 metra frá biðskyldumerki að árekstrarstað. Telja verður að rekja megi árekstur þennan til þess að annar ökumanna virti ekki þá varúðarskyldu sem á honum hvíldi að teknu tilliti til biðskyldu. Hafa ber og hugfast að aðeins er um eina akrein að ræða á leið ökumanna.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 393/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna tannbrots þann 4.5.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 6.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 4.5.1999 varð dóttir M, þá átta ára gömul, fyrir því að detta á skólalóð með þeim afleiðingum að framtönn í efri gómi brotnaði mjög illa. Á árinu 2010 eða rúmum 11 árum eftir tjónsatburðinn var ný króna sett á tannplanta sem var græddur í góminn í stað brotnu tannarinnar. Dóttir M er slys tryggð samkvæmt frítímaslys tryggingu fjölskyldutryggingar sem í gildi var á slysdegi hjá vátryggingafélaginu X. Tjónið var tilkynnt X þann 10.9.2010 og þá krafðist M greiðslu kostnaðar að fjárhæð 274.590 krónur sem einkum tengdist ísetningu tannplantans.

X hefur viðurkennt bótaskyldu úr slys tryggingunni, en að bætur takmarkist við vátryggingarfjárhæðina sem í gildi var á slysdegi, eða 175.550 krónur.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ágreiningur aðila snúist um það hvort bætur til M fyrir útlagðan kostnað vegna framangreindra tannviðgerða hjá dóttur hennar takmarkist við vátryggingarfjárhæð þá sem X telur gilda við ákvörðun bóttanna.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skilmála slys tryggingarinnar, sem í gildi voru á slysdegi, takmarkast bætur vegna tannbrots við 5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss. Miðast bæturnar við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi, sbr. 1. tl. 3. liðs 4. gr. skilmálanna. Samkvæmt fyrirbyggjandi vátryggingarskírteini sem gildi frá 1.3.1999 til jafnlengdar á næsta ári nam grunnvátryggingarfjárhæð örorkubóta 3.500.000 krónum sem jangiltu 3.511.000 krónum í maí 1999 (185,4/184,8). Með hliðsjón af síðarnefndu fjárhæðinni takmarkast bætur vegna tjóns M því við 175.550 krónur (3.511.000 x 5%). Er það sú fjárhæð sem X hefur boðið í bætur til M. Ekki verður séð að M eigi rétt til hætti bótafjárhæðar úr slys tryggingunni.

**Niðurstaða.**

Bætur til M úr frítímaslys tryggingu hjá X vegna tjóns af völdum tannbrots dóttur hennar þann 4.5.1999 takmarkast við vátryggingarfjárhæðina 175.550 krónur.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 395/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar, slysatryggingar.**

**Meiðsl við leikæfingu 03.03. 2010,  
ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða skv. vátryggingarskilmálum.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 08.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á leikæfingu, hann lét þess getið í upphaflegri tjónstilkynningu að hann “átti að falla niður um gat á sviði en kom eitthvað vitlaust niður og fékk slink á bakið, fann ekki fyrir verk fyrr en daginn eftir” sbr. nánar gögn máls þessa. Í síðari frásögn breytti M nokkuð frásögn sinni um aðdraganda tjónsatburðar máls þessa þ.e. um að annar leikari hafi rekist utan í hann rétt áður en hann lét sig falla niður um gatið á sviðinu og við það hafi hann misst jafnvægið og fallið niður.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um slys að ræða, ekki hafi verið um skyndilegan eða utanaðkomandi atburð að ræða, líkt og krafist er skv. skilmálum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til slyss samkvæmt vátryggingarskilmálum. Ekki verður séð að rekja megi meiðsl M til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Gegn neitun félagsins er ekki unnt að leggja síðari tíma frásögn M til grundvallar miðað við takmörkuð gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 396/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á mótum Álfhólsvegur, Engihjalla og Álfabrekku í Kópavogi þann 25.11.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 3.1.2011, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hópbifreiðinni A var ekið norður Engihjalla og beygt til vinstri áleiðis vestur Álfhólsveg. Í sömu andrá bar að bifreiðina B eftir Álfhólsvegi úr vestri. Á hraðahindrun og vegþrengingu á Álfhólsvegi fast við gatnamótin rákust saman vinstri hlið A framan við afturhjóla og framanverð vinstri hlið B. Á gatnamótunum gildir almennur umferðarréttur. Í málinu liggja fyrir viðbótarupplýsingar ökumanna með sameiginlegri tjónstilkynningu.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt til vinstri og þá hafi B verið ekið austur Álfhólsveg að gatnamótunum. Hafi hann fundið högg koma á A þegar B hafi verið ekið í hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að gatnamótunum og ætlað að beygja til hægri þegar A hafi verið ekið óhikað í vinstri beygju frá Engihjalla í hlið B. Taldi ökumaðurinn að ökumaður A hafi ekki séð til ferða sinna. Þá kvað ökumaðurinn að ökumaður A hefði getað tekið víðari (gleiðari) beygju og þar með komið í veg fyrir árekstur. Í síðari gögnum kveður ökumaður B að bifreið sín hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

**Álit.**

Engum vitnum virðist vera til að dreifa um áreksturinn og tildrög hans. Einungis ökumenn eru til frásagnar um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Af gögnum málsins, einkum ljósmyndum, verður ekki betur séð en áreksturinn hafi orðið á hraðahindruninni og vegþrengingunni á Álfhólsvegi. Óhægt var um vik fyrir ökutækin að mætast þar. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki ráðið með neinni vissu hvor ökumanna hafi komið því betur við að víkja úr vegi hinnar bifreiðarinnar. Eftir atvikum öllum telst því ósannað að áreksturinn verði rakinn til sakar annars ökumannsins fremur en hins. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. ufl., verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 18. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 398/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys, fall við nýbyggingu þann 29.05. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 10.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.01. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var við vinnu sína við nýbyggingu með gólflípivél er hann missti hana stjórnlaus af stað með þeim afleiðingum að hún fór út af svölum og féll M á eftir vélinni þannig að meiðsl hlaut af sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitandans. Félagið vísar m.a. til 20 ára starfsreynslu M af vinnu við nýbyggingar. Hann hafi unnið hjá vátryggingartaka í 3 ár er slysið varð og sem verkstjóri á vinnustaðnum. Hann hafi því hlutverki að gegna sem verkstjóri að sjá um fallvarnir.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vinnueftirlitið telur að orsök slyssins sé að rekja til “þess að ekki voru fallvarnir við húsið en samverkandi þáttur að M var óvanur vélinni”.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis M sjálfs. Telja verður að M hafi borið, sem verkstjóri, að gæta að fallvörnum. Ekki hefur verið sýnt fram á að hann hafi gert athugasemdir við aðstæður á vettvangi máls þessa.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 399/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.**

**Maður féll á gangstíg þar sem vatn hafði lekið úr drykkjarfonti og frosið.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 10.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.12.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að kvöldi 31.12.2009 kvaðst M hafa verið á gangi eftir gangstíg í sveitarfélaginu S. Er hann hafi gengið fram hjá drykkjarfonti hafi hann runnið á svelli vegna vatns sem hafði lekið yfir gangstíginn frá drykkjarfontinum. Myrkur hafi verið og snjór yfir, en af þeim sökum hafi hann ekki varast sveillbunkann sem þarna var. Hafi hann fallið í jörðina og hlotið áverka á vinstri öxl og brotið viðbein. Sonur M var með honum og hefur hann staðfest að M hafi í umrætt sinn runnið á svelli við drykkjarfontinn. M leitaði á bráðadeild Landspítalans þremur dögum síðar. Í læknisvottorði þaðan segir að M hafi dottið á vinstri öxl þann 31.12.2009.

M kveður vatn hafa lekið frá drykkjarfontinum um langan tíma yfir gangstíginn. Dagana fyrir slysið hafi verið frost og vatnið því frosið. Við þær aðstæður skapist mikil slysaþætta fyrir þá sem þarna eiga leið um. Kveður M að S hafi vanrækt eftirlit og viðhald með drykkjarfontinum og með því m.a. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007, en þau lög gildi einnig um gangstíga eftir því sem við á, sbr. 10. gr. laganna. Beri S því ábyrgð á líkamstjóni hans, sbr. m.a. 56. gr. sbr. 10. gr. vegalaganna. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Engin gögn liggja fyrir í málinu frá S um drykkjarfontinn, þ. á m. um gerð hans og ástand og hvernig eftirliti og viðhaldi hefur verið háttað frá því hann var settur upp. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins eru yfirgnæfandi líkur á því að M hafi runnið og hlotið meiðsl á vinstra axlarsvæði þegar hann lenti á klakabunka við drykkjarfontinn þann 31.12.2009 sem rekja megi til ófullnægjandi viðhalds og eftirlits með honum. Verður að telja líkurnar svo yfirgnæfandi að sannað sé með fullnægjandi hætti að slysið hafi borið að og af þeim ástæðum sem hér hefur verið lýst. Beri S því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem það verður rakið til þessa tjónsatbuðar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X að því marki sem líkamstjón hans verður rakið til tjónsatburðarins 31.12.2009.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 401/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. F+ tryggingar**

**Kona datt í fjallgöngu á vinstri hluta andlitsins þ. 4.9.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 17.12.2010
2. Bréf V dags. 10.1.2010.

**Málsatvik.**

M segist hafa dottið í halla í fjallgöngu og lent á vinstri hluta andlitsins á grjóti. Að kvöldi sama dags datt tannfylling úr næstaftasta jaxli í efri góm vinstra megin úr M. M segir að tönnin hafi verið vel viðgerð, þó hún hafi verið í meðferð, en það breyti því ekki að hún sé vel viðgerð. M telur að við höggið hafi tönnin klofnað eftir endilöngu en slíkt geti varla gerst nema við mjög þungt högg. M gerir kröfu til bóta vegna þessa úr F+ tryggingu sinn hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 6.4.1. í vátryggingaskilmálum en þar segir að félagið greiði viðgerðir á heilbrigðum vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Af hálfu V er vísað til þess að viðgerð hafi staðið yfir á rötarkerfi tannarinnar og því hafi þau skilyrði að um heilbrigða vel viðgerða tönn væri að ræða ekki verið uppfyllt.

**Álit.**

Gögn málsins eru afar takmörkuð, en ekki er ágreiningur um málsatvik. Af hálfu V er vísaði til gr. 6.4.1. í vátryggingaskilmálum aðila. Samkvæmt því ákvæði er það skilyrði bótaskyldu, að um sé að ræða tönn sem er heilbrigð og vel viðgerð. Í gögnum málsins kemur fram að og staðfest af tannlækni M að sú tönn sem um ræðir var ekki heilbrigð mánuði fyrir slysið, en þá þurfti að grípa til upphafsáðgerða vegna tannskemmdar. Samkvæmt því eru bótaskilyrði samkvæmt vátryggingarskilmálum ekki uppfyllt. M á því ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr F+ tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.1. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 403/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ sjúkratryggingar.**

**Ágreiningur um glötun bótaréttar úr sjúkratryggingu skv. 1. mgr. 124. gr. vsl.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 17.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 6.1.2011.

**Málsatvik.**

M var óvinnufær vegna veikinda tímabilið 9.1.2007 til 30.9.2007. M hafði í gildi sjúkratryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Með tilkynningu til X um veikindin, dags. dags. 15.1.2009, krafðist M dagpeningagreiðslna úr sjúkratryggingunni vegna veikindatímabilsins. Með bréfi X, dags. 26.3.2010, hafnaði X bótaskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr sjúkratryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þegar M tilkynnti um veikindin til X þann 15.1.2009 og krafðist greiðslu dagpeninga úr sjúkratryggingunni voru rúmir 15 mánuðir liðnir frá því sjúkratímabilinu lauk og þar með meira en ár liðið síðan M vissi um þau atvik sem krafa hans byggðist á. M hefur því glatað bótarétti sínum gagnvart X, sbr. fyrrgreint lagaákvæði. Svo virðist samkvæmt gögnum málsins að X hafi fyrst tilkynnt M um höfnun bóta með bréfi, dags. 26.3.2010. Engin skýring hefur verið gefin á því hversu lengi tók að svara kröfu M. Það getur þó engu breytt um það að réttur M til bóta var fallinn niður og sá réttur stofnaðist ekki að nýju þótt dregist hafi úr hömlu að svara erindi hans.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á dagpeningagreiðslum úr sjúkratryggingu hjá X.

Reykjavík, 25. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 404/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Vinnuslys þann 15.03. 2008.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.01. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína að taka stýrslás úr krana. Þegar hann tók stýrslásinn í sundur fékk hann gorm í höfuðið þannig að meiðsl hlaut af sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að M hafi átt að vita út frá þekkingu sinni og reynslu af þeirri hættu sem getur falist í því að losa stýrslása í sundur. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vátryggingartaka.

N telur m.a. að M hafi “átt að skrúfa stýrslásinn úr krananum en ekk losa hann á meðan hann var undir stýrslásnum”. Hann hafi ekki fengið fyrirmæli að losa stýrslásinn úr tækinu. “Það á öllum að vera ljóst sem unnið hafa við bifreiða/vélaviðgerðir að þetta gerist”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Málskotinu fylgi afrit skýrslu Vinnueftirlitsins. Fram kemur varðandi orsök slyssins að ætla megi “að samverkandi þættir séu helsta orsök slyssins. Húsið á stýrslásnum virðist hafa kastast í enni slasaða þegar það var losað af því að ekki var búið að taka tjakkinn sjálfan úr átaki og losa þannig gorminn sem staðsettur er inn í stýrishúsi undan þrýstingi.”

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis M sjálfs. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburðinn til ófullnægjandi verkstjórnar eða aðstæðna sem N ber skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 25. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 405/2010**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vegna dauða hests.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna aflífunar hross 20.01. 2010.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 17.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.12. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur annars vegar að ekki hafi verið sýnt fram á sök vátryggingartaka og hins vegar með vísan til ákvæðis vátryggingarskilmála um vörsluábyrgð sem er undanskilin áhættu félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu þ.e. sakar vátryggingartaka. Í annan stað er hér og um undanskilda áhættu að ræða sbr. ákvæði vátryggingarskilmála um vörsluábyrgð.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 406/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árestur bifreiða í Lækjargötu í Reykjavík þ. 7.11.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 20.12.2010 ásamt tveimur myndum
2. Bréf V-1 dags. 21.12.2010 ásamt fylgiskjölum 1-7
3. Bréf V-2 dags. 5.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5

**Málsatvik.**

Árestur varð á gatnamótum Lækjargötu og Amtmannsstígs í Reykjavík. Ökumönnum ber ekki saman um aðdraganda árestursins. Ökumaður leigubifreiðarinnar A segist hafa verið að aka norður Lækjargötu og ætlað að taka hægri beygju upp Amtmannsstíg (segir Bókhlöðustíg) og tekið víða beygju fram fyrir B, sem hafi verið kyrrstæð og virst vera að hleypa út farþegum. Hann hafi síðan verið nánast kominn inn á Amtmannsstíg (segir Bókhlöðustíg) þegar B hafi ekið inn í hlið A og síðan bakkað frá. Ökumaður B segist hafa ekið Lækjargötu eftir hægri akrein og hafi hann hugsað sér að hleypa tveimur farþegum út úr bílnum og hafi hann því hægt á B, en ekki stoppað og gefið stefnuljós og byrjað að keyra upp Amtmannsstíg, en þá séð A aka fram úr B við vegamótin og árestur orðið. Þrír farþegar í bifreið B skýra frá með sama hætti varðandi áresturinn og ökumaður B. Vitni, annar leigubifreiðastjóri, segist hafa verið stopp á Amtmannsstíg í röð leigubíla og tekið eftir B af því að hann var með gamlar númeraplötur. Hafi B stoppað við strætóskýli og virst eitthvað óákveðinn og síðan farið á stað aftur og stoppað aftur en þá hafi A komið og farið fram fyrir B sem fór þá aftur á stað og árestur varð.

**Álit.**

Ágreiningur er um málsatvik. Að virtum öllum gögnum málsins þar á meðal vitnisburðum vitna verður ekki úr því skorið með fullri vissu að annar ökumaður beri meiri sök en hinn. Sök er því skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 25.1. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 408/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar**

**Umferðarslys 12.02. 2010, ágreiningur um afleiðingar.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.01. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umræddri bifreið var ekið gegn biðskyldu inn í hlið bifreiðar M. Miðað við frumgögn urðu ekki slys á fólki.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að M hafi hlotið meiðsl sem lýst er í gögnum málsins. Engin “sam tíma læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu sem staðfesta að áverkar hafi hlotist af árekstrinum.” M hafi ekki leitað til læknis fyrr en í júní 2010 eða rúmum þremur mánuðum eftir áreksturinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, líkt og haldið er fram í málskotinu.

Athygli vekur að í málskotinu er þess getið að “þá er rétt að greina frá því að hún (M) fór til Læknisfræðilegrar myndgreiningar ehf. þann 12.07. 2010, þar sem hálsliðir o.fl. var röntgenmyndað en ekki er vitað til þess að sérfræðingur hafi ennþá skoðað og lagt mat á þá greiningu.” Það er einkennilegt að ekki hafi farið fram úrvinnsla umræddrar myndunar áður en til málskots kom.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 25. janúar 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 409/2010

M og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A

**Banaslys þegar maður féll af þaki fjölbýlishúss þ. 1.9.2009.**

## Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 21.12.2009 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 17.1.2010.

## Málsatvik.

G vann sem sjálfstæður verktaki hjá A og var að vinna við að skipta út bárujárnri á þriggja hæða íbúðarblokk þegar hann fór fram af þakinu og féll rúma 9 metra niður á grasflöt og andaðist. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að verkstjóri A réði G til vinnu samkvæmt munnlegum vinnusamningi til að aðstoða við viðgerð á þaki umræddrar íbúðarblokkar. Engar fallvarnir voru á þakbrún. Vinnupallar á austurhlið þar sem G féll fram af voru án handriða og ekkert var til staðar sem gat stöðvað fall G. Vinnueftirlitið telur að rekja megi orsök slyssins til þess að engar fallvarnir voru til staðar við þakbrún og vinnupall eða aðrar öryggisráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir fall s.s. notkun öryggisbeltis með línu. Mæður ófjárráða sona G gera bótakröfu úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. V samþykkir bótakröfuna en telur að G beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar. Af hálfu V er á það bent að G hafi unnið sem sjálfstæður verktaki hjá A og ráðist til starfans hálfum mánuði fyrir slysið og hafi þá gert grein fyrir að hann hefði reynslu af sambærulegum störfum og hafi sjálfur lagt til verkfæri sem hann notaði við verkið. Þá vísar V til þess að G hafi sjálfur tekið þátt í að setja upp vinnupalla umhverfis fjölbýlishúsið og því verið vel kunnugt um ástand þeirra. Þá vísar V til þess að G hafi sjálfum borið skylda til að gæta að öryggi sínu þ.m.t. vera með línu þegar hann vann á þakinu og telja verði að honum hafi mátt vera ljós hættan sem fólst í því að fara upp á þak eftir að það hafði rignt án þess að vera í línu. Þá telur V ekki skilyrði til þess að beita 2.mgr. 24.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Af hálfu M er bent á ábyrgð atvinnurekenda að tryggja fyllsta öryggi á vinnustað sbr. 13.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá er bent á það af hálfu M að A hafi séð um byggingaframkvæmdir við umrætt fjölbýlishús og borið ábyrgð á að uppfylltar væru kröfur laga um öryggi á vinnustöðum. Af hálfu M er einnig vísað til þess að takmarkaðra upplýsinga njóti við um eðli sambands G og A, en G hafi ekki unnið einn að verki því sem um ræðir heldur í samstarfi við aðra og undir verkstjórn verkstjóra frá A. Af hálfu M er því haldið fram að eðli sambands A og G hafi verið með þeim hætti að um vinnusamning hafi verið að ræða en ekki verksamning. Þá er á það bent af hálfu M að G hafði ekki lokið sveinsprófi í löggiltri iðngrein. Af hálfu M er á það bent að öryggisatriði á vinnustað hafi verið verulega ábótavant. Þá er einnig á það bent af hálfu M að G hafi ekki borið ábyrgð á öryggi á vinnustaðnum umfram þær almennu skyldur sem hvíli á starfsmönnum atvinnurekenda samkvæmt lögum nr. 46/1980, en G hafi hafið störf hjá A tveim vikum fyrir slysið. Þá er einnig vísað til 2.mgr. 24.gr. skaðabótalaga af hálfu M svo sem rakið er hér að framan og rökstutt að aðstæður séu til að beita því ákvæði verði talið að um eigin sök G sé að ræða.

**Álit.**

Ljóst er að G hafði ekkert með öryggi eða aðbúnað á vinnustað að gera. Af hálfu A er því haldið fram að gerður hafi verið munnlegur verktakasamningur við G hálfum mánuði áður, þar sem G lagði til verkfæri en laut að öðru leyti stjórn A og var hluti þess hóps sem vann við framkvæmdir á vegum A. Ekki hefur verið sýnt fram á að G hafi haft nokkrar aðstæður eða möguleika til að hafa afskipti af eða ráða nokkru um öryggismál á verkstað. Þá hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu V að nokkrar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem valdi því að G beri hluta tjóns síns vegna eigin sakar. Eins og mál þetta liggur fyrir að virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en að A beri fulla og óskoraða ábyrgð á því að svo hörmulega tókst til. M á því rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25.1. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 410/2010

### M og Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

#### Maður datt í bleytu við miðasölu í kvikmyndahúsi þ. 6.11.2010.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2010 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 5.1.2011.

#### Málsatvik.

M varð fyrir slysi þegar hann var á leið í bíó. M segist hafa gengið rólega en þegar hann beygði á milli stanga hafi hann skyndilega runnið í bleytu á gólfinu og dottið og skolið með andlitið á eina stöngina og síðan í gólfið. Við fallið brotnuðu þrjár tennur og M skrámaðist á andliti. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið með mikla áverka í andliti. Forsvarsmaður A sýndi lögreglu vettvang og sagðist hafa verið þarna rétt hjá þegar hún sá M falla við í bleytunni og lenda með andlitið á stönginni sem stýri röðinni framan við miðasöluna og síðan í gólfið. Þá er haft eftir forsvarsmanni A að þetta væri vandamál sem væri ekki einsdæmi þar sem folk hefði oft fallið við vegna bleytunnar sem berist inn á sléttar steinflísarnar þegar snjór er úti. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að forráðamenn A hafi ekki gert allar þær ráðstafanir sem sanngjarnar megi telja, til að tryggja öryggi þeirra sem þangað eiga erindi. Þá heldur M því fram að ekki sé hægt að sjá bleytu á flísunum vegna gerðar þeirra, en þær eru svartar og mjög glansandi. Þá er vísað til þess af hálfu M að það hafi verið þekkt vandamál að fólk félli í bleytu þar sem M fell. Loks er á það bent af hálfu M að nú hafi A látið setja upp skilti til að vara við hálfu og bleytu í anddyri kvikmyndahússins. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að A hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmeða háttsemi. Alkunna sé að blautar flísar geti orðið mjög hálar og í ljósi veðurfars fyrir utan kvikmyndahúsið hefði M matt vera það ljóst að bleyta gæti verið á gólfum inni í kvikmyndahúsinu. Þá bendir V á að þó að gerðar séu ríkar kröfur til fasteignareigenda þar sem þjónusta sé í boði þá verði einnig að gera kröfur til þeirra sem sækja slíka staði að sýna eðlilega aðgát og vera meðvitaðir um hugsanlega slyshættu og forðast þær. Þá vísar V til þess að hundruðir þúsunda manna fari um þennan inngang kvikmyndahússins árlega og slys M sé eina slysið þar sem afleiðingarnar hafi verið svona alvarlegar. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við gólfefni af hálfu eftirlitsaðila. V telur því að fyrst og fremst hafi verið um óhappatilvik að ræða og/eða eigin óaðgæslu M sjálfs.

#### Álit.

Fram kemur í lögregluskýrslu og haft er eftir forsvarsmanni A að fólk hafi oft fallið þar sem M féll vegna bleytu. Forráðamönnum V var því ljós sú hætta sem var fyrir hendi og höfðu vitað um hana nokkra hríð áður en M slasaðist. Þrátt fyrir þessa vitneskju forráðamanna A voru ekki gerðar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja nægjanlega öryggi þeirra sem sóttu þjónustu til A. Forráðamenn A gerðu því sannanlega ekki þær ráðstafanir sem þeim bar að gera og sanngjarnt má telja að þeir

hafi gert til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna og ber A ábyrgð á þeirri vanrækslu. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi farið óvarlega í umrætt sinn eða að sök verði á hann lögð vegna þess atviks sem um ræðir. Með vísan til þess að forráðamenn A gerðu ekki nægjanlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna þrátt fyrir það að þeim var sú hætta ljós sem olli slysi M þá ber A ábyrgð á því að svo illa tókst til og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 25.1. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 411/2010**

**Frávísun**

**Fjármálafyrirtækið M**

**og**

**Erlent vátryggingafélag**

**v/Directors and Officers Liability Insurance**

**Ágreiningur um réttarstöðu.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 27.12. 2010.
- 2) Bréf lögmans fyrir hönd vátryggjandans til nefndarinnar, dags. 17.01. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. fyrirliggjandi gögn máls þessa.

L gerir kröfu um frávísun. L samþykkir ekki að úrskurðarnefndin taki mál þetta til afgreiðslu. L telur að ákvæði 3. gr. samþykta úrskurðarnefndar bindi ekki L í tilviki þegar um erlendan vátryggjanda er að ræða. Fram kemur m.a. “The Insurers are all foreign companies (based in London) and do not provide such consent. Given the absence of the required endorsement, we assume this is the end of the matter.....”

**Álit**

Þegar í hlut á erlendur vátryggjandi þá getur úrskurðarnefndin ekki tekið mál til afgreiðslu án samþykkis viðkomandi. Þar sem vátryggjandi máls þessa neitar að veita slíkt samþykki verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar nr. 1090/2005.

Samkvæmt 1. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, nú efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka íslenskra tryggingafélaga, nú Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykttanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Ekki er um það ágreiningur að L hefur starfsleyfi hér á landi. L er hins vegar ekki aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og er þar með ekki aðili að því samkomulagi sem starf nefndarinnar byggist á. Þá liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að L hefur hvorki skuldbundið sig fyrir fram til að hlíta því að málið verði lagt fyrir úrskurðarnefndina né verður málið lagt fyrir nefndina á grundvelli ákvæða laga um vátryggingarsamninga. Þá hefur L heldur ekki samþykkt sérstaklega að mál þetta verði lagt fyrir nefndina eða greiða kostnað af því, sbr. 11. gr. samþykttanna. Að öllu framangreindu virtu er málið þess eðlis að ágreiningur aðila heyrir ekki undir nefndina. Ber því að vísa málinu frá úrskurðarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykttanna.

**Niðurstaða.**

Frávísun.

Reykjavík 8. febrúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 413/2010**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar greiðsluskorts**

**Afpöntun utanferðar 2010, í kjölfar aðgerðar sem framkvæmd var tæpum mánuði eftir að staðfestingargjald var greitt.**

**Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 27.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.01. 2011, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M pantaði utanferð 27.01. 2010 fyrir son sinn vegna fyrirhugaðrar þátttöku í knattspyrnskóla, staðfestingargjald var greitt samdægurs. Tæpum mánuði síðar gekkst sonur hans undir aðgerð vegna meiðsla á vinstra hné. Vegna þessa þurfti að afpanta ferðina.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur að atvikið falli undir ákvæði skilmála sem kveður á um greiðsluskyldu ef ástæðan er "líkamsmeiðsl".

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til greinar í skilmálum vátryggingarinnar sem segir: Vátryggingin bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Samkvæmt læknisvottorði á árinu 2010 fór fyrst að bera á einkennum í vinstra hné sonar M árið 2009 og leitaði hann til læknis í maí 2009 vegna þessa sbr. fyrirliggjandi gögn. Í ljósi fyrirliggjandi gagna telur félagið að atvikið eigi undir nefnda undanskila áhættu þess.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að sonur M hafi átt við veikindi að stíða sem hann hafi þjáðst af og verið í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.